

I EES-STOFNANIR**1. Sameiginlega EES-nefndin**

2022/EES/8/01	Tilskipun ráðsins 93/83/EBE frá 27. september 1993 um samræmingu á tilteknum reglum varðandi höfundarrétt og réttindi tengd höfundarrétti vegna útsendingar um gervihnött og endurvarps um kapal	1
2022/EES/8/02	Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1018 frá 29. júní 2016 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB um markaði fyrir fjármálagerninga að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina upplýsingar sem verðbréfafyrirtæki, rekstraraðilar markaða og lánastofnanir eiga að tilkynna	8
2022/EES/8/03	Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1434 frá 14. desember 2015 um leiðréttingu á framseldri reglugerð (ESB) 2015/63 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB að því er varðar framlög greidd fyrirfram til fjármögnunarfyrirkomulags vegna skilameðferðar	13
2022/EES/8/04	Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/908 frá 26. febrúar 2016 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 596/2014 um tæknilega eftirlitsstaðla um viðmið, verklag og kröfur um viðurkenningu markaðsframkvæmdar og kröfur í tengslum við að viðhalda henni, fella hana úr gildi eða breyta skilyrðum fyrir viðurkenningu hennar	16
2022/EES/8/05	Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/909 frá 1. mars 2016 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 596/2014 um tæknilega eftirlitsstaðla að því er varðar efni tilkynninga sem ber að leggja fram hjá lögbærum yfirvöldum og um samantekt, birtingu og viðhald listans yfir tilkynningar	26
2022/EES/8/06	Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/958 frá 9. mars 2016 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 596/2014 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um tæknilegt fyrirkomulag í tengslum við hlutlæga framsetningu fjárfestingarráðlegginga og annarra upplýsinga sem fela í sér ráðleggingu eða tillögu um fjárfestingaráætlun og upplýsingagjöf um tiltekna hagsmuni eða tilgreiningu á hagsmunaárekstrum	36
2022/EES/8/07	Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/960 frá 17. maí 2016 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 596/2014 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um viðeigandi fyrirkomulag, kerfi og verklag fyrir markaðsaðila sem miðla upplýsingum og framkvæma markaðsþreifingar	44

2022/EES/8/08	Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/63 frá 21. október 2014 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB að því er varðar framlög greidd fyrirfram til fjármögnunarfyrirkomulags vegna skilameðferðar	49
2022/EES/8/09	Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1052 frá 8. mars 2016 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 596/2014 um tæknilega eftirlitsstaðla fyrir skilyrðunum sem gilda um endurkaupaáætlanir og verðjöfnunar-ráðstafanir	70
2022/EES/8/10	Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/378 frá 11. mars 2016 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar tímasetningu, form og sniðmát fram-lagningar á tilkynningum til lögbærra yfirvalda samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 596/2014	78
2022/EES/8/11	Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1055 frá 29. júní 2016 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar tæknilegar leiðir til viðeigandi opinberrar birtingar innherjaupplýsinga og til að fresta opinberri birtingu innherjaupplýsinga í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 596/2014	90
2022/EES/8/12	Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1158 frá 29. júní 2017 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar verklag og eyðublöð fyrir lögbær yfirvöld til að skiptast á upplýsingum við Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina eins og um getur í 33. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 596/2014	95
2022/EES/8/13	Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/292 frá 26. febrúar 2018 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar verklag og eyðublöð til upplýsinga-skipta og aðstoðar milli lögbærra yfirvalda samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 596/2014 um markaðssvik	104
2022/EES/8/14	Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1729 frá 17. nóvember 2020 um vöktun og skýrslugjöf varðandi ónæmi gegn sýkingalyfjum hjá bakteríum, sem valda sjúkdómi sem berst milli manna og dýra, og hjá gistilífsbakteríum og um niðurfellingu á framkvæmdarákvörðun 2013/652/ESB	120

II EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-rikkjanna

2. Eftirlitsstofnun EFTA

3. EFTA-dómstóllinn

III ESB-STOFNANIR

1. Framkvæmdastjórnin

EES-STOFNANIR

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

TILSKIPUN RÁÐSINS 93/83/EBE

2022/EES/8/01

frá 27. september 1993

um samræmingu á tilteknum reglum varðandi höfundarrétt og réttindi tengd höfundarrétti vegna útsendingar um gervihnött og endurvarps um kapal (*)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

tilskipanir um samræmingu ákvæða sem mælt er fyrir um í lögum eða stjórnslufyrirmælum varðandi það að hefja og stunda sjálfstæða atvinnustarfsemi.

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 2. mgr. 57. gr. og 66. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar (1),

3) Útsendingar á milli landa bandalagsins, einkum um gervihnött og kapalkerfi, er ein mikilvægasta leiðin til að ná markmiðum bandalagsins, sem eru bæði af stjórnmálalegum, efnahagslegum, félagslegum, menningarlegum og lagalegum toga.

í samvinnu við Evrópuþingið (2),

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar (3),

1) Markmið bandalagsins sem mælt er fyrir um í sáttmálunum eru meðal annars að leggja grunn að nánari einingu meðal þjóða Evrópu, stuðla að nánari samskiptum ríkja þeirra er bandalagið myndar og tryggja efnahagslegar og félagslegar framfarir í löndum bandalagsins með því að taka höndum saman um að ryðja úr vegi þeim tálum sem aðskilja lönd Evrópu.

4) Ráðið hefur nú þegar samþykkt tilskipun 89/552/EBE frá 3. október 1989, um samræmingu tiltekinna ákvæða í lögum og stjórnslufyrirmælum í aðildarríkjunum um sjónvarpsrekstur (4), þar sem kveðið er á um aukna dreifingu og framleiðslu á evrópsku dagskrárefni fyrir sjónvarp, auglýsingar og kostun, vernd barna og ungmenna og rétt til andsvara.

2) Í þessu skyni kveður sáttmálinn á um stofnun sameiginlegs markaðar og svæðis án innri landamæra. Helstu ráðstafanir til að ná þessum markmiðum eru að afnema hindranir á frjálsri þjónustustarfsemi og koma á kerfi sem tryggir að samkeppni á hinum sameiginlega markaði raskist ekki. Í þessu skyni getur ráðið samþykkt

5) Mismunandi reglur um höfundarrétt í löndum bandalagsins og ákveðin lagaleg óvissa tefur þó enn þetta ætlunarverk að því er varðar útsendingar um gervihnött milli landa og endurvarp dagskrárefnis um kapalkerfi frá öðrum aðildarríkjum. Af þeim sökum er sú hættu fyrir hendi að verk réttmæta séu nýtt án endurgjalds eða að handhafar einkaréttar í aðildarríkjunum standi í vegi fyrir nýtingu þess réttar. Umfram allt er skortur á réttaröryggi bein hindrun á frjálsri dreifingu dagskrárefnis innan bandalagsins.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 248, 6.10.1993, bls. 15. Henni var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/1994 frá 21. mars 1994 um breytingu á bókun 47 og tilteknum viðaukum við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 17, 28.6.1994, bls. 1.

(1) Stjttíð. EB nr. C 255, 1.10.1991, bls. 3 og Stjttíð. EB nr. C 25, 28.1.1993, bls. 43.

(2) Stjttíð. EB nr. C 305, 23.11.1992, bls. 129 og Stjttíð. EB nr. C 255, 20.9.1993.

(3) Stjttíð. EB nr. C 98, 21.4.1992, bls. 44.

(4) Stjttíð. EB L 298, 17.10.1989, bls. 23.

- 6) Að því er höfundarrétt varðar er um þessar mundir gerður greinarmunur á beinum útsendingum til almennings um gervihnött og útsendingum til almennings með gervihnattafjarskiptum. Þar eð einstaklingsmóttaka á sendingum af báðum þessum tegundum er nú möguleg og á viðráðanlegu verði er ekki lengur grundvöllur fyrir mismunandi lagameðferð.
- 7) Annað sem hamlar frjálsri útsendingu dagskrárefnis er skortur á réttaröryggi varðandi það hvort útsendingar um gervihnött hafa eingöngu áhrif á réttindi í landinu sem sent er frá eða hvort þær hafa samtímis áhrif á réttindi í öllum viðtökulöndum. Þar eð útsendingar um fjarskiptahnötti og beinar útsendingar um gervihnötti hljóta svipaða meðferð að því sem lýtur að höfundarrétti hefur þessi skortur á réttaröryggi nú áhrif á næstum allt dagskrárefni sem er sent út í bandalaginu um gervihnött.
- 8) Réttaröryggi, sem er forsenda frjálsra útsendinga innan bandalagsins, er ekki fyrir hendi þegar dagskrárefni, sem sent er á milli landa, er sent og því endurvarpað um kapalkerfi.
- 9) Framfarir sem hafa orðið hvað varðar öflun réttinda á grundvelli leyfis sem samið hefur verið um eru mikilvægt framlag við mótun evrópsks hljóð- og myndmiðlunarsvæðis sem stefnt er að. Því ber að tryggja að framhald verði á gerð slíkra samninga og stuðla að góðri framkvæmd þeirra hvenær sem kostur gefst.
- 10) Nú sem stendur geta dreifendur efnis um kapalkerfi ekki gengið að því vísu að þeir hafi í raun aflað allra þeirra réttinda varðandi dagskrárefnið sem falla undir slíkan samning.
- 11) Loks eru ekki allir hlutaðeigandi aðilar í hinum ýmsu aðildarríkjum bundnir á sama hátt af skyldum sem gera þeim ekki kleift að neita án gildrar ástæðu að semja um öflun nauðsynlegra réttinda, vegna dreifingar efnis um kapal, eða að láta slíkar samningaviðræður mistakast.
- 12) Af þessum sökum er þörf á að stækka hinn lagalega ramma, sem er grundvöllur fyrir því sameiginlega hljóð- og myndmiðlunarsvæði sem mælt er fyrir um í tilskipun 89/552/EBE, með tilvísun til höfundarréttar.
- 13) Því ber að uppræta þann mismun sem er fyrir hendi í aðildarríkjunum á meðhöndlun á útsendingu dagskrárefnis um fjarskiptahnött, svo aðgangur almennings að verkum og öðru vernduðu efni verði það sem mestu máli skiptir alls staðar í bandalaginu. Þetta mun einnig tryggja jafna meðferð aðila sem bjóða útsendingar milli landa, án tillits til þess hvort þeir nota beinar sendingar um gervihnött eða fjarskiptahnött.
- 14) Bæta skal úr skorti á réttaröryggi að því er varðar réttindi sem þarf að afla, sem hamlar útsendingum milli landa um gervihnött, með því að skilgreina á vettvangi bandalagsins hvað felst í því að almenningur hafi aðgang að gervihnattaútsendingum. Í skilgreiningunni skal einnig tilgreina frá hvaða stað sent er út. Slík skilgreining er nauðsynleg til að koma í veg fyrir að löggjöf margra landa taki til einnar og sömu útsendingar. Útsending til almennings um gervihnött er eingöngu fyrir hendi í þeim tilvikum og því aðildarríki þar sem dagskrármerki eru send undir stjórn og á ábyrgð útvarps- eða sjónvarpsstöðvar í órofinni keðju upp í gervitungl og niður á jörðu. Ekki ber að líta svo á að eðlilegar tækniáðgerðir í sambandi við dagskrármerkin séu truflanir á útsendingarkeðjunni.
- 15) Öflun einkaréttar á útsendingum með samningi skal samrýmast löggjöf um höfundarrétt og réttindi tengdum höfundarrétti í því aðildarríki þar sem útsending til almennings um gervihnött á sér stað.
- 16) Meginreglan um samningsfrelsi sem tilskipun þessi byggist á gerir það að verkum að áfram verður unnt að takmarka nýtingu þessara réttinda, einkum að því er varðar tiltekna útsendingartækni eða útgáfur á tilteknum tungumálum.
- 17) Þegar samið er um greiðslu fyrir áunnin réttindi skulu hlutaðeigandi aðilar taka tillit til allra þátta við útsendingu, svo sem raunverulegra og hugsanlegra áhorfenda eða hlustenda og tungumálaútgáfu.
- 18) Beiting meginreglunnar um upprunaland sem felst í þessari tilskipun kann að vera vandkvæðum bundin gagnvart samningum sem eru til fyrir. Í þessari tilskipun skal kveða á um fimm ára aðlögunartímabil vegna slíkra samninga, sé það nauðsynlegt í ljósi þessarar tilskipunar. Fyrirnefnd meginregla um upprunaland skal því ekki gilda um samninga sem renna út fyrir 1. janúar árið 2000. Hafi hlutaðeigandi aðilar ennþá hagsmuna að

- gæta á þeim degi skulu þeir eiga rétt á því að semja aftur um skilyrði samningsins.
- 19) Fyrirliggjandi alþjóðasamninga um sameiginlega framleiðslu skal túlka í ljósi þess efnahagslega markmiðs og umfangs sem aðilarnir hafa í huga við undirskrift. Áður hafa slíkir alþjóðasamningar sjaldnast fjallað beint og sérstaklega um útsendingu til almennings um gervihnött í skilningi þessarar tilskipunar sem sérstakt miðlunarform. Hugmyndin að baki margra fyrirliggjandi alþjóðasamninga um sameiginlega framleiðslu er sú að meðframleiðendur beiti réttinum til sameiginlegu framleiðslunnar hver fyrir sig og sem einstaklingar með því að skipta nýtingarréttinum á milli sín eftir landsvæðum. Þegar útsending til almennings um gervihnött sem einn meðframleiðandi leyfir hefur áhrif á nýtingarrétt annars meðframleiðanda er slíkur fyrirliggjandi samningur yfirleitt túlkaður þannig að nauðsynlegt sé að síðarnefndi meðframleiðandinn samþykki leyfi fyrrnefnda meðframleiðandans til útsendingar til almennings um gervihnött. Þegar tungumálaútgáfa eða -útgáfur útsendingar til almennings, þar með talin innsetning tals eða texta, eru á máli eða málum sem eru útbreidd eða skiljast víða á svæðinu sem síðarnefnda meðframleiðandanum hefur verið úthlutað samkvæmt samningnum hefur það áhrif á einkarétt síðarnefnda framleiðandans að því er tungumál varðar. Hugtakið einkarétt ber að skilja í víðara samhengi ef útsending til almennings um gervihnött varðar verk sem er eingöngu myndir án tals eða texta. Þörf er á gagnsærrri reglu í þeim tilvikum sem alþjóðasamningur um sameiginlega framleiðslu kveður ekki sérstaklega á um skiptingu réttinda í sambandi við útsendingu til almennings um gervihnött í skilningi þessarar tilskipunar.
- 20) Við ákvæðin skilyrði er litið þannig á að útsending til almennings um gervihnött frá löndum utan bandalagsins eigi sér stað frá aðildarríki bandalagsins.
- 21) Nauðsyn ber til að tryggja að höfundar, listflytjendur, framleiðendur hljóðritana og útvarps- og sjónvarpsstöðvar njóti verndar í öllum aðildarríkjum og að slík vernd sé ekki háð löggiltu nýtjaleyfi. Þetta er eina leiðin til að koma í veg fyrir að mismunur á vernd raski samkeppni á hinum sameiginlega markaði.
- 22) Líkur eru á að tilkoma nýrrar tækni hafi bæði áhrif á gæði og magn hvað varðar nýtingu verka og annars efnis.
- 23) Í ljósi þessarar þróunar ber að endurskoða reglulega þá vernd sem á grundvelli þessarar tilskipunar er veitt öllum rétt höfum á þeim sviðum sem tilskipunin tekur til.
- 24) Samhæfing löggjafar sem fjallað er um í þessari tilskipun hefur í för með sér samhæfingu ákvæða sem tryggja höfundum, listflytjendum, framleiðendum hljóðritana og útvarps- og sjónvarpsstöðvum vernd á háu stigi. Þessi samhæfing á að koma í veg fyrir að útvarps- og sjónvarpsstöðvar geti notfært sér mismun á vernd réttthafa með því að flytja starfsemi sína til tjóns fyrir hljóð- og myndmiðlunarframleiðslu.
- 25) Vernd réttinda tengdum höfundarrétti skal samhæfa þeirri vernd sem fjallað er um í tilskipun ráðsins 92/100/EBE frá 19. nóvember 1992, um leigu- og útlánsrétt og önnur réttindi tengd höfundarrétti á sviði hugverkarréttar⁽¹⁾ að því er varðar útsendingu til almennings um gervihnött. Þetta mun einkum tryggja listflytjendum og framleiðendum hljóðritana sanngjarna þóknun fyrir flutning eða hljóðritanir vegna útsendinga til almennings um gervihnött.
- 26) Ákvæði 4. gr. koma ekki í veg fyrir að aðildarríkin færi út ákvæði 5. mgr. 2. gr. tilskipunar 92/100/EBE þannig að það nái til einkaréttar sem fjallað er um í 4. gr. Enn fremur skulu ákvæði 4. gr. ekki standa í vegi fyrir því að aðildarríkin geti kveðið á um möguleika til að andmæla því að með samningi hafi listflytjandi afsalað sér sjálfkrafa réttinum til að ráða nýtingu eins og kveðið er á um í þeirri grein, ef það stangast ekki á við ákvæði Alþjóðasamningsins um vernd listflytjenda, hljóðplötuframleiðenda og útvarps- og sjónvarpsstöðva.
- 27) Endurvarp dagskrárefnis um kapal frá öðrum aðildarríkjum er háð höfundarrétti og, eftir atvikum, réttindum tengdum höfundarrétti. Þess vegna ber dreifanda efnis um kapal að afla sér leyfis hjá öllum rétt höfum varðandi hvern hluta endurvarpaðrar dagskrár. Samkvæmt þessari tilskipun skal semja um leyfi nema kveðið sé á um tímabundna undanþágu að því er varðar löggilt nýtjaleyfi sem er til fyrir.

⁽¹⁾ Stjttð. EB nr. L 346, 27.11.1992, bls. 61.

- 28) Til að tryggja að utanaðkomandi aðilar sem eru réttthafar einstakra dagskrárhluða komi ekki í veg fyrir góða framkvæmd umsamins fyrirkomulags skal kveða á um, eftir því sem þörf er á við tiltekin skilyrði endurvarps um kapal, að réttthafar skuli einungis sameiginlega og í gegnum innheimtusamtök neyta réttar síns til að krefjast leyfis. Réttur til að veita leyfi helst þó óskertur sem slíkur, einungis eru settar vissar reglur um beitingu þessa réttar, og þess vegna er eftir sem áður unnt að framselja rétt til að leyfa endurvarp um kapal. Ákvæði þessarar tilskipunar hafa ekki áhrif á beitingu siðferðislegra réttinda.
- 29) Undanþágan sem kveðið er á um í 10. gr. skal ekki hafa áhrif á rétt sem handhafi réttinda hefur til að framselja innheimtusamtökum réttindi sín og tryggja sér með því beinan hlut í þeirri þóknun sem dreifandi efnis um kapal greiðir fyrir endurvarp um kapal.
- 30) Samningsgerð vegna fyrirkomulags varðandi leyfi til endurvarps um kapal skal styrkja með viðbótar-ráðstöfunum. Aðila sem vill eiga hlutdeild í almennum samningi skal skylt að leggja fram tillögur að sameiginlegum samningi. Að auki eiga aðilar alltaf rétt á að leita til óhlutdrægra sáttasemjara, sem gegna því hlutverki að taka þátt í samningaviðræðum og geta lagt fram tillögur. Slíkar tillögur og hugsanleg andmæli gegn þeim ber að tilkynna hlutaðeigandi aðilum í samræmi við gildandi reglur um tilkynningu lagaskjala, einkum þær sem eru í alþjóðasamningum. Að lokum skal sjá til þess að ekki verði tafið fyrir samningaviðræðum án gildrar ástæðu eða án gildrar ástæðu komið í veg fyrir að einstakir réttthafar geti tekið þátt í samningaviðræðum. Engin af þessum ráðstöfunum um eflingu réttinda skal leiða til þess að dregið verði í efa að réttur til endurvarps um kapal grundvallist á samningi.
- 31) Á aðlögunartímabili skal leyfa aðildarríkjum að halda stofnunum sem á yferráðasvæði þeirra fara með lögsögu í málum þar sem rétti til endurvarps dagskrárefnis til almennings um kapal hefur verið hafnað án gildrar ástæðu eða útvarps- eða sjónvarpsstöð hefur boðið með ósamngjörnum skilmálum. Tryggja ber rétt hlutaðeigandi aðila til að fá áheyrn hjá stofnuninni og að tilvist hennar komi ekki í veg fyrir eðlilegan aðgang hlutaðeigandi aðila að dómstólum.
- 32) Ekki er nauðsyn á reglum í bandalaginu um öll tilvik sem, ef til vill með vissum undantekningum sem ekki skipta máli frá viðskiptalegu sjónarmiði, hafa einungis áhrif innan landamæra eins aðildarríkis.
- 33) Mæla skal fyrir um nauðsynlegar lágmarksreglur til að koma á og tryggja frjálsar og ótruflaðar útsendingar milli landa um gervihnött og samtímis óbreytt endurvarp dagskrárefnis um kapal frá öðrum aðildarríkjum, einkum á grundvelli samnings.
- 34) Tilskipun þessi skal ekki hafa frekari áhrif á sam-hæfingu á sviði höfundarréttar og réttinda tengdum höfundarrétti og sameiginlega gæslu slíkra réttinda. Möguleiki aðildarríkja til að setja reglur um starfsemi innheimtusamtaka skal ekki hafa áhrif á frelsi til samningaviðræðna um réttindi sem kveðið er á um í þessari tilskipun, svo framarlega sem slíkar samninga-viðræður eiga sér stað á grundvelli almennra eða sérstakra innlendra reglna að því er varðar samkeppni-slög eða það að koma í veg fyrir misnotkun einokunar-stöðu.
- 35) Þess vegna skal það koma í hlut aðildarríkjanna að styrkja almenn ákvæði, sem eru nauðsynleg vegna þeirra markmiða sem eru sett með þessari tilskipun, með ráðstöfunum á sviði réttargæslu eða stjórnáslu í lögum sínum, svo framarlega sem þær stangast ekki á við markmið þessarar tilskipunar og samrýmast lögum bandalagsins.
- 36) Tilskipun þessi hefur ekki áhrif á beitingu samkeppnis-reglna 85. og 86. gr. Sáttmálans,

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. KAFLI

SKILGREININGAR

I. gr.

Skilgreiningar

1. Í þessari tilskipun merkir „gervihnöttur“ gervihnött sem sendir á tíðnibilum sem samkvæmt fjarskiptalögum eru frátekin fyrir merkjasendingar útvarps- og sjónvarpsstöðva til almennings eða frátekin fyrir lokuð punkt-í-punkt fjarskipti

tveggja stöðva. Í síðarnefnda tilvikinu verða þó aðstæður við einstaklingsmóttöku að vera sambærilegar við þær sem gilda í fyrirnefnda tilvikinu.

2. a) Í þessari tilskipun merkir „útsending til almennings um gervihnött“ að senda undir stjórn og á ábyrgð útvarps- eða sjónvarpsstöðvar dagskrármerki, sem eru ætluð almenningi, í órofinni keðju upp í gervihnött og niður á jörðu.

b) Útsending til almennings um gervihnött á sér eingöngu stað í því aðildarríki þar sem dagskrármerki eru send í órofinni útsendingarkeðju upp í gervihnött og niður á jörðu, undir stjórn og á ábyrgð útvarps- eða sjónvarpsstöðvar.

c) Ef dagskrármerkin eru rugluð er um útsendingu til almennings um gervihnött að ræða svo framarlega sem útvarps- eða sjónvarpsstöðin sér til þess eða samþykkir að almenningur geti afruglað útsendinguna.

d) Ef útsending til almennings um gervihnött á sér stað í ríki utan bandalagsins sem veitir ekki sambærilega vernd við þá sem kveðið er á um í II. kafla og

i. dagskrármerki eru send upp í gervihnött frá upptengistöð í aðildarríki er litið svo á að útsendingin hafi átt sér stað í því aðildarríki og unnt sé að neyta réttindanna sem kveðið er á um í II. kafla gagnvart þeim aðila sem rekur jarðstöðina; eða

ii. ekki er notuð upptengistöð í aðildarríki en útvarps- eða sjónvarpsstöð í aðildarríki hefur veitt umboð til útsendingar til almennings um gervihnött er litið svo á að útsendingin hafi átt sér stað í því aðildarríki þar sem höfuðstöðvar útvarps- eða sjónvarpsstöðvarinnar í bandalaginu eru og að unnt sé að neyta þeirra réttinda sem kveðið er á um í II. kafla gagnvart útvarps- eða sjónvarpsstöðinni.

3. Í þessari tilskipun merkir „endurvarp um kapal“ óbreytt og óstytt samtímaendurvarp til almennings um kapalkerfi eða örbylgjukerfi á upprunalegri útsendingu hljóðvarps- eða sjónvarpsefnis frá öðru aðildarríki, um þráð eða þráðlaust, þ.m.t. um gervihnött, sem er ætluð almenningi, óháð því hvernig rekstraraðili endurvarpsþjónustunnar nær dagskrármerkjum útvarpsfyrirtækisins til að endurvarpa þeim.

4. Í þessari tilskipun merkir „innheimtusamtök“ samtök sem gegna því meginhlutverki eða eitt af meginhlutverkum þeirra er að hafa eftirlit með höfundarrétti eða réttindum tengdum höfundarrétti eða sjá um að sækja hann.

5. Í þessari tilskipun er litið svo á að aðalleikstjóri kvikmyndaverks eða hljóð- og myndverks sé höfundur eða einn af höfundum þess. Aðildarríki geta sett reglur um að aðrir geti einnig talist vera höfundar verksins.

II. KAFLI

ÚTSENDING DAGSKRÁREFNIS UM GERVIHNÖTT

2. gr.

Útsendingarréttur

Aðildarríki skulu kveða á um einkarétt höfundar til að leyfa útsendingu til almennings um gervihnött á verki sem höfundar- réttur gildir um, samanber þó ákvæði þessa kafla.

3. gr.

Öflun útsendingarréttar

1. Aðildarríkin skulu tryggja að einungis sé unnt að afla leyfisins sem um getur í 2. gr. með samningi.

2. Aðildarríki getur kveðið á um að unnt sé að útvíkka heildarsamning innheimtusamtaka og útvarps- eða sjónvarpsstöðvar varðandi tiltekinn flokk verka svo hann nái til rétthafa sama flokks sem ekki eru skjólstæðingar innheimtusamtakanna, að því tilskildu að:

— útsending til almennings um gervihnött eigi sér stað á sama tíma og útsending frá sömu útvarps- eða sjónvarpsstöð á sér stað frá sendi á jörðu niðri, og

og

— rétthafi sem ekki er skjólstæðingur innheimtusamtaka hafi alltaf þann möguleika að útiloka að útvíkkun slíks heildarsamnings nái til verka hans og þann möguleika að beita rétti sínum annaðhvort einn eða með öðrum.

3. Ákvæði 2. mgr. gilda ekki um kvikmyndaverk, þar með talin verk sem eru búin til með svipaðri aðferð.

4. Ef löggjöf aðildarríkis kveður á um útvíkkun heildarsamnings í samræmi við ákvæði 2. mgr. skal það aðildarríki láta framkvæmdastjórnina vita hvaða útvarps- eða sjónvarpsstöðvar eiga rétt á að nýta sér þá löggjöf. Framkvæmdastjórnin birtir þessar upplýsingar í *Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins* (C-deild).

*4. gr.***Réttindi listflytjenda, framleiðenda hljóðritana og útvarps- og sjónvarpsstöðva**

1. Að því er útsendingar til almennings um gervihnött varðar ber að vernda réttindi listflytjenda, framleiðenda hljóðritana og útvarps- og sjónvarpsstöðva í samræmi við ákvæði 6., 7., 8. og 10. gr. tilskipunar 92/100/EBE.
2. Að því er 1. mgr. varðar tekur hugtakið „þráðlaus útsending“ í tilskipun 92/100/EBE til útsendinga til almennings um gervihnött.
3. Með tilliti til beitingu réttindanna sem um getur í 1. mgr. gilda ákvæði 7. mgr. 2. gr. og 12. gr. tilskipunar 92/100/EBE.

*5. gr.***Samband milli höfundarréttar og skyldra réttinda**

Sú vernd sem veitt er með réttindum sem eru skyld höfundarrétti samkvæmt þessari tilskipun skal ekki skerða höfundarréttarvernd á neinn hátt.

*6. gr.***Lágmarksvernd**

1. Aðildarríki geta kveðið á um víðtækari vernd fyrir handhafa réttinda tengdum höfundarrétti en krafist er í 8. gr. tilskipunar 92/100/EBE.
2. Við beitingu 1. mgr. skulu aðildarríkin fara eftir skilgreiningunum í 1. og 2. mgr. 1. gr.

*7. gr.***Bráðabirgðaákvæði**

1. Með hliðsjón af því hvenær réttindunum sem um getur í 1. mgr. 4. gr. þessarar tilskipunar er beitt skulu ákvæði 1., 2., 6. og 7. mgr. 13. gr. tilskipunar 92/100/EBE gilda. Ákvæði 4. og 5. mgr. 13. gr. í tilskipun 92/100/EBE gilda að breyttu breytanda.
2. Samningar um nýtingu verka og annars efnis sem nýtur verndar á grundvelli höfundarréttar, sem eru í gildi á þeim degi sem um getur í 1. mgr. 14. gr., falla undir ákvæði 1. gr. (2. mgr.) og 2. og 3. gr. frá 1. janúar 2000 ef þeir renna út eftir þann dag.
3. Ef alþjóðasamningur um sameiginlega framleiðslu, gerður fyrir þann dag sem um getur í 1. mgr. 14. gr., milli meðframleiðanda frá aðildarríki og eins eða fleiri meðframleiðanda frá öðrum aðildarríkjum eða þriðju löndum kveður sérstaklega á um hvernig nýtingarréttur skuli skiptast milli meðframleiðenda

eftir landsvæðum að því er varðar allar útsendingar til almennings, án þess að gera greinarmun á fyrirkomulagi sem gildir um útsendingar til almennings um gervihnött og ákvæðum sem gilda um aðrar útsendingar, og ef útsending til almennings á sameiginlegu framleiðslunni um gervihnött skerðir einkarétt, einkum að því er varðar tungumál, einhvers meðframleiðandans eða framsalshafa hans á tilteknu yfirráðasvæði er nauðsynlegt að fá fyrirfram samþykki handhafa þess einkaréttar, hvort sem um er að ræða meðframleiðanda eða framsalshafa, áður en einn af meðframleiðendunum eða framsalshafar veita leyfi til útsendingar til almennings um gervihnött.

III. KAFLI

RÉTTUR TIL ENDURVARPS UM KAPAL*8. gr.***Réttur til endurvarps um kapital**

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að tekið sé tillit til höfundarréttar og skyldra réttinda þegar dagskrárefni frá öðrum aðildarríkjum er endurvarpað um kapital á yfirráðasvæði þeirra og að slíkt endurvarp eigi sér stoð í samningum einstaklinga eða heildarsamningum milli handhafa höfundarréttar eða skyldra réttinda og dreifenda efnis um kapital.
2. Þrátt fyrir 1. mgr. geta aðildarríkin fram til 31. desember 1997 látið slík löggilt nýjaleyfi gilda áfram, ef þau eru í gildi 31. júlí 1991 eða innlend lög kveða sérstaklega á um að þau öðlist gildi þá.

*9. gr.***Réttur til endurvarps um kapital neytt**

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að einungis í gegnum innheimtusamtök sé unnt að neyta réttar sem handhafi höfundarréttar eða skyldra réttinda hefur til að veita eða synja dreifanda efnis um kapalkerfi um leyfi til endurvarps um kapital.
2. Hafi réttihafi ekki falið innheimtusamtökum að annast réttindi sín er litið svo á að innheimtusamtök er hafa eftirlit með réttindum í sama flokki hafi umboð til eftirlits með réttindum hans. Ef fleiri en ein innheimtusamtök hafa eftirlit með réttindum í þeim flokki skal réttihafi vera frjálst að velja hvert þeirra hefur umboð til að fara með réttindi hans. Réttihafi sem um getur í þessari málsgrein skal hafa sömu réttindi og skyldur sem leiðir af samningi milli dreifanda efnis um kapital og innheimtusamtaka, sem talið er að skuli hafa eftirlit með réttindum hans, og réttihafar sem hafa veitt þeim innheimtusamtökum umboð, og honum skal vera kleift að skírskota til

Þessara réttinda innan tiltekins frests, sem hlutaðeigandi aðildarríki ákvarðar, en hann skal ekki vera innan við þrjú ár frá þeim degi er verki hans eða öðru efni sem nýtur verndar er endurvarpað um kapal.

3. Aðildarríki getur kveðið á um að rétthafi sem heimilar fyrstu útsendingu á verki eða öðru vernduðu efni á yfirráðasvæði þess teljist vera samþykkur því að neyta ekki réttar síns til endurvarps um kapal sem einstaklingur, en neyta hans í samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar.

10. gr.

Réttar útvarps- eða sjónvarpsstöðvar til endurvarps um kapal neytt

Aðildarríkin skulu sjá til þess að 9. gr. gildi ekki um réttindi sem útvarps- eða sjónvarpsstöð neytir að því er eigin útsendingar varðar, án tillits til þess hvort um hennar eigin réttindi er að ræða eða réttindi sem aðrir handhafar höfundarréttar og/eða skyldra réttinda hafa framselt.

11. gr.

Milligöngumenn

1. Hafi enginn samningur verið gerður um leyfi til endurvarps á útsendingu útvarps eða sjónvarps skulu aðildarríkin sjá til þess að hver aðili geti leitað eftir aðstoð eins eða fleiri milligöngumanna.

2. Hlutverk milligöngumanna skal vera að veita aðstoð í samningaviðræðum. Þeir geta einnig lagt tillögur fyrir samningsaðila.

3. Gert er ráð fyrir að allir aðilar hafi samþykkt tillögu samkvæmt 2. mgr. beri enginn þeirra fram andmæli gegn henni innan þriggja mánaða. Auglýsingu um tillögur og andmæli gegn þeim ber að tilkynna aðilum í samræmi við gildandi reglur um tilkynningu lagaskjala.

4. Við val á milligöngumönnum skal ganga úr skugga um að enginn vafi leiki á sjálfstæði þeirra og óhlutdrægni.

12. gr.

Komið í veg fyrir misnotkun samningsstöðu

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess með einkamálarétti eða stjórnsýslufyrirmælum, eftir því sem við á, að aðilar hefji og standi fyrir samningaviðræðum um leyfi til endurvarps um kapal eftir bestu vitund og komi ekki í veg fyrir eða teffi samningaviðræður án gildrar ástæðu.

2. Aðildarríki sem, á þeim degi sem um getur í 1. mgr. 14. gr., hefur á að skipa stofnun sem hefur umboð til að fara með á yfirráðasvæði þess mál þar sem rétti til endurvarps á dagskrárefni til almennings hefur verið hafnað án gildrar ástæðu, eða útvarps- eða sjónvarpsstöð hefur boðið með ósanngjörnum skilmálum, hefur rétt til að halda þeirri stofnun.

3. Ákvæði 2. málsgreinar gildir á átta ára aðlögunartímabili frá þeim degi sem um getur í 1. mgr. 14. gr.

IV. KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI

13. gr.

Sameiginleg gæsla réttinda

Tilskipun þessi er með fyrirvara um réttarreglur aðildarríkjanna um starfsemi innheimtusamtaka.

14. gr.

Lokaákvæði

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 1. janúar 1995. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem samþykkt verða um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. Eigi síðar en 1. janúar 2000 skal framkvæmdastjórnin leggja skýrslu um beitingu þessarar tilskipunar fyrir Evrópuþingið, ráðið og efnahags- og félagsmálanefndina og ef þurfa þykir gera frekari tillögur til að laga hana að framförum á sviði hljóð- og myndmiðlunar.

15. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 27. september 1993.

Fyrir hönd ráðsins,

R. URBAIN

forseti.

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2017/1018****2022/EES/8/02****frá 29. júní 2016**

um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB um markaði fyrir fjármálagerninga að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina upplýsingar sem verðbréfafyrirtæki, rekstraraðilar markaða og lánastofnanir eiga að tilkynna (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipun 2002/92/EB og tilskipun 2011/61/ESB ⁽¹⁾, einkum þriðju undirgrein 8. mgr. 34. gr. og þriðju undirgrein 11. mgr. 35. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Mikilvægt er að tilgreina upplýsingarnar sem verðbréfafyrirtæki, rekstraraðilar markaða og, sé þess krafist í tilskipun 2014/65/ESB, lánastofnanir ættu að láta lögbærum yfirvöldum í heimaaðildarríkjum sínum í té þegar þessir aðilar hyggjast bjóða fjárfestingarþjónustu eða annast fjárfestingarstarfsemi og viðbótarþjónustu í öðru aðildarríki, til að koma á samræmdum kröfum um upplýsingar og til að nýta sér möguleikann á að veita þjónustu alls staðar í Sambandinu.
- 2) Umfang og efni upplýsinga sem verðbréfafyrirtæki, lánastofnanir eða rekstraraðilar markaða eiga að koma á framfæri við lögbært yfirvald í heimaríkinu, hyggist þeir bjóða fjárfestingarþjónustu eða stunda fjárfestingarstarfsemi sem og viðbótarstarfsemi eða koma á fyrirkomulagi sem auðveldar aðgengi og viðskipti eru breytileg allt eftir tilganginum með viðskipti yfir landamæri og eðli þeirra réttinda sem fylgja henni. Til glöggvunar er því viðeigandi að skilgreina mismunandi tegundir tilkynninga vegna viðskipta yfir landamæri að því er varðar þessa reglugerð.
- 3) Af sömu ástæðum er einnig mikilvægt að skýra hvaða upplýsingar verðbréfafyrirtæki eða rekstraraðilar markaða, sem starfrækja markaðstorg fjármálagerninga eða skipulegt markaðstorg, ættu að leggja fram þegar þessir aðilar óska eftir að greiða fyrir, á yfirráðasvæði annars aðildarríkis, aðgangi fjarnotenda, aðila eða þátttakenda með staðfestu í þessu öðru aðildarríki að þessum kerfum og viðskiptum.
- 4) Lögbær yfirvöld í heima- og gístiaðildarríkjum ættu að fá uppfærðar upplýsingar ef einhverjar breytingar verða á einstökum atriðum tilkynninga vegna viðskipta yfir landamæri, þ.m.t. allar afturkallanir eða ógilding starfsleyfis til að veita fjárfestingarþjónustu og fjárfestingarstarfsemi. Þessar upplýsingar ættu að tryggja að lögbæru yfirvöldin geti tekið upplýsta ákvörðun sem er í samræmi við valdheimildir þeirra og ábyrgð.
- 5) Breytingar á heiti, heimilisfangi og samskiptaupplýsingum verðbréfafyrirtækja í heimaaðildarríki eiga að teljast viðeigandi og því ætti að tilkynna um þær sem breytingar á einstökum atriðum varðandi útibú, eða sem breytingar á einstökum atriðum varðandi einkaumboðsmann.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttð. ESB L 155, 17.6.2017, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 85/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 88, 31.10.2019, bls. 7.

(¹) Stjttð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 349.

- 6) Mikilvægt er að lögbær yfirvöld í heima- og gístaðildarríki hafi með sér samstarf um að taka á þeirri ógn sem stafar af peningaþvætti. Þessi reglugerð, einkum tilkynning um starfsáætlun verðbréfafyrirtækis, ætti að greiða fyrir mati og eftirliti lögbærs yfirvalds í gístaðildarríki með því að kerfi og stjórnþæki séu fullnægjandi til að koma í veg fyrir peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka af hálfu útibús með staðfestu á yfirráðasvæði þess, þ.m.t. hæfileikar, þekking og óflekkað mannorð fulltrúans sem gefur skýrslu um peningaþvætti.
- 7) Ákvæði þessarar reglugerðar eru nátengd þar sem þau fjalla um tilkynningar í tengslum við nýtingu frelsis til að veita fjárfestingarþjónustu og annast fjárfestingarstarfsemi og um neytingu staðfesturéttar sem gilda um verðbréfafyrirtæki, rekstraraðila markaða, og þar sem við á, um lánastofnanir. Til að tryggja samfellu milli þessara ákvæða, sem ættu að taka gildi á sama tíma, og til þess að einstaklingar sem falla undir þessar skyldur fái auðveldlega heildstæða mynd af þeim og aðgengi er æskilegt að láta eina reglugerð ná yfir alla tæknilegu eftirlitsstaðlana vegna tilkynningar um upplýsingar sem krafist er í II. bálki III. kafla tilskipunar 2014/65/ESB.
- 8) Til að gæta samræmis og tryggja snurðulausa starfsemi fjármálamarkaða er nauðsynlegt að ákvæðin sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð og tengd innlend ákvæði sem leiða í lög tilskipunar 2014/65/ESB komi til framkvæmda frá og með sama degi.
- 9) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.
- 10) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur, í samræmi við 10. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 ⁽¹⁾, haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlunum, greint mögulegan kostnað og ávinning þar að lútandi og óskað eftir álit hagsmunahóps á verðbréfamarkaði, sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. þeirrar reglugerðar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Gildissvið

1. Reglugerð þessi gildir um verðbréfafyrirtæki og rekstraraðila markaða sem starfrækja markaðstorg fjármálagerninga eða skipulegt markaðstorg.
2. Reglugerð þessi gildir einnig um lánastofnanir með starfsleyfi samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB ⁽²⁾ sem veita eina eða fleiri tegundir fjárfestingarþjónustu eða stunda fjárfestingarstarfsemi og hyggjast nota einkaumboðsmenn samkvæmt eftirfarandi réttindum:
 - a) réttinum til frelsis til að veita fjárfestingarþjónustu og stunda fjárfestingarstarfsemi í samræmi við 5. mgr. 34. gr. tilskipunar 2014/65/ESB,
 - b) staðfesturéttinum í samræmi við 7. mgr. 35 gr. tilskipunar 2014/65/ESB.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „tilkynning um viðskipti yfir landamæri fyrir fjárfestingarþjónustu og -starfsemi“: tilkynning í samræmi við 2. mgr. 34. gr. tilskipunar 2014/65/ESB eða í samræmi við 5. mgr. 34. gr. tilskipunar 2014/65/ESB,

⁽¹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin) um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjttíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84).

⁽²⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB frá 26. júní 2013 um aðgang að starfsemi lánastofnana og varfærniseftirlit með lánastofnunum og verðbréfafyrirtækjum, um breytingu á tilskipun 2002/87/EB og um niðurfellingu á tilskipunum 2006/48/EB og 2006/49/EB (Stjttíð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 338).

- b) „tilkynning um viðskipti yfir landamæri fyrir útibú“ eða „tilkynning um viðskipti yfir landamæri fyrir einkaumboðsmann“: tilkynning í samræmi við 2. mgr. 35. gr. tilskipunar 2014/65/ESB eða í samræmi við 7. mgr. 35. gr. tilskipunar 2014/65/ESB,
- c) „tilkynning um fyrirkomulag til að greiða fyrir aðgangi að markaðstorgi fjármálagerninga eða skipulegu markaðstorgi“: tilkynning í samræmi við 7. mgr. 34. gr. tilskipunar 2014/65/ESB,
- d) „tilkynning um viðskipti yfir landamæri“: tilkynning um viðskipti yfir landamæri fyrir fjárfestingarþjónustu og -starfsemi, tilkynning um viðskipti yfir landamæri fyrir útibú, tilkynning um viðskipti yfir landamæri fyrir einkaumboðsmann eða tilkynning um fyrirkomulag til að greiða fyrir aðgangi að markaðstorgi fjármálagerninga eða skipulegu markaðstorgi.

3. gr.

Upplýsingar sem ber að veita í tilkynningu um viðskipti yfir landamæri fyrir fjárfestingarþjónustu og -starfsemi

1. Verðbréfafyrirtæki skulu tryggja að tilkynning um viðskipti yfir landamæri fyrir fjárfestingarþjónustu og -starfsemi sem lögð er fram skv. 2. mgr. 34. gr. tilskipunar 2014/65/ESB hafi að geyma eftirfarandi upplýsingar:

- a) heiti, heimilisfang og samskiptaupplýsingar verðbréfafyrirtækisins ásamt nafni tilgreinds tengiliðar hjá fyrirtækinu,
- b) starfsáætlun sem hefur að geyma eftirfarandi þætti:
 - i. upplýsingar um þá tilteknu fjárfestingarþjónustu, -starfsemi og viðbótarþjónustu sem veita á í gístiaðildarríkinu og fjármálagerningana sem nota á, og
 - ii. staðfestingu á því hvort verðbréfafyrirtækið hyggst nota einkaumboðsmenn, með staðfestu í heimaaðildarríki þess, til að veita þjónustu í gístiaðildarríkinu og, ef svo er, nöfn, heimilisföng og samskiptaupplýsingar slíkra einkaumboðsmanna sem og hvaða fjárfestingarþjónustu og -starfsemi, viðbótarþjónustu og fjármálagerninga hinir síðarnefndu eiga að bjóða.

2. Lánastofnanir sem um getur í a-lið 2. mgr. 1. gr. og leggja fram tilkynningu um viðskipti yfir landamæri fyrir fjárfestingarþjónustu og -starfsemi í samræmi við 5. mgr. 34. gr. tilskipunar 2014/65/ESB skulu tryggja að slík tilkynning hafi að geyma þær upplýsingar sem settar eru fram í a-lið og ii. lið b-liðar 1. mgr.

4. gr.

Upplýsingar sem ber að veita vegna breytingar á upplýsingum um fjárfestingarþjónustu og -starfsemi

Verðbréfafyrirtæki og þær lánastofnanir sem um getur í a-lið 2. mgr. 1. gr. skulu tryggja að tilkynning um breytingu á upplýsingum, skv. 4. mgr. 34. gr. tilskipunar 2014/65/ESB, hafi að geyma upplýsingar um allar breytingar á hverjum þeim upplýsingum í upprunalegu tilkynningunni um viðskipti yfir landamæri fyrir fjárfestingarþjónustu og -starfsemi.

5. gr.

Upplýsingar sem ber að veita vegna fyrirkomulags til að greiða fyrir aðgangi að markaðstorgi fjármálagerninga eða skipulegu markaðstorgi

Verðbréfafyrirtæki og rekstraraðilar markaða sem leggja fram tilkynningar um fyrirkomulag til að greiða fyrir aðgangi að markaðstorgi fjármálagerninga eða skipulegu markaðstorgi skv. 7. mgr. 34. gr. tilskipunar 2014/65/ESB skulu tryggja að þessar tilkynningar hafi að geyma eftirfarandi upplýsingar:

- a) heiti, heimilisfang og samskiptaupplýsingar viðkomandi verðbréfafyrirtækis eða rekstraraðila markaðar, ásamt nafni tilgreinds tengiliðar hjá viðkomandi fyrirtæki eða rekstraraðila markaðar,
- b) stutta lýsingu á viðeigandi fyrirkomulagi sem vera á til staðar og frá og með hvaða dagsetningu það fyrirkomulag verður til staðar í gístiaðildarríkinu,
- c) stutta lýsingu á viðskiptalíkani viðkomandi markaðstorgs fjármálagerninga eða skipulegs markaðstorgs, þ.m.t. tegund fjármálagerninga sem viðskipti eru með, tegund þátttakenda og markaðssetningarnálgun viðkomandi markaðstorgs fjármálagerninga eða skipulegs markaðstorgs til að ná til fjarnotenda, aðila eða þátttakenda.

6. gr.

Upplýsingar sem ber að veita í tilkynningu um viðskipti yfir landamæri fyrir útibú eða tilkynningu um viðskipti yfir landamæri fyrir einkaumboðsmann

1. Verðbréfafyrirtæki og lánastofnanir sem um getur í b-lið 2. mgr. 1. gr. skulu tryggja að tilkynning um viðskipti yfir landamæri fyrir útibú eða tilkynning um viðskipti yfir landamæri fyrir einkaumboðsmann sem lögð er fram skv. 2. mgr. 35. gr. eða 7. mgr. 35. gr. tilskipunar 2014/65/ESB, eftir því sem við á, hafi að geyma eftirfarandi upplýsingar:

- a) heiti, heimilisfang og samskiptaupplýsingar viðkomandi verðbréfafyrirtækis eða lánastofnunar í heimaaðildarríkinu og nafn tilgreinds tengiliðar hjá verðbréfafyrirtækinu eða lánastofnuninni,
- b) heiti, heimilisfang og samskiptaupplýsingar í gistaðildarríkinu fyrir útibúið eða einkaumboðsmanninn sem hægt er að fá skjölin frá,
- c) nöfn þeirra einstaklinga sem bera ábyrgð á stjórn útíbúsins eða einkaumboðsmannsins,
- d) tilvísun í rafræna eða aðra staðsetningu hinnar opinberu skrár sem einkaumboðsmaðurinn er skráður í og
- e) starfsáætlun.

2. Starfsáætlunin sem um getur í e-lið 1. mgr. skal samanstanda af eftirfarandi þáttum:

- a) lista yfir fjárfestingarþjónustu, -starfsemi, viðbótarþjónustu og fjármálagerninga sem á að bjóða,
- b) yfirliti sem skýrir á hvern hátt útibúið eða einkaumboðsmaðurinn muni vinna að stefnuáætlun verðbréfafyrirtækisins, lánastofnunarinnar eða samstæðunnar og sem tilgreinir hvort verðbréfafyrirtækið er hluti af samstæðu og hver helstu rekstrarþættir útíbúsins eða einkaumboðsmannsins verða,
- c) lýsingu á tegund viðskiptavina eða mótaðila sem útibúið eða einkaumboðsmaðurinn mun eiga í viðskiptum við og hvernig verðbréfafyrirtækið eða lánastofnunin mun afla sér þessara viðskiptavina og mótaðila og eiga viðskipti við þá,
- d) eftirfarandi upplýsingum um stjórnskipulag útíbúsins eða einkaumboðsmannsins:
 - i. upplýsingum um starfrænar, landfræðilegar og lagalegar boðleiðir ef fléttustjórnskipulagi (e. matrix management structure) er beitt,
 - ii. lýsingu á því hvernig útibúið eða einkaumboðsmaðurinn fellur að fyrirtækisskipulagi verðbréfafyrirtækisins eða lánastofnunarinnar, eða samstæðunnar ef verðbréfafyrirtækið eða lánastofnunin er hluti af samstæðu,
 - iii. reglunum um skýrslugjöf útíbúsins eða einkaumboðsmannsins til höfuðstöðvanna,
- e) upplýsingum um þá einstaklinga sem gegna lykilstöðum í útibúinu eða hjá einkaumboðsmanninum, þ.m.t. einstaklinga sem bera ábyrgð á daglegum rekstri útíbúsins eða einkaumboðsmannsins, regluvörslu og meðferð kvartana,
- f) upplýsingum um alla útivistunarsamninga sem skipta miklu máli fyrir starfsemi útíbúsins eða einkaumboðsmannsins,
- g) ágrípi um kerfi og eftirlit sem komið verður á, þ.m.t.:
 - i. fyrirkomulag sem komið verður á til að verja fjármuni og eignir viðskiptavina,
 - ii. fyrirkomulag sem miðar að því að tryggja að farið sé að reglum um viðskiptahætti og öðrum skyldum sem falla undir ábyrgð lögbærs yfirvalds í gistaðildarríkinu skv. 8. mgr. 35. gr. tilskipunar 2014/65/ESB og skráahald skv. 6. mgr. 16. gr. þeirrar tilskipunar,
 - iii. innra fyrirkomulag eftirlits með starfsfólki, þ.m.t. eftirlits með einkaviðskiptum,
 - iv. fyrirkomulag sem miðar að því að tryggja að farið sé að skuldbindingum um ráðstafanir vegna peningabættis,
 - v. upplýsingar um eftirlit með útvistun og öðru fyrirkomulagi með aðkomu þriðju aðila í tengslum við fjárfestingarþjónustu eða -starfsemi sem útibú eða einkaumboðsmaður stundar,
 - vi. heiti, heimilisfang og samskiptaupplýsingar viðurkennds tryggingakerfis sem verðbréfafyrirtækið eða lánastofnunin er aðili að,
- h) spám um rekstrarreikninga og sjóðstreymisreikninga yfir 36 mánaða upphafstímabil.

3. Þegar til stendur að koma útibúi á fót í gistaðildarríki og útibúið hyggst nota einkaumboðsmenn í því aðildarríki, í samræmi við c-lið 2. mgr. 35. gr. tilskipunar 2014/65/ESB, skal starfsáætlunin sem um getur í e-lið 1. mgr. einnig tilgreina deili á, heimilisfang og samskiptaupplýsingar hvers slíks einkaumboðsmanns.

7. gr.

Upplýsingar sem ber að veita vegna breytingar á upplýsingum um útibú eða einkaumboðsmann

1. Verðbréfafyrirtæki og þær lánastofnanir sem um getur í b-lið 2. mgr. 1. gr. skulu tryggja að tilkynning um breytingu á upplýsingum, skv. 10. mgr. 35. gr. tilskipunar 2014/65/ESB, hafi að geyma upplýsingar um allar breytingar á hverjum þeim upplýsingum sem eru í upprunalegri tilkynningu um viðskipti yfir landamæri fyrir útibú eða tilkynningu um viðskipti yfir landamæri fyrir einkaumboðsmann.

2. Verðbréfafyrirtæki og þær lánastofnanir sem um getur í b-lið 2. mgr. 1. gr. skulu tryggja að í öllum breytingum á tilkynningu um viðskipti yfir landamæri fyrir útibú eða tilkynningu um viðskipti yfir landamæri fyrir einkaumboðsmann sem tengjast slitum á starfsemi útibúsins eða því að notkun einkaumboðsmanns er hætt séu eftirfarandi upplýsingar:

- a) nafn þess einstaklings eða þeirra einstaklinga sem bera ábyrgð á slitum á starfsemi viðkomandi útibús eða einkaumboðsmanns,
- b) tímaáætlun um áformuð slit,
- c) nánari upplýsingar um og áformuð ferli slita starfseminnar, þ.m.t. um hvernig sé áformað að vernda hagsmuni viðskiptavina, leysa úr kvörtunum og greiða útistandandi skuldir.

8. gr.

Gildistaka og framkvæmd

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Hún kemur til framkvæmda frá og með þeim degi sem kemur fram fyrst í annari undirgrein 1. mgr. 93. gr. tilskipunar 2014/65/ESB.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 29. júní 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2016/1434****2022/EES/8/03****frá 14. desember 2015**

um leiðréttingu á framseldri reglugerð (ESB) 2015/63 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB að því er varðar framlög greidd fyrirfram til fjármögnunarfyrirkomulags vegna skilameðferðar (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB frá 15. maí 2014 sem kemur á ramma um endurreisn og skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja og um breytingu á tilskipun ráðsins 82/891/EBE og tilskipunum 2001/24/EB, 2002/47/EB, 2004/25/EB, 2005/56/EB, 2007/36/EB, 2011/35/ESB, 2012/30/ESB og 2013/36/ESB, og reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 og (ESB) nr. 648/2012 ⁽¹⁾, einkum 7. og 8. mgr. 103. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Nokkrar villur koma fyrir í öllum tungumálaútgáfum textans í 5. gr. (f-lið 1. mgr. og 3. mgr.), 6. gr. (9. mgr.), 12. gr. (1. mgr.), 14. gr. (1. mgr.) og 20. gr. (1. og 5. mgr.) framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/63 ⁽²⁾.
- 2) Í f-lið 1. mgr. 5. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/63 kemur orðið „upprunalega“ á misvísandi hátt fyrir sem dregur þar með úr umfangi undanþágunnar sem varðar skuldbindingar stuðningsbanka. Stefunumarkmiðin yrðu gerð skýrari með því að fella brott orðið „upprunalega“.
- 3) Í 3. mgr. 5. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/63 ætti að uppfæra tilvísun í 6. og 7. mgr. 429 gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 ⁽³⁾ til að taka tillit til breytinga sem innleiddar voru með framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/62 ⁽⁴⁾. Í stað tilvísunarinnar kemur tilvísun í 429. gr., 429. gr. a og 429. gr. b í reglugerð (ESB) nr. 575/2013.
- 4) Í 1. mgr. 14. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/63 ætti að skýra það að hún vísar til síðustu samþykktar árlegra reikninga sem tiltækir eru, eigi síðar en 31. desember á árinu sem er á undan framlagstímabilinu og eigi fyrir 31. desember.
- 5) Innsláttarvilla er í 1. mgr. 20. gr. Fresturinn ætti að vera í samræmi við frestinn í 4. mgr. þeirrar greinar og breytast í 1. september 2015.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 233, 30.8.2016, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 237/2019 frá 27. september 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (bíður birtingar).

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 173, 12.6. 2014, bls. 190.

⁽²⁾ Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/63 frá 21. október 2014 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB að því er varðar framlög greidd fyrirfram til fjármögnunarfyrirkomulags vegna skilameðferðar (Stjttíð. OJ L 11, 17.1.2015, bls. 44).

⁽³⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfæriskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 (Stjttíð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 1).

⁽⁴⁾ Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/62 frá 10. október 2014 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar vogunarhlutfallið (Stjttíð. L 11, 17.1.2015, bls. 37).

- 6) Ákvæði 5. mgr. 20. gr. þurfa að vera í samræmi við 5. mgr. 8. gr. framkvæmdarreglugerðar ráðsins (ESB) 2015/81 ⁽¹⁾ til að tryggja samkvæmni innan innri markaðarins og í lögum Sambandsins. Stefnumarkmiðin endurspeglast í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/81 en fyrir misgáning ekki í 5. mgr. 20. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/63.
- 7) Frekari villur koma fyrir í þýskri útgáfu textans í 14. gr. (1. mgr.) og 15. gr. (2. mgr.) og 16. gr. (1. mgr.) framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/63.
- 8) Því ætti að leiðrétta framselda reglugerð (ESB) 2015/63 til samræmis við það.
- 9) Villur í framseldri reglugerð (ESB) 2015/63 kalla á leiðréttingar til að tryggja jöfn samkeppnisskilyrði á innri markaðinum. Í þessu skyni ætti þessi leiðréttingarreglugerð að öðlast gildi afturvirk frá og með 1. janúar 2015.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Framseld reglugerð (ESB) 2015/63 er leiðrétt eins og hér segir:

- 1) Í stað f-liðar 1. mgr. 5. gr. kemur eftirfarandi:

„f) skuldbindingar stofnunar sem er milliliður gagnvart upprunalegum eða öðrum stuðningsbanka eða öðrum millilið, þegar um er að ræða stofnanir sem starfrækja stuðningslán og skuldbindingar stuðningsbankans gagnvart fjármögnunaraðilum hans að svo miklu leyti sem skuldbindingar þessar eru jafnaðar með stuðningslánum þeirrar stofnunar.“

- 2) Í stað fyrstu undirgreinar 3. mgr. 5. gr. kemur eftirfarandi:

„Í þessum þætti skal verðmeta árlega meðalfjárhæð skuldbindinga, sem um getur í 1. mgr., sem reiknuð er út á ársfjórðungsgrundvelli og sem koma til vegna afleiðusamninga, í samræmi við 429. gr., 429. gr. a og 429. gr. b í reglugerð (ESB) nr. 575/2013.“

- 3) Í stað 9. mgr. 6. gr. kemur eftirfarandi:

„9. Ákvörðun skilastjórnvaldsins skal, að því er varðar 6., 7. og 8. mgr., byggjast á mati sem lögbær yfirvöld gera þegar hægt er.“

- 4) Í stað 1. mgr. 12. gr. kemur eftirfarandi:

„1. Ef stofnun hefur nýlega verið sett undir eftirlit, og aðeins hluta af framlagstímabilinu, skal ákvarða framlag að hluta til með því að beita aðferðafræðinni sem sett er fram í þessum þætti á fjárhæð árlegs framlags sem reiknað er út meðan næsta framlagstímabil á eftir gengur yfir með tilvísun til fjölda heilla mánaða framlagstímabilsins þar sem stofnunin er undir eftirliti.“

- 5) Í stað 1. mgr. 14. gr. kemur eftirfarandi:

„1. Stofnanir skulu afhenda skilastjórnvaldinu síðustu samþykktu ársreikninga, sem eru tiltækir eigi síðar en 31. desember á árinu á undan framlagstímabilinu, ásamt áritun sem löggiltur endurskoðandi eða endurskoðunarfyrtæki leggur fram í samræmi við 32. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2013/34/ESB (*).“

(*) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/34/ESB frá 26. júní 2013 um árleg reikningsskil, samstæðureikningsskil og tilheyrandi skýrslur tiltekinna tegunda fyrirtækja, um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EC og niðurfellingu tilskipana ráðsins 78/660/EBE og 83/349/EBE (Stjtíð. OJ L 182, 29.6.2013, bls. 19).

(1) Framkvæmdarreglugerð ráðsins (ESB) 2015/81 frá 19. desember 2014 sem tilgreinir samræmd skilyrði fyrir beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 806/2014 að því er varðar fyrirfram greidd framlög til sameiginlega skilasjóðsins (Stjtíð. L 15, 22.1.2015, bls. 1).

6) [Á aðeins við um þýsku útgáfunna.]

7) [Á aðeins við um þýsku útgáfunna.]

8) Í stað þriðja málsliðar 1. mgr. 20. gr. kemur eftirfarandi:

„Viðkomandi lánastofnanir skulu, árið 2015 ef engar af upplýsingunum sem krafist er í 16. gr. eru tiltækar í innstæðu-tryggingakerfinu fyrir 1. september, að því er varðar útreikning árlega viðmiðunarmarksins, sem um getur í 2. mgr. 4. gr., eða árlegs grunnframlags sérhverrar stofnunar sem um getur í 5. gr., eftir tilkynningu frá innstæðu-tryggingakerfinu, láta skilastjórnvöldunum í té þær upplýsingar fyrir þá dagsetningu.“

9) Í stað fyrsta málsliðar 5. mgr. 20. gr. kemur eftirfarandi:

„Aðildarríkjum er heimilt að leyfa stofnunum, með heildareignir sem eru jafnar eða lægri en 3 000 000 000 evrur, að greiða 50 000 evra eingreiðslu fyrir fyrstu 300 000 000 evrur af heildarskuldum, að frádregnu eigin fé og tryggðum innstæðum á upphaflega tímabilinu sem um getur í 1. mgr. 69. gr. reglugerðar (ESB) nr. 806/2014, með fyrirvara um 10. gr. þessarar reglugerðar.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2015.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 14. desember 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2016/908****2022/EES/8/04****frá 26. febrúar 2016**

um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 596/2014 um tæknilega eftirlitsstaðla um viðmið, verklag og kröfur um viðurkenningu markaðsframkvæmdar og kröfur í tengslum við að viðhalda henni, fella hana úr gildi eða breyta skilyrðum fyrir viðurkenningu hennar (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 596/2014 frá 16. apríl 2014 um markaðssvik (reglugerð um markaðssvik) og um niðurfellingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/6/EB og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 2003/124/EB, 2003/125/EB og 2004/72/EB ⁽¹⁾, einkum þriðju undirgrein 7. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Skilgreining á sameiginlegum viðmiðum, verklagi og kröfum ætti að stuðla að mótun samræmds fyrirkomulags á sviði viðurkenndrar markaðsframkvæmdar, gera lagareglurnar sem heimila þessa framkvæmd skýrari og stuðla að sanngjarnri og skilvirkri starfsemi markaðsaðila. Hún ætti enn fremur að stuðla að því að efla eðlilega starfsemi markaðarins og heilleika hans.
- 2) Til að tryggja að viðurkennd markaðsframkvæmd grafi ekki undan nýsköpun og áframhaldandi hraðri þróun fjármálamarkaða ættu lögbær yfirvöld ekki að gera sjálfkrafa ráð fyrir að ný markaðspróun, sem gæti leitt til nýrrar markaðsframkvæmdar, sé ótæk. Þvert á móti ættu þessi lögbæru yfirvöld að meta hvort slík markaðsframkvæmd fullnægi viðmiðunum sem eru sett fram í þessari reglugerð og í reglugerð (ESB) nr. 596/2014.
- 3) Viðurkenndri markaðsframkvæmd ætti að beita þannig að hún tryggi heilleika markaðarins og fjárfestavernd án þess að skapa áhættu fyrir aðra markaðsaðila og aðra tengda markaði. Þar af leiðandi ætti að taka tilhlýðilegt tillit til gagnsæis og þeirra skilyrða sem gilda um markaðsframkvæmdir sem fyrirhugað er að viðurkenna. Þegar lögbær yfirvöld meta gagnsæi markaðsframkvæmdar sem fyrirhugað er að viðurkenna, bæði gagnvart almenningi og lögbærum yfirvöldum, ættu þau að skoða ýmis stig við að stunda mögulega viðurkennda markaðsframkvæmd. Þar af leiðandi er rétt að mæla fyrir um sérstakar gagnsæiskröfur fyrir þau stig, þ.e., áður en markaðsaðilar stunda viðurkennda markaðsframkvæmd, á meðan þeir stunda hana og þegar markaðsaðilar hætta að stunda viðurkennda markaðsframkvæmd.
- 4) Markaðsframkvæmdir sem lögbær yfirvöld geta viðurkennt geta verið af margvíslegum toga og með ýmsa eiginleika. Við viðurkenningu markaðsframkvæmdar ætti lögbært yfirvald að meta tíðni tilskilinnar upplýsingagjafar frá öllum aðilum sem munu stunda hana til að tryggja að hún sé aðlöguð markaðsframkvæmdinni sem er til athugunar og sé viðeigandi fyrir hana. Tíðni upplýsingagjafar ætti að tryggja jafnvægi milli nauðsynjar þess að upplýsa almenning og láta lögbæru yfirvaldi í té upplýsingar vegna viðvarandi vöktunar og þess álags sem reglubundin miðlun upplýsinga hefur í för með sér fyrir þá sem stunda hina viðurkennda markaðsframkvæmd. Þegar lögbær yfirvöld meta markaðsframkvæmd sem stunda má utan viðskiptavettvangs ættu þau enn fremur að meta hvort kröfunni um nægilegt gagnsæi á markaðnum sé fullnægt.
- 5) Lögbær yfirvöld sem hafa viðurkennt markaðsframkvæmd ættu að tryggja að haft sé fullnægjandi eftirlit með henni með tilhlýðilegri aðgát og árvekni. Aðilar sem stunda markaðsframkvæmdina ættu því að vera skyldaðir til að halda fullnægjandi skrár yfir öll viðskipti og fyrir mæli til að gera lögbærum yfirvöldum kleift að sinna eftirlitshlutverki sínu og annast framfylgdaraðgerðirnar sem kveðið er á um í reglugerð (ESB) nr. 596/2014. Einnig er sérstaklega mikilvægt að hægt sé að aðgreina starfsemi þeirra sem stunduð er innan ramma markaðsframkvæmdar frá annarri viðskipta-starfsemi sem þeir stunda fyrir eigin reikning eða fyrir reikning viðskiptavina. Þessu er unnt að ná fram með aðskildum reikningum.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtfð. ESB L 153, 10.6.2016, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 306/2019 frá 13. desember 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 14, 5.3.2020, bls. 61.

(¹) Stjtfð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 1.

- 6) Staða aðila sem stundar viðurkennda markaðsframkvæmd er sérstakt atriði sem ber að skoða, einkum þegar sá aðili kemur fram fyrir hönd eða fyrir reikning annars aðila sem hefur beinan hag af markaðsframkvæmdinni. Lögþær yfirvöld ættu að meta hvort það skipti máli fyrir viðurkenningu á tiltekinni markaðsframkvæmd sem er til athugunar að vera aðili undir eftirliti.
- 7) Við mat á áhrifum markaðsframkvæmda, sem fyrirhugað er að viðurkenna, á seljanleika og skilvirkni á markaði ættu þau að skoða markmið markaðsframkvæmdanna, t.d. hvort markmið markaðsframkvæmdanna sé, við tiltekna aðstæður, að stuðla að reglulegum viðskiptum með fjármálagerninga með lítinn seljanleika, að komast hjá misnotkun á markaðsráðandi stöðu eða að gera verðtilboð þegar hætta er á að mótaðili að viðskiptunum sé ekki fyrir hendi eða að greiða fyrir skipulegum viðskiptum þar sem þátttakandi hefur markaðsráðandi stöðu. Með tilliti til verðs gætu slík markmið verið fólgin í því að reyna að lágmarka verðsveiflur vegna óhóflegra verðbila og takmarkaðs framboðs á, eða eftirspurnar eftir, fjármálagerningi án þess að stofna markaðspróun í hættu, að skapa verðgagnsæi eða að greiða fyrir sanngjörnu verðmati á mörkuðum þar sem flest viðskipti fara fram utan viðskiptavettvangs.
- 8) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.
- 9) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir álitni hagsmunahóps á verðbréfamarkaði sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 ⁽¹⁾.
- 10) Til að tryggja snurðulausa starfsemi fjármálamarkaðanna er nauðsynlegt að þessi reglugerð öðlist gildi sem fyrst og ákvæðin sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð komi til framkvæmda sama dag og þau sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 596/2014.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð merkir „aðilar undir eftirliti“ eitthvað af eftirfarandi:

- a) verðbréfafyrirtæki með starfsleyfi samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB ⁽²⁾,
- b) lánastofnanir með starfsleyfi samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB ⁽³⁾,
- c) fjárhagslegir mótaðilar eins og þeir eru skilgreindir í 8. mgr. 2. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 ⁽⁴⁾,

⁽¹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin) um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjútíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84).

⁽²⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipun 2002/92/EB og tilskipun 2011/61/ESB (Stjútíð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 349).

⁽³⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB frá 26. júní 2013 um aðgang að starfsemi lánastofnana og varfærnisefirlit með lánastofnunum og verðbréfafyrirtækjum, um breytingu á tilskipun 2002/87/EB og um niðurfellingu á tilskipunum 2006/48/EB og 2006/49/EB (Stjútíð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 338).

⁽⁴⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 frá 4. júlí 2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár (Stjútíð. ESB L 201, 27.7.2012, bls. 1).

- d) hver sá aðili sem lýtur starfsleyfi, skipulagskröfum og eftirliti „lögbærs yfirvalds á sviði fjármála“ eða „landsbundins eftirlitsyfirvalds“ eins og þau eru skilgreind í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1227/2011 ⁽¹⁾,
- e) hver sá aðili sem lýtur starfsleyfi, skipulagskröfum og eftirliti lögbærra yfirvalda, eftirlitsaðila eða stofnana sem bera ábyrgð á stundarmörkuðum eða afleiðumörkuðum fyrir hrávörur,
- f) rekstraraðilar sem ber að uppfylla kröfur samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB ⁽²⁾ um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda.

II. KAFLI

VIÐURKENND MARKAÐSFRAMKVÆMD

1. ÞÁTTUR

Viðurkenning markaðsframkvæmdar

2. gr.

Almennar kröfur

1. Áður en lögbær yfirvöld viðurkenna markaðsframkvæmd skulu þau:
 - a) meta markaðsframkvæmdina með tilliti til hvers og eins þeirra viðmiða sem sett eru fram í 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 596/2014 og tilgreind eru nánar í 2. þætti þessa kafla,
 - b) hafa samráð við viðkomandi stofnanir, eftir því sem við á, þ.m.t. að lágmarki fulltrúa útgefenda, verðbréfafyrirtækja, lánastofnana, fjárfesta, þátttakenda á markaði með losunarheimildir, rekstraraðila markaðstorgs fjármálagerninga eða skipulegs markaðstorgs og rekstraraðila skipulegs markaðar, og önnur yfirvöld um hvort viðeigandi sé að viðurkenna markaðsframkvæmdina.
2. Lögbær yfirvöld sem hyggjast viðurkenna markaðsframkvæmd skulu tilkynna Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni og öðrum lögbærum yfirvöldum um þá fyrirætlan í samræmi við verklagið sem mælt er fyrir um í 3. þætti með því að nota sniðmátið í viðaukanum.
3. Ef lögbær yfirvöld viðurkenna markaðsframkvæmd í samræmi við 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 596/2014 og þessa reglugerð skulu þau birta opinberlega á vefsetri sínu ákvörðunina um að viðurkenna markaðsframkvæmdina og lýsingu á viðkomandi viðurkenndri markaðsframkvæmd í samræmi við sniðmátið í viðaukanum, þ.m.t. eftirfarandi upplýsingar:
 - a) lýsingu á þeim tegundum aðila sem er heimilt að stunda hina viðurkenndu markaðsframkvæmd,
 - b) lýsingu á þeim tegundum aðila eða hóps aðila sem kann að hafa ávinning af því að viðurkennda markaðsframkvæmdin sé stunduð, annaðhvort með því að stunda hana beint eða skipa annan aðila til að stunda hana („haghafi“),
 - c) lýsingu á þeirri tegund fjármálagernings sem viðurkennda markaðsframkvæmdin tengist,
 - d) upplýsingar um hvort unnt sé að stunda viðurkenndu markaðsframkvæmdina í tiltekinn tíma og lýsingu á aðstæðum eða skilyrðum sem myndu leiða til tímabundinnar truflunar, tímabundinnar stöðvunar eða afnáms framkvæmdarinnar.

Aðilarnir sem um getur í a-lið fyrstu undirgreinar skulu bera ábyrgð á öllum ákvörðunum um viðskipti, þ.m.t. framlagningu fyrir mæla, afturköllun eða breytingu á fyrirmælum og lúkningu viðskipta eða framkvæmd viðskipta í tengslum við viðurkenndu markaðsframkvæmdina.

⁽¹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1227/2011 frá 25. október 2011 um heildstæðan og gagnsæjan heildsölumarkað fyrir orku (Stjútíð. ESB L 326, 8.12.2011, bls. 1).

⁽²⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB frá 13. október 2003 um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins og um breytingu á tilskipun ráðsins 96/61/EB (Stjútíð. ESB L 275, 25.10.2003, bls. 32).

2. ÞÁTTUR

Skilgreining viðmiða sem hafa ber í huga við viðurkenningu markaðsframkvæmdar

3. gr.

Gagnsæi

1. Þegar lögbær yfirvöld ákvarða hvort unnt sé að viðurkenna markaðsframkvæmd og hvort hún uppfylli viðmiðið sem er sett fram í a-lið 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 596/2014 skulu þau kanna hvort markaðsframkvæmdin tryggi að eftirfarandi upplýsingar verði birtar almenningi:

- a) áður en markaðsframkvæmd er stunduð sem viðurkennd markaðsframkvæmd:
 - i. deili á haghöfum og þeim aðilum sem munu stunda hana og deili á þeim eina þeirra á meðal sem ber ábyrgð á því að farið sé að gagnsæiskröfunum skv. b- og c-lið þessarar málsgreinar,
 - ii. tilgreining á þeim fjármálagerningum sem viðurkennda markaðsframkvæmdin mun gilda um,
 - iii. tímabilið þegar viðurkennda markaðsframkvæmdin verður stunduð og aðstæður eða skilyrði sem myndu leiða til tímabundinnar truflunar, tímabundinnar stöðvunar eða afnáms framkvæmdarinnar,
 - iv. tilgreining á þeim viðskiptavettvöngum þar sem viðurkennda markaðsframkvæmdin verður stunduð og, ef við á, möguleikanum á að framkvæma viðskipti utan viðskiptavettvangs,
 - v. tilgreining á hámarkspeningafjárhæð og fjölda fjármálagerninga sem er úthlutað til viðurkenndu markaðsframkvæmdarinnar, ef við á,
- b) þegar markaðsframkvæmdin hefur hafist sem viðurkennd markaðsframkvæmd:
 - i. reglubundnar upplýsingar um viðskiptastarfsemi sem tengist hinni viðurkenndu markaðsframkvæmd, svo sem fjölda framkvæmdra viðskipta, magn viðskipta, meðalstærð viðskipta og meðalverðbil tilboða, verð framkvæmdra viðskipta,
 - ii. allar breytingar á áður birtum upplýsingum um viðurkenndu markaðsframkvæmdina, þ.m.t. breytingar sem varða tiltæk aðföng í formi peninga og fjármálagerninga, breytt deili á aðilum sem stunda viðurkenndu markaðsframkvæmdina og allar breytingar á úthlutun peninga eða fjármálagerninga í reikningum haghafa og þeirra aðila sem stunda viðurkenndu markaðsframkvæmdina,
- c) þegar hætt er að stunda markaðsframkvæmdina sem viðurkennda markaðsframkvæmd að frumkvæði þess aðila sem hefur haft hana með höndum, haghafans eða beggja:
 - i. að viðurkenndu markaðsframkvæmdinni hafi verið hætt,
 - ii. lýsing á því hvernig viðurkennda markaðsframkvæmdin hefur verið stunduð,
 - iii. ástæður eða orsakir þess að viðurkenndu markaðsframkvæmdinni hafi verið hætt.

Að því er varðar i. lið b-liðar getur verið viðunandi að veita daglegar samanlagðar tölur fyrir viðeigandi flokka upplýsinga ef fleiri en ein viðskipti fara fram á einu viðskiptatímabili.

2. Þegar lögbær yfirvöld ákvarða hvort unnt sé að viðurkenna markaðsframkvæmd og hvort hún uppfylli viðmiðið sem er sett fram í a-lið 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 596/2014 skulu þau kanna hvort markaðsframkvæmdin tryggi að eftirfarandi upplýsingar verði birtar þeim:

- a) áður en markaðsframkvæmd hefst sem viðurkennd markaðsframkvæmd: fyrirkomulag eða samningar milli tilgreindra haghafa og þeirra aðila sem munu stunda markaðsframkvæmdina þegar hún hefur verið viðurkennd, ef þörf er á slíku fyrirkomulagi eða samningum til framkvæmdarinnar,
- b) þegar markaðsframkvæmdin hefur hafist sem viðurkennd markaðsframkvæmd: reglubundin skýrsla til lögbæra yfirvaldsins með upplýsingum um framkvæmd viðskipti og framkvæmd hvers konar fyrirkomulags eða samnings milli haghafans og þeirra aðila sem stunda viðurkenndu markaðsframkvæmdina.

4. gr.

Vernd fyrir starfsemi markaðsafla og samspil framboðs og eftirspurnar

1. Þegar lögbær yfirvöld ákvarða hvort markaðsframkvæmd sem fyrirhugað er að viðurkenna uppfylli viðmiðið sem er sett fram í b-lið 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 596/2014 skulu þau meta hvort markaðsframkvæmdin takmarki tækifæri annarra markaðsaðila til að bregðast við viðskiptum. Lögbær yfirvöld skulu einnig nota a.m.k. eftirfarandi viðmið sem varða tegundir þeirra aðila sem munu stunda markaðsframkvæmdina þegar hún hefur verið viðurkennd:

- a) hvort þeir séu aðilar undir eftirliti,
- b) hvort þeir séu aðilar að viðskiptavettvangi þar sem viðurkennda markaðsframkvæmdin verður stunduð,
- c) hvort þeir haldi skrár yfir fyrirmæli og viðskipti sem tengjast markaðsframkvæmdinni sem stunduð er á þann hátt að auðvelt sé að greina hana frá annarri viðskiptastarfsemi, þ.m.t. með því að halda aðskilið bókhald yfir viðurkennda markaðsframkvæmd, einkum til að sýna fram á að sett fyrirmæli séu færð inn með aðskildum hætti og hver fyrir sig án þess að fyrirmælum frá fleiri en einum viðskiptavini sé safnað saman,
- d) hvort þeir hafi komið á sérstöku innra verklagi sem gerir kleift:
 - i. að bera þegar í stað kennsl á þá starfsemi sem tengist markaðsframkvæmdinni,
 - ii. að lögbær yfirvöld eigi greiðan aðgang að skráum yfir viðkomandi fyrirmæli og viðskipti þegar þau óska eftir því,
- e) hvort þeir búi yfir nauðsynlegum tilföngum til regluvörslu og úttekta til að geta haft eftirlit með og tryggt að ávallt sé farið að settum skilyrðum fyrir viðurkenndu markaðsframkvæmdinni,
- f) hvort þeir geymi þau gögn sem getið er um í c-lið í a.m.k. fimm ár.

2. Lögbær yfirvöld skulu meta að hvaða marki markaðsframkvæmdin kemur á fyrirframákveðnum lista yfir skilyrði viðskipta fyrir því að hún sé stunduð sem viðurkennd markaðsframkvæmd, þ.m.t. mörk að því er varðar verð og magn og mörk um stöður.

3. Lögbær yfirvöld skulu meta að hvaða marki markaðsframkvæmdin og fyrirkomulag eða samningur um hana:

- a) gerir aðilanum sem stundar viðurkenndu markaðsframkvæmdina kleift að aðhafast óháð haghafanum án þess að þurfa að lúta fyrirmælum, upplýsingum eða áhrifum haghafans um það hvernig viðskiptin eiga að fara fram,
- b) gerir kleift að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra milli haghafans og viðskiptavina aðilans sem stundar viðurkenndu markaðsframkvæmdina.

5. gr.

Áhrif á seljanleika og skilvirkni á markaði

Þegar lögbær yfirvöld ákvarða hvort markaðsframkvæmd sem fyrirhugað er að viðurkenna uppfylli viðmiðið sem er sett fram í c-lið 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 596/2014 skulu þau meta áhrif markaðsframkvæmdarinnar á a.m.k. eftirfarandi þætti:

- a) magn viðskipta,
- b) fjölda tilboða í tilboðaskránni (dýpt tilboða),
- c) hraða framkvæmdar viðskiptanna,
- d) magnvegið meðalverð hvers viðskiptatímabils, daglegt lokaverð,

- e) verðbil kaup-/sölutilboða, verðsveiflur og -flökt,
- f) hve reglubundin verðtilboð eða viðskipti eru.

6. gr.

Áhrif á eðlilega starfsemi markaðarins

1. Þegar lögbær yfirvöld ákvarða hvort markaðsframkvæmd sem fyrirhugað er að viðurkenna uppfylli viðmiðið sem er sett fram í d-lið 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 596/2014 skulu þau meta eftirfarandi þætti:

- a) líkur á því að markaðsframkvæmdin gæti haft áhrif á verðmyndunarferli á viðskiptavettvangi,
- b) að hve miklu leyti markaðsframkvæmdin gæti auðveldað mat á verði og tilboðum sem færð eru í tilboðaskrána og hvort fyrirhuguð viðskipti eða tilboð vegna beitingar hennar sem viðurkenndrar markaðsframkvæmdar brjóti í bága við viðskiptareglur viðkomandi viðskiptavettvangs,
- c) fyrirkomulag við opinbera birtingu upplýsinganna sem um getur í 3. gr., þ.m.t. þegar þær eru birtar á vefsetri viðkomandi viðskiptavettvangs og, ef við á, þegar þær eru birtar samtímis á vefsetrum haghafanna,
- d) að hve miklu leyti markaðsframkvæmdin kemur á fyrirframákveðnum lista yfir aðstæður eða skilyrði þar sem hún sem viðurkennd markaðsframkvæmd er stöðvuð tímabundið eða takmörkuð, m.a. á tilteknum viðskiptatímabilum eða í ferlum svo sem á uppboðstímabilum, við yfirtökur, frumútbod hlutabréfa, hlutafjárukningu, útbod á eftirmarkaði.

Að því er varðar b-lið fyrstu undirgreinar skal einnig taka mið af markaðsframkvæmd þar sem rekstraraðili markaðar eða verðbrefafyrirtækið eða markaðsaðilar sem reka markaðstorg fjármálagerninga eða skipulegan viðskiptavettvang hafa eftirlit með viðskiptum og tilboðum í rauntíma.

2. Lögbær yfirvöld skulu meta að hve miklu leyti markaðsframkvæmd gerir kleift:

- a) að leggja fram og framkvæma tilboð sem tengjast henni í opunar- og lokunaruppboði viðskiptatímabils,
- b) að leggja fram eða framkvæma tilboð eða viðskipti sem tengjast henni á tímabilum þar sem verðjöfnunar- og endurkaupa-aðgerðir fara fram.

7. gr.

Áhætta fyrir heilleika tengdra markaða

Þegar lögbær yfirvöld ákvarða hvort markaðsframkvæmd sem fyrirhugað er að viðurkenna uppfylli viðmiðið sem er sett fram í e-lið 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 596/2014 skulu þau meta:

- a) hvort viðskiptin sem tengjast markaðsframkvæmdinni þegar hún hefur verið viðurkennd verði tilkynnt lögbærum yfirvöldum með reglubundnum hætti,
- b) hvort þeir fjármunir (peningar eða fjármálagerningar) sem ráðgert er að úthluta til viðurkenndu markaðsframkvæmdarinnar séu hæfilegir og í samræmi við markmið viðurkenndu markaðsframkvæmdarinnar sjálfrar,
- c) eðli og umfang endurgjalds fyrir þjónustu sem veitt er við viðurkenndu markaðsframkvæmdina og hvort það endurgjald sé ákvarðað sem föst fjárhæð; ef fyrirhugað er að endurgjaldið verði breytilegt skal það ekki leiða til hegðunar sem kann að skaða heilleika eða eðlilega starfsemi markaðarins og skal það liggja fyrir svo lögbæra yfirvaldið geti metið það,
- d) hvort sú tegund aðila sem munu beita viðurkenndu markaðsframkvæmdinni tryggi, ef við á um markaðinn sem er til skoðunar, fullnægjandi aðskilnað þeirra eigna sem ætlaðar eru til viðurkenndu markaðsframkvæmdarinnar frá eignum viðskiptavina þeirra, ef við á, eða frá eigin eignum þeirra,

- e) hvort skyldur viðkomandi haghafa og aðila sem stunda viðurkenndu markaðsframkvæmdina eða, ef við á, skyldur sem þeir deila séu skýrt skilgreindar,
- f) hvort sú tegund aðila sem munu beita viðurkenndu markaðsframkvæmdinni búi yfir stjórnskipulagi og fullnægjandi innra fyrirkomulagi til að tryggja að trúnaður haldist um viðskiptaákvæðanir sem tengjast viðurkenndu markaðsframkvæmdinni fyrir öðrum einingum innan þess aðila og að þær ákvæðanir séu óháðar fyrirmælum um viðskipti frá viðskiptavinum, eignasafnsstýringu eða tilboðum sem eru lögð fram fyrir eigin reikning,
- g) hvort fyrir hendi sé fullnægjandi ferli upplýsingagjafar milli haghafans og aðilans sem mun stunda viðurkenndu markaðsframkvæmdina svo unnt sé að skiptast á nauðsynlegum upplýsingum og þeir geti uppfyllt skyldur sínar samkvæmt lögum eða samningum, eftir því sem við á.

8. gr.

Rannsókn á markaðsframkvæmdinni

Við ákvörðun lögbærra yfirvalda á því hvort markaðsframkvæmd sem fyrirhugað er að viðurkenna uppfylli viðmiðið sem er sett fram í f-lið 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 596/2014 skulu þau einkum taka tillit til hvers kyns rannsóknar á mörkuðunum sem þau hafa eftirlit með sem gæti gefið tilefni til efa um markaðsframkvæmdina sem fyrirhugað er að viðurkenna.

9. gr.

Eiginleikar í uppbyggingu markaðar

Við mat á þátttöku almennra fjárfesta á viðkomandi markaði, í samræmi við g-lið 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 596/2014, skulu lögbær yfirvöld a.m.k. meta:

- a) áhrifin sem markaðsframkvæmdin kann að hafa á hagsmuni almennra fjárfesta ef hún varðar fjármálagerninga sem viðskipti eru með á mörkuðum þar sem almennir fjárfestar taka þátt,
- b) hvort markaðsframkvæmdin eykur líkur á því að almennir fjárfestar finni mótaðila að illseljanlegum fjármálagerningum án þess að auka þá áhættu sem þeir standa frammi fyrir.

3. ÞÁTTUR

Verklag

10. gr.

Tilkynning þegar áformað er að viðurkenna markaðsframkvæmd

1. Lögbær yfirvöld skulu, í samræmi við 3. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 596/2014, tilkynna Evrópsku verðbréfa- markaðseftirlitsstofnuninni og öðrum lögbærum yfirvöldum samtímis, með pósti eða tölvupósti, um þá fyrirætlun sína að viðurkenna markaðsframkvæmd og nota til þess fyrirframákveðinn lista yfir tengiliði sem lögbær yfirvöld og Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin taka saman og viðhalda reglulega.
2. Tilkynningin sem um getur í 1. mgr. skal innihalda eftirfarandi þætti:
 - a) yfirlýsingu um að áformað sé að viðurkenna markaðsframkvæmd, þ.m.t. áætlaða dagsetningu viðurkenningarinnar,
 - b) tilgreiningu á því lögbæra yfirvaldi sem sendir tilkynninguna og samskiptaupplýsingar tengiliðar/tengiliða innan þess lögbæra yfirvalds (nafn, vinnusími og netfang, starfsheiti),
 - c) ítarlega lýsingu á markaðsframkvæmdinni, þ.m.t.:
 - i. tilgreiningu á þeim tegundum fjármálagerninga og viðskiptavettvanga þar sem viðurkennda markaðsframkvæmdin verður stunduð,
 - ii. tilgreiningu á þeim tegundum aðila sem geta stundað viðurkenndu markaðsframkvæmdina,

- iii. tilgreiningu á tegund haghafa,
 - iv. upplýsingar um hvort unnt sé að stunda markaðsframkvæmdina í tiltekinn tíma og um aðstæður eða skilyrði sem myndu leiða til tímabundinnar truflunar, tímabundinnar stöðvunar eða afnáms framkvæmdarinnar,
- d) ástæðu þess að framkvæmdin gæti falið í sér markaðsmisnotkun skv. 12. gr. reglugerðar (ESB) nr. 596/2014,
- e) nánari upplýsingar um matið sem gert er skv. 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 596/2014.
3. Tilkynningin sem um getur í 1. mgr. skal hafa að geyma töfluna til að meta fyrirhugaða markaðsframkvæmd á grundvelli sniðmátsins í viðaukanum.

11. gr.

Álit Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar

1. Eftir að Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin fær í hendur tilkynninguna sem um getur í 4. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 596/2014 og áður en hún sendir frá sér álitid sem krafist er samkvæmt þeirri málsgrein skal hún, að eigin frumkvæði eða að beiðni einhvers lögbærs yfirvalds, hefja ferli til að gera lögbæra yfirvaldinu sem sendi tilkynninguna grein fyrir fyrstu athugasemdum, áhyggjum, ágreiningi eða beiðni um skýringar, ef við á, um hina tilkynntu markaðsframkvæmd. Lögbæra yfirvaldinu sem sendir tilkynninguna er heimilt að veita Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni nánari skýringar um hina tilkynntu markaðsframkvæmd.
2. Séu gerðar grundvallarbreytingar eða verulegar breytingar meðan á ferlinu sem um getur í 1. mgr. stendur sem hafa áhrif á grundvöll eða inntak hinnar tilkynntu markaðsframkvæmdar eða mat lögbæra yfirvaldsins sem sendir tilkynninguna skal stöðva það ferli að birta álit Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar um hina tilkynntu framkvæmd. Ef við á skal lögbæra yfirvaldið hefja nýtt ferli til að viðurkenna breytta markaðsframkvæmd í samræmi við 3. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 596/2014.

4. ÞÁTTUR

Viðhald, breytingar og afnám viðurkenndrar markaðsframkvæmdar

12. gr.

Endurskoðun viðurkenndrar markaðsframkvæmdar

1. Lögbær yfirvöld sem hafa komið á viðurkenndum markaðsframkvæmdum skulu meta með reglulega og a.m.k. annað hvert ár hvort skilyrðin fyrir viðurkenningu markaðsframkvæmdarinnar sem sett eru fram í 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 596/2014 og í 2. þætti þessa kafla séu enn uppfyllt.
2. Þrátt fyrir reglulegu endurskoðunina í samræmi við 8. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 596/2014 skal matsferlið sem um getur í 1. mgr. einnig virkjast:
- a) þegar viðurlögum sem varða viðurkennda markaðsframkvæmd hefur verið beitt,
 - b) þegar einu eða fleiri skilyrðum fyrir viðurkenningu markaðsframkvæmdar er ekki lengur fullnægt vegna verulegrar breytingar á markaðsumhverfinu sem um getur í 8. mgr. 13. gr. þeirrar reglugerðar,
 - c) þegar lögbært yfirvald hefur ástæðu til að ætla að haghafar viðurkenndrar markaðsframkvæmdar eða aðilar sem stunda hana hafi sýnt eða séu að sýna af sér háttsemi sem er andstæð reglugerð (ESB) nr. 596/2014.
3. Leiði matið í ljós að viðurkennd markaðsframkvæmd fullnægi ekki lengur þeim skilyrðum upprunalegs mats lögbærra yfirvalda sem sett eru fram í 2. þætti skulu lögbæru yfirvöldin annaðhvort leggja til breytingu á skilyrðum viðurkenningar eða fella viðurkenndu markaðsframkvæmdina úr gildi, að teknu tilliti til viðmiðanna sem sett eru fram í 13. gr.
4. Lögbær yfirvöld skulu upplýsa Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina um niðurstöður matsferlisins, þ.m.t. þegar viðurkennd markaðsframkvæmd er látin óbreytt.

5. Leggi lögbært yfirvald til breytingu á skilyrðum fyrir viðurkenningu markaðsframkvæmdar skal það fara að þeim kröfum sem eru settar fram í 2. gr.
6. Ákveði lögbært yfirvald að fella úr gildi viðurkennda markaðsframkvæmd skal það birta ákvörðun sína opinberlega og tilkynna hana samtímis öllum öðrum lögbærum yfirvöldum og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni og tilgreina niðurfellingardaginn, svo unnt sé að uppfæra listann yfir viðurkenndar markaðsframkvæmdir sem hún birtir í samræmi við 9. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 596/2014.

13. gr.

Viðmið um breytingar á og niðurfellingar viðurkenndrar markaðsframkvæmdar

Við ákvörðun þess hvort fella eigi úr gildi markaðsframkvæmd sem hefur verið viðurkennd eða leggja til breytingar á skilyrðum viðurkenningar hennar skulu lögbær yfirvöld taka mið af því:

- a) að hve miklu leyti haghafar eða þeir aðilar sem stunda viðurkenndu markaðsframkvæmdina hafa uppfyllt skilyrðin sem sett eru samkvæmt þeirri viðurkenndu markaðsframkvæmd,
- b) að hve miklu leyti háttsemi haghafa eða þeirra aðila sem stunda viðurkenndu markaðsframkvæmdina hefur valdið því að einhver viðmiðanna sem eru sett fram í 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 596/2014 séu ekki lengur uppfyllt,
- c) að hve miklu leyti markaðsaðilar hafa ekki beitt viðurkenndu markaðsframkvæmdinni í einhvern tíma,
- d) hvort veruleg breyting á viðkomandi markaðsumhverfi eins og um getur í 8. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 596/2014 hafi valdið því að ekki sé lengur unnt að fullnægja einhverju skilyrðanna fyrir viðurkenningu markaðsframkvæmdarinnar eða að ekki sé lengur nauðsynlegt að fullnægja þeim, einkum að teknu tilliti til þess:
 - i. hvort ekki sé lengur unnt að ná markmiði viðurkenndu markaðsframkvæmdarinnar,
 - ii. hvort áframhaldandi beiting viðurkenndu markaðsframkvæmdarinnar kynni að hafa haft neikvæð áhrif á heilleika eða skilvirkni markaða sem lúta eftirliti lögbæra yfirvaldsins,
- e) hvort uppi sé staða sem fellur undir almenn ákvæði viðurkenndu markaðsframkvæmdarinnar sjálfrar um niðurfellingu hennar.

III. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

14. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 3. júlí 2016.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 26. febrúar 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Sniðmát tilkynningar um þá fyrirætlun að viðurkenna markaðsframkvæmd

Viðurkennd markaðsframkvæmd fyrir [færa skal inn heiti viðurkenndu markaðsframkvæmdarinnar]	
Fyrirhuguð dagsetning viðurkenningar markaðsframkvæmdar: [færa skal inn dagsetninguna þegar lögbæra yfirvaldið sem sendir tilkynninguna áformar að viðurkenna markaðsframkvæmdina]	
Lýsing viðurkenndrar markaðsframkvæmdar: [færa skal inn texta, þ.m.t. tilgreiningu á þeim tegundum fjármálagerninga og viðskiptavettvanga þar sem viðurkennda markaðsframkvæmdin verður stunduð, þeim tegundum aðila sem geta beitt viðurkenndu markaðsframkvæmdinni, tegund haghafa og hvort unnt sé að stunda markaðsframkvæmdina í tiltekinn tíma og þeim aðstæðum eða skilyrðum sem myndu leiða til tímabundinnar truflunar, tímabundinnar stöðvunar eða afnáms framkvæmdarinnar]	
Rökstuðningur fyrir því að framkvæmdin gæti falið í sér markaðsmisnotkun [setja skal inn texta]	
MAT	
Listi yfir viðmið sem tekið er tillit til	Niðurstaða lögbærs yfirvalds og rökstuðningur
a) Stig gagnsæis sem veitt er markaðnum	[færa skal inn texta með rökstuðningi fyrir þessu viðmiði]
b) Stig verndar fyrir starfsemi markaðsaflanna og eðlilegt samspil framboðs og eftirspurnar.	[færa skal inn texta með rökstuðningi fyrir þessu viðmiði]
c) Áhrif á seljanleika og skilvirkni á markaði.	[færa skal inn texta með rökstuðningi fyrir þessu viðmiði]
d) Viðskiptafyrirkomulag viðkomandi markaðar og hvort markaðsaðilum sé gert kleift að bregðast á tilhlýðilegan hátt og tímanlega við þeim nýju markaðsaðstæðum sem þessi framkvæmd skapar.	[færa skal inn texta með rökstuðningi fyrir þessu viðmiði]
e) Áhætta fyrir heilleika beint eða óbeint tengdra markaða hvort sem þeir eru skipulegir eða ekki með viðkomandi fjármálagerninga innan Sambandsins.	[færa skal inn texta með rökstuðningi fyrir þessu viðmiði]
f) Niðurstöður hvers kyns rannsóknar lögbærs yfirvalds eða annars yfirvalds á viðkomandi markaðsframkvæmd, einkum hvort hún brýtur í bága við lög eða reglur sem ætlað er að koma í veg fyrir markaðssvik eða við siðareglur, án tillits til þess hvort hún varðar beint eða óbeint viðkomandi markað eða tengda markaði innan Sambandsins.	[færa skal inn texta með rökstuðningi fyrir þessu viðmiði]
g) Eiginleikar í uppbyggingu viðkomandi markaðar, m.a. hvort hann er skipulegur eða ekki, tegundir fjármálagerninga sem viðskipti eru með og tegundir markaðsaðila, þ.m.t. hve mikil þátttaka almennra fjárfesta er á viðkomandi markaði.	[færa skal inn texta með rökstuðningi fyrir þessu viðmiði]

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2016/909****2022/EES/8/05****frá 1. mars 2016****um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 596/2014 um tæknilega eftirlitsstaðla að því er varðar efni tilkynninga sem ber að leggja fram hjá lögbærum yfirvöldum og um samantekt, birtingu og viðhald listans yfir tilkynningar (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 596/2014 frá 16. apríl 2014 um markaðssvik (reglugerð um markaðssvik) og um niðurfellingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/6/EB og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 2003/124/EB, 2003/125/EB og 2004/72/EB ⁽¹⁾, einkum þriðju undirgrein 4. mgr. 4. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar sem skal samþykkt í samræmi við þriðju undirgrein 3. mgr. 27. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 ⁽²⁾ er gerð krafa um stöðug skil auðkennandi tilvísunargagna að því er varðar fjármálagerninga sem hafa verið teknir til viðskipta. Á hinn bóginn er í 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 596/2014 gerð krafa um að viðskiptavettvangar tilkynni lögbærum yfirvöldum sínum aðeins einu sinni ítarlegar upplýsingar um fjármálagerninga sem óskað er eftir að verði teknir til viðskipta, sem eru teknir til viðskipta eða sem viðskipti eru með og þar á eftir einu sinni ef viðskiptum með fjármálagerning er hætt eða hætt er að taka hann til viðskipta. Með fyrirvara um framangreindan mun á skýrslugjafarskyldum samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 596/2014 og fyrrnefndri framseldri reglugerð, skulu skýrslugjafarskyldur samkvæmt þessari reglugerð vera í samræmi við skýrslugjafarskyldur samkvæmt fyrrnefndu framseldu reglugerðinni til að draga úr rekstrarlegu álagi aðila sem falla undir slíkar skyldur.
- 2) Viðskiptavettvangar ættu að láta í té fullnægjandi og réttar tilkynningar um fjármálagerninga til að unnt sé að nota listann yfir tilkynningar á árangursríkan og skilvirkan hátt. Af sömu ástæðu ættu lögbær yfirvöld að fylgjast með og meta hvort tilkynningar um fjármálagerninga sem koma frá viðskiptavettvöngum séu fullgerðar og réttar og upplýsa þá tafarlaust komi í ljós að þær séu ófullgerðar eða rangar. Enn fremur skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin fylgjast með og meta hvort tilkynningar frá lögbærum yfirvöldum séu fullgerðar og réttar og upplýsa þau tafarlaust komi í ljós að þær séu ófullgerðar eða rangar.
- 3) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal birta lista yfir tilkynningar um fjármálagerninga á rafrænu, tölvulesanlegu og niðurhlaðanlegu formi til að greiða fyrir því að notkun gagna og skipti á þeim verði skilvirk.
- 4) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu framkvæmdarstöðlum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan, tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir álitu hagsmunahóps á verðbréfamarkaði, sem komið var á fót skv. 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 ⁽³⁾.
- 5) Til að tryggja snurðulausa starfsemi fjármálamarkaðanna er nauðsynlegt að þessi reglugerð öðlist gildi sem fyrst og ákvæðin sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð komi til framkvæmda sama dag og þau sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 596/2014.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjóð. ESB L 153, 10.6.2016, bls. 13. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 306/2019 frá 13. desember 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 14, 5.3.2020, bls. 61.

(1) Stjóð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 1.

(2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á reglugerð ráðsins (ESB) nr. 648/2012 (Stjóð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 84).

(3) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin) um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjóð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í tilkynningum um fjármálagerninga skv. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 596/2014 skulu vera allar upplýsingar sem um getur í töflu 2 í viðauka við þessa reglugerð og eiga við um viðkomandi fjármálagerninga.

2. gr.

1. Lögbær yfirvöld skulu, með því að nota sjálfvirk ferli, fylgjast með og meta hvort tilkynningar sem berast skv. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 596/2014 fullnægi kröfum í 1. gr. þessarar reglugerðar og 2. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/378 ⁽¹⁾.

2. Rekstraraðilar viðskiptavettvanga skulu án tafar upplýstir, með því að nota sjálfvirk ferli, um það ef tilkynningar sem borist hafa eru ófullgerðar og ef tilkynningar berast ekki fyrir frestinn sem tilgreindur er í 1. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 2016/378.

3. Lögbær yfirvöld skulu, með því að nota sjálfvirk ferli, senda Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni fullgerðar og réttar tilkynningar um fjármálagerninga skv. 1. gr.

Daginn eftir móttöku tilkynninga um fjármálagerninga í samræmi við 2. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 596/2014 skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin, með því að nota sjálfvirk ferli, steypa saman þeim tilkynningum sem borist hafa frá hverju lögbæru yfirvaldi.

4. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal, með því að nota sjálfvirk ferli, fylgjast með og meta hvort tilkynningar sem berast frá lögbærum yfirvöldum séu fullgerðar og fylgi þeim gildandi stöðlum og sniðum sem tilgreind eru í töflu 3 í viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/378.

5. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal, án tafar og með því að nota sjálfvirk ferli, tilkynna viðkomandi lögbærum yfirvöldum um það ef tilkynningar sem borist hafa eru ófullgerðar og ef tilkynningar berast ekki fyrir frestinn sem tilgreindur er í 3. mgr. 1. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 2016/378.

6. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal, með því að nota sjálfvirk ferli, birta á vefsetri sínu tæmandi lista yfir tilkynningar á rafrænu, niðurhlaðanlegu og tölvulesanlegu formi.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 3. júlí 2016.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 1. mars 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

⁽¹⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2016/378 frá 11. mars 2016 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar tímasetningu, form og sniðmát framlagningar á tilkynningum til lögbærra yfirvalda samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 596/2014 (Stjútíð. ESB L 72, 17.3.2016, bls. 1).

VIÐAUKI

Tilkynning um fjármálagerninga skv. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 596/2014

Tafla 1

Flokkun á hrávöruafleiðum og afleiðum með losunarheimildir fyrir töflu 2 (reitir 35–37)

Grunnafurð	Undirafurð	Frekari undirafurð
„AGRI“ — Landbúnaður	„GROS“ — Korn og olíufræ	„FWHT“ — Fóðurhveiti „SOYB“ — Sojabaunir „CORN“ — Maís „RPSD“ — Repjufræ „RICE“ — Hrisgrjón „OTHR“ — Annað
	„SOFT“ — Mjúkar hrávörur (e. <i>softs</i>)	„CCOA“ — Kakó „ROBU“ — Robusta kaffi „WHSG“ — Hvítur sykur „BRWN“ — Hrásykur „OTHR“ — Annað
	„POTA“ — Kartöflur	
	„OOLI“ — Ólífuolía	„LAMP“ — Bómolía
	„DIRY“ — Mjólkurafurðir	
	„FRST“ — Skógrækt	
	„SEAF“ — Fiskur og aðrar sjávarafurðir	
	„LSTK“ — Búfé	
	„GRIN“ — Korn	„FWHT“ — Hveiti til mölunar
„NRGY“ — Orka	„ELEC“ — Raforka	„BSLD“ — Grunnálag „FITR“ — Fjárhagsleg flutningsréttindi „PKLD“ — Álagstoppur „OFFP“ — Utan álagstoppa „OTHR“ — Annað
	„NGAS“ — Jarðgas	„GASP“ — GASPOOL „LNGG“ — LNG „NBPG“ — NBP „NCGG“ — NCG „TTFG“ — TTF

Grunnafurð	Undirafurð	Frekari undirafurð
	„OILP“ — Olía	„BAKK“ — Bakken „BDSL“ — Lífdísilolía „BRNT“ — Brent „BRNX“ — Brent NX „CNDA“ — Kanadísk „COND“ — Þétta (e. <i>condensate</i>) „DSEL“ — Dísilolía „DUBA“ — Dúbaí „ESPO“ — ESPO „ETHA“ — Etanól „FUEL“ — Eldsneyti „FOIL“ — Brennsluolía „GOIL“ — Gasolía „GSLN“ — Bensín „HEAT“ — Olía til upphitunar „JTFL“ — Þotueldsneyti „KERO“ — Steinolía „LLSO“ — Light Louisiana Sweet (LLS) „MARS“ — Mars „NAPH“ — Nafta „NGLO“ — Jarðgasvökvi (NGL) „TAPI“ — Tapis „URAL“ — Úralolía „WTIO“ — WTI (West Texas Intermediate)
	„COAL“ — Kol „INRG“ — Aðrir orkugjafar (e. <i>Inter Energy</i>) „RNNG“ — Endurnýjanleg orka „LGHT“ — Léttar olíuafurðir „DIST“ — Eimi	
„ENVR“ — Umhverfislegt	„EMIS“ — Losun	„CERE“ — Einingar vottaðrar losunarskerðingar (CER) „ERUE“ — Losunarskerðingareiningar (ERU) „EUAE“ — Losunarheimildir Evrópusambandsins (EUA) „EUAA“ — Losunarheimildir Evrópusambandsins vegna flugs (EUAA) „OTHR“ — Annað
	„WTHR“ — Veður „CRBR“ — Kolefnistengt	
„FRGT“ — Farmur	„WETF“ — Fljótandi farmur	„TNKR“ — Tankskip
	„DRYF“ — Þurrvara	„DBCR“ — Búlkaskip fyrir farm í föstu formi
	„CSHP“ — Gámaskip	

Grunnafurð	Undirafurð	Frekari undirafurð
„FRTL“ — Áburður	„AMMO“ — Ammoníak „DAPH“ — DAP (díammóníum-fosfat) „PTSH“ — Pottaska „SLPH“ — Brennisteinn „UREA“ — Þvagefni „UAAN“ — UAN (þvagefni og ammóníumnítrat)	
„INDP“ — Iðnaðarvörur	„CSTR“ — Byggingarstarfsemi „MFTG“ — Framleiðsla	
„METL“ — Málmar	„NPRM“ — Aðrir málmar en góðmálmar	„ALUM“ — Ál „ALUA“ — Álblendi „CBLT“ — Kóbalt „COPR“ — Kopar „IRON“ — Járngrýti „LEAD“ — Blý „MOLY“ — Mólýbden „NASC“ — NASAAC „NICK“ — Nikkel „STEL“ — Stál „TINN“ — Tin „ZINC“ — Sink „OTHR“ — Annað
	„PRME“ — Góðmálmar	„GOLD“ — Gull „SLVR“ — Silfur „PTNM“ — Platína „PLDM“ — Palladíum „OTHR“ — Annað
„MCEX“ — Fleiri en ein hrávara, framandi (e. <i>Multi commodity Exotic</i>)		
„PAPR“ — Pappír	„CBRD“ — Karton „NSPT“ — Dagblaðpappír „PULP“ — Pappírsmauk „RCVP“ — Endurheimtur pappír	
„POLY“ — Pólýprópýlen	„PLST“ — Plast	
„INFL“ — Verðbólga		
„OEST“ — Opinberar hagtölur		

Grunnafurð	Undirafurð	Frekari undirafurð
„OTHC“ — Aðrar C10 eins og þær eru skilgreindar í töflu 10.1 í liðnum „Aðrar C10 afleiður“ í III. viðauka við framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar um viðbætur við reglugerð (ESB) nr. 600/2014 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um kröfur um gagnsæi fyrir viðskiptavettvanga og verðbréfafyrirtæki að því er varðar skuldabréf, samsettar fjármálaafurðir, losunarheimildir og afleiður.	„DLVR“ — Til afhendingar „NDLV“ — Án afhendingar	
„OTHR“ — Annað		

Tafla 2

Efni tilkynninga sem senda skal lögbærum yfirvöldum í samræmi við 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 596/2014

N.	Reitur	Efni sem skal tilkynna
Almennir reitir		
1	Auðkenniskóði gernings	Kóði til að auðkenna fjármálagerninginn.
2	Fullt heiti gernings	Fullt heiti fjármálagerningsins.
3	Flokkun gernings	Flokkunarkerfi sem er notað til að flokka fjármálagerninginn. Fullgerður og réttur CFI-kóði skal lagður fram.
4	Hrávöruafleiðuvísir	Tilgreining á því hvort fjármálagerningurinn fellur undir skilgreininguna á hrávöruafleiðum skv. 30. lið 1. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014.
Reitir tengdir útgefanda		
5	Auðkenni útgefanda eða rekstraraðila viðskiptavettvangs	Auðkenni lögaðila (LEI) fyrir útgefanda eða rekstraraðila viðskiptavettvangs.
Reitir tengdir viðskiptavettvangi		
6	Viðskiptavettvangur	Markaðsauðkenniskóði markaðshluta (e. <i>segment MIC</i>) viðskiptavettvangsins eða innmiðlarans, sé hann tiltækur, annars markaðsauðkenniskóði rekstraraðila (e. <i>operating MIC</i>).
7	Stuttnefni fjármálagernings	Stuttnefni fjármálagernings í samræmi við ISO 18774.
8	Beiðni útgefanda um töku til viðskipta	Hvort útgefandi fjármálagerningsins hafi óskað eftir eða samþykkt viðskipti með eða töku fjármálagerninga sinna til viðskipta á viðskiptavettvangi.

N.	Reitur	Efni sem skal tilkynna
9	Dagsetning samþykkis töku til viðskipta	Dagsetning og tími þegar útgefandinn samþykkti töku til viðskipta eða viðskipti með fjármálagerning sinn á viðskiptavettvangi.
10	Dagsetning beiðni um töku til viðskipta	Dagsetning og tími beiðni um töku til viðskipta á viðskiptavettvangi.
11	Dagsetning töku til viðskipta eða dagsetning fyrstu viðskipta	Dagsetning og tími töku til viðskipta á viðskiptavettvangi eða dagsetning og tími þegar viðskipti voru fyrst með gerninginn eða viðskiptavettvangurinn fékk fyrst fyrirmæli/tilboð eða verðtilboð.
12	Uppsagnardagur	Dagsetning og tími þegar viðskiptum er hætt með fjármálagerninginn eða hætt er að taka hann til viðskipta á viðskiptavettvangnum. Ekki skal fylla þennan reit út ef dagsetningin og tíminn liggja ekki fyrir.

Reitir sem tengjast grundvallarfjárhæð

13	Undirliggjandi gjaldmiðill 1	Gjaldmiðillinn sem grundvallarfjárhæðin er gefin upp í. Sé um að ræða vaxta- eða gjaldeyrisafleiðusamning skal þetta vera undirliggjandi gjaldmiðill 1. leggjar eða gjaldmiðill 1 í parinu. Sé um að ræða skiptirétt þar sem undirliggjandi skiptasamningur er einmynta skal þetta vera undirliggjandi gjaldmiðill undirliggjandi skiptasamnings. Sé um að ræða skiptirétt þar sem undirliggjandi skiptasamningur er fjölmýnta skal þetta vera undirliggjandi gjaldmiðill 1. leggjar í skiptasamningnum.
----	------------------------------	--

Reitir tengdir skuldabréfum eða öðrum verðbréfuðum skuldum

14	Nafnverð heildarútgáfu	Nafnverð heildarútgáfu peningagildi.
15	Lokagjalddagi	Lokagjalddagi tilkynnts fjármálagernings. Reiturinn á við um skuldagerninga með skilgreindan lokagjalddaga.
16	Gjaldmiðill nafnvirðis	Gjaldmiðill nafnvirðis skuldagerninga.
17	Nafnvirði á hverja einingu/lágmarksvirði viðskipta	Nafnvirði hvers gernings. Ef það er ekki tiltækt skal gefa upp lágmarksvirði viðskipta.
18	Föst ávöxtun	Fast ávöxtunarhlutfall skuldagerninga þegar honum er haldið allt til lokagjalddaga, gefið upp sem hundradshluti.
19	Auðkenni vísitölu/viðmiðunar skuldabréfs með breytilegum vöxtum	Sé auðkenni fyrir hendi.
20	Heiti vísitölu/viðmiðunar skuldabréfs með breytilegum vöxtum	Sé auðkenni ekki fyrir hendi, heiti vísitölnnar.
21	Gildistími vísitölu/viðmiðunar skuldabréfs með breytilegum vöxtum	Gildistími vísitölu/viðmiðunar skuldabréfs með breytilegum vöxtum Gildistíminn skal settur fram í dögum, vikum, mánuðum eða árum.
22	Grunnpunktaverðbil vísitölu/viðmiðunar skuldabréfs með breytilegum vöxtum	Fjöldi grunnpunkta fyrir ofan eða neðan vísitöluna sem notaður er til að reikna út verð.

N.	Reitur	Efni sem skal tilkynna
23	Réttahæð skuldabréfsins	Tilgreina skal tegund skuldabréfsins: forgangslán, millilagslán, víkjandi (e. <i>subordinated</i>) lán eða mjög víkjandi (e. <i>junior</i>) lán.

Reitir tengdir afleiðum og verðbréfuðum afleiðum

24	Lokadagsetning	Lokadagsetning fjármálagerningsins. Reiturinn á aðeins við um afleiður með skilgreinda lokadagsetningu.
25	Verðmargfaldari	Fjöldi eininga undirliggjandi gernings í einum afleiðusamningi. Sé um að ræða framtíðarsamning eða valrétt á vísitölu, fjárhæðin á hvert vísitölustig. Sé um að ræða veðjun á verðbil, verðhreyfing undirliggjandi gernings sem veðjunin byggist á.
26	Kóði undirliggjandi gernings	ISIN-númer undirliggjandi gernings. Sé um að ræða amerísk heimildarskírteini (e. <i>ADRs</i>), alþjóðleg heimildarskírteini (e. <i>GDRs</i>) og svipaða gerninga skal tilgreina ISIN-númer fjármálagerningsins sem þessir gerningar byggjast á. Sé um að ræða breytanleg skuldabréf skal tilgreina ISIN-númer gerningsins sem skuldabréfið er breytanlegt í. Sé um að ræða afleiður eða aðra gerninga með undirliggjandi þátt, ISIN-númer undirliggjandi gernings ef hann hefur verið tekinn til viðskipta eða viðskipti eru með hann á viðskiptavettvangi. Sé undirliggjandi þátturinn arður af hlutabréfi skal tilgreina gerningskóða viðkomandi hlutabréfs sem veitir rétt til hins undirliggjandi arðs. Sé um að ræða skuldatryggingu skal gefa upp ISIN-númer viðmiðunar-skuldbindingarinnar. Sé undirliggjandi þátturinn vísitala og hefur ISIN-númer, þá ISIN-númer þeirrar vísitölu. Sé undirliggjandi þátturinn karfa skal gefa upp öll ISIN-númer fyrir hvern innihaldshluta körfunnar sem tekinn er til viðskipta eða viðskipti eru með á viðskiptavettvangi. Því skal endurtaka reiti 26 og 27 eins oft og þörf er á til að telja upp alla tilkynningarskylda gerninga í körfunni.
27	Undirliggjandi útgefandi	Vísi gerningurinn til útgefanda fremur en til eins gernings skal tilgreina auðkenni lögaðila (LEI) fyrir útgefandann.
28	Heiti undirliggjandi vísitölu	Ef undirliggjandi þátturinn er vísitala, þá heiti hennar.
29	Gildistími undirliggjandi vísitölu	Ef undirliggjandi þátturinn er vísitala, þá gildistími hennar.
30	Tegund valréttar	Tilgreining á því hvort afleiðusamningurinn er kaupréttur (réttur til að kaupa ákveðna undirliggjandi eign) eða söluréttur (réttur til að selja ákveðna undirliggjandi eign) eða að ekki sé unnt að ákvarða hvort um er að ræða kauprétt eða sölurétt á tíma framkvæmdarinnar. Sé um að ræða skiptirétt skal hann vera: — „Söluréttur“ (e. <i>put</i>), sé um að ræða skiptirétt viðtakanda, þar sem kaupandinn hefur rétt til að ganga inn í skiptasamning sem viðtakandi á föstum vöxtum. — „Kaupréttur“ (e. <i>call</i>), sé um að ræða skiptirétt greiðanda, þar sem kaupandinn hefur rétt til að ganga inn í skiptasamning sem greiðandi á föstum vöxtum. Sé um að ræða þök og lágmark skulu þau vera: — „Söluréttur“, sé um að ræða lágmark. — „Kaupréttur“ sé um að ræða þak. Reiturinn á aðeins við um afleiður sem eru valréttir eða áskriftarréttindi.

N.	Reitur	Efni sem skal tilkynna
31	Lausnarverð	Fyrirframákveðið verð sem eigandinn verður að kaupa eða selja undirliggjandi gerning á, eða tilgreining á því að ekki sé unnt að ákvarða verðið á tíma framkvæmdarinnar. Reiturinn á aðeins við um valrétt eða áskriftarréttindi þar sem unnt er að ákvarða lausnarverð á tíma framkvæmdarinnar. Liggi verðið ekki fyrir en þess er beðið skal gildið vera „PNDG“. Eigi lausnarverð ekki við skal ekki fylla þennan reit út.
32	Gjaldmiðill lausnarverðs	Gjaldmiðill lausnarverðsins.
33	Tegund nýtingar valréttar	Tilgreining á því hvort aðeins megi nýta valréttinn á tilteknum degi (evrópskur og asískur valréttur), á nokkrum fyrirfram tilgreindum dagsetningum (Bermúda-valréttur) eða hvenær sem er á líftíma samningsins (amerískur valréttur). Þessi reitur á aðeins við um valrétti, áskriftarréttindi og réttindaskírteini (e. <i>entitlement certificates</i>).
34	Tegund afhendingar	Tilgreining á því hvort fjármálagerningurinn er gerður upp hlutrænt (e. <i>physically</i>) eða með reiðufé. Ef ekki er unnt að ákvarða afhendingarmáta á tíma framkvæmdarinnar skal gildið vera „OPTL“. Þessi reitur á aðeins við um afleiður.

Hrávöruafleiður og afleiður með losunarheimildir

35	Grunnafurð	Grunnafurð fyrir undirliggjandi eignaflokk eins og tilgreint er í töflunni yfir flokkun afleiðna með hrávöru og losunarheimildir.
36	Undirafurð	Undirafurð fyrir undirliggjandi eignaflokk eins og tilgreint er í töflunni yfir flokkun afleiðna með hrávöru og losunarheimildir. Reiturinn krefst grunnafurðar.
37	Frekari undirafurð	Frekari undirafurð fyrir undirliggjandi eignaflokk eins og tilgreint er í töflunni yfir flokkun afleiðna með hrávöru og losunarheimildir. Reiturinn krefst undirafurðar.
38	Tegund viðskipta	Tegund viðskipta eins og tilgreint er af viðskiptavettvangnum.
39	Tegund endanlegs verðs	Tegund endanlegs verðs eins og tilgreint er af viðskiptavettvangnum.

Vaxtaafleiður

— Reitina í þessum þætti skal aðeins fylla út fyrir gerninga þar sem undirliggjandi þátturinn er ófjárhagslegur gerningur af tegundinni „vextir“.

40	Viðmiðunarvextir	Heiti viðmiðunarvaxtanna
41	Gildistími vaxtasamnings	Ef eignaflokkurinn er vextir skal í þessum reit tilgreina gildistíma samningsins. Gildistíminn skal settur fram í dögum, vikum, mánuðum eða árum.

N.	Reitur	Efni sem skal tilkynna
42	Undirliggjandi gjaldmiðill 2	Sé um að ræða fjölmynta skiptasamninga eða skiptasamninga milli tveggja gjaldmiðla skal gjaldmiðillinn vera sá sem 2. leggur sammingsins er í. Sé um að ræða skiptirétt þar sem undirliggjandi skiptasamningur er fjölmynta skal gjaldmiðillinn vera sá sem 2. leggur skiptasammingsins er í.
43	Fastir vextir í 1. legg	Tilgreining fastra vaxta í 1. legg, ef við á.
44	Fastir vextir í 2. legg	Tilgreining fastra vaxta í 2. legg, ef við á.
45	Breytilegir vextir 2. leggjar	Tilgreining vaxtanna sem notaðir eru, ef við á.
46	Gildistími vaxtasammings fyrir 2. legg	Tilgreining á tilvísunartímabili vaxtanna, sem settir eru með fyrirframákveðnum millibilum á grundvelli viðmiðunarvaxta á markaði. Gildistíminn skal settur fram í dögum, vikum, mánuðum eða árum.

Gjaldeyrisafleiður

— Reitina í þessum þætti skal aðeins fylla út fyrir gerninga þar sem undirliggjandi þátturinn er ófjárhagslegur gerningur af tegundinni „gjaldeyris“.

47	Undirliggjandi gjaldmiðill 2	Fylla skal út reitinn með undirliggjandi gjaldmiðli 2 í gjaldmiðlapaninu (gjaldmiðil 1 er færður í reit 13 sem undirliggjandi gjaldmiðill 1).
48	Tegund gjaldmiðils	Tegund undirliggjandi gjaldmiðils.

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2016/958****2022/EES/8/06****frá 9. mars 2016**

um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 596/2014 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um tæknilegt fyrirkomulag í tengslum við hlutlæga framsetningu fjárfestingarráðlegginga og annarra upplýsinga sem fela í sér ráðleggingu eða tillögu um fjárfestingaráætlun og upplýsingagjöf um tiltekna hagsmuni eða tilgreiningu á hagsmunaárekstrum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 596/2014 frá 16. apríl 2014 um markaðssvik (reglugerð um markaðssvik) og um niðurfellingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/6/EB og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 2003/124/EB, 2003/125/EB og 2004/72/EB ⁽¹⁾, einkum þriðju undirgrein 3. mgr. 20. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samhæfðir staðlar um fjárfestingarráðleggingar eða aðrar upplýsingar sem fela í sér ráðleggingu eða tillögu um fjárfestingaráætlun (hér á eftir nefnt „ráðleggingar“) eru nauðsynlegir fyrir hlutlæga, skýra og nákvæma framsetningu slíkra upplýsinga og fyrir upplýsingagjöf um hagsmuni og hagsmunaárekstra. Þeir aðilar sem semja eða dreifa ráðleggingum ættu að hlíta þeim. Einkum, til þess að tryggja sem mesta sanngirni, ráðvendi og gagnsæi á markaðnum ætti að setja ráðleggingarnar fram á hlutlægan hátt og þannig að þær villi hvorki um fyrir markaðsaðilum né almenningi.
- 2) Allir þeir sem semja eða dreifa ráðleggingum ættu að hafa fyrirkomulag sem tryggir að upplýsingar séu settar fram á hlutlægan hátt og að miðlun upplýsinga um hagsmuni og hagsmunaárekstra sé skilvirk. Enn fremur ætti að gera viðbótarráðstafanir fyrir þann flokk aðila sem vegna eðlis síns og starfsemi valda almennt meiri áhættu fyrir heilleika markaðar og fjárfestavernd. Sá hópur tekur til óháðra sérfræðinga, verðbréfafyrirtækja, lánastofnana, allra sem hafa að aðalstarfi að semja eða dreifa ráðleggingum og einstaklinga sem starfa hjá þeim samkvæmt ráðningarsamningi eða á annan hátt, sem og annarra aðila sem leggja fram tillögur um fjárfestingarákvarðanir sem varða fjármálagerninga og sem gefa sig út fyrir að búa yfir fjármálareynslu eða sérfræðikunnáttu, eða litið er á sem slíka af markaðsaðilum (hér á eftir nefndir „sérfræðingar“). Meðal viðmiða, sem ekki eru tæmandi, sem skal skoða við auðkenningu slíkra sérfræðinga má nefna hversu reglubundið þeir veita ráðleggingar, fjölda fylgjenda sem þeir hafa þegar þeir leggja fram ráðleggingar, persónulega starfssögu þeirra, þ.m.t. hvort þeir hafi áður starfað við að semja ráðleggingar, og hvort fyrri ráðleggingum þeirra sé eða hafi verið miðlað áfram af þriðju aðilum, eins og fjölmiðlum.
- 3) Miðla ætti upplýsingum um deili á þeim aðilum sem veita ráðleggingar, lögbært yfirvald þeirra, ef einhver eru, og dagsetningar og tíma þegar ráðleggingarnar voru fullgerðar og síðan dreift, þar sem slíkt getur falið í sér verðmætar upplýsingar fyrir fjárfesta í tengslum við fjárfestingarákvarðanir þeirra.
- 4) Miðlun upplýsinga um verðmat og aðferðir er gagnleg til að skilja ráðleggingar sem og til að meta að hvað marki aðilarnir sem semja þær eru samkvæmir í verðmati og aðferðum sínum. Ráðleggingar sem sami aðili semur og varðar fyrirtæki í sömu atvinnugrein eða sama landi ættu að miða að því að sýna með samræmdum hætti tiltekna samræmda sameiginlega þætti. Af þeim ástæðum ættu óháðir sérfræðingar, verðbréfafyrirtæki, lánastofnanir, aðilar sem hafa að aðalstarfi að semja ráðleggingar og einstaklingar sem starfa fyrir þá samkvæmt ráðningarsamningi eða á annan hátt, sem og sérfræðingar, að útskýra í ráðleggingunum allar breytingar á því verðmati og þeim aðferðum sem þeir nota.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 160, 17.6.2016, bls. 15. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 306/2019 frá 13. desember 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 14, 5.3.2020, bls. 61.

(1) Stjtið. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 1.

- 5) Hagsmunir aðila sem semja ráðleggingar og þeir árekstrar sem slíkir hagsmunir gætu haft í för með sér geta haft áhrif á álitid sem þessir aðilar láta í ljós í ráðleggingum sínum. Til að tryggja að hægt sé að meta hlutlægni og áreiðanleika upplýsinganna ætti að vera rétt að miðla upplýsingum um öll tengsl og aðstæður sem eðlilegt er að ætla að geti dregið úr hlutlægni upplýsinganna, þ.m.t. um hagsmuni eða hagsmunaárekstra aðilans sem setur fram ráðlegginguna, eða tengsl og aðstæður aðila í sömu samstæðu, að því er varðar fjármálagerninginn eða útgefandann sem ráðleggingin varðar beint eða óbeint.
- 6) Upplýsingagjöf um hagsmuni og hagsmunaárekstra ætti að vera nægjanlega ítarleg til að gera viðtakanda ráðleggingarinnar kleift fá skýra yfirsýn yfir umfang og eðli hagsmunanna eða hagsmunaárekstursins. Óháðir sérfræðingar, verðbréfafyrirtæki, lánastofnanir, aðilar sem hafa að aðalstarfi að veita ráðleggingar, og einstaklingarnir sem starfa hjá þeim samkvæmt ráðningarsamningi eða á annan hátt, sem og sérfræðingar, ættu einnig að veita upplýsingar um hvort þeir hafi hreinar gnótt- eða skortstöður umfram fyrirframgefin viðmiðunarmörk í útgefnu hlutafé útgefandans sem ráðleggingarnar varða. Í því samhengi ættu þeir að reikna út gnótt- eða skortstöðuna í samræmi við aðferðina við að reikna út stöður samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 236/2012 ⁽¹⁾.
- 7) Með tilliti til meðalhófs ætti aðilum sem semja ráðleggingar að vera heimilt að aðlaga ráðstafanir sínar um hlutlægni í framsetningu og miðlun upplýsinga um hagsmuni eða hagsmunaárekstra innan þeirra marka sem sett eru fram í þessari reglugerð, þ.m.t. þegar þeir veita munnlegar ráðleggingar sem með aðferðum eins og á fundum, fjárfestakynningum (e. *road shows*) eða hljóð- eða myndfundum eða viðtölum í útvarpi, sjónvarpi eða á vefsetrum.
- 8) Annar aðili en sá sem semur ráðleggingarnar getur dreift þeim í óbreyttu, breyttu eða samanteknu formi. Hvernig aðilar sem dreifa ráðleggingum meðhöndla þessar ráðleggingar getur haft veruleg áhrif á mat fjárfesta á henni. Einkum getur vitneskja um deili á aðilanum sem dreifir ráðleggingunum og að hvaða marki upprunalegu ráðleggingunum hefur verið breytt falið í sér verðmætar upplýsingar fyrir fjárfesta þegar þeir ígrunda fjárfestingarákvarðanir sínar.
- 9) Ef aðilarnir sem dreifa ráðleggingum draga eingöngu fram nokkra þætti upprunalegra ráðlegginga gæti það reynst veruleg breyting á innihaldi upprunalegu ráðleggingarinnar. Breyting í stefnu upprunalegu ráðleggingarinnar (t.d. með því að breyta ráðleggingu um að „kaupa“ í að „halda“ eða „selja“, eða öfugt, eða með því að breyta væntu verði (e. *price target*) ætti ætíð að teljast veruleg breyting.
- 10) Vinnsla persónuupplýsinga í tengslum við þessa reglugerð ætti að fara fram í samræmi við landslög og stjórnýslu-fyrirmæli sem lögleiða tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB ⁽²⁾.
- 11) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.
- 12) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir álitum hagsmunahóps á verðbréfamarkaði sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 ⁽³⁾.
- 13) Til að tryggja snurðulausa starfsemi fjármálamarkaðanna er nauðsynlegt að þessi reglugerð öðlist gildi sem fyrst og ákvæðin sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð komi til framkvæmda sama dag og þau sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 596/2014.

⁽¹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 236/2012 frá 14. mars 2012 um skortsölu og tiltekna þætti skuldtrygginga (Stjtið. ESB L 86, 24.3.2012, bls. 1).

⁽²⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga (Stjtið. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31).

⁽³⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin) um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjtið. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „sérfræðingur“: aðili sem um getur í ii. lið 34. liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 596/2014 og gerir endurtekið tillögur um fjárfestingarákvarðanir um fjármálagerninga og sem:
 - i. gefur sig út fyrir að hafa sérfræðiþekkingu eða reynslu af fjármálum eða
 - ii. setur ráðleggingar sínar fram á þann hátt að eðlilegt er að aðrir telji hann búa yfir sérfræðikunnáttu í eða reynslu af fjármálum,
- b) „samstæða“: samstæða eins og hún er skilgreind í 11. mgr. 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2013/34/ESB ⁽¹⁾.

II. KAFLI

SAMNING RÁÐLEGGINGA

2. gr.

Deili á aðilum sem semja ráðleggingar

1. Aðilar sem semja fjárfestingarráðleggingar eða aðrar upplýsingar sem fela í sér ráðleggingu eða tillögu um fjárfestingaráætlun („ráðleggingar“) skulu segja á sér deili með skýrum og áberandi hætti í öllum ráðleggingum sem þeir semja og veita eftirfarandi upplýsingar um deili á öllum öðrum aðilum sem bera ábyrgð á samningu ráðleggingarinnar:

- a) nafn og starfstíttill allra einstaklinga sem koma að því að semja ráðlegginguna,
- b) ef einstaklingur eða lögaðili sem kemur að því að semja ráðlegginguna starfar samkvæmt samningi, þ.m.t. ráðningarsamningi, eða á annan hátt fyrir lögaðila, nafn þess lögaðila.

2. Ef aðilinn sem semur ráðleggingar er verðbréfafyrirtæki, lánastofnun eða einstaklingur sem starfar fyrir verðbréfafyrirtæki eða lánastofnun samkvæmt ráðningarsamningi eða á annan hátt skal sá aðili tilgreina í ráðleggingunni, til viðbótar við upplýsingarnar sem mælt er fyrir um í 1. mgr., hvert viðkomandi lögbært yfirvald er.

3. Ef aðilinn sem semur ráðleggingar er ekki aðili sem um getur í 2. mgr. en lýtur sjálfseftirlitskröfum eða siðareglum við samningu ráðlegginga skal sá aðili hafa í ráðleggingunni, til viðbótar við upplýsingarnar sem mælt er fyrir um í 1. mgr., tilvísun í þessar kröfur eða siðareglur.

3. gr.

Almennar skyldur í tengslum við hlutlæga framsetningu ráðlegginga

1. Aðilar sem semja ráðleggingar skulu tryggja að þær uppfylli eftirfarandi kröfur:
 - a) staðreyndir séu skýrt aðgreindar frá túlkunum, mati, áliti og öðrum tegundum upplýsinga sem ekki eru staðreyndir,
 - b) allur verulega mikilvægur uppruni upplýsinga sé tilgreindur með skýrum og áberandi hætti,

⁽¹⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/34/ESB frá 26. júní 2013 um árleg reikningsskil, samstæðureikningsskil og tilheyrandi skýrslur tiltekinna tegunda fyrirtækja, um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB og niðurfellingu tilskipana ráðsins 78/660/EBE og 83/349/EBE (Stjtíð. ESB L 182, 29.6.2013, bls. 19).

- c) allur uppruni upplýsinga sé áreiðanlegur eða, leiki einhver vafi á því hvort uppruninn sé áreiðanlegur, að það sé tekið skýrt fram,
- d) allar áætlaðar horfur, spár og vænt verð (*e. price target*) séu merkt sem slík með skýrum og áberandi hætti, og veigamiklar forsendur sem gengið er út frá við gerð eða notkun þeirra séu tilgreindar,
- e) dagsetningin og tíminn þegar lokið var við að semja ráðlegginguna séu tilgreind með skýrum og áberandi hætti.

2. Sé misvægi milli annars vegar upplýsingagjafarinnar sem krafist er í b- eða e-lið 1. mgr. og hins vegar lengdar og forms ráðleggingarinnar, þ.m.t. ef um er að ræða ráðleggingu sem ekki er skrifleg og sem gefin er með því að aðferðum eins og fundum, fjárfestakynningum (*e road shows*), hljóð- eða myndfundum eða viðtölum í útvarpi, sjónvarpi eða á vefsetrum skal aðilinn sem semur ráðlegginguna tilgreina í henni hvar aðilarnir sem fá hana geta nálgast hinar tilskildu upplýsingar með beinum og greiðum hætti án endurgjalds.

3. Aðilar sem semja ráðleggingar skulu að beiðni lögbæra yfirvaldsins rökstyðja hvers kyns ráðleggingu sem þeir hafa samið.

4. gr.

Viðbótarskyldur í tengslum við hlutlæga framsetningu ráðlegginga sem eiga við um þá aðila sem um getur í i. lið 34. liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr.°596/2014 og sérfræðinga

1. Auk þeirra upplýsinga sem mælt er fyrir um í 3. gr. skulu þeir aðilar sem um getur í i. lið 34. liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr.°596/2014 og sérfræðingar veita í ráðleggingum sínum eftirfarandi upplýsingar á skýran og áberandi hátt:

- a) ef ráðleggingunni hefur verið miðlað til þess útgefanda sem hún tengist beint eða óbeint og henni hefur verið breytt eftir það þá yfirlýsingu þess efnis,
- b) samantekt um grundvöll alls verðmats eða aðferða og undirliggjandi forsendur sem notaðar eru til þess að annaðhvort meta fjármálagerning eða útgefanda eða ákvarða vænt verð fjármálagernings, sem og tilgreiningu og samantekt á öllum breytingum í verðmatinu, aðferðunum eða undirliggjandi forsendum,
- c) ef aðilinn sem semur ráðleggingarnar hefur ekki notað eignaréttarvarin líkön skal tilgreina hvar nálgast má með beinum og greiðum hætti ítarlegar upplýsingar um verðmatið eða aðferðirnar og undirliggjandi forsendur,
- d) ef aðilinn sem semur ráðleggingarnar hefur notað eignaréttarvarin líkön skal tilgreina hvar nálgast má með beinum og greiðum hætti mikilvægar upplýsingar um eignaréttarvörðu líkönin sem eru notuð eru,
- e) um merkingu hverrar ráðleggingar sem veitt er, s.s. ráðlegginga um að „kaupa“, „selja“ eða „halda“, og skal útskýra með fullnægjandi hætti tímallengd þeirrar fjárfestingar sem ráðleggingin varðar og hverja áhættuviðvörðun sem við á, sem skal fela í sér næmisgreiningu á forsendunum,
- f) tilgreining á áætlaðri tíðni uppfærslna á ráðleggingunni,
- g) tilgreiningu á viðkomandi dagsetningu og tíma hvers verðs fjármálagernings sem nefnt er í ráðleggingunni,
- h) sé ráðlegging frábrugðin einhverjum fyrri ráðleggingum þeirra sem varða sama fjármálagerning eða útgefanda og sem hefur verið dreift á næstliðnum 12 mánuðum, skal tilgreina breytingarnar og dagsetningu fyrri ráðleggingarinnar, og
- i) lista yfir allar ráðleggingar þeirra um hvern fjármálagerning eða útgefanda sem dreift var á næstliðnum 12 mánuðum, sem skal tilgreina fyrir hverja ráðleggingu: dagsetningu dreifingarinnar, deili á einstakling(u)num sem um getur í a-lið 1. mgr. 2. gr., vænta verðið og viðkomandi markaðsverð á þeim tíma sem dreifingin átti sér stað, stefnu ráðleggingarinnar og gildistíma vænta verðsins eða ráðleggingarinnar.

2. Sé misvægi milli annars vegar upplýsingagjafarinnar sem krafist er í b-, e- eða i-lið 1. mgr. og hins vegar lengdar og forms ráðleggingarinnar, þ.m.t. ef um er að ræða ráðleggingu sem ekki er skrifleg og sem gefin er með aðferðum eins og fundum, fjárfestakynningum, hljóð- eða myndfundum eða viðtölum í útvarpi, sjónvarpi eða á vefsetrum, skal aðilinn sem semur ráðleggingar tilgreina í ráðleggingunni hvar aðilarnir sem fá hana geta nálgast hinar tilskildu upplýsingar með beinum og greiðum hætti án endurgjalds.

5. gr.

Almennar skyldur í tengslum við upplýsingagjöf um hagsmuni og hagsmunaárekstra

1. Aðilar sem semja ráðleggingar skulu í ráðleggingum sínum miðla upplýsingum um öll tengsl og aðstæður sem eðlilegt er að ætla að dragi úr hlutlægni ráðgjafarinnar, þ.m.t. um hagsmuni eða hagsmunaárekstra, hvað þá sjálfa varðar eða hvað varðar einstakling eða lögaðila sem starfar fyrir þá samkvæmt samningi, þ.m.t. ráðningarsamningi, eða á annan hátt, og sem kom að því að semja ráðlegginguna, fyrir hvern fjármálagerning eða útgefanda sem ráðleggingin varðar beint eða óbeint.
2. Ef aðili sem semur ráðleggingar eins og um getur í 1. mgr. er lögaðili skulu upplýsingarnar sem miðla skal í samræmi við 1. mgr. einnig taka til allra hagsmuna eða hagsmunaárekstra hvers aðila sem tilheyrir sömu samstæðu sem:
 - a) aðilanum sem kemur að því að semja ráðlegginguna er kunnugt um eða eðlilegt er að honum sé kunnugt um eða
 - b) aðilum er kunnugt um sem, þrátt fyrir að koma ekki að því að semja ráðlegginguna, hafa, eða eðlilegt er að ætla að hafi, aðgang að ráðleggingunni áður en hún er fullgerð.
3. Ef aðili sem semur ráðleggingar sem um getur í 1. mgr. er einstaklingur skulu upplýsingarnar sem miðla skal í samræmi við 1. mgr. einnig taka til allra hagsmuna eða hagsmunaárekstra aðila sem eru honum nákomnir.

6. gr.

Viðbótarskyldur í tengslum við upplýsingagjöf um hagsmuni eða hagsmunaárekstra aðila sem um getur í i. lið 34. liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 596/2014 og sérfræðinga

1. Auk þeirra upplýsinga sem krafist er í 5. gr. skal aðili sem um getur í i. lið 34. liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 596/2014 og sérfræðingur láta koma fram í ráðleggingunni eftirfarandi upplýsingar um hagsmuni sína og hagsmunaárekstra að því er varðar útgefandann sem ráðleggingin varðar beint eða óbeint:
 - a) ef hann er með hreina gnótt- eða skortstöðu umfram 0,5 % viðmiðunarmörkin í útgefnu heildarhlutafé útgefandans, reiknaða út í samræmi við 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 236/2012 og III. og IV. kafla framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 918/2012 ⁽¹⁾, yfirlýsingu þess efnis sem tilgreinir hvort hreina staðan er gnótt- eða skortstaða,
 - b) ef útgefandinn á stærri eignarhlut en 5% af útgefnu heildarhlutafé sínu, yfirlýsingu þess efnis,
 - c) ef aðilinn sem semur ráðlegginguna eða annar aðili sem tilheyrir sömu samstæðu og hann:
 - i. er viðskiptavaki eða veitandi seljanleika (e. *liquidity provider*) með fjármálagerninga útgefandans, yfirlýsingu þess efnis,
 - ii. hefur á næstliðnum 12 mánuðum verið umsjónaraðili (e. *lead manager*) eða meðumsjónaraðili (e. *co-lead manager*) opinberlega birts útboðs á fjármálagerningum útgefandans, yfirlýsingu þess efnis,
 - iii. er aðili að samkomulagi við útgefandann um þjónustu verðbréfafyrirtækja sem talin er upp í A og B þætti I. viðauka tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB ⁽²⁾, yfirlýsingu þess efnis, að því tilskildu að þetta feli ekki í sér birtingu viðskiptaupplýsinga sem eru trúnaðarmál og að samkomulagið hafi gilt næstliðna 12 mánuði eða hafi á sama tímabili leitt til skyldu til að greiða eða fá þóknun,
 - iv. er aðili að samkomulagi við útgefandann um samningu ráðlegginganna, yfirlýsingu þess efnis.

⁽¹⁾ Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 918/2012 frá 5. júlí 2012 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 236/2012 um skortsölu og tiltekna þætti skuldatrygginga að því er varðar skilgreiningar, útreikninga á hreinum skortstöðum, varðar skuldatryggingar á rfki, tilkynningarmörk, seljanleikamörk vegna tímabundinna niðurfellinga, marktæka lækkan á virði fjármálagerninga og óhagstæða atburði (Stjtið. ESB L 274, 9.10.2012, bls. 1).

⁽²⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipun 2002/92/EB og tilskipun 2011/61/ESB (Stjtið. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 349).

2. Ef aðilinn sem um getur í 1. mgr. er verðbréfafyrirtæki, lánastofnun, eða einstaklingur eða lögaðili sem starfar fyrir verðbréfafyrirtæki eða lánastofnun samkvæmt samningi, þ.m.t. ráðningarsamningi, eða á annan hátt, skal sá aðili veita, til viðbótar við upplýsingarnar sem mælt er fyrir um í 1. mgr., eftirfarandi upplýsingar í ráðleggingunni:

- a) lýsingu á gildandi innra skipulagi og stjórnunarfyrrkomulagi og hvers kyns upplýsingahindrun sem hann hefur sett upp til að fyrirbyggja og koma í veg fyrir hagsmunaárekstra að því er varðar ráðleggingarnar,
- b) ef þóknarir til einstaklinga eða lögaðila sem starfa fyrir hann samkvæmt ráðningarsamningi eða á annan hátt, og sem komu að því að semja ráðlegginguna, eru beintengdar viðskiptum sem eru hluti af þjónustu verðbréfafyrirtækja sem talin er upp í A og B þætti I. viðauka við tilskipun 2014/65/ESB, eða annarri tegund viðskipta sem hann eða lögaðili í sömu samstæðu framkvæmir, eða við viðskiptaþóknarir sem hann eða lögaðili í sömu samstæðu móttækur, þá yfirlýsingu þess efnis,
- c) upplýsingar um verð og kaupdag hlutabréfa ef einstaklingar sem starfa fyrir aðilann sem um getur í fyrstu undirgrein samkvæmt ráðningarsamningi eða á annan hátt og sem komu að því að semja ráðlegginguna taka við eða kaupa hlutabréf útgefandans sem ráðleggingin varðar, beint eða óbeint, áður en almennt útboð slíkra hlutabréfa á sér stað.

3. Ef aðilinn sem um getur í 1. mgr. er verðbréfafyrirtæki, lánastofnun, eða einstaklingur eða lögaðili sem starfar fyrir verðbréfafyrirtæki eða lánastofnun samkvæmt samningi, þ.m.t. ráðningarsamningi, eða á annan hátt skal sá aðili ársfjórðungslega birta hlutfall allra ráðlegginga sinna um að „kaupa“, „halda“, „selja“ eða um samsvarandi hugtök, á næstliðnum 12 mánuðum og hlutfall þeirra útgefenda sem samsvara hverjum þeirra flokka sem viðkomandi aðili hefur á næstliðnum 12 mánuðum veitt umfangsmikla þjónustu verðbréfafyrirtækja sem talin er upp í A og B þætti I. viðauka tilskipunar 2014/65/ESB.

4. Sé misvægi milli annars vegar upplýsingagjafarinnar sem um getur í 1. og 2. mgr. og hins vegar lengdar og forms ráðleggingarinnar, þ.m.t. ef um er að ræða ráðleggingu sem ekki er skrifleg og sem er gefin með aðferðum eins og fundum, fjárfestakynningum eða hljóð- eða myndfundum eða viðtölum í útvarpi, sjónvarpi eða á vefsetrum, skal aðilinn sem semur ráðleggingar tilgreina í ráðleggingunni hvar aðilarnir sem fá hana geta nálgast hinar tilskildu upplýsingar með beinum og greiðum hætti án endurgjalds.

7. gr.

Dreifing höfundar á ráðleggingum

Ef aðili sem semur ráðleggingar dreifir ráðleggingu sem hann hefur samið skal hann tilgreina í ráðleggingunni dagsetninguna og tímenn þegar ráðleggingunni var fyrst dreift.

III. KAFLI

DREIFING RÁÐLEGGINGA SEM ÞRIÐJU AÐILAR SEMJA

8. gr.

Fyrirkomulag dreifingar ráðlegginga

1. Aðilar sem dreifa ráðleggingum sem þriðji aðili hefur samið skulu veita þeim aðilum sem taka við ráðleggingunum eftirfarandi upplýsingar:

- a) deili þeirra, á skýran og áberandi hátt,
- b) um öll tengsl og aðstæður sem eðlilegt er að ætla að dragi úr hlutlægni framsetningar ráðleggingarinnar, þ.m.t. um hagsmuni eða hagsmunaárekstra sem varða fjármálagerning eða útgefanda sem ráðleggingin varðar beint eða óbeint,
- c) dagsetninguna og tímenn þegar ráðleggingunni er fyrst dreift.

2. Ef aðili sem um getur í 1. mgr. er verðbréfafyrirtæki, lánastofnun eða einstaklingur eða lögaðili sem starfar fyrir verðbréfafyrirtæki eða lánastofnun samkvæmt samningi, þ.m.t. ráðningarsamningi, eða á annan hátt, skal sá aðili veita aðilanum sem tekur við ráðleggingunum eftirfarandi upplýsingar til viðbótar við upplýsingarnar sem mælt er fyrir um í 1. mgr.:

- a) hvert viðkomandi lögbært yfirvald er,
- b) um sína eigin hagsmuni eða hagsmunaárekstra eins og mælt er fyrir um í 5. gr. og 1. og 2. mgr. 6. gr., nema sá aðili komi fram sem dreifingarleið ráðlegginganna sem samdar eru innan sömu samstæðu án þess að hafa nokkuð ákvörðunarvald um val þeirrar ráðleggingar sem dreift er.

9. gr.

Viðbótarráðstafanir vegna dreifingar samantektar eða útdráttar ráðlegginga

1. Auk þeirra upplýsinga sem mælt er fyrir um í 8. gr. skulu aðilar sem dreifa samantekt eða útdrátt ráðleggingar sem samin er af þriðja aðila tryggja að slíkar samantektir eða útdráttir:

- a) séu skýr og ekki villandi,
- b) séu auðkennd sem samantekt eða útdráttur,
- c) tilgreini upphaflegu ráðlegginguna með skýrum hætti.

2. Aðilarnir sem um getur í 1. mgr. skulu einnig tryggja að upplýsingarnar um aðilann sem samdi ráðlegginguna sem settar eru fram í 2. til 6. gr. séu gerðar aðgengilegar annað hvort beint, í samantektinni eða í útdráttinum sjálfum eða með því að tilgreina hvar aðilinn sem fær samantekt eða útdráttinn ráðleggingarinnar getur nálgast þær upplýsingar án endurgjalds.

10. gr.

Viðbótarráðstafanir vegna dreifingar á verulega breyttum ráðleggingum

1. Auk þeirra upplýsinga sem mælt er fyrir um í 8. gr. skulu aðilar sem dreifa ráðleggingu sem þriðji aðili semur og er breytt verulega tryggja að í ráðleggingunni sé greint frá hinni verulegu breytingu ítarlega og með skýrum hætti.

2. Aðilarnir sem um getur í 1. mgr. skulu uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í 2. til 5. gr. að því marki sem samsvarar verulegu breytingunni og geta þess í hinni verulega breyttu ráðleggingu hvar aðilarnir sem fá hina verulega breyttu ráðleggingu geta án endurgjalds nálgast upplýsingar um aðilann sem samdi upphaflegu ráðlegginguna sem settar eru fram í 2. til 6. gr.

IV. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

11. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 3. júlí 2016.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 9. mars 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2016/960****2022/EES/8/07****frá 17. maí 2016****um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 596/2014 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um viðeigandi fyrirkomulag, kerfi og verklag fyrir markaðsaðila sem miðla upplýsingum og framkvæma markaðspreifingar (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 596/2014 frá 16. apríl 2014 um markaðssvik (reglugerð um markaðssvik) og um niðurfellingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/6/EB og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 2003/124/EB, 2003/125/EB og 2004/72/EB ⁽¹⁾, einkum þriðju undirgrein 9. mgr. 11. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Nauðsynlegt er að hafa viðeigandi fyrirkomulag, verklag og kröfur um gagnavörslu til að tryggja að stýring og eftirlit með markaðspreifingarstarfsemi séu skilvirk. Viðeigandi fyrirkomulag skal m.a. fela í sér að markaðsaðilar sem miðla upplýsingum komi á verklagi sem lýsir með hvaða hætti markaðspreifingar eru framkvæmdar. Í slíku verklagi ætti að tilgreina staðlaðar upplýsingar sem skal veita og óska eftir frá þeim aðilum sem markaðspreifingin beinist til til að tryggja að engum ónauðsynlegum og mögulega viðkvæmum upplýsingum sé dreift og að allir aðilar sem markaðspreifing beinist til fái jafn miklar upplýsingar.
- 2) Nauðsynlegt er að veita vissu um efni upplýsinganna sem veittar eru við markaðspreifingar. Ef markaðspreifingar fara fram gegnum síma og markaðsaðilinn sem miðlar upplýsingum hefur aðgang að símalínu sem upptaka er gerð af ætti markaðsaðilinn sem miðlar upplýsingum því að nota þær línur. Ef markaðspreifingar fara fram eftir öðrum leiðum en gegnum símalínu sem gerðar eru upptökur af ætti að varðveita gögn um markaðspreifingarnar á hljóð- eða myndformi eða á skriflegu formi. Ef markaðspreifing fer fram gegnum símalínu sem gerð er upptaka af eða ef hljóð- eða myndupptaka er notuð þarf, vegna verndar persónuupplýsinga, að fá samþykki fyrir upptökunni frá aðilanum sem markaðspreifingin beinist til.
- 3) Til að auðvelda lögbærum yfirvöldum að framkvæma rannsóknir vegna gruns um markaðssvik ættu markaðsaðilar sem miðla upplýsingum að halda skrá, fyrir hverja markaðspreifingu, yfir aðilana sem markaðspreifingin beinist til.
- 4) Til að lágmarka hættuna á ótilhlýðilegri miðlun innherjaupplýsinga ætti markaðsaðili sem miðlar upplýsingum að halda skrá yfir mögulega fjárfesta sem hafa upplýst hann um að þeir vilji ekki taka við markaðspreifingum. Mögulegir fjárfestar ættu að geta sett fram ósk um að taka ekki við markaðspreifingum í tengslum við öll möguleg viðskipti eða aðeins tilteknar tegundir viðskipta.
- 5) Við framkvæmd markaðspreifingar ætti að gera ráð fyrir því að markaðsaðili sem miðlar upplýsingum geri það í eðlilegu sambandi við starf, stöðu eða skyldur aðila að því er varðar 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) nr. 596/2014. Hvað þetta varðar ætti markaðsaðili sem miðlar upplýsingum aðeins að teljast aðhafast í eðlilegu sambandi við starf, stöðu eða skyldur að því marki sem hann uppfyllir allar kröfur, þ.m.t. kröfur um gagnavörslu sem settar eru fram í 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 596/2014 og þessari reglugerð.
- 6) Þar sem mat á því hvað innherjaupplýsingar eru, gert í samræmi við 3. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 596/2014, getur verið flókið ættu markaðsaðilar sem miðla upplýsingum að halda skrár yfir allar markaðspreifingar, þ.m.t. þær sem markaðsaðili sem miðlar upplýsingum telur ekki fela í sér miðlun innherjaupplýsinga. Slíkar skrár auðvelda

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 160, 17.6.2016, bls. 29. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegru EES-nefndarinnar nr. 306/2019 frá 13. desember 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 14, 5.3.2020, bls. 61.

(¹) Stjttíð. ESB L 173, 12.6. 2014, bls. 1.

markaðsaðila sem miðlar upplýsingum að sýna lögbærum yfirvöldum fram á rétta framkvæmd, einkum ef eðli upplýsinganna breytist eftir markaðsþreifinguna eða ef lögbæra yfirvaldið myndi vilja endurskoða ferlið við flokkun upplýsinganna.

- 7) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.
- 8) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir álitum hagsmunahóps á verðbréfamarkaði sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 ⁽¹⁾.
- 9) Til að tryggja snurðulausa starfsemi fjármálamarkaðanna er nauðsynlegt að þessi reglugerð öðlist gildi sem fyrst og ákvæðin sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð komi til framkvæmda sama dag og þau sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 596/2014.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Almennar kröfur

Markaðsaðilar sem miðla upplýsingum skulu tryggja að fyrirkomulag og verklag sem þeir koma á til að fara að 4., 5., 6. og 8. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 596/2014 sé reglulega endurskoðað og uppfært ef nauðsyn krefur.

2. gr.

Verklag við framkvæmd markaðsþreifingar

1. Markaðsaðilar sem miðla upplýsingum skulu setja verklagsreglur sem lýsa með hvaða hætti markaðsþreifingar eru framkvæmdar.

Markaðsaðilum sem miðla upplýsingum er heimilt að veita upplýsingar vegna markaðsþreifingar til þeirra aðila, sem markaðsþreifingin beinist til, munnlega, á raunlægum (e. *physical*) fundum, gegnum síma eða með myndsímtali, eða skriflega, með pósti, símbréfi eða rafrænni sendingu.

2. Markaðsaðilar sem miðla upplýsingum skulu koma á verklagi til framkvæmdar markaðsþreifinga gegnum síma sem tryggir að notaðar séu símalínur sem hljóðupptök eru gerðar af ef markaðsaðilinn sem miðlar upplýsingum hefur aðgang að slíkum línur og aðilarinn sem markaðsþreifingin beinist til hafa veitt samþykki sitt fyrir upptöku samtalsins.

3. Verklagið sem um getur í 1. og 2. mgr. skal tryggja að aðilar sem starfa samkvæmt ráðningarsamningi eða með öðrum hætti fyrir markaðsaðila sem miðlar upplýsingum noti aðeins búnað sem markaðsaðilinn sem miðlar upplýsingum útvegar þeim þegar þeir senda/hringja eða taka við símtölum og rafrænum boðskiptum vegna markaðsþreifinga.

3. gr.

Staðlaðar upplýsingar sem senda skal aðilum sem markaðsþreifingin beinist til

1. Markaðsaðilar sem miðla upplýsingum skulu hafa verklag til að skiptast á stöðluðum upplýsingum við aðila sem markaðsþreifingin beinist til meðan á markaðsþreifingum stendur, í fyrirframákveðinni röð.

⁽¹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjtið. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84).

2. Þær stöðluðu upplýsingar sem um getur í 1. mgr. skulu ákvarðaðar af markaðsaðilanum sem miðlar upplýsingum fyrir hverja markaðspreifingu, áður en sú markaðspreifing fer fram. Markaðsaðilinn sem miðlar upplýsingum skal nota þessar stöðluðu upplýsingar gagnvart öllum aðilunum sem sú markaðspreifing beinist til.

3. Telji markaðsaðili sem miðlar upplýsingum að markaðspreifing muni fela í sér miðlun innherjaupplýsinga skulu þær stöðluðu upplýsingar sem um getur í 1. mgr. innihalda og takmarkast við eftirfarandi, í þeirri röð sem gefin er upp:

- a) yfirlýsingu þess efnis að upplýsingamiðlunin sé vegna markaðspreifingar,
- b) fari markaðspreifing fram gegnum símalínu sem upptaka er gerð af, eða ef hljóð- eða myndupptaka er notuð, yfirlýsingu sem tilgreinir að samtalið sé tekið upp og samþykki aðilans sem markaðspreifingin beinist til fyrir upptökunni,
- c) beiðni til og staðfestingu frá aðilanum sem samband er haft við þess efnis að markaðsaðilinn sem miðlar upplýsingunum hafi samskipti við aðilann sem mögulegi fjárfestirinn hefur falið að taka við markaðspreifingunni og svarið við þeirri beiðni,
- d) yfirlýsingu þess efnis að ef aðilinn sem samband er haft við samþykkir að taka við markaðspreifingunni verði honum veittar upplýsingar sem markaðsaðilinn sem miðlar upplýsingunum telur vera innherjaupplýsingar ásamt tilvísun í þá skyldu sem mælt er fyrir um í 7. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 596/2014,
- e) ef mögulegt er, mat á því hvenær upplýsingarnar hætta að vera innherjaupplýsingar, þá þætti sem geta breytt því mati og, í öllum tilvikum, upplýsingar um með hvaða hætti aðilinn sem markaðspreifingin beinist til verði upplýstur um breytingar á slíku mati,
- f) yfirlýsingu sem upplýsir aðilann sem markaðspreifingin beinist til um þær skyldur sem mælt er fyrir um í b-, c- og d-lið 1. undirgreinar 5. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 596/2014,
- g) beiðni um samþykki aðilans sem markaðspreifingin beinist til fyrir því að taka við innherjaupplýsingum, eins og um getur í b-, c- og d-lið 1. undirgreinar 5. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 596/2014, og svarið við þeirri beiðni,
- h) sé samþykkið sem óskað er skv. g-lið veitt, upplýsingarnar sem veittar eru vegna markaðspreifingarinnar, þannig að tilgreindar séu þær upplýsingar sem markaðsaðilinn sem miðlar upplýsingum telur vera innherjaupplýsingar.

4. Telji markaðsaðilinn sem miðlar upplýsingum að markaðspreifingin muni ekki fela í sér miðlun innherjaupplýsinga skulu þær stöðluðu upplýsingar sem um getur í 1. mgr. innihalda og takmarkast við eftirfarandi, í þeirri röð sem er tilgreind:

- a) yfirlýsingu þess efnis að upplýsingamiðlunin sé vegna markaðspreifingar,
- b) fari markaðspreifing fram gegnum símalínu sem upptaka er gerð af eða ef hljóð- eða myndupptaka er notuð, yfirlýsingu sem tilgreinir að samtalið sé tekið upp og samþykki aðilans sem markaðspreifingin beinist til fyrir upptökunni,
- c) beiðni til og staðfestingu frá aðilanum sem samband er haft við þess efnis að markaðsaðilinn sem miðlar upplýsingunum hafi samskipti við aðilann sem mögulegi fjárfestirinn hefur falið að taka við markaðspreifingunni og svarið við þeirri beiðni,
- d) yfirlýsingu þess efnis að ef aðilinn sem samband er haft við samþykkir að taka við markaðspreifingunni verði honum veittar upplýsingar sem markaðsaðilinn sem miðlar upplýsingunum telur ekki vera innherjaupplýsingar, ásamt tilvísun í þá skyldu sem mælt er fyrir um í 7. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 596/2014,
- e) beiðni um samþykki aðilans sem markaðspreifingin beinist til fyrir því að markaðspreifingunni sé haldið áfram og svarið við þeirri beiðni,
- f) sé samþykkið sem óskað er eftir í e-lið veitt, upplýsingarnar sem miðlað er vegna markaðspreifingarinnar.

5. Markaðsaðilinn sem miðlar upplýsingum skal tryggja að sömu upplýsingar séu sendar hverjum og einum aðila sem markaðspreifingin beinist til í tengslum við sömu markaðspreifingu.

*4. gr.***Gögn um aðila sem markaðspreifing beinist til**

1. Fyrir hverja markaðspreifingu sem framkvæmd er skal markaðsaðilinn sem miðlar upplýsingum gera lista með eftirfarandi upplýsingum:
 - a) nöfnum allra einstaklinga og lögaðila sem upplýsingum hefur verið miðlað til við markaðspreifinguna,
 - b) dagsetningu og tíma hvernar upplýsingagjafar sem hefur farið fram við eða eftir markaðspreifinguna,
 - c) samskiptaupplýsingum aðilanna sem markaðspreifingin beinist til sem notaðar eru við markaðspreifinguna.
2. Markaðsaðilar sem miðla upplýsingum skulu gera lista yfir alla mögulega fjárfesta sem hafa upplýst þá um að þeir óski ekki eftir að fá markaðspreifingar, í tengslum við annaðhvort öll möguleg viðskipti eða tiltekna tegundir mögulegra viðskipta. Markaðsaðilinn sem miðlar upplýsingum skal ekki veita slíkum mögulegum fjárfestum upplýsingar vegna markaðspreifinga.

*5. gr.***Verklag við tilkynningu um að upplýsingar séu ekki lengur innherjaupplýsingar**

Sé það mat markaðsaðila sem miðlar upplýsingum að innherjaupplýsingarnar sem var miðlað við markaðspreifingu séu ekki lengur innherjaupplýsingar, eins og um getur í 6. mgr. 11. gr. (ESB) nr. 596/2014, skal hann veita aðilanum sem markaðspreifingin beindist til eftirfarandi upplýsingar:

- a) deili á markaðsaðilanum sem miðlar upplýsingunum,
- b) tilgreiningu á viðskiptunum sem falla undir markaðspreifinguna,
- c) dagsetningu og tíma markaðspreifingarinnar,
- d) að upplýsingarnar sem var miðlað séu ekki lengur innherjaupplýsingar,
- e) dagsetningu þegar upplýsingarnar hættu að vera innherjaupplýsingar.

*6. gr.***Kröfur um gagnavörslu**

1. Markaðsaðilar sem miðla upplýsingum skulu tryggja að gögn um eftirfarandi séu varðveitt á varanlegum miðli sem tryggir aðgengi þeirra og læsileika á varðveislutímabilinu sem mælt er fyrir um í 8. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 596/2014:
 - a) verklagið sem um getur í 1. og 2. gr.,
 - b) þær stöðluðu upplýsingar sem ákvarðaðar eru fyrir hverja markaðspreifingu í samræmi við 3. gr.,
 - c) gögnin um aðila sem markaðspreifingin beinist til sem um getur í 4. gr.,
 - d) alla upplýsingagjöf sem hefur farið fram milli markaðsaðilans sem miðlar upplýsingum og allra aðila sem markaðspreifing beindist til vegna markaðspreifingarinnar, þ.m.t. öll gögn sem markaðsaðilinn sem miðlar upplýsingum veitir aðilanum sem markaðspreifingin beinist til,
 - e) upplýsingarnar sem leiða til þess mats að upplýsingarnar sem veittar voru meðan á markaðspreifingunni stóð séu ekki lengur innherjaupplýsingar og viðkomandi tilkynningar sem um getur í 5. gr.
2. Að því er varðar d-lið 1. mgr. 6. gr. skal markaðsaðilinn sem miðlar upplýsingunum varðveita:
 - a) upptökur af símtölum ef upplýsingarnar voru veittar gegnum símalínur sem upptökur voru gerðar af, að því tilskildu að aðilarnir sem upplýsingarnar voru veittar til hafi veitt samþykki sitt fyrir slíkri upptöku,
 - b) afrit samskiptanna ef upplýsingarnar voru veittar skriflega,

- c) hafi upplýsingarnar verið veittar á fundum sem teknir voru upp á mynd- og/eða hljóðformi, upptökur af þessum fundum að því tilskildu að aðilarnir sem upplýsingarnar voru veittar til hafi veitt samþykki sitt fyrir slíkri upptöku,
- d) hafi upplýsingarnar verið veittar á fundum eða með símtölum sem ekki voru tekin upp, skriflega fundargerð eða minnispunkta af þessum fundum eða símtölum.

3. Markaðsaðilinn sem miðlar upplýsingunum skal rita þær skriflegu fundargerðir eða minnispunktana sem um getur í d-lið 2. mgr. og skulu bæði markaðsaðilinn sem miðlar upplýsingum og aðilinn sem markaðspreifingin beinist til undirrita hvort tveggja og skulu þau gögn innihalda:

- a) dagsetningu og tíma fundarins eða símtalsins og deili á þátttakendum:
- b) inntak upplýsinganna sem tengjast markaðspreifingunni sem markaðsaðilinn sem miðlar upplýsingum og aðilinn sem markaðspreifingin beinist til skiptast á meðan á markaðspreifingunni stendur, þ.m.t. upplýsingar sem veittar eru aðilanum sem markaðspreifingin beinist til og sem hann óskar eftir í samræmi við stöðluðu upplýsingarnar sem um getur í 3. gr.,
- c) öll skjöl og efni sem markaðsaðilinn sem miðlar upplýsingum veitir aðilanum sem markaðspreifingin beinist til meðan á markaðspreifingunni stendur.

Hafi markaðsaðilinn sem miðlar upplýsingum og aðilinn sem markaðspreifingin beinist til ekki komist að samkomulagi, innan fimm virkra daga frá markaðspreifingunni, um inntak skriflegu fundargerðarinnar eða minnispunktanna skal markaðsaðilinn sem miðlar upplýsingunum skrá bæði þá útgáfu skriflegu fundargerðarinnar eða minnispunktanna sem markaðsaðilinn sem miðlar upplýsingunum hefur undirritað og þá útgáfu sem aðilinn sem markaðspreifingin beinist til hefur undirritað.

Hafi aðilinn sem markaðspreifingin beinist til ekki afhent markaðsaðilanum sem miðlar upplýsingunum undirritaða útgáfu skriflegu fundargerðarinnar eða minnispunktanna innan fimm virkra daga frá markaðspreifingunni skal markaðsaðilinn sem miðlar upplýsingunum geyma afrit skriflegu fundargerðarinnar eða minnispunktanna sem markaðsaðilinn sem miðlar upplýsingunum hefur undirritað.

4. Veita skal lögbæra yfirvaldinu aðgang að gögnunum sem um getur í 1., 2. og 3. mgr. sé þess óskað.

7. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 3. júlí 2016.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 17. maí 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2015/63****2022/EES/8/08****frá 21. október 2014****um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB að því er varðar framlög
greidd fyrirfram til fjármögnunarfyrirkomulags vegna skilameðferðar (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB frá 15. maí 2014 sem kemur á ramma um endurreisn og skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja og um breytingu á tilskipun ráðsins 82/891/EBE og tilskipunum 2001/24/EB, 2002/47/EB, 2004/25/EB, 2005/56/EB, 2007/36/EB, 2011/35/ESB, 2012/30/ESB og 2013/36/ESB, og reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 og (ESB) nr. 648/2012 ⁽¹⁾, einkum 7. og 8. mgr. 103. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með tilskipun 2014/59/ESB er þess krafist að komið sé á fót fleiri en einu fjármögnunarfyrirkomulagi vegna skilameðferðar í þeim tilgangi að tryggja skilvirka beitingu skilastjórnvalds á skilauðræðum og -heimildum. Þetta fjármögnunarfyrirkomulag vegna skilameðferðar ætti að hafa nægilegt fjármagn til að greiða fyrir að rammanum um skilameðferð sé beitt með skilvirkum hætti og hefur því heimild til að safna framlögum greiddum fyrirfram frá stofnunum sem hafa starfsleyfi á yferráðasvæði þess, þ.m.t. útibúum Sambandsins (stofnunum).
- 2) Aðildarríkjum ber skylda til að safna ekki aðeins framlögum greiddum fyrirfram til fjármögnunarfyrirkomulags vegna skilameðferðar frá stofnunum heldur einnig frá útibúum Sambandsins í samræmi við 1. mgr. 103. gr. þeirrar tilskipunar. Útibú Sambandsins falla einnig undir valdheimildir framkvæmdastjórnarinnar til að samþykkja framseldar gerðir skv. 7. og 8. mgr. 103. gr. þeirrar tilskipunar. Hins vegar, með þá staðreynd í huga að varfærniskröfur og eftirlit með útibúum Sambandsins er, skv. 47. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2013/16/ESB ⁽²⁾, á ábyrgð aðildarríkjanna, þá hentar stór hluti þeirra mælikvarða fyrir áhættuleiðréttingu sem settir eru fram í þessari framseldu reglugerð ekki til þess að hægt sé að beita þeim beint á útibú Sambandsins. Þrátt fyrir að útibú Sambandsins falli ekki undir gildissvið þessarar reglugerðar geta þau því fallið undir sérstakt fyrirkomulag sem framkvæmdastjórnin ákveður í framseldri gerð í framtíðinni.
- 3) Ákveðin verðbréfafyrirtæki, sem hafa aðeins leyfi til að veita takmarkaða þjónustu og starfsemi skv. 6., 15., 16., 95. og 96. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 ⁽³⁾, falla hvorki undir né geta verið undanþegin ákveðnum kröfum um eigið fé og lausafjárstöðu. Að því leiðir að margir af þeim mælikvörðum fyrir áhættuleiðréttingu sem setja ætti fram myndu ekki gilda um þau. Viðeigandi er, meðan aðildarríki falla undir skylduna um að safna framlögum fyrirfram frá þessum verðbréfafyrirtækjum í samræmi við 1. mgr. 103. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, að veita aðildarríkjunum valdheimild til að koma á fót áhættuleiðréttingu þannig að þessi fyrirtæki þessi beri ekki óhóflegar byrðar. Verðbréfafyrirtæki þessi ættu því ekki að falla undir gildissvið þessarar tilskipunar.
- 4) Aðildarríki skulu, í samræmi við 1. mgr. 102. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, tryggja að tiltækir fjármunir í fjármögnunarfyrirkomulagi þeirra, innan tímabils sem hefst við gildistöku tilskipunarinnar og fram til 31. desember 2024, nái a.m.k. 1% af fjárhæð tryggðra innstæðna allra stofnana sem hafa starfsleyfi á yferráðasvæði þeirra. Á þessu tímabili ætti að dreifa framlögum til fjármögnunarfyrirkomulagsins eins jafnt yfir tímabilið og kostur er þar til viðmiðunarmarkinu hefur verið náð með því að taka tillit til hagsveiflna og áhrifa sem sveifluaukandi framlög gætu haft á fjárhagsstöðu stofnananna sem veita framlög.
- 5) Í 1. mgr. 103. gr. tilskipunar 2014/59/ESB er gerð krafa um að framlögum verði safnað a.m.k. árlega í því skyni að ná viðmiðunarmarkinu sem tilgreint er í 102. gr. þeirrar tilskipunar. Árlegt framlag ætti, skv. 2. mgr. 103. gr. tilskipunar

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 11, 17.1.2015, bls. 44. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 237/2019 frá 27. september 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 190.

(2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB frá 26. júní 2013 um aðgang að starfsemi lánastofnana og varfærniseftirlit með lánastofnunum og verðbréfafyrirtækjum, um breytingu á tilskipun 2002/87/EB og um niðurfellingu á tilskipunum 2006/48/EB og 2006/49/EB (Stjtið. OJ L 176, 27.6.2013, bls. 338).

(3) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki og um breytingu á reglugerð ESB nr. 648/2012 (Stjtið. OJ L 176, 27.6.2013, bls. 1).

2014/59/ESB, að endurspegla stærð stofnunar enda ætti framlagið að byggja á fastri fjárhæð sem ákvörðuð er á grundvelli skuldbindinga þeirrar stofnunar (árlegs grunnframlags); í öðru lagi ætti það að endurspegla áhættustig viðkomandi starfsemi stofnunar þar sem grunnur árlegs framlags ætti að vera leiðréttur í hlutfalli við áhættusnið þeirrar stofnunar (viðbótar áhættuleiðréttingu). Stærð stofnunar tákna fyrsta vísinn um áhættuna sem stafar af stofnun. Eftir því sem stofnun er stærri eru meiri líkur á að skilastjórnvald myndi í neyðartilvikum meta hvort taka ætti stofnunina til skilameðferðar með almannahagsmuni í huga og nota fjármögnunarfyrirkomulag vegna skilameðferðar til að tryggja skilvirka beitingu skilauurræðanna.

- 6) Til að útskýra hvernig skilastjórnvöld ættu að leiðrétta framlögin í hlutfalli við áhættusnið stofnana er nauðsynlegt að tilgreina áhættustöðir og -vísa sem nota ætti til að ákvarða áhættusnið stofnana, tilhögunina við að beita áhættuleiðréttingu á árlegt grunnframlag, og árlega grunnframlagið sem upphafspunkt fyrir áhættuleiðréttinguna. Koma ætti þeim þáttum, sem myndu bætast við áhættuviðmiðanirnar, sem kveðið er á um í 7. mgr. 103. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, á með hætti sem verndar jöfn samkeppnisskilyrði meðal aðildarríkjanna og sterkan innri markað með því að koma í veg fyrir að aðildarríkin noti mismunandi aðferðir við að reikna út framlög fyrir hvert og eitt fjármögnunarfyrirkomulag vegna skilameðferðar. Þetta auðveldar að hægt sé að bera saman framlög, sem stofnanir greiða til fjármögnunarfyrirkomulags vegna skilameðferðar, og að hægt sé að sjá þau fyrir, óháð tegundum banka sem er mikilvægur þáttur fyrir jöfn samkeppnisskilyrði á innri markaðinum.
- 7) Í 1. mgr. 5. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 806/2014 ⁽¹⁾ er kveðið á um að sameiginlega skilastjórnin (stjórnin), sem samkvæmt tilskipun 2014/59/ESB á að framkvæma eða beita valdi landsbundins skilastjórnvalds og komið var á fót með 1. mgr. 42. gr. þeirrar reglugerðar, verði talin, við beitingu þeirrar reglugerðar og tilskipunar 2014/59/ ESB, eins og viðkomandi landsbundið skilastjórnvald þegar hún framkvæmir verkefni sín og beitir valdheimildum sínum. Að teknu tilliti til þess að 7. mgr. 70. gr. reglugerðar (ESB) nr. 806/2014 veitir stjórninni vald til að reikna út framlög stofnana til hins sameiginlega skilasjóðs sem kæmi í stað fjármögnunarfyrirkomulags aðildarríkisins sem tekur þátt í sameiginlegu skilastjórninni frá og með 1. janúar 2016 með því að beita þessari reglugerð á grundvelli 7. mgr. 103. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, ætti skilastjórnvald samkvæmt þessari reglugerð einnig að taka til stjórnarinnar.
- 8) Útreikningur á framlögum á einingastigi myndi leiða til þess, þegar um ræðir samstæður, að ákveðnar skuldbindingar verði tvítaldar við ákvörðun á árlegu grunnframlagi mismunandi aðila innan samstæðu þar sem skuldbindingar, sem varða samninga sem aðilar innan sömu samstæðu hafa gert hverjir við aðra, gætu orðið hluti af heildarskuldbindingum sem teknar eru við ákvörðun á árlegu grunnframlagi hvers aðila innan samstæðunnar. Því ætti að tilgreina frekar ákvörðunina um árlegt grunnframlag þegar um samstæður er að ræða til að endurspegla innbyrðis tengsl aðila samstæðunnar og forðast tvítalningu á áhættuskuldbindingum innan samstæðunnar. Stofnanir, sem eru þátttakendur í stofnanaverndarkerfi eða eru varanlega tengdar sömu miðlægu stofnun, skulu sitja við sama borð og aðilar sem tilheyra samstæðu í því skyni að tryggja jöfn samkeppnisskilyrði milli þeirra.
- 9) Að því er varðar útreikning á árlegu grunnframlagi aðila innan samstæðu ættu heildarskuldbindingar, sem koma til greina, ekki að taka til skulda sem koma til vegna samninga sem aðili innan samstæðu hefur gert við annan aðila sem er hluti af sömu samstæðu. Hins vegar ætti ekki að vera hægt að veita slíka undanþágu nema sérhver aðili samstæðunnar sé með staðfestu innan Sambandsins, tilheyri að öllu leyti sömu samsteypu, falli undir viðeigandi miðstýrt áhættumat, mat og eftirlitsaðferð og engar núverandi eða fyrirsjáanlegar verulegar hagnýtar eða lagalegar hindranir séu fyrir hendi fyrir tafarlausa endurgreiðslu viðeigandi skuldbindinga þegar þær falla í gjalddaga. Þetta ætti að koma í veg fyrir að skuldbindingar verði undanþegnar útreikningi á grunni framlaga ef engar tryggingar eru fyrir því að lánaáhætta innan samstæðu yrði tryggð þegar fjárhagslegt heilbrigði samstæðunnar versnar. Enn fremur ætti slík undanþága ekki að gera hlutaðeigandi stofnunum kleift að njóta ávinnings af einfaldara framlagskerfi, sem veitt er smærri stofnunum, þegar stofnun myndi falla undir einfaldara kerfið í kjölfar þess að fá undanþágu frá skuldbindingum innan samstæðu til að komast hjá því að undanþágur frá skuldbindingum innan samstæðu veiti aðilum innan samstæðu, sem njóti hagræðis af undanþágunni, forskot. Stofnanir, sem eru þátttakendur í stofnanaverndarkerfi eða eru varanlega tengdar sömu miðlægu stofnun, skulu sitja við sama borð og aðilar sem tilheyra samstæðu í því skyni að tryggja jöfn samkeppnisskilyrði milli þeirra.

(1) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 806/2014 frá 15. júlí 2014 um að koma á samræmdum reglum og samræmdri málsmeðferð fyrir skilameðferð lánastofnana og tiltekinna verðbréfafyrirtækja innan ramma sameiginlegs skilameðferðarkerfis og sameiginlegs skilasjóðs og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1093/2010 (Stjtd. ESB. L 225, 30.7.2014, bls. 1).

- 10) Reglur um framlög greidd fyrirfram ættu aðeins að gilda um miðlægu stofnunina og tengdar lánastofnanir sem heild á samstæðugrunni vegna greiðslugetu og lausafjárstöðu miðlægu stofnunarinnar og allra tengdra stofnana sem haft er eftirlit með í heild á grunni samstæðureikningsskila þessara stofnana, með fyrirvara um regluna þess efnis að framkvæma ætti útreikning framlaga á einingarstigi þegar miðlæg stofnun er með tengdar lánastofnanir sem eru að öllu leyti eða að hluta til undanþegnar varfærniskröfum í landslögum í samræmi við 10. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013.
- 11) Tilgreina ætti ákvörðunarþáttinn fyrir árlega grunnframlagið frekar ef um er að ræða innviði fjármálamarkaða (FMI). Sumir innviðir fjármálamarkaða, á borð við miðlæga mótaðila (CCP) eða verðbréfamiðstöðvar (CSD), hafa einnig starfsleyfi sem lánastofnanir. Einkum veita ákveðnar verðbréfamiðstöðvar bankaþjónustu til viðbótar við starfsemi þeirra sem innviðir markaðar. Verðbréfamiðstöðvar geyma ekki tryggðar innstæður, ólíkt lánastofnunum, heldur að mestu leyti innlán innan dags eða yfir nótt frá uppgjöri verðbréfavíðskipta sem þær annast fyrir fjármálastofnanir eða seðlabanka. Almennt leiðir þetta ekki til greiðslujafnaðar er telja má til fjármögnunar sem safnað var til að framkvæma bankaþjónustu. Aðeins ætti að taka tillit til skuldbindinga sem varða starfsemi bankaþjónustu hjá innviðum fjármálamarkaða við að ákvarða fjárhæð heildarskuldbindinga að því er varðar útreikning árlegs grunnframlags þar sem bankaþjónustan sem þessir aðilar framkvæma eru til viðbótar við meginstarfsemi þeirra er snýr að stöðustofnun og uppgjöri þar sem þessir aðilar falla undir strangar varfærniskröfur samkvæmt reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 ⁽¹⁾ og (ESB) nr. 909/2014 ⁽²⁾ og einnig viðeigandi ákvæði samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 575/2013 og tilskipun 2013/36/ESB og viðskiptalíkan innviða fjármálamarkaða fela ekki í sér sambærilega áhættu og að því að varðar lánastofnanir.
- 12) Reikningsskil afleiðna eru ekki samræmd í Sambandinu að því er varðar einstaka reikninga og því gæti þetta haft áhrif á fjárhæð skuldbindinga sem teknar verða til útreiknings á framlögum hvers banka. Aðferðafræði vogunarhlutfallsins, sem um getur í 6. og 7. mgr. 429. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, gildir um alla banka og tryggir að sami afleiðusamningur, einkum skuldajöfnun milli afleiðusamninga, verði tekinn til greina á sama hátt án tillits til reikningsskilarammans sem sá banki fellur undir. Því ætti að verðmeta afleiður í samræmi við 6. og 7. mgr. 429. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 til að tryggja samræmda meðferð afleiðna við ákvörðun á árlegu grunnframlagi sem greiðir fyrir sambærileika í verðmati milli stofnana og stuðlar að jöfnum samkeppnisskilyrðum alls staðar í Sambandinu. Þó ætti að gera ráð fyrir, til að tryggja fyrirsjáanleika á verðmati afleiða samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 575/2013, að slíkt verðmat geti ekki leitt til verðgildis sem er minna en 75% af verðgildi hlutaðeigandi afleiða samkvæmt viðkomandi reikningsskilaramma.
- 13) Sumar lánastofnanir eru stuðningsbankar og hafa þann tilgang að greiða fyrir opinberum stefnumiðum ríkis- eða héraðsstjórnar aðildarríkis eða staðaryfirvalds, fyrst og fremst með því að veita stuðningslán til aðila sem ekki tengjast samkeppni og starfa ekki í hagnaðarskyni. Ríkis- eða héraðsstjórnir eða staðaryfirvöld tryggja að hluta til, beint eða óbeint, lánin sem slíkar stofnanir veita. Stuðningslán eru veitt aðilum, sem ekki tengjast samkeppni og starfa ekki í hagnaðarskyni, til að styðja opinber stefnumið Sambandsins eða ríkis- eða héraðsstjórnar aðildarríkis. Stuðningslánin eru stundum veitt fyrir milligöngu annarrar stofnunar í hlutverki milliliðar (gegnumstreymislán). Í slíkum tilvikum taka milliliðir lánastofnunar við stuðningslánnum frá fjölbjóðlegum þróunarbanka eða opinberum aðila og streyma þeim áfram til annarrar lánastofnunar sem myndi síðan veita þau endanlegum skjólstæðingum. Slíkar skuldbindingar ættu ekki, þegar lánastofnanir sem eru milliliðir streyma áfram lausafé þessara lána frá upprunalegum stuðningsbanka til lánastofnunar eða annarrar milliliðastofnunar, að teljast með í heildarskuldbindingum sem teknar eru til í þeim tilgangi að reikna út árlegt grunnframlag.
- 14) Í 1. mgr. 103. gr. tilskipunar 2014/59/ESB er gerð krafa um að allar stofnanir leggi af mörkum til fjármögnunarfyrirkomulags vegna skilameðferðar. Þó þarf að finna hóflegt og sanngjarnt jafnvægi milli skyldu stofnunar um að leggja fram til fjármögnunarfyrirkomulags vegna skilameðferðar, stærðar hennar, áhættusniðs, umfangs og flækjustígs starfsemi hennar, innbyrðis tengsla við aðrar stofnanir eða almennt við fjármálakerfið, áhrif af falli hennar á fjármálamarkaði, aðrar stofnanir, á fjármögnunarskilyrði eða hagkerfið í víðara samhengi, og auka þannig líkurnar á að stofnun fari í skilameðferð og nýti sér fjármögnunarfyrirkomulagið. Skilastjórnvöld taka tillit til slíkra þátta, skv. 4. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, þegar þau ákveða hvort ákveðnar stofnanir ættu að njóta hagræðis af einfölduðum skyldum

(1) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 frá 4. júlí 2012 um utan markaðar-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðu-viðskiptaskrár (Stjútíð. OJ L 201, 27.7.2012, bls. 1).

(2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 909/2014 frá 23. júlí 2014 um bætt verðbréfauppgjör í Evrópusambandinu og um verðbréfamiðstöðvar og um breytingu á tilskipunum 98/26/EB og 2014/65/ESB og reglugerð (ESB) nr. 236/2012 (Stjútíð. OJ L 257, 28.8.2014, bls. 1).

sem varða kröfunar um að undirbúa endurbóta- og skilaáætlanir. Einnig skal taka tillit til þess rekstrarlega álags sem ákveðnar stofnanir og skilastjórnvöld taka á sig við útreikning á árlegum framlögum þegar metið er rétt jafnvægi milli þess að hlíta kröfunum sem settar eru fram í tilskipun 2014/59/ESB og sértæki ýmissa stofnana samkvæmt þeirri tilskipun.

- 15) Litlar stofnanir eru yfirleitt ekki með hátt áhættusnið, bjóða gjarnan upp á minni kerfistengda áhættu en stærri stofnanir og áhrif af falli þeirra eru í mörgum tilvikum minni á hagkerfið í víðari skilningi en hjá stærri stofnunum. Samtímis þessu má ekki útiloka hugsanleg áhrif af falli smárra stofnana á fjármálastöðugleika þar sem jafnvel smáar stofnanir geta skapað kerfisáhættu vegna hlutverksins sem þær gegna í bankakerfinu í víðari skilningi, samlegðaráhrif af tengslanetum þeirra og smitáhrif sem þau gætu skapað með því að draga úr tiltrú á bankakerfinu.
- 16) Einfalda ætti aðferðafræðina við að reikna út árleg framlög lítilla stofnana til fjármögnunarfyrirkomulags vegna skilameðferðar með það í huga að í flestum tilvikum valda þær ekki kerfisáhættu og minni líkur eru á að þær verði settar í skilameðferð sem dregur þar með úr líkindum á að þær njóti hagræðis af fjármögnunarfyrirkomulagi vegna skilameðferðar í samburði við stærri stofnanir. Árleg framlög lítilla stofnana ættu að samanstanda af eingreiðslu sem einungis er byggð á árlegu grunnframlagi þeirra, í réttu hlutfalli við stærð þeirra. Slík aðferðafræði ætti, þegar árlegt framlag hverrar stofnunar er ákvarðað, að greiða fyrir hlutfallslegu kerfi árlegra framlaga sem skilastjórnvaldið verður að fylgja þegar það ákvarðar árleg framlög. Því endurspeglar eingreiðsla þá staðreynd að í mörgum tilvikum stafar minni áhætta af litlum stofnunum og auðveldar hún viðtækari aðlögun á framlögum stærri stofnana, sem eru almennt mun kerfistengdari, í hlutfalli við áhættusnið þeirra.
- 17) Nota ætti tvöföld viðmiðunarmörk til að ákvarða hvaða stofnanir eigi að teljast litlar þar sem fyrstu viðmiðunarmörkin, sem byggjast á heildarskuldbindingum (að undanskildum eiginfjárgrunni) að frádregnum tryggðum innstæðum, ættu að vera 300 milljónir evra eða minna og seinni viðmiðunarmörkin, sem byggjast á heildareignum, ættu ekki að vera hærri en einn milljarður evra. Það síðarnefnda ætti að koma í veg fyrir að stærri stofnanir, sem uppfylla fyrri viðmiðunarmörkin er varða fjárhæð skuldbindinga, njóti hagræðis af einfaldaða kerfinu.
- 18) Gera ætti greinarmun innan flokks lítilla stofnana, þar sem sumar eru mjög litlar en aðrar eru nærri hámarksviðmiðunarmörkunum sem gerir þeim kleift að njóta hagræðis af einfaldaða kerfinu. Árleg framlög mjög lítilla stofnana samkvæmt einnar eingreiðslu kerfinu yrðu óeðlilega miklu hærri en þeirra litlu stofnana sem eru nærri því að ná hámarks viðmiðunarmörkunum. Um leið ætti að forðast að einfaldaða kerfið leiði til óeðlilega mikils mismunar, með tilliti til árlegra framlaga, milli þeirra stærstu meðal litlu stofnananna og stofnananna sem uppfylla ekki skilyrðin fyrir þátttöku í einfaldaða kerfinu þar sem þau eru rétt yfir viðmiðunarmörkunum. Því er viðeigandi, til að komast hjá þessum óæskilegu áhrifum, að gera ráð fyrir kerfi margra flokka lítilla stofnana þar sem árleg framlög þeirra samanstæðu af mismunandi fjárhæðum eingreiðslna. Þetta ætti að greiða fyrir þróun framlaga innan einfaldaða kerfisins og milli hæstu eingreiðslna og lægstu framlaga samkvæmt aðferðinni þar sem árlegt grunnframlag er lagfært samkvæmt áhættusniði stofnunarinnar.
- 19) Skilastjórnvaldið ætti að hafa möguleika á að ákveða að lítil stofnun ætti ekki lengur að njóta hagræðis af einfaldaða kerfinu þegar það hefur ákvarðað að hlutaðeigandi stofnun hafi sérstaklega hátt áhættusnið en þess í stað ætti að ákvarða framlag hennar samkvæmt aðferðinni þar sem árlegt grunnframlag er lagfært samkvæmt öðrum áhættuþáttum en stærð stofnunarinnar.
- 20) Stofnanir, sem um getur í 3. mgr. 45. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, verða ekki endurfjármagnaðar með fjármögnunarfyrirkomulagi vegna skilameðferðar í samræmi við 44. og 101. gr. tilskipunar 2014/59/ESB vegna þess að þeim verður slitið með innlendum ógjaldfærimeðferðum eða öðrum tegundum aðgerða sem framkvæmdar eru í samræmi við 38., 40. eða 42. gr. tilskipunar 2014/59/ESB og munu hætta starfsemi. Aðgerðir þessar munu tryggja að lánveitendur þessara stofnana, þ.m.t. handhafar sértryggðra skuldabréfa ef við á, munu bera tapið með þeim hætti sem uppfyllir markmið skilameðferðarinnar. Því ættu framlög þeirra til fjármögnunarfyrirkomulags vegna skilameðferðar að endurspeglja þessa sérhæfni. Þó mætti nota fjármögnunarfyrirkomulagið vegna skilameðferðar á annan hátt, eins og um getur í 101. gr. tilskipunar 2014/59/ESB. Skilastjórnvaldið ætti að geta, þegar slík stofnun notar fjármögnunarfyrirkomulag vegna skilameðferðar í þessum tilgangi, borið saman áhættusnið allra annarra stofnana sem falla undir 3. mgr. 45. gr. tilskipunar 2014/59/ESB við áhættusnið stofnunarinnar sem notaði fjármögnunarfyrirkomulagið vegna skilameðferðar og beita aðferðafræðinni sem sett er fram í þessari framseldu gerð gagnvart þeim stofnunum er bera með sér áhættusnið sem telst svipuð eða hærri en áhættusnið stofnananna sem notuðu fjármögnunarfyrirkomulagið vegna skilameðferðar.

Einnig þykir rétt að taka saman skrá yfir þætti sem skilastjórnvaldið ætti að hafa til hliðsjónar þegar það framkvæmir samannburð á áhættusniðum.

- 21) Kveða ætti á um fjölda áhættustofna og viðkomandi áhættuvísa fyrir hverja af þessum stofnum sem skilastjórnvöld munu hafa til hliðsjónar við mat á áhættusniði stofnana í því skyni að gera skilastjórnvöldum aðildarríkjanna kleift að hafa samræmda túlkun á viðmiðunum, sem settar eru fram í 7. mgr. 103. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, til að ákvarða áhættuvísa stofnana að því er varðar útreikning einstakra framlaga til fjármögnunarfyrirkomulags vegna skilameðferðar sem framkvæmdur er á svipaðan hátt alls staðar í Sambandinu. Áhættuvísarnir ættu að samanstanda af núverandi eftirlitsviðmiðunum sem þegar eru til staðar eða verður komið á fót á næstunni til að tryggja samræmi við eftirlitsstörf.
- 22) Skilastjórnvöld ættu að meta viðkomandi vísa á samstæðustigi eða undirsamstæðustigi, eftir því sem við á, til að halda samræmi við eftirlitsstörf og tryggja að samstæður sem nýta sér þessar undanþágur séu ekki að óþörfu beittar viðurlögum þegar viðeigandi löggjöf kveður á um að undanþágur sem veita stofnunum undanþágur frá því að setja suma áhættuvísana á stig stofnunarinnar og kveða á um, eftir atvikum, að lögbær yfirvöld heimili beitingu slíkra undanþága.
- 23) Með þessari reglugerð ætti einnig að ákvarða hlutfallslegt vægi hverrar stofnar og vísis í því skyni að gera skilastjórnvöldum kleift að hafa samræmda nálgun á mikilvægi hverrar áhættustofnar og -vísis sem þau ættu að taka tillit til að því er varðar ákvörðun um áhættusnið stofnana. Þó er mikilvægt að skilastjórnvöld fái nægan sveigjanleika við að meta áhættusnið stofnana með því að geta stillt beitingu áhættustofna og -vísis í samræmi við sérhæfni hverrar stofnunar. Vægi sumra áhættuvísa ætti aðeins að vera til vísbendingar eða þess efnis að ákveðið bil verði sett fram að því er það varðar að gera skilastjórnvöldum kleift að ákveða mikilvægi þessara vísa í ákveðnu tilviki þar sem þetta næst ekki til fulls með því að kveða á um að mat á áhættusnið verði á ákveðnu bili heldur útheimtir að ákveðið geðþóttastig verði við að ákveða mikilvægi ákveðinna áhættuvísa í hverju tilviki fyrir sig.
- 24) Samsöfnun innan stofna ætti að fara fram með reiknuðu meðalvægi einstakra vísa þeirra við ákvörðun á mikilvægi ýmissa vísa sem samræmast tiltekinni stofn. Að því er varðar útreikning á endanlegri samsetningu áhættuvísa sem samsvara hverri stofnun ætti að slíkur útreikningur, til að forðast bótaáhrif milli stofna þar sem stofnun sem gengur í meðallagi vel samkvæmt nokkrum stofnum og mjög illa samkvæmt öðrum, myndi að jafnaði fá meðalskor samkvæmt reiknuðu meðaltali mismunandi stofna, að byggjast á rúmfræðilega vegnu meðaltali einstakra stofna.
- 25) Bilið til að meta áhættustigið, sem stofnun veldur, ætti að geta leyft nægjanlega tilfærslu á áhættusniði stofnana samkvæmt mismunandi áhættustofnum og -vísnum sem sett eru fram í þessari reglugerð, meðan boðið er á sama tíma upp á næga vissu og fyrirsjáanleika varðandi árlegar fjárhæðir sem stofnanir ættu að hafa lagt fram samkvæmt tilskipun 2014/59/ESB og þessari reglugerð.
- 26) Nauðsynlegt er að tilgreina skilyrðin og greiðslumiðilinn til að tryggja að framlög séu greidd á skilvirkan hátt. Nauðsynlegt er, einkum fyrir framlög sem eru ekki greidd í reiðufé heldur með óafturkræfri greiðsluskuldbindingu í samræmi við 103. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, að tilgreina hluta óafturkræfra greiðsluskuldbindinga sem hver stofnun getur notað og tegund veðs sem samþykkt er að tryggja þessar óafturkræfu greiðsluskuldbindingar til að gera skilastjórnvaldinu kleift að tryggja útgreiðsluna þegar óafturkræfa greiðsluskuldbindingin er innt af hendi þegar skilastjórnvaldið lendir í erfiðleikum með að framkvæma óafturkræfu greiðsluskuldbindinguna. Nauðsynlegt er, til að tryggja að árleg framlög séu greidd á skilvirkan hátt, að greiða fyrir sértækri heimild skilastjórnvalda til að leggja stjórnsluviðurlög og aðrar stjórnsluráðstafanir á stofnanir sem brjóta í bága við kröfurnar sem koma fram í þessari reglugerð um útreikning og breytingar á framlögum eins og með því að hlíta ekki skyldunni um að veita upplýsingarnar sem skilastjórnvald biður um. Skilastjórnvaldið ætti einnig að hafa vald til að leggja dagsektir á stofnun þegar hlutaðeigandi stofnun greiðir aðeins hluta af árlega framlaginu sem komið er á gjalddaga, þegar hún greiðir það ekki eða þegar stofnunin hlítir ekki kröfunum sem koma fram í tilkynningu skilastjórnvaldsins. Einnig er nauðsynleg að kveða á um sértækar skyldur um upplýsingaskipti milli lögbærra yfirvalda og skilastjórnvalda.
- 27) Framkvæmdastjórnin mun endurskoða áhættuleiðréttinguna fyrir útreikning árlegu framlaganna og einkum hentugan margfaldara áhættuleiðréttingarinnar sem settur er fram í þessari reglugerð og þörfina fyrir að auka hugsanlega efri mörk margfaldara áhættuleiðréttingarinnar fyrir 1. júní 2016 í því skyni að tryggja að áhættuleiðréttingin haldi áfram að endurspeglar þróun í bankageiranum og uppfylla þannig áfram kröfur tilskipunar 2014/59/ESB, byggt á fenginni reynslu af beitingu leiðréttingarinnar.

- 28) Þar sem skylda aðildarríkja, skv. 1. mgr. 130. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, um að safna árlegum framlögum frá stofnunum sem hafa starfsleyfi á yfirráðasvæði þeirra gildir frá 1. janúar 2015, ætti þessi reglugerð einnig að gilda frá 1. janúar 2015.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. ÞÁTTUR

ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.

Efni

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um reglur sem tilgreina:

- a) aðferðafræðina við útreikning og aðlögun að áhættusniði stofnana, um framlög sem stofnanir eiga að greiða í fjármögnunarfyrirkomulag vegna skilameðferðar,
- b) skyldur stofnana að því er varðar upplýsingarnar sem veita á vegna útreiknings á framlögunum og greiðslu framlaga til fjármögnunarfyrirkomulags vegna skilameðferðar,
- c) ráðstafanir til að tryggja sannpröfun skilastjórnvalda á að framlög hafi verið greidd á réttan hátt.

2. gr.

Gildissvið

1. Reglugerð þessi gildir um stofnanir sem um getur í 1. mgr. 103. gr tilskipunar 2014/59/ESB og eru skilgreindar í 23. undirgrein, 1. mgr. 2. gr. Hún gildir einnig um miðlæga stofnun og tengdar stofnanir hennar á samstæðugrunni þegar tengdu stofnanirnar eru að öllu leyti eða að hluta undanþegnar varfærnisröfum í landslögum í samræmi við 10. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.
2. Allar tilvísanir í samstæðu ættu að ná yfir miðlæga stofnun og allar lánastofnanir sem eru varanlega tengdar miðlægu stofnuninni eins og um getur í 10. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 og dótturfélögum hennar.

3. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð gilda skilgreiningarnar í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/49/ESB ⁽¹⁾ og tilskipun 2014/59/ESB. Í þessari reglugerð gilda jafnframt eftirfarandi skilgreiningar:

- 1) „stofnanir“: lánastofnanir eins og þær eru skilgreindar í 2. lið 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 2014/59/ ESB eða verðbréfafyrirtæki eins og þau eru skilgreind í 2. lið þessarar greinar, einnig miðlæg stofnun og allar lánastofnanir sem eru varanlega tengdar miðlægu stofnuninni eins og um getur í 10. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 sem heild á samstæðugrunni, þegar skilyrðin, sem kveðið er á um í 1. mgr. 2. gr., hafa verið uppfyllt,
- 2) „verðbréfafyrirtæki“: verðbréfafyrirtæki eins og þau eru skilgreind í 3. lið 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, að undanskildum verðbréfafyrirtækjum sem falla undir skilgreiningu a- eða b-liðar 1. mgr. 96. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 eða verðbréfafyrirtæki sem stunda starfsemina í 8. lið A-þáttar I. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB ⁽²⁾ en stunda ekki starfsemina í 3. eða 6. lið A-þáttar I. viðauka við þá tilskipun,
- 3) „árlegt viðmiðunarmark“: heildarfjárhæð árlegra framlaga sem skilastjórnvaldið ákvarðar fyrir hvert framlagstímabil til að ná viðmiðunarmarkinu sem um getur í 1. mgr. 102. gr. tilskipunar 2014/59/ESB,
- 4) „fjármögnunarfyrirkomulag“: fyrirkomulag sem ætlað er að tryggja skilvirka beitingu skilastjórnvalds á skilauurræðum og -heimildum sem um getur í 1. mgr. 100. gr. tilskipunar 2014/59/ESB,
- 5) „árlegt framlag“: fjárhæðin sem um getur í 103. gr. tilskipunar 2014/59/ESB og skilastjórnvaldið safnar fyrir innlent fjármögnunarfyrirkomulag á framlagstímanum frá hverri stofnun sem um getur í 2. gr. þessarar reglugerðar,

⁽¹⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/49/ESB frá 16. apríl 2014 um innstæðutryggingakerfi (Stjtíð. OJ L 173, 12.6.2014, bls. 149).

⁽²⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB frá 21. apríl 2004 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu EBE tilskipunum ráðsins 85/611/EBE og 93/6/EBE og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/12/EB og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 93/22/ EB (Stjtíð. OJ L 145, 30.4.2004, bls. 1).

- 6) „framlagstímabil“: almanaksár,
- 7) „skilastjórnvald“: yfirvald sem um getur í 18. lið 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 2014/59/ESB eða annað viðkomandi yfirvald sem aðildarríkin skipa að því er varðar 2. og 6. mgr. 100. gr. tilskipunar 2014/59/ESB,
- 8) „lögbært yfirvald“: lögbært yfirvald eins og það er skilgreint í 40. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,
- 9) „innstæðutryggingakerfi“: kerfi sem um getur í a-, b- eða c-lið 2. mgr. 1. gr. tilskipunar 2014/49/ESB,
- 10) „tryggðar innstæður“: innstæður sem um getur í 1. mgr. 6. gr. tilskipunar 2014/49/ESB, að undanskildum tímabundnum háum innstæðum eins þær eru skilgreindar í 2. mgr. 6. gr. þeirrar tilskipunar,
- 11) „heildarskuldbindingar“: heildarskuldbindingar eins og þær eru skilgreindar í tilskipun ráðsins 86/635/ EBE ⁽¹⁾ eða skilgreindar í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla sem um getur í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 ⁽²⁾,
- 12) „heildareignir“: heildareignir eins og þær eru skilgreindar í 3. þætti tilskipunar 86/635/EBE eða skilgreindar í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla sem um getur í reglugerð (EB) nr. 1606/2002,
- 13) „heildaráhættugrunnur“ (TRE): heildaráhættugrunnur eins og hann er skilgreindur í 3. mgr. 92. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,
- 14) „hlutfall almenns eigin fjár þáttar 1“: hlutfallið sem um getur í a-lið 2. mgr. 92. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,
- 15) „lágmarkskrafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar (MREL)“: lágmarkskrafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar eins og hún er skilgreind í 1. mgr. 45. gr. tilskipunar 2014/59/ESB,
- 16) „eiginfjárgrunnur“: eiginfjárgrunnur eins og hann er skilgreindur í 118. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,
- 17) „hæfar skuldbindingar“: skuldbindingar eins og þær er skilgreindar í 71. lið 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 2014/59/ESB,
- 18) „vogunarhlutfall“: vogunarhlutfall eins og það er skilgreint í 429. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,
- 19) „lausafjárþekjuhlfall (LCR): lausafjárþekjuhlfall eins og það er skilgreint í 412. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 og tilgreint frekar í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/61 ⁽³⁾,
- 20) „hlutfall stöðugar fjármögnunar“ (NSFR): hlutfall stöðugar fjármögnunar eins og greint er frá í samræmi við 415. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,
- 21) „miðlægur mótaðili“ (CCP): miðlægur mótaðili eins og hann er skilgreindur í 1. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012,
- 22) „afleiður“: afleiður skv. II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 575/2013,
- 23) „verðbréfamiðstöð“ (CSD): lögaðili eins og hann er skilgreindur í 1. lið 1. mgr. 2. gr. og í 54. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 909/2014 ⁽⁴⁾,
- 24) „uppgjör“: fullnusta verðbréfavíðskipta eins og þau eru skilgreind í 2. lið 1. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014,
- 25) „stöðustofnun“: ferlið við að stofna stöður eins og það er skilgreint í 3. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012,
- 26) „innviðir fjármálamarkaðar“: að því er varðar þessa reglugerð, miðlægur mótaðili sem um getur í 21. lið þessarar greinar eða verðbréfamiðstöð sem um getur í 23. lið þessarar greinar, með starfsleyfi sem stofnanir í samræmi við 8. gr. tilskipunar 2013/36/ESB,

⁽¹⁾ Tilskipun ráðsins 86/635/ EBE frá 8. desember 1986 um ársreikninga og samstæðureikninga banka og annarra fjármálastofnana (Stjtið. EB L 372, 31.12.1986, bls. 1).

⁽²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 frá 19. júlí 2002 um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla (Stjtið. EB L 243, 11.9.2002, bls. 1).

⁽³⁾ Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/61 frá 10. október 2014 um viðbætur við reglugerð (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar kröfu um lausafjárþekju fyrir lánastofnanir (Stjtið. ESB L 1, 17.1.2015, bls. 1).

⁽⁴⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 909/2014 frá 23. júlí 2014 um bætt verðbréfauppgjör í Evrópusambandinu og um verðbréfamiðstöðvar og um breytingu á tilskipunum 98/26/ EB og 2014/65/ ESB og reglugerð (ESB) nr. 236/2012 (Stjtið. OJ L 257, 28.8.2014, bls. 1).

- 27) „stuðningsbanki“: félag eða aðili sem aðildarríki, ríkisstjórn eða héraðsstjórn kemur á fót og veitir stuðningslán eða lán, sem tengjast ekki samkeppni og eru ekki veitt í hagnaðarskyni, til að styðja opinber stefnumið þeirrar ríkisstjórnar, að því tilskildu að ríkisstjórnin hafi skyldu til að vernda efnahagslegan grundvöll félags eða aðila og viðhalda lífvænleika viðkomandi aðila á líftíma hans eða a.m.k. 90% af upphaflegri fjármögnun hennar eða að ríkis- eða héraðsstjórn tryggi beint eða óbeint stuðningslán hennar,
- 28) „stuðningslán“: lán sem stuðningsbanki veitir eða fæst í gegnum banka sem er milliliður og veitir lánið á þeim grundvelli að það sé ekki notað í samkeppnis- eða hagnaðarskyni, til að styðja opinber stefnumið ríkis- eða héraðsstjórna í aðildarríki,
- 29) „milliliður“: lánastofnun sem er milliliður fyrir stuðningslán, að því tilskildu að hún veiti þau ekki sem lán til endanlegs viðskiptavinar.

2. ÞÁTTUR

AÐFERÐAFRÆÐI

4. gr.

Ákvörðun um árlegt framlag

1. Skilastjórnvöld skulu ákvarða árleg framlög sem hverri stofnun ber að greiða í hlutfalli við áhættusnið sitt á grunni upplýsinga sem stofnunin veitir í samræmi við 14. gr. og með því að beita aðferðafræðinni sem sett er fram í þessum þætti.
2. Skilastjórnvald skal ákvarða árlega framlagið, sem um getur í 1. mgr. á grundvelli árlegra viðmiðunarmarka fjármögnunarfyrikomulags vegna skilameðferðar með því að taka tillit til viðmiðunarmarkanna sem ná skal eigi síðar en 31. desember 2024 í samræmi við 1. mgr. tilskipunar 2014/59/ESB og á grundvelli meðalfjárhæðar tryggðra innstæðna fjögurra ársfjórðunga á undangengnu ári hjá öllum stofnunum sem hafa starfsleyfi á yfirráðasvæði þess.

5. gr.

Áhættuleiðrétting árlega grunnframlagsins

1. Reikna skal út framlögin sem um getur í 2. mgr. 103. gr. tilskipunar 2014/59/ESB með því að undanskilja eftirfarandi skuldbindingar:
 - a) skuldbindingar innan samstæðu sem koma til vegna viðskipta sem stofnun gerir við aðra stofnun innan sömu samstæðu, að því tilskildu að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:
 - i. hvor stofnun er með staðfestu í Sambandinu,
 - ii. hvor stofnun er að fullu talin með í sama samstæðueftirliti í samræmi við 6.–17. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 og fellur undir viðeigandi miðstýrt áhættumat, áhættumælingar og eftirlitsaðferðir, og
 - iii. að ekki séu til staðar eða fyrirséðar neinar verulegar hömlur, hagnýtar, lagalegar eða aðrar, á endurgreiðslu skulda þegar þær koma til greiðslu,
 - b) skuldbindingarnar sem stofnun, sem er aðili að stofnanaverndarkerfi eins og um getur í 8. lið 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 2014/59/ESB og hefur fengið heimild lögbærs yfirvalds til að beita 7. mgr. 113. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, stofnar til með samkomulagi við aðra stofnun innan sama stofnanaverndarkerfis,
 - c) skuldbindingar sem tengjast stöðustofnun, eins og hún er skilgreind í 3. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 ef um er að ræða miðlægan mótaðila sem er með staðfestu í aðildarríki og hefur notfært sér rétt sinn í 5. mgr. 14. gr. þeirrar reglugerðar, þ.m.t. þær sem koma til vegna ráðstafana sem miðlægi mótaðilinn grípur til í því skyni að uppfylla kröfur um tryggingarþekju, setja á fót vanskilasjóð og viðhalda nægu forfjármögnuðu fjármagni til að standa straum af mögulegu tapi sem er hluti af forgangsröðun við greiðslu vanskila í samræmi við reglugerð þessa og einnig til að fjárfesta fjármagn sitt í samræmi við 47. gr. reglugerðar þeirrar,

- d) skuldbindingarnar sem varða starfsemi verðbréfamistöðvar, ef um starfsemi verðbréfastöðva er að ræða, þ.m.t. skuldbindingar við þátttakendur eða þjónustuveitendur hjá verðbréfamistöðvum með gjalddaga innan sjö daga og koma til vegna starfsemi, sem stofnunin hefur fengið starfsleyfi fyrir, við að veita viðbótarbankaþjónustu í samræmi við IV. bálk reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 en undanskilur aðrar skuldbindingar sem verða til við slíka bankaþjónustu,
- e) skuldbindingarnar sem, ef um er að ræða verðbréfafyrirtæki, verða til vegna vörslu eigna eða fjármuna viðskiptavina, þ.m.t. eigna viðskiptavinar eða fjármuna viðskiptavinar sem hafðir eru í vörslu fyrir hönd verðbréfasjóða, eins og þeir eru skilgreindir í 2. mgr. 1. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB ⁽¹⁾ eða sérhæfðra sjóða, eins og þeir eru skilgreindir í a-lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2011/61/ESB ⁽²⁾, að því tilskildu að slíkur viðskiptavinur sé undir vernd viðkomandi laga um ógjaldfærni,
- f) skuldbindingar stofnunar sem er milliliður gagnvart upprunalegum eða öðrum stuðningsbanka eða öðrum millilið, þegar um er að ræða stofnanir sem starfrækja stuðningslán og skuldbindingar upprunalega stuðningsbankans gagnvart fjármögnunar- aðilum hans að svo miklu leyti sem skuldbindingar þessar eru jafnaðar með stuðningslánnum þeirrar stofnunar.

2. Draga skal skuldbindingarnar, sem um getur í a- og b-lið 1. mgr., á jafnan hátt frá fjárhæð heildarskuldbindinga stofnananna, sem eru aðilar að viðskiptunum eða samningunum sem um getur í a- og b-lið 1. mgr., á grundvelli hverra einstakra viðskipta.

3. Í þessum þætti skal verðmeta árlega meðalfjárhæð skuldbindinga, sem um getur í 1. mgr., sem reiknuð er út á ársfjórðungsgrundvelli og sem kemur til vegna afleiðusamninga, í samræmi við 6. og 7. mgr. 429. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

Verðmatið, sem sett er á skuldbindingar sem koma til vegna afleiðusamninga, má þó ekki vera lægra en 75% af verðmati sömu skuldbindinga sem koma til vegna beitingar á ákvæðum reikningsskila er gilda um hlutaðeigandi stofnun að því er varðar reikningsskil.

Stofnunin skal, ef engin reikningsskilaaðferð fyrir áhættuskuldbindingu vegna ákveðinna afleiðugerninga gildir um stofnun samkvæmt landsbundnum reikningsskilastöðlum vegna þess að þeir eru geymdir utan efnahagsreiknings, tilkynna skilastjórnvaldinu um fjárhæð jákvæðs gangvirðis þessara afleiða sem endurnýjunarkostnaðar og bæta þeim við bókfært virði á efnahagsreikningi sínum.

4. Heildarskuldbindingarnar sem um getur í 1. mgr. skulu, að því er varðar þennan þátt, undanskilja bókfært virði skuldbindinga sem koma til vegna afleiðusamninga og telja með samsvarandi virði sem ákvarðað er í samræmi við 3. mgr.

5. Þegar skilastjórnvaldið sannreynir hvort öll skilyrði og allar kröfur sem um getur í 1.–4. mgr. séu uppfylltar skal það byggja á viðeigandi mati sem lögbæru yfirvöldin framkvæma og er gert aðgengilegt í samræmi við 90. gr. tilskipunar 2014/59/ESB.

6. gr.

Áhættustöðir og -vísar

1. Skilastjórnvaldið skal meta áhættusnið stofnana á grundvelli eftirfarandi fjögurra áhættustöða:

- a) áhættustöðu,
- b) stöðugleika og fjölbreytni fjármögnunarleiða,
- c) mikilvægi stofnunar vegna stöðugleika fjármálakerfisins eða hagkerfisins,
- d) viðbótaráhættuvísa sem skilastjórnvaldið skal ákvarða,

⁽¹⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB frá 13. júlí 2009 um samræmingu á lögum og stjórnáslufyrirmælum um verðbréfasjóði (UCITS) (Stjtíð. ESB L 302, 17.11.2009, bls. 32).

⁽²⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/61/ESB frá 8. júní 2011 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða og um breytingu á tilskipunum 2003/41/EB og 2009/65/EB og reglugerðum (EB) nr. 1060/2009 og (ESB) nr. 1095/2010 (Stjtíð. OJ L 174, 1.7.2011, bls. 1).

2. Stoðin „áhættustaða“ skal samanstanda af eftirfarandi áhættuvísium:
 - a) eiginfjárgrunni og hæfum skuldbindingum hjá stofnun sem eru umfram lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar,
 - b) vogunarhlutfalli,
 - c) hlutfalli almenns eigin fjár þáttar 1,
 - d) hlutfalli heildaráhættugrunns af heildareignum.
3. Stoðin „stöðugleiki og fjölbreytni fjármögnunarleiða“ skal samanstanda af eftirfarandi áhættuvísium:
 - a) hlutfalli stöðugrar fjármögnunar,
 - b) lausafjárþekjuhlutfalli.
4. Stoðin „mikilvægi stofnunar vegna stöðugleika fjármálakerfisins eða hagkerfisins“ skal samanstanda af vísinum „hlutdeild í millibankalánum og innstæðum í Evrópusambandinu, sem fangar mikilvægi stofnunarinnar í hagkerfi aðildarríkisins þar sem hún hefur staðfestu“.
5. Stoðin „viðbótaráhættuvísar sem skilastjórnvaldið skal ákvarða“ skal samanstanda af eftirfarandi vísium:

- a) umfangi veltuviðskipta, áhættuskuldbindingum utan efnahagsreiknings, afleiðum, flækjustigi og skilabærni,
- b) aðild að stofnanaverndarkerfi,
- c) umfangi fyrri sérstaks opinbers fjárstuðnings.

Við ákvörðun á mismunandi áhættuvísium í stoðinni „viðbótaráhættuvísar sem skilastjórnvaldið skal ákvarða“ skal skilastjórnvaldið taka tillit til mikilvægis þessara vísa í tengslum við líkur á að hlutaðeigandi stofnun verði tekin til skilameðferðar og líkur á því að hún þyrfti að nýta sér fjármögnunarfyrirkomulag vegna skilameðferðar komi til hennar.

6. Skilastjórnvaldið skal, þegar það ákvarðar vísana í „veltuviðskipti, áhættuskuldbindingu utan efnahagsreiknings, afleiður, flækjustig og skilabærni“ sem um getur í a-lið 5. mgr., taka tillit til eftirfarandi þátta:

- a) aukningarinnar í áhættusniði stofnunarinnar vegna:
 - i. mikilvægis veltuviðskipta í samanburði við stærð efnahagsreiknings, stærð eiginfjárgrunns, áhættu viðkomandi áhættuskuldbindinga og viðskiptalíkansins í heild sinni,
 - ii. mikilvægis áhættuskuldbindinga utan efnahagsreiknings í samanburði við stærð efnahagsreiknings, stærð eiginfjárgrunns og áhættu viðkomandi áhættuskuldbindinga,
 - iii. mikilvægis fjárhæðar afleiða sem varða stærð efnahagsreiknings, stig eiginfjárgrunns, áhættu viðkomandi áhættuskuldbindinga og viðskiptalíkansins í heild sinni,
 - iv. þess að hve miklu leyti viðskiptalíkanið og stjórnskipulag stofnunar er álitnið flókið í samræmi við II. kafla II. bóls tilskipunar 2014/59/ESB.
- b) áhættusnið stofnunarinnar minnkar vegna:
 - i. hlutfallslegrar fjárhæðar afleiða sem eru stöðustofnaðar fyrir milligöngu miðlægs mótaðila,
 - ii. þess að hve miklu leyti er hægt í samræmi við II. kafla í II. bóls tilskipunar 2014/59/ESB að setja stofnun sem telst til skilabær í skila- eða slitameðferð með skjótum hætti og án lagalegra anmarka.

7. Skilastjórnvaldið skal, við ákvörðun á vísinum sem um getur í b-lið 5. mgr, taka tillit til eftirfarandi þátta:
- hvort fjárhæðin, sem er tiltæk án tafar fyrir bæði endurfjármögnun og fjármögnun lausafjár í því skyni að styðja stofnunina sem verður fyrir áhrifum þegar vandamál steðja að, sé nægjanlega há til að hægt sé með trúverðugum og árangursríkum hætti að styðja þá stofnun,
 - stigs lagalegrar eða sammingsbundinnar vissu um að sjóðirnir, sem um getur í a-lið, verði að fullu nýttir áður en hægt verði að óska eftir sérstökum opinberum fjárstuðningi.
8. Áhættuvísirinn, sem um getur í c-lið 5. mgr., skal taka hámarksgildi bilsins sem um getur í 3. skrefi I. viðauka fyrir:
- hverja stofnun sem er hluti af samstæðu sem hefur verið endurskipulögð eftir að hafa þegið fjármögnun frá ríkinu eða samsvarandi fjármögnun frá fjármögnunarfyrirkomulagi vegna skilameðferðar og er enn á endurskipulagningar- eða slitatímabili, nema á síðustu 2 árum framkvæmdar endurskipulagningaráætlunarinnar,
 - hverja stofnun sem er slitið þar til áætluðum slitum er lokið (að því marki sem hún getur enn greitt framlagið).
- Hann skal vera jafn lágmarksgildi bilsins sem um getur í 3. skrefi I. viðauka fyrir allar aðrar stofnanir.
9. Skilastjórnvaldið skal, að því er varðar 6., 7. og 8. mgr., byggja á matsgerðum sem lögbær yfirvöld gera þegar hægt er.

7. gr.

Hlutfallslegt vægi hvorrar áhættustöðar og hvers áhættuvísis

- Skilastjórnvaldið skal, þegar það metur áhættusnið hvorrar stofnunar, beita eftirfarandi vægi á áhættustöðirnar:
 - áhættustaða: 50%,
 - stöðugleika og fjölbreytni fjármögnunarleiða: 20%,
 - mikilvægi stofnunar vegna stöðugleika fjármálakerfisins eða hagkerfisins: 10%,
 - viðbótaráhættuvísium sem skilastjórnvaldið skal ákvarða: 20%.
- Hlutfallslegt vægi áhættuvísa sem skilastjórnvöldin skulu meta til að ákvarða stoðina „áhættustaða“ skal vera eftirfarandi:
 - eiginfjárgrunnur og hæfar skuldbindingar hjá stofnun sem eru umfram lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar: 25%,
 - vogunarhlutfall: 25%,
 - hlutfall almenns eigin fjár þáttar 1: 25%,
 - hlutfall heildaráhættugrunns af heildareignum: 25%.
- Hver áhættuvísir í stoðinni „stöðugleiki og fjölbreytni fjármögnunarleiða“ skal hafa jafnt vægi.
- Hlutfallslegt vægi hvers vísis sem skilastjórnvöldin skulu meta til að ákvarða stoðina „viðbótaráhættuvísar sem skilastjórnvaldið skal ákvarða“ skal vera eftirfarandi:
 - veltuvíðskipti og áhættuskuldbindingar utan efnahagsreiknings, afleiður, flækjustig og skilabærni: 45%,
 - aðild að stofnanaverndarkerfi: 45%,
 - umfang fyrri sérstaks opinbers fjárstuðnings: 10%.

Skilastjórnvaldið skal, við beitingu vísisins sem um getur í b-lið, taka tillit til hlutfallslegs vægis vísisins sem um getur í a-lið.

8. gr.

Beiting áhættuvísanna í sérstökum tilvikum

1. Skilastjórnvaldið skal beita vísinum, sem um getur í b-lið 3. mgr. 6. gr. þessarar reglugerðar, á stigi lausafjárundir-samstæða þegar lögbært yfirvald hefur veitt stofnun undanþágu í samræmi við 8. og 21. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013. Veita skal niðurstöðuna, sem vísirinn fær um lausafjárstöðu undirsamstæðu, til hvernar stofnunar sem er hluti af lausa-fjárundirsamstæðu að því er varðar útreikning á áhættuvísi þeirrar stofnunar.
2. Heimilt er að reikna út vísinn sem um getur í a-lið 2. mgr. 6. gr. þessarar reglugerðar á samstæðustigi þegar lögbæra yfirvaldið hefur að fullu veitt undanþágu frá beitingu eiginfjárfkrafa á stofnun á einingarstigi skv. 1. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 og skilastjórnvaldið hefur einnig að fullu veitt undanþágu frá beitingu á lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar á einingarstigi fyrir sömu stofnun í samræmi við 12. mgr. 45. gr. tilskipunar 2014/59/ESB. Veita skal niðurstöðuna, sem vísirinn fær á samstæðustigi, til hvernar stofnunar sem er hluti af samstæðunni að því er varðar útreikning á áhættuvísi þeirrar stofnunar.
3. Heimilt er að reikna út viðkomandi vísi á samstæðustigi þegar lögbært yfirvald hefur veitt undanþágu til stofnunar í öðrum aðstæðum sem skilgreindar eru í reglugerð (ESB) nr. 575/2013. Veita skal niðurstöðuna, sem vísarnir fá á samstæðustigi, til hvernar stofnunar sem er hluti af samstæðunni að því er varðar útreikning á áhættuvísnum þeirrar stofnunar.

9. gr.

Beiting áhættuleiðréttingar á árlegt grunnframlag

1. Skilastjórnvaldið skal ákvarða viðbótarmargfaldara áhættuleiðréttingarinnar fyrir hverja stofnun með því að sameina áhættuvísana sem um getur í 6. gr. í samræmi við formúluna og tilhögunina sem kemur fram í I. viðauka.
2. Skilastjórnvaldið skal ákvarða árlegt framlag hvernar stofnunar, með fyrirvara um 10. gr. fyrir hvert framlagstímabil, með því að margfalda árlegt grunnframlag með viðbótarmargfaldara áhættuleiðréttingar í samræmi við formúluna og tilhögunina sem kemur fram í I. viðauka.
3. Margfaldarinn fyrir áhættuleiðréttinguna skal vera á milli 0,8 og 1,5.

10. gr.

Árleg framlög lítilla stofnana

1. Stofnanir með heildarskuldbindingar, að frádragnum eiginfjárgrunni og tryggðum innstæðum sem eru jafnar eða lægri en 50 000 000 evrur og með heildareignir sem eru lægri en 1 000 000 000 evrur skulu greiða 1000 evru eingreiðslu í árlegt framlag fyrir hvert framlagstímabil.
2. Stofnanir með heildarskuldbindingar, að frádragnum eiginfjárgrunni og tryggðum innstæðum, sem eru hærri en 50 000 000 en jafnar eða lægri en 100 000 000 evrur og með heildareignir sem eru lægri en 1 000 000 000 evrur skulu greiða 2000 evru eingreiðslu í árlegt framlag fyrir hvert framlagstímabil.
3. Stofnanir með heildarskuldbindingar, að frádragnum eiginfjárgrunni og tryggðum innstæðum, sem eru hærri en 100 000 000 en jafnar eða lægri en 150 000 000 evrur og með heildareignir sem eru lægri en 1 000 000 000 evrur skulu greiða 7000 evru eingreiðslu í árlegt framlag fyrir hvert framlagstímabil.
4. Stofnanir með heildarskuldbindingar, að frádragnum eiginfjárgrunni og tryggðum innstæðum, sem eru hærri en 150 000 000 en jafnar eða lægri en 200 000 000 evrur og með heildareignir sem eru lægri en 1 000 000 000 evrur skulu greiða 15 000 evru eingreiðslu í árlegt framlag fyrir hvert framlagstímabil.
5. Stofnanir með heildarskuldbindingar, að frádragnum eiginfjárgrunni og tryggðum innstæðum, sem eru hærri en 200 000 000 en jafnar eða lægri en 250 000 000 evrur og með heildareignir sem eru lægri en 1 000 000 000 evrur skulu greiða 26 000 evru eingreiðslu í árlegt framlag fyrir hvert framlagstímabil.
6. Stofnanir með heildarskuldbindingar, að frádragnum eiginfjárgrunni og tryggðum innstæðum, sem eru hærri en 250 000 000 en jafnar eða lægri en 300 000 000 evrur og með heildareignir sem eru lægri en 1 000 000 000 evrur skulu greiða 50 000 evru eingreiðslu í árlegt framlag fyrir hvert framlagstímabil.
7. Skilastjórnvaldið skal, með fyrirvara um 8. mgr. og ef stofnunin veitir fullnægjandi sönnun þess að eingreiðslufjárhæðin, sem um getur í 1.–6. mgr., sé hærri en útreiknað framlag í samræmi við 5. gr., láta lægri fjárhæðina gilda.

8. Þrátt fyrir 1.–6. mgr. er skilastjórnvaldi heimilt að taka rökstudda ákvörðun um að áhættusnið stofnunar sé ekki í samræmi við smæð hennar og beita 5., 6., 7., 8. og 9. gr. á þá stofnun. Eftirfarandi viðmið skulu liggja til grundvallar þessari ákvörðun:

- a) viðskiptalíkan stofnunar,
- b) upplýsingarnar sem þessi stofnun veitir skv. 14. gr.,
- c) áhættustoðirnar og -vísarnir sem um getur í 6. gr.,
- d) mat lögbæra yfirvaldsins að því er varðar áhættusnið þeirrar stofnunar.

9. Ákvæði 1.–8. mgr. gilda ekki um þær stofnanir þar sem heildarskuldbindingar, að frádregnum eiginfjárgrunni og tryggðum innstæðum, eru jafnar eða lægri en 300 000 000 evrur þegar skuldbindingarnar sem um getur í 1. mgr. 5. gr. hafa verið dregnar frá.

10. Ekki skal taka tillit til undanþáganna, sem um getur í 1. mgr. 5. gr., þegar 1.–9. mgr. er beitt á stofnanir með heildarskuldbindingar, að frádregnum eiginfjárgrunni og tryggðum innstæðum, sem eru jafnar eða lægri en 300 000 000 evrur áður en skuldbindingarnar sem um getur í 1. mgr. 5. gr. hafa verið dregnar frá.

11. gr.

Árleg framlög stofnana sem falla undir 3. mgr. 45. gr. tilskipunar 2014/59/ESB

1. Reikna skal árleg framlög stofnana sem um getur í 3. mgr. 45. gr. tilskipunar 2014/59/ESB í samræmi við 9. gr., með fyrirvara um 10. gr., með því að nota 50% af árlegu grunnframlagi þeirra.

2. Skilastjórnvaldi er heimilt, fari svo að fjármögnunarfyrirkomulag vegna skilameðferðar sé notað að því er varðar stofnun sem um getur í 3. mgr. 45. gr. tilskipunar 2014/59/ESB í aðildarríki í einhverjum tilgangi sem um getur í 101. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, að taka rökstudda ákvörðun sem ákvarðar að 5., 6., 7., 8. og 9. gr. gildi um þær stofnanir sem hafa svipað eða hærra áhættusnið en áhættusnið stofnunarinnar sem hefur nýtt sér fjármögnunarfyrirkomulag vegna skilameðferðar í einhverjum tilgangi sem um getur í 101. gr. tilskipunar 2014/59/ESB. Þegar skilastjórnvald ákvarðar um líkindi milli áhættusniða vegna rökstuddar ákvörðunar sinnar skal það taka tillit til allra eftirfarandi þátta:

- a) viðskiptalíkans þeirrar stofnunar,
- b) upplýsinganna sem þessi stofnun hefur veitt skv. 14. gr.,
- c) áhættustoðanna og -vísanna sem um getur í 6. gr.,
- d) mats lögbærs yfirvalds að því er varðar áhættusnið þeirrar stofnunar.

12. gr.

Stofnanir sem hafa nýlega verið settar undir eftirlit eða breytta stöðu

1. Ef stofnun hefur nýlega verið sett undir eftirlit fyrir aðeins hluta af framlagstímabilinu skal ákvarða framlag að hluta til með því að beita aðferðafræðinni sem sett er fram í 3. þætti á fjárhæð árlegs framlags sem reiknað er út meðan næsta framlagstímabil á eftir gengur yfir með tilvísun til fjölda heilla mánaða framlagstímabilsins þar sem stofnunin er undir eftirliti.

2. Breyting á stöðu stofnunar, þ.m.t. lítillar stofnunar, á framlagstímabilinu skal ekki hafa áhrif á að árlega framlagið verði greitt á því tiltekna ári.

13. gr.

Ferli við söfnun árlegra framlaga

1. Skilastjórnvald skal tilkynna hverri stofnun sem um getur í 2. gr. um ákvörðun sína um árlegt framlag, sem hver stofnun skal greiða, eigi síðar en 1. maí ár hvert.

2. Skilastjórnvald skal tilkynna um ákvörðunina eftir einni af eftirfarandi leiðum:

- a) rafrænt eða með öðrum sambærilegum samskiptaðferðum þar sem gert er kleift að staðfesta móttöku,
- b) með ábyrgðarpósti, ásamt eyðublaði með staðfestingu á móttöku.

3. Í ákvörðuninni skal tilgreina skilyrðin fyrir því og aðferðirnar við að greiða árlega framlagið og deila óafturkræfu greiðsluskuldbindingunum sem um getur í 103. gr. tilskipunar 2014/59/ESB og hver stofnun getur notað. Skilastjórnvald skal einungis samþykkja tryggingu af þeirri tegund og samkvæmt skilyrðum sem heimila að gengið verði að þeim með skjótvirkum hætti, þ.m.t. ef svo fer að skilaákvörðun verði tekin yfir helgi. Trygging ætti að vera hóflega verðmetin til að endurspegla markaðsaðstæður sem hafa versnað umtalsvert.

4. Fari svo að einungis sé greitt að hluta, ekkert greitt eða að ekki sé farið að kröfunum sem koma fram í ákvörðuninni, og með fyrirvara um önnur úrræði sem skilastjórnvaldinu standa til boða, skal hlutaðeigandi stofnun sæta dagsektum á útistandandi fjárhæð afborgunarinnar.

Dráttarvextir á dagsektina skulu uppreiknast daglega með uppsöfnuðum hætti á gjaldfallna fjárhæð og vera þeir vextir sem Seðlabanki Evrópu notar við skammtímalánafyrirgreiðslur sínar, eins og þeir eru birtir í C-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og eru í gildi á fyrsta almanaksdegi þess mánaðar sem eindagi fellur á, að viðbættum átta prósentustigum, frá gjalddaga afborgunar.

5. Þegar stofnun hefur nýlega verið sett undir eftirlit fyrir aðeins hluta framlagstímabilsins skal innheimta hluta árlegs framlags hennar með árlega framlaginu sem greiða skal fyrir næsta framlagstímabil.

3. ÞÁTTUR

STJÓRNSÝSLURÁÐSTAFANIR OG -VIÐURLÖG

14. gr.

Upplýsingaskylda stofnana

1. Stofnanir skulu afhenda skilastjórnvaldinu síðustu samþykktu ársreikninga sem eru tiltækir fyrir 31. desember á árinu á undan framlagstímabilinu ásamt áritun sem löggiltur endurskoðandi eða endurskoðunarfyritæki leggur fram í samræmi við 32. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2013/34/ ESB ⁽¹⁾.
2. Stofnanir skulu að lágmarki afhenda skilastjórnvaldinu upplýsingarnar sem um getur í II. viðauka á stigi einstakra aðila.
3. Afhenda skal skilastjórnvaldinu upplýsingarnar í II. viðauka, sem falla undir kröfur um skýrslugjöf vegna eftirlits sem mælt er fyrir um í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 680/2014 ⁽²⁾ eða, þegar við á, af hálfu annarrar kröfu um skýrslugjöf vegna eftirlits sem stofnunin fellur undir samkvæmt landslögum, eins og stofnunin skilar þeim inn í síðustu viðkomandi eftirlitsskýrslu sem lögð er fram fyrir lögbæra yfirvaldið og inniheldur viðmiðunarár ársreiknings sem um getur í 1. mgr.
4. Afhenda skal upplýsingarnar, sem um getur í 1., 2. og 3. mgr., eigi síðar en 31. janúar ár hvert að því er varðar árið sem endaði 31. desember á fyrra ári, eða viðeigandi fjárhagsár sem á við. Afhenda skal upplýsingarnar, ef 31. janúar er ekki viðskiptadagur, á næsta viðskiptadegi á eftir.
5. Ef upplýsingar eða gögn sem eru afhent skilastjórnvöldum eru háð uppfærslum eða leiðréttingum skal afhenda lögbærum yfirvöldum slíkar uppfærslur og leiðréttingar án ótilhlýðilegrar tafar.
6. Stofnanirnar skulu leggja fram upplýsingarnar, sem um getur í II. viðauka, á gagnaeyðublöðunum og með framsetningunni sem skilastjórnvaldið tilgreinir.
7. Upplýsingarnar sem veittar eru í samræmi við 2. og 3. mgr. skulu falla undir trúnaðarkvöð og þagnarskyldukröfur sem settar eru fram í 84. gr. tilskipunar 2014/59/ESB.

(1) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/34/ESB frá 26. júní 2013 um árleg reikningsskil, samstæðureikningsskil og tilheyrandi skýrslur tiltekinna tegunda fyrirtækja, um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB og niðurfellingu tilskipana ráðsins 78/660/EBE og 83/349/EBE (Stjtíð. OJ L 182, 29.6.2013, bls. 19).

(2) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 680/2014 frá 16. apríl 2014 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar skýrslugjöf um eftirlit með stofnunum samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 (Stjtíð. ESB L 191, 28.6.2014, bls. 1).

15. gr.

Skyldur skilastjórnvalda til upplýsingaskipta

1. Skilastjórnvöld skulu afhenda Evrópska bankaeftirlitsstofnuninni upplýsingarnar sem þau taka við frá öllum stofnunum sem hafa staðfestu á yfirráðasvæði þeirra og varða millibankaskuldbindingar og -innlán sem um getur í I. viðauka á samtölustigi, að því er varðar útreikning á nefnara sem veittur er í áhættustöðinni sem um getur í c-lið 1. mgr. 7. gr., eigi síðar en 15. febrúar ár hvert.
2. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal, eigi síðar en 1. mars ár hvert, tilkynna hverju skilastjórnvaldi um tölugildi nefnara áhættustöðarinnar sem um getur í c-lið 1. mgr. 7. gr.

16. gr.

Upplýsingaskylda innstæðutryggingakerfa

1. Eigi síðar en 31. janúar ár hvert skulu innstæðutryggingakerfi láta skilastjórnvöldum í té útreikning á meðalfjárhæð tryggðra innstæða á undangengnu ári, reiknaða út ársfjórðungslega hjá öllum þeim lánastofnunum sem eru aðilar.
2. Veita skal þessar upplýsingar bæði á eininga- og samstæðustigi um hlutaðeigandi lánastofnanir í því skyni að gera skilastjórnvöldunum kleift að ákvarða árleg viðmiðunarmörk fjármögnunarfyrirkomulags vegna skilameðferðar í samræmi við 2. mgr. 4. gr. og til að ákvarða árleg grunnframlög hverrar stofnunar í samræmi við 5. gr.

17. gr.

Fullnusta

1. Ef stofnanir leggja ekki fram allar upplýsingarnar sem um getur í 14. gr. innan tímarammans sem gert er ráð fyrir í þeirri grein skal skilastjórnvald nota metnar stærðir eða eigin forsendur til að reikna út árlegt framlag hlutaðeigandi stofnunar.
2. Ef upplýsingarnar eru ekki veittar fyrir 31. janúar ár hvert er skilastjórnvaldi heimilt að úthluta hlutaðeigandi stofnun hæsta margfaldara áhættuleiðréttingar sem um getur í 9. gr.
3. Ef upplýsingarnar sem stofnanirnar lögðu fram eru endurgerðar eða sæta endurmati skal skilastjórnvaldið leiðrétta árlega framlagið í samræmi við uppfærðu upplýsingarnar eftir útreikning á árlegu framlagi þeirrar stofnunar fyrir eftirfarandi framlagstímabili.
4. Mismunurinn á því árlega framlagi sem reiknað var út og greitt á grunni upplýsinga sem síðar voru endurgerðar eða sættu endurmati og því árlega framlagi sem hefði átt að greiða eftir leiðréttingu árlega framlagsins skal gera upp með árlegu framlagi sem kemur til greiðslu á næsta framlagstímabili. Gera skal leiðréttinguna með því að lækka eða hækka framlög á eftirfarandi framlagstímabili.

18. gr.

Stjórnsýsluviðurlög og aðrar stjórnsýsluráðstafanir

Skilastjórnvöldum er heimilt að leggja stjórnsýsluviðurlög og aðrar stjórnsýsluráðstafanir sem um getur í 110. gr. tilskipunar 2014/59/ESB á einstaklinga eða einingar sem bera ábyrgð á brotum á þessari reglugerð.

4. ÞÁTTUR

SAMSTARFSSAMNINGAR

19. gr.

Samstarfssamningar

1. Lögbær yfirvöld skulu, til að tryggja að framlögin séu greidd í raun, aðstoða skilastjórnvöldin við að leysa af hendi verkefni samkvæmt þessari reglugerð ef síðarnefndi aðilinn óskar þess.
2. Lögbær yfirvöld skulu, samkvæmt beiðni, veita skilastjórnvöldum samskiptaupplýsingar þeirra stofnana sem tilkynna skal um ákvörðunina, sem um getur í 1. mgr. 13. gr., eigi síðar en 1. apríl ár hvert eða á næsta viðskiptadegi ef 1. apríl er ekki viðskiptadagur. Slíkar samskiptaupplýsingar vísa til heitis lögaðila, heitis einstaklings sem er í forsvari fyrir lögaðila, heimilisfangs, tölvupóstfangs, símanúmers, bréfasímanúmers eða annarra upplýsinga sem gera það kleift að auðkenna stofnun.

3. Lögbær yfirvöld skulu veita skilastjórnvöldum allar upplýsingar sem gera þeim kleift að reikna út árlegu framlögin, einkum allar upplýsingar sem varða viðbótaráhættuleiðréttingu og viðkomandi undanþágur sem lögbæru yfirvöldin hafa veitt stofnunum samkvæmt tilskipun 2013/36/ESB og reglugerð (ESB) nr. 575/2013.

5. ÞÁTTUR

LOKAÁKVÆÐI

20. gr.

Umbreytingarákvæði

1. Ef upplýsingarnar sem sérstakur vísir krefst, eins og um getur í II. viðauka, eru ekki innifaldar í gildandi kröfu um skýrslugjöf vegna eftirlits sem um getur í 14. gr. fyrir viðmiðunarárið, skal ekki beita þeim áhættuvísi fyrr en krafan um skýrslugjöf vegna eftirlits kemur til framkvæmda. Vægi annarra tiltækra áhættuvísa skal taka hlutfallslegum breytingum á vægi eins og kveðið er á um í 7. gr. svo að summa vægis þeirra sé 1. Viðkomandi lánastofnanir skulu, árið 2015 ef engar af upplýsingunum sem krafist er í 16. gr. eru tiltækar í innstæðutryggingakerfinu fyrir 31. janúar, að því er varðar útreikning árlega viðmiðunarmarksins, sem um getur í 2. mgr. 4. gr., eða árlegs grunnframlags hvernar stofnunar sem um getur í 5. gr., eftir tilkynningu frá innstæðutryggingakerfinu, láta skilastjórnvöldunum í té þær upplýsingar fyrir þá dagsetningu. Skilastjórnvöldin skulu, þrátt fyrir 1. mgr. 13. gr. að því er varðar framlög sem greiða á árið 2015, tilkynna hverri stofnun um ákvörðun sína sem ákvarðar árlegt framlag sem þær eiga að greiða eigi síðar en 30. nóvember 2015.

2. Greiða skal fjárhæðina sem fellur á gjalddaga samkvæmt ákvörðuninni sem um getur í 3. mgr. 13. gr. eigi síðar en 31. desember 2015, þrátt fyrir 4. mgr. 13. gr. og að því er varðar framlögin sem verða greidd árið 2015.

3. Veita skal upplýsingarnar sem um getur í þeirri málsgrein eigi síðar en 1. september 2015, þrátt fyrir 4. mgr. 14. gr. og að því er varðar upplýsingarnar sem láta skal skilastjórnvaldinu í té árið 2015.

4. Innstæðutryggingakerfin skulu, eigi síðar en 1. september 2015, láta skilastjórnvaldinu í té upplýsingarnar um fjárhæð tryggðra innstæða frá og með 31. júlí 2015, þrátt fyrir 1. mgr. 16. gr.

5. Aðildarríkjum er heimilt að leyfa stofnunum með heildarskuldbindingar, að frádregnum eiginfjárgrunni og tryggðum innstæðum, sem eru hærri en 300 000 000 evrur og með heildareignir sem eru jafnar eða minni en 300 000 000 evrur, að greiða 50 000 evra eingreiðslu fyrir fyrstu 300 000 000 evrur af heildarskuldbindingum, að frádregnum eiginfjárgrunni og tryggðum innstæðum, til loka upphaflega tímabilsins sem um getur í 1. mgr. 69. gr. reglugerðar (ESB) nr. 806/2014. Stofnanir þessar skulu leggja af mörkum í samræmi við 4.–9. gr. þessarar reglugerðar fyrir heildarskuldbindingar, að frádregnum eiginfjárgrunni og tryggðum innstæðum, sem eru hærri en 300 000 000 evrur.

21. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2015.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 21. október 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

I. VIÐAUKI

TILHÖGUN VIÐ ÚTREIKNING Á ÁRLEGUM FRAMLÖGUM STOFNANA

SKREF 1

Útreikningur á óunnum vísnum

Skilastjórnvaldið skal reikna út eftirfarandi vísa með því að beita eftirfarandi ráðstöfunum:

Stoð	Vísir	Ráðstafanir
Áhættustaða	Eiginfjárgrunnur og hæfar skuldbindingar hjá stofnun sem eru umfram lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar	$\left(\frac{\text{Eiginfjárgrunnur og hæfar skuldbindingar}}{\text{Heildarskuldbindingar að meðtöldum eiginfjárgrunni}} \right) - MREL$ <p>Þegar, að því er varðar þennan vísi:</p> <p>Eiginfjárgrunnur merkir summuna af eiginfjárbáttum 1 og 2 í samræmi við skilgreininguna í 118. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.</p> <p>Hæfar skuldbindingar eru summa skuldbindinganna sem um getur í 71. lið 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 2014/59/ESB.</p> <p>Heildarskuldbindingar eru skilgreindar í 11. mgr. 3. gr. þessarar reglugerðar. Telja skal afleiðuskuldir með í heildarskuldbindingum á grundvelli þess að tekið er að fullu tillit til jöfnunarréttinda mótaðilans.</p> <p>„Lágmarkskrafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar (MREL)“: lágmarkskrafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar eins og hún er skilgreind í 1. mgr. 45. gr. tilskipunar 2014/59/ESB.</p>
Áhættustaða	Vogunarhlutfall	Vogunarhlutfall eins og það er skilgreint í 429. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 og greint frá í samræmi við X. viðauka framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 680/2014.
Áhættustaða	Hlutfall almenns eigin fjár þáttar 1	Hlutfall almenns eigin fjár þáttar 1 eins og það er skilgreint í 92. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 og greint frá í samræmi við X. viðauka framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 680/2014.
Áhættustaða	Heildaráhættugrunnur/Heildareignir	$\left(\frac{\text{Heildaráhættugrunnur}}{\text{Heildareignir}} \right)$ <p>þar sem:</p> <p>„Heildaráhættugrunnur“: heildaráhættugrunnur eins og hann er skilgreindur í 3. mgr. 92. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.</p> <p>Heildareignir eru skilgreindar í 12. mgr. 3. gr. þessarar reglugerðar.</p>
Stöðugleiki og fjölbreytni fjármögnunar	Hlutfall stöðugrar fjármögnunar	Hlutfall stöðugrar fjármögnunar eins og greint er frá í samræmi við 415. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.
Stöðugleiki og fjölbreytni fjármögnunar	Lausafjárþekjuhlfall	Lausafjárþekjuhlfall eins og frá því er greint í samræmi við 415. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 og við framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/61.
Mikilvægi stofnunar vegna stöðugleika fjármálakerfisins eða hagkerfisins	Hlutfall millibankalána og -innlána í Evrópusambandinu	$\left(\frac{\text{Millibankalán + millibankainnlán}}{\text{Heildar millibankalán og -innlán í Evrópusambandinu}} \right)$ <p>þar sem:</p> <p>Millibankalán eru skilgreind sem summan af bókfærðu verði lána og fyrirframgreiðslna til lánastofnana og annarra fjármálafyrirtækja eins og ákvarðað er að því er varðar snið nr. 4.1, 4.2, 4.3 og 4.4 í III. viðauka við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 680/2014.</p>

Stoð	Vísir	Ráðstafanir
		<p>Millibankainnlán eru skilgreind sem bókfært verð innlána lánastofnana og annarra fjármálafyrirtækja eins og ákvarðað er að því er varðar snið nr. 8.1 í III. viðauka við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 680/2014.</p> <p>Heildar millibankalán og -innlán í Evrópusambandinu eru summa samtölu millibankalána og -innlána sem stofnanir í hverju aðildarríki búa yfir eins og þau eru reiknuð út í samræmi við 15. gr.</p>

SKREF 2

Strjálun vísanna

- Í meðfylgjandi tákun vísar n til stofnana, i vísar til vísa innan stoða og j vísar til stoða.
- Skilastjórnvaldið skal reikna út fjölda millibila, k_{ij} , fyrir hvern óunninn vísi sem hlýst af skrefi 1, x_{ij} , nema fyrir vísinn „umfang fyrri óreglulegs fjárstuðnings hins opinbera“, sem næstu heilu tölu við:

$$1 + \log_2(N) + \log_2 \left(1 + \frac{|g_{ij}|}{\sigma_g} \right)$$

þar sem:

N er fjöldi stofnana sem leggja af mörkum til fjármögnunarfyrirkomulags vegna skilameðferðar sem vísirinn er reiknaður út fyrir,

$$g_{ij} = \frac{\frac{1}{N} \sum_{n=1}^N (x_{ij,n} - \bar{x})^3}{\left[\frac{1}{N-1} \sum_{n=1}^N (x_{ij,n} - \bar{x})^2 \right]^{3/2}}$$

$$\bar{x} = \frac{\sum_{n=1}^N x_{ij,n}}{N}$$

$$\sigma_g = \sqrt{\frac{6(N-2)}{(N+1)(N+3)}}$$

- Skilastjórnvaldið skal úthluta fyrir hvern vísi, nema fyrir vísinn „umfang fyrri óreglulegs fjárstuðnings hins opinbera“, sama fjölda stofnana á hvert millibil og byrja á að úthluta stofnunum með lægstu gildi óunnins vísis í fyrsta millibilið. Fari svo að ekki sé hægt að skipta fjölda stofnana nákvæmlega niður á fjölda millibila er hverju fyrsta r millibili, sem hefst frá millibilinu er býr yfir stofnunum með lægsta gildi óunninna vísa, þar sem r er leifar af skiptingu fjölda stofnana, N , með fjölda millibila fyrir K ij , úthlutað viðbótarstofnun.
- Skilastjórnvaldið skal úthluta hverri stofnun, sem er aðili að ákveðnu millibili, gildið fyrir viðkomandi millibil, talið frá vinstri til hægri, til að gildi strjálaða vísisins sé skilgreint sem $I_{ij,n} = 1, \dots, k_{ij}$ fyrir hvern vísi, nema fyrir vísinn „umfang fyrri óreglulegs fjárstuðnings hins opinbera“.
- Skref þetta gildir aðeins um vísa sem skráðir eru undir a- og b-lið 5. mgr. 6. gr. ef skilastjórnvaldið ákvarðar að þeir séu samfelldar breytur.

SKREF 3

Breyting vísanna

Skilastjórnvaldið skal breyta hverjum vísi sem leiðir af skrefi 2, ij , hærrí en bilið 1–1000 með því að beita eftirfarandi formúlu:

$$RI_{ij,n} = (1\,000 - 1) * \frac{I_{ij,n} - \min_n I_{ij,n}}{\max_n I_{ij,n} - \min_n I_{ij,n}} + 1$$

Þegar rök lágmarks- og hámarkshlutverks skal vera gildi allra stofnana sem leggja af mörkum til þess fjármögnunarfyrirkomulags vegna skilameðferðar sem vísirinn er reiknaður út fyrir.

SKREF 4

Skrásetning útlutaðs merkis

1. Skilastjórnvaldið skal beita eftirfarandi merkjum á vísana:

Stoð	Vísir	Tákn
Áhættustaða	Eiginfjárgrunnur og hæfar skuldbindingar hjá stofnun sem eru umfram lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar	-
Áhættustaða	Vogunarlutfall	-
Áhættustaða	Hlutfall almenns eigin fjár þáttar 1	-
Áhættustaða	Heildaráhættugrunnur/Heildareignir	+
Stöðugleiki og fjölbreytni fjármögnunar	Hlutfall stöðugar fjármögnunar	-
Stöðugleiki og fjölbreytni fjármögnunar	Lausafjárþekjuhlfall	-
Mikilvægi stofnunar vegna stöðugleika fjármála-kerfisins eða hagkerfisins	Hlutfall millibankalána og -innlána í Evrópu-sambandinu	+
Viðbótaráhættuvísar sem skilastjórnvaldið skal ákvarða	Aðild að stofnanaverndarkerfi	-
Viðbótaráhættuvísar sem skilastjórnvaldið skal ákvarða	Umfang fyrri óreglulegs fjárstuðnings hins opinbera	+

Hæri gildi samsvara meiri áhættu sem tengist stofnun fyrir vísa með jákvæð formerki. Hæri gildi samsvara minni áhættu sem tengist stofnun fyrir vísa með neikvæð formerki.

Skilastjórnvaldið skal ákvarða veltuviðskipti vísanna, áhættuskuldbindingar utan efnahagsreiknings, afleiður, flækjustig og leysanleika og tilgreina formerki þetta til samræmis.

2. Skilastjórnvaldið skal beita eftirfarandi umbreytingu á hvern breyttan vísi sem hlýst af skrefi 3, $RI_{ij,n}$ til að innihalda formerki hans:

$$TRI_{ij,n} = \begin{cases} RI_{ij,n} & \text{if sign} = '-' \\ 1001 - RI_{ij,n} & \text{if sign} = '+' \end{cases}$$

SKREF 5

Útreikningur á samsettum vísi

1. Skilastjórnvaldið skal leggja saman vísana i innan hvernar j -stoðar fyrir milligöngu vegins meðalgildis með því að beita eftirfarandi formúlu:

$$PI_{j,n} = \sum_{ij=1}^{N_j} w_{ij} * TRI_{ij,n} = w_{1j} * TRI_{1j,n} + \dots + w_{N_j} * TRI_{N_j,n}$$

þar sem:

w_{ij} er vægi vísis i í j -stoð eins og skilgreint er í 7. gr.

N_j er fjöldi vísa innan j -stoðar.

2. Skilastjórnvaldið skal, til að reikna samsetningu vísis, leggja saman j -stoðirnar fyrir milligöngu vegins meðaltals með því að beita eftirfarandi formúlu:

$$CI_n = \prod_j PI_{j,n}^{W_j} = PI_{1,n}^{W_1} * \dots * PI_{j,n}^{W_j},$$

þar sem:

W_j er vægi j -stoðar eins og skilgreint er í 7. gr.

J er fjöldi stoða.

3. Skilastjórnvaldið skal beita eftirfarandi umbreytingu til að hægt verði að skilgreina lokasamsetningu vísisins með því að taka hærri gildi fyrir stofnanir með hærri áhættusnið:

$$FCI_n = 1000 - CI_n.$$

SKREF 6

Útreikningur á árlegum framlögum

1. Skilastjórnvaldið skal breyta lokasamsetningu hvers vísis sem leiðir af skrefi 5, FCI_n , hærri en bilið sem skilgreint er í 9. gr. með því að beita eftirfarandi formúlu:

$$\tilde{R}_n = (1,5 - 0,8) * \frac{FCI_n - \min_n FCI_n}{\max_n FCI_n - \min_n FCI_n} + 0,8$$

þegar rök lágmarks- og hámarkshlutverks skal vera gildi allra stofnana sem leggja af mörkum til þess fjármögnunar-fyrirkomulags vegna skilameðferðar sem lokasamsetning vísisins er reiknuð út fyrir.

2. Skilastjórnvaldið skal reikna árlegt framlag hvernar stofnunar n , nema að því er varðar stofnanir sem falla undir 10. gr. og nema fyrir eingreiðsluhluta framlaga stofnana sem aðildarríki beita á 5. mgr. 20. gr.:

$$c_n = Target * \frac{\frac{B_n}{\sum_{p=1}^N B_p} \cdot \tilde{R}_n}{\sum_{p=1}^N \left(\frac{B_p}{\sum_{q=1}^N B_q} \cdot \tilde{R}_p \right)}$$

þar sem:

p, q gefur upp stofnanir,

Viðmið er árlega viðmiðunarmarkið eins og skilastjórnvaldið ákvarðar það í samræmi við 2. mgr. 4. gr., að frádreginni summu framlaga sem reiknaðar eru úr í samræmi við 10. gr. og að frádreginni summu eingreiðslna sem heimilt er að greiða skv. 5. mgr. 20. gr.,

B_n er fjárhæð skuldbindinga (að undanskildum eiginfjárgrunni) að frádregnum tryggðum innstæðum n , eins og leiðrétt er í samræmi við 5. gr. og með fyrirvara um um beitingu 5. mgr. 20. gr.

*II. VIÐAUKI***GÖGN SEM LEGGJA ÞARF FYRIR SKILASTJÓRNVÖLDIN**

- Heildareignir, eins og þær eru skilgreindar í 12. mgr. 3. gr.
 - Heildarskuldbindingar, eins og þær eru skilgreindar í 11. mgr. 3. gr.
 - Skuldbindingar sem falla undir a-, b-, c-, d-, e- og f-lið 1. mgr. 5. gr.
 - Skuldbindingar sem koma til vegna afleiðusamninga
 - Skuldbindingar sem koma til vegna afleiðusamninga sem eru verðmetnir í samræmi við 3. mgr. 5. gr.
 - Tryggðar innstæður
 - Heildaráhættugrunnur
 - Eiginfjárgrunnur
 - Hlutfall almenns eigin fjár þáttar 1
 - Hæfar skuldbindingar
 - Vogunarhlutfall
 - Lausafjárþekjuhlutfall
 - Hlutfall stöðugrar fjármögnunar
 - Millibankalán
 - Millibankainnlán
-

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2016/1052****2022/EES/8/09****frá 8. mars 2016****um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 596/2014 um tæknilega eftirlitsstaðla fyrir skilyrðunum sem gilda um endurkaupaáætlanir og verðjöfnunarráðstafanir (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 596/2014 frá 16. apríl 2014 um markaðssvik (reglugerð um markaðssvik) og um niðurfellingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/6/EB og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 2003/124/EB, 2003/125/EB og 2004/72/EB ⁽¹⁾, einkum þriðju undirgrein 6. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Til að nýta undanþáguna frá banninu við markaðssvikum ættu viðskipti með eigin hlutabréf í endurkaupaáætlunum og viðskipti með verðbréf eða tengda gerninga til verðjöfnunar verðbréfa að uppfylla kröfurnar og skilyrðin sem sett eru fram í reglugerð (ESB) nr. 596/2014 og í þessari reglugerð.
- 2) Þrátt fyrir að reglugerð (ESB) nr. 596/2014 heimili verðjöfnun gegnum tengda gerninga ætti undanþágan fyrir viðskipti sem tengjast endurkaupaáætlunum að takmarkast við raunveruleg viðskipti með eigin hlutabréf útgefandans og ætti ekki að gilda um viðskipti með fjármálaafleiður.
- 3) Þar sem gagnsæi er forsenda þess að fyrirbyggja markaðssvik er nauðsynlegt að tryggja að fullnægjandi upplýsingar séu birtar eða tilkynntar áður, á meðan og eftir að viðskipti með eigin hlutabréf í endurkaupaáætlunum eiga sér stað og viðskipti vegna verðjöfnunar verðbréfa.
- 4) Til að fyrirbyggja markaðssvik þykir rétt að setja skilyrði að því er varðar kaupverðið og heimilað daglegt umfang viðskipta með eigin hlutabréf í endurkaupaáætlunum. Til að komast hjá sniðgöngu slíkra skilyrða ættu endurkaupaviðskipti að fara fram á viðskiptavettvangi þar sem hlutabréf útgefandans eru tekin til viðskipta eða viðskipti eru með þau. Umsamin viðskipti sem eiga ekki þátt í verðmyndun mætti þó nota í endurkaupaáætlun og gætu notið undanþágunnar, að því tilskildu að öll skilyrðin sem um getur í reglugerð (ESB) nr. 596/2014 og þessari reglugerð séu uppfyllt.
- 5) Til að forðast misnotkun undanþágunnar fyrir viðskipti með eigin hlutabréf í endurkaupaáætlunum er mikilvægt að í þessari reglugerð séu settar fram takmarkanir að því er varðar gerð viðskipta sem útgefandi getur stundað meðan á endurkaupaáætlun stendur og tímasetningu viðskipta með eigin hlutabréf. Þessar takmarkanir ættu þess vegna að koma í veg fyrir að útgefandinn selji eigin hlutabréf meðan á endurkaupaáætlun stendur og taka tillit til mögulegs tímabundins banns við viðskiptum innan útgefandans og þess að útgefandi getur haft lögmæta ástæðu til að seinka opinberri birtingu innherjaupplýsinga.
- 6) Verðjöfnun verðbréfa er ætlað að veita stuðning við verðið í tengslum við frumútboð eða útboð á eftirmarkaði í takmarkaðan tíma ef verðbréfin eru undir söluprýstingi og létta þannig á söluprýstingi frá skammtímafjárfestum og viðhalda skipulegum markaði fyrir þessi verðbréf. Hún stuðlar þannig að meiri tiltrú fjárfesta og útgefenda á fjármálamörkuðum. Þess vegna, í þágu fjárfesta sem hafa skráð sig fyrir eða keypt verðbréfin í tengslum við sölu á verulegum eignarhlut og í þágu útgefandans, ættu stórvíðskipti sem alfarið eru einkaviðskipti ekki að vera álitin sala á verulegum eignarhlut í verðbréfum.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 173, 30.6.2016, bls. 34. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 306/2019 frá 13. desember 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 14, 5.3.2020, bls. 61.

(1) Stjttíð. ESB L 173, 12.6. 2014, bls. 1.

- 7) Í tengslum við almennt frumútboð heimila tiltekin aðildarríki viðskipti áður en opinber viðskipti á skipulegum verðbréfamarkaði hefjast. Til þessa er almennt vísað sem „viðskipti við útgáfu“. Því ætti að vera mögulegt að því er varðar undanþáguna til verðjöfnunar verðbréfa, að verðjöfnunartímabilið hefjist fyrir upphaf opinberra viðskipta, að því tilskildu að tiltekin gagnsæis- og viðskiptaskilyrði séu uppfyllt.
- 8) Heilleiki markaðar kallar á fullnægjandi opinbera birtingu á verðjöfnunarráðstöfunum. Tilkynningar um verðjöfnunarviðskipti eru einnig nauðsynlegar til að gera lögbærum yfirvöldum kleift að hafa eftirlit með verðjöfnunarráðstöfunum. Til að tryggja vernd fjárfesta, verja heilleika markaða og aftra markaðssvikum er mikilvægt að við framkvæmd eftirlitsstarfsemi sinnar fái lögbær yfirvöld vitneskju um öll verðjöfnunarviðskipti, án tillits til þess hvort þau eigi sér stað innan eða utan viðskiptavettvangs. Ennfremur þykir rétt að skýra fyrirfram skiptingu ábyrgðarsviða milli útgefenda, tilboðsgjafa eða aðilanna sem annast verðjöfnunina að því er varðar uppfyllingu gildandi krafna um gagnaskil og gagnsæi. Slík skipting ábyrgðarsviða ætti að taka mið af hver býr yfir viðkomandi upplýsingum. Skipaði aðilinn ætti einnig að bera ábyrgð á að svara öllum beiðnum frá lögbæru yfirvaldi í hverju hlutaðeigandi aðildarríki. Til að tryggja sérhverjum fjárfesti eða markaðsaðila auðvelt aðgengi eru upplýsingarnar sem miðla á fyrir upphaf frumútboðs eða útboðs verðbréfanna, sem verðjafna á samkvæmt reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 809/2004 ⁽¹⁾, á eftirmarkaði veittar án þess að það hafi áhrif á upplýsingaskylduna skv. 6. gr. þessarar reglugerðar.
- 9) Fullnægjandi samræming ætti að vera til staðar milli allra verðbréfafyrirtækja og lánastofnana sem annast verðjöfnun. Á verðjöfnunartímabilinu ætti eitt verðbréfafyrirtæki eða ein lánastofnun að gegna hlutverki miðlægs tengiliðar fyrir fyrirspurnir vegna sérhverrar eftirlitsíhlutunar lögbærra yfirvalda í hlutaðeigandi aðildarríki.
- 10) Til að útvega tilföng og áhættuvörn vegna verðjöfnunarstarfseminnar ætti að heimila stuðning við verðjöfnun í formi umframsöluheimilda og umframsöluvalréttanna (e. *greenshoe options*). Þó er mikilvægt að setja skilyrði varðandi gagnsæi slíks stuðnings við verðjöfnun og með hvaða hætti hann er nýttur, þ.m.t. tímabilið sem hægt er að framkvæma hann á. Ennfremur ætti að huga sérstaklega að nýtingu verðbréfafyrirtækis eða lánastofnunar á umframsöluheimild að því er varðar verðjöfnun þegar hún leiðir til stöðu sem umframsöluvalréttur tekur ekki til.
- 11) Til þess að forðast rugling ætti verðjöfnun að fara fram þannig að tekið sé tillit til markaðsaðstæðna og útboðsverðs verðbréfanna. Viðskipti til að innleisa stöður sem stofnaðar voru sem afleiðing af verðjöfnunarráðstöfunum ættu að vera gerð til að lágmarka markaðsáhrif, að teknu tilhlýðilegu tilliti til ríkjandi markaðsskilyrða. Þar sem tilgangur verðjöfnunar er að styðja við verðið ætti sala verðbréfa sem keypt voru gegnum verðjöfnunarkaup, þ.m.t. sala til að gera síðari verðjöfnun mögulega, ekki að teljast til verðstuðnings. Hvorki þessar sölur né síðari kaup ættu að teljast misnotkun í sjálfu sér, jafnvel þótt þau njóti ekki undanþágunnar sem kveðið á um í reglugerð (ESB) nr. 596/2014.
- 12) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.
- 13) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir álitni hagsmunahóps á verðbréfamarkaði sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 ⁽²⁾.
- 14) Til að tryggja snurðulausa starfsemi fjármálamarkaðanna er nauðsynlegt að þessi reglugerð öðlist gildi sem fyrst og ákvæðin sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð komi til framkvæmda sama dag og þau sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 596/2014.

⁽¹⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 809/2004 frá 29. apríl 2004 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB að því er varðar upplýsingar í lýsingum, svo og framsetningu þeirra, upplýsingar felldar inn með tilvísun, og birtingu lýsinganna, svo og dreifingu auglýsinga (Stjtið. ESB L 149, 30.4.2004, bls. 1).

⁽²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjtið. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „tímasett endurkaupaáætlun“: endurkaupaáætlun þar sem dagsetningar og magn hlutabréfa sem ráðgert er að viðskipti verði með á tímabili áætlunarinnar eru sett fram þegar endurkaupaáætlunin er birt opinberlega,
- b) „fullnægjandi opinber birting“: að gera upplýsingar opinberar með hætti sem gerir almenningi kleift að nálgast þær fljótt og að leggja fullt, rétt og tímanlegt mat á þær í samræmi við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1055 ⁽¹⁾ og, eftir atvikum, í opinbera kerfinu sem um getur í 21. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/109/EB ⁽²⁾,
- c) „tilboðsgjafi“: fyrri eigandi verðbréfa eða aðilinn sem gefur þau út,
- d) „úthlutun“: ferlið eða ferlin sem unnið er eftir við ákvörðun á fjölda verðbréfa til handa fjárfestum sem hafa áður skráð sig fyrir þeim eða sótt um þau,
- e) „stuðningur við verðjöfnun“: beiting umframsöluheimildar eða umframsöluvalréttar verðbréfafyrirtækis eða lánastofnunar, í tengslum við sölu á verulegum eignarhlut verðbréfa einvörðungu til að auðvelda verðjöfnun,
- f) „umframsöluheimild“: ákvæði í sölutryggingarsamningi eða samningi við aðalumsjónaraðila (e. *lead management agreement*) sem heimilar að samþykktar séu skráningar eða kauptilboð á meira magni verðbréfa en boðið var í upphafi,
- g) „umframsöluvalréttur“: réttur sem tilboðsgjafi veitir verðbréfafyrirtæki/-fyrirtækjum eða lánastofnun/-stofnunum sem koma að útboði til að mæta umframeftirspurn, með ákvæðum um að slíku fyrirtæki/fyrirtækjum eða stofnun/stofnunum sé heimilt að kaupa tiltekið magn verðbréfa á útboðsverði í ákveðinn tíma eftir að verðbréfin eru boðin út.

II. KAFLI

ENDURKAUPAÁÆTLANIR

2. gr.

Upplýsinga- og tilkynningaskylda

1. Til að nýta undanþáguna sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 596/2014, áður en viðskipti hefjast innan endurkaupaáætlunar sem heimiluð eru í samræmi við 1. mgr. 21. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2012/30/ESB ⁽³⁾, skal útgefandinn tryggja fullnægjandi opinbera birtingu á eftirfarandi upplýsingum:

- a) tilgangi áætlunarinnar eins og um getur í 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 596/2014,

⁽¹⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1055 frá 29. júní 2016 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar tæknilegar leiðir til viðeigandi opinberrar birtingar innherjaupplýsinga og til að fresta opinberri birtingu innherjaupplýsinga í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 596/2014 (Stjtið. ESB L 173, 30.6.2016, bls. 47).

⁽²⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/109/EB frá 15. desember 2004 um samhæfingu krafna um gagnsæi í tengslum við upplýsingar um útgefendur verðbréfa sem eru skráð á skipulegan markað og um breytingu á tilskipun 2001/34/EB (Stjtið. ESB L 390, 31.12.2004, bls. 38).

⁽³⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/30/ESB frá 25. október 2012 um samræmingu verndarráðstafana, sem ætlað er að vera jafngildar í Bandalaginu og aðildarríki krefjast þegar almenningshlutafélög eru stofnuð og um tilskilið hlutafé og heimilaðar breytingar á hlutafé þeirra í skilningi annarrar málsgreinar 54. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins til að vernda hagsmuni félagsmanna og annarra (Stjtið. ESB L 315, 14.11.2012, bls. 74).

- b) hámarksþeningafjárhæð sem úthlutað er til áætlunarinnar,
- c) hámarksfjölda hlutabréfa sem kaupa á,
- d) tímabilið sem heimildin fyrir áætluninni gildir (hér á eftir: „gildistími áætlunarinnar“).

Útgefandinn skal tryggja fullnægjandi opinbera birtingu á síðari breytingum á áætluninni og upplýsingum sem hafa þegar verið birtar í samræmi við fyrstu undirgrein.

2. Útgefandi skal búa yfir kerfum sem gera honum kleift að uppfylla tilkynningaskyldur sínar við lögbæra yfirvaldið og að skrá hver þau viðskipti sem tengjast endurkaupaáætlun, þ.m.t. þær upplýsingar sem tilgreindar eru í 3. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 596/2014. Útgefandinn skal tilkynna lögbæru yfirvaldi hvers viðskiptavettvangs þar sem hlutabréfin eru tekin til viðskipta eða viðskipti eru með þau, eigi síðar en við lok sjöunda daglega viðskiptatímabils eftir daginn sem viðskiptin eru framkvæmd, um öll viðskipti sem varða endurkaupaáætlunina á ítarlegu og samanteknu formi. Samantekna formið skal sýna samanlagt magn og vegið meðalverð á dag og fyrir hvern viðskiptavettvang.

3. Útgefandinn skal tryggja fullnægjandi opinbera birtingu upplýsinganna um viðskiptin sem varða endurkaupaáætlunir sem um getur í 2. mgr. eigi síðar en við lok sjöunda daglega viðskiptatímabils eftir daginn sem slík viðskipti fara fram. Útgefandinn skal einnig birta á vefsetri sínu upplýsingar um þau viðskipti sem birt hafa verið og halda þeim upplýsingum aðgengilegum almenningi í a.m.k. 5 ár frá dagsetningu fullnægjandi opinberrar birtingar.

3. gr.

Skilyrði viðskipta

1. Til að falla undir undanþáguna sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 596/2014 skulu viðskipti sem varða endurkaupaáætlunir uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- a) útgefandinn skal kaupa hlutabréfin á viðskiptavettvangi þar sem þau eru tekin til viðskipta eða viðskipti eru með þau,
- b) sé um að ræða hlutabréf sem samfelld viðskipti eru með á viðskiptavettvangi skulu tilboð ekki lögð fram meðan á uppboðstímabili stendur og skal tilboðum sem lögð eru fram áður en uppboðstímabilið hefst ekki breytt á meðan það stendur yfir,
- c) sé um að ræða hlutabréf sem eingöngu eru viðskipti með á viðskiptavettvangi gegnum uppboð skulu tilboðin lögð fram og þeim breytt af útgefandanum meðan á uppboðinu stendur að því tilskildu að aðrir markaðsaðilar hafi nægjanlegan tíma til að bregðast við þeim.

2. Til að nýta undanþáguna sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 596/2014 skulu útgefendur, við framkvæmd viðskipta samkvæmt endurkaupaáætlun, ekki kaupa hlutabréf á herra verði en sem nemur verði síðustu óháðu viðskipta eða hæsta fyrirbyggjandi óháða kauptilboði á viðskiptavettvanginum þar sem kaupin fara fram, hvort sem er herra, þ.m.t. þegar viðskipti eru með hlutabréfin á mismunandi viðskiptavettvöngum.

3. Til að nýta undanþáguna sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 596/2014 skulu útgefendur, við framkvæmd viðskipta samkvæmt endurkaupaáætlun, ekki á neinum viðskiptadegi kaupa meira en sem nemur 25% meðalviðskiptamagns á dag með hlutabréfin á viðskiptavettvangnum þar sem kaupin fara fram.

Að því er varðar fyrstu undirgrein skal meðalviðskiptamagn á dag byggja á meðalmagni á dag sem viðskipti eru með á öðru hvoru eftirfarandi tímabili:

- a) mánuðinn á undan mánuðinum þegar upplýsingarnar sem krafist er skv. 1. mgr. 2. gr. eru birtar og skal vísa til slíks tiltekins magns í endurkaupaáætluninni og það gilda á gildistíma hennar,
- b) síðustu 20 viðskiptadagana á undan kaupdegi, ef ekki er vísað til þess magns í áætluninni.

4. gr.

Viðskiptatakmarkanir

1. Til að nýta undanþáguna sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 596/2014 skal útgefandinn ekki stunda eftirfarandi starfsemi á gildistíma endurkaupaáætlunarinnar:

- a) sölu eigin hlutabréfa,
- b) viðskipti á lokaða tímabilinu sem um getur í 11. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 596/2014,
- c) viðskipti þar sem útgefandinn hefur ákveðið að fresta opinberri birtingu innherjaupplýsinga í samræmi við 4. mgr. 17. gr. reglugerðar (ESB) nr. 596/2014.

2. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki ef:

- a) útgefandinn hefur sett sér tímasetta endurkaupaáætlun, eða
- b) endurkaupaáætlunin er í umsjón verðbréfafyrirtækis eða lánastofnunar sem tekur viðskiptaákvæðanir sínar um tímasetningu kaupa á hlutabréfum útgefandans óháð útgefandanum.

3. Ákvæði a-liðar 1. mgr. skal ekki gilda ef útgefandinn er verðbréfafyrirtæki eða lánastofnun og hefur komið á, hrint í framkvæmd og viðheldur fullnægjandi og skilvirku innra fyrirkomulagi og verklagi, sem lýtur eftirliti lögbærs yfirvalds, til að koma í veg fyrir að einstaklingar sem hafa aðgang að innherjaupplýsingum ljóstri með ólöglegum hætti upp innherjaupplýsingum sem varða útgefandann beint eða óbeint við aðila sem bera ábyrgð á ákvörðun um viðskipti með eigin hlutabréf, ef viðskiptin með eigin hlutabréf byggjast á slíkri ákvörðun.

4. Ákvæði b- og c-liðar 1. mgr. skulu ekki gilda ef útgefandinn er verðbréfafyrirtæki eða lánastofnun og hefur komið á, hrint í framkvæmd og viðheldur fullnægjandi og skilvirku innra fyrirkomulagi og verklagi, sem lýtur eftirliti lögbærs yfirvalds, til að koma í veg fyrir að einstaklingar sem hafa aðgang að innherjaupplýsingum ljóstri með ólöglegum hætti upp innherjaupplýsingum sem varða útgefandann beint eða óbeint, þ.m.t. kaupákvæðanir samkvæmt endurkaupaáætluninni, við aðila sem bera ábyrgð á viðskiptum með eigin hlutabréf fyrir hönd viðskiptavina, ef viðskiptin með eigin hlutabréf fara fram fyrir hönd þessara viðskiptavina.

III. KAFLI

VERÐJÖFNUNARRÁÐSTAFANIR

5. gr.

Skilyrði sem varða verðjöfnunartímabilið

1. Að því er varðar hlutabréf og önnur verðbréf jafngild hlutabréfum skal takmarkaða tímabilið sem um getur í a-lið 4. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 596/2014 (hér eftir „verðjöfnunartímabil“):

- a) ef um er að ræða sölu á verulegum eignarhlut í formi frumútboðs sem tilkynnt er opinberlega, hefjast á upphafsdegi viðskipta með verðbréfin á viðkomandi viðskiptavettvangi og ljúka eigi síðar en 30 almanaksdögum þar á eftir,
- b) ef um er að ræða sölu á verulegum eignarhlut í formi útboðs á eftirmarkaði, hefjast á dagsetningu fullnægjandi opinberrar birtingar á endanlegu verði verðbréfanna og ljúka eigi síðar en 30 almanaksdögum eftir dagsetningu úthlutunar.

2. Að því er varðar a-lið 1. mgr. skal verðjöfnunartímabilið, ef frumútboðið sem tilkynnt er opinberlega á sér stað í aðildarríki sem heimilar viðskipti áður en viðskipti hefjast á viðskiptavettvangi, hefjast á dagsetningu fullnægjandi opinberrar birtingar á endanlegu verði verðbréfanna og ekki vara lengur en í 30 almanaksdaga þar á eftir. Slík viðskipti skulu fara fram í samræmi við gildandi reglur viðskiptavettvangsins þar sem taka á verðbréfin til viðskipta, þ.m.t. reglur um opinbera birtingu upplýsinga og tilkynningar um viðskipti.

3. Að því er varðar skuldabréf og önnur form verðbréfaðra skulda, þ.m.t. verðbréfaðar skuldir sem eru breytanlegar eða skiptanlegar í hlutabréf eða önnur verðbréf sem eru jafngild hlutabréfum, skal verðjöfnunartímabilið hefjast á dagsetningu fullnægjandi opinberrar birtingar á skilmálum útboðs verðbréfanna og ljúka annað hvort eigi síðar en 30 almanaksdögum eftir daginn sem útgefandi gerninganna fær í hendur andvirði útgáfunnar eða eigi síðar en 60 almanaksdögum eftir úthlutunardag verðbréfanna, hvort heldur sem fyrr er.

6. gr.

Upplýsinga- og tilkynningaskylda

1. Áður en frumútboð verðbréfanna eða útboð þeirra á eftirmarkaði hefst skal aðilinn sem skipaður er í samræmi við 5. mgr. tryggja fullnægjandi opinbera birtingu eftirfarandi upplýsinga:

- a) að verðjöfnunin fari ekki endilega fram og að hún geti stöðvast hvenær sem er,
- b) að verðjöfnunarviðskipti miði að stuðningi við markaðsverð verðbréfanna á verðjöfnunartímabilinu,
- c) byrjun og lok verðjöfnunartímabilsins, sem verðjöfnun getur farið fram á,
- d) deili á þeim aðila sem annast verðjöfnunina, nema þau liggja ekki fyrir á þeim tíma sem upplýsingarnar eru birtar en þá skulu þau lúta kröfu um fullnægjandi opinbera birtingu áður en verðjöfnunin hefst,
- e) um sérhverja umframsöluheimild eða umframsöluvalrétt og hámarksfjölda verðbréfa sem sú heimild eða réttur tekur til, tímabilið sem nýta má umframsöluvalréttinn á og öll skilyrði fyrir nýtingu umframsöluheimildarinnar eða umframsöluvalréttarins, og
- f) hvar verðjöfnun kann að fara fram, þ.m.t., ef við á, heiti viðskiptavettvangs/-vettvanga.

2. Meðan á verðjöfnunartímabilinu stendur skulu þeir aðilar sem skipaðir eru skv. 5. mgr. tryggja fullnægjandi opinbera birtingu allra verðjöfnunarviðskipta eigi síðar en við lok sjöunda daglega viðskiptatímabils eftir dagsetninguna þegar slík viðskipti eru framkvæmd.

3. Innan einnar viku frá lokum verðjöfnunartímabilsins skal aðilinn sem skipaður er í samræmi við 5. mgr. tryggja fullnægjandi opinbera birtingu eftirfarandi upplýsinga:

- a) hvort verðjöfnunin fór fram eða ekki,
- b) dagsetningin þegar verðjöfnun hófst,
- c) dagsetningin þegar verðjöfnun fór síðast fram,
- d) verðbilið sem verðjöfnun fór fram á, fyrir hvern dag sem verðjöfnunarviðskipti fóru fram,
- e) eftir atvikum, viðskiptavettvangurinn/-vettvangarnir þar sem verðjöfnunarviðskiptin fóru fram.

4. Í þeim tilgangi að hlíta tilkynningarskyldunni sem sett er fram í 5. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 596/2014 skulu aðilarnir sem annast verðjöfnunina, hvort sem þeir koma fram fyrir hönd útgefandans eða tilboðsgjafans eða ekki, skrá öll verðjöfnunarfyrirmæli eða viðskipti með verðbréf og tengda gerninga skv. 1. mgr. 25. gr. og 1., 2. og 3. mgr. 26. gr. reglugerðar

Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 ⁽¹⁾. Aðilarnir sem annast verðjöfnunina, hvort sem þeir koma fram fyrir hönd útgefandans eða tilboðsgjafans eða ekki, skulu tilkynna öll verðjöfnunarviðskipti með verðbréf og tengda gerninga sem fara fram til:

- a) lögbærs yfirvalds hvers viðskiptavettvangs þar sem verðbréfin í verðjöfnuninni eru tekin til viðskipta eða viðskipti eru með þau,
- b) lögbærs yfirvalds hvers viðskiptavettvangs þar sem viðskipti með tengda gerninga til verðjöfnunar verðbréfa fara fram.

5. Útgefandinn, tilboðsgjafinn og sérhver aðili sem annast verðjöfnunina, sem og aðilarnir sem koma fram fyrir þeirra hönd, skulu skipa einn úr sínum hópi til að gegna hlutverki miðlægs tengiliðar sem ber ábyrgð á:

- a) að uppfylla kröfurnar um opinbera birtingu sem um getur í 1., 2. og 3. mgr. og
- b) að annast allar beiðnir frá lögbæru yfirvöldunum sem um getur í 4. mgr.

7. gr.

Verðskilyrði

1. Þegar um er að ræða útboð hlutabréfa eða annarra verðbréfa sem eru jafngild hlutabréfum skal verðjöfnun verðbréfanna ekki undir neinum kringumstæðum fara yfir útboðsverðið.
2. Þegar um er að ræða útboð verðbréfaðra skulda sem eru breytanlegar eða skiptanlegar í hlutabréf eða önnur verðbréf sem eru jafngild hlutabréfum skal verðjöfnun þeirra skuldagerninga ekki undir neinum kringumstæðum fara yfir markaðsverð þessara gerninga þegar lokaskilmálar nýja útboðsins eru birtir opinberlega.

8. gr.

Skilyrði fyrir stuðningi við verðjöfnun

Stuðningur við verðjöfnun skal fara fram í samræmi við 6. og 7. gr. og uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- a) umframsala verðbréfa skal eingöngu fara fram á skráningartímabilinu og á útboðsverði,
- b) staða sem stafar af nýtingu verðbréfafyrirtækis eða lánastofnunar á umframsöluheimild sem umframsöluvalrétturinn nær ekki til skal ekki vera hærri en sem nemur 5% af upprunalega útboðinu,
- c) rétthafar umframsöluvalréttar skulu einungis nýta slíkan rétt þegar umframsala verðbréfanna hefur verið heimiluð.
- d) umframsöluvalréttur skal ekki nema meira en 15% af upprunalega útboðinu,
- e) tímabilið sem nýta má umframsöluvalréttinn á skal vera það sama og verðjöfnunartímabilið skv. 5. gr.,
- f) tilkynna skal opinberlega og tafarlaust um nýtingu umframsöluvalréttar ásamt öllum viðeigandi upplýsingum, einkum dagsetningu nýtingar réttarins og fjölda og eðli viðkomandi verðbréfa.

⁽¹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á reglugerð ráðsins (ESB) nr. 648/2012 (Stjtíð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 84).

IV. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI*9. gr.***Gildistaka**

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 3. júlí 2016.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 8. mars 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2016/378****2022/EES/8/10****frá 11. mars 2016****um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar tímasetningu, form og sniðmát framlagningar
á tilkynningum til lögbærra yfirvalda samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins
(ESB) nr. 596/2014 (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 596/2014 frá 16. apríl 2014 um markaðssvik (reglugerð um markaðssvik) og um niðurfellingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/6/EB og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 2003/124/EB, 2003/125/EB og 2004/72/EB ⁽¹⁾, einkum þriðju undirgrein 5. mgr. 4. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Til þess að tryggja samræmi í tilkynningaskyldu og til að draga úr rekstrarlegu álagi aðila sem falla undir slíka skyldu er nauðsynlegt að samræma tilkynningaskyldurnar í þessari reglugerð og í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar sem samþykkja skal í samræmi við þriðju undirgrein 3. mgr. 27. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 ⁽²⁾.
- 2) Til að gera lögbærum yfirvöldum og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni kleift að tryggja gæði gagna og skilvirkt markaðseftirlit, í þágu heilleika markaðar, ættu lögbær yfirvöld og Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin að geta fengið fullfrágengnar tilkynningar um hvern viðskiptadag tafarlaust.
- 3) Til þess að lögbær yfirvöld geti notað gögn á hagkvæman og skilvirkan hátt ætti að vera samræmi í sniðmáti og formi sem notað er þegar tilkynningar um fjármálagerninga eru sendar. Þessum markmiðum er þjónað með því að fylgja viðeigandi alþjóðlegum stöðlum að því er varðar þau atriði sem eru í þessum tilkynningum.
- 4) Þessi reglugerð byggist á drögum að tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.
- 5) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu framkvæmdarstöðlunum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir álitni hagsmunahópsins á verðbréfamarkaði sem komið var á fót með 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 ⁽³⁾.
- 6) Til að tryggja snurðulausa starfsemi fjármálamarkaðanna er nauðsynlegt að þessi reglugerð öðlist gildi sem fyrst og ákvæðin sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð komi til framkvæmda sama dag og þau sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 596/2014.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 72, 17.3.2016, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 306/2019 frá 13. desember 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 14, 5.3.2020, bls. 61.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 1.

⁽²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á reglugerð ráðsins (ESB) nr. 648/2012 (Stjtið. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 84).

⁽³⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin) um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjtið. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

1. Viðskiptavettvangur skal, eigi síðar en kl. 21:00 að Mið-Evróputíma (CET) á hverjum degi sem hann er opinn fyrir viðskipti, og með því að nota sjálfvirka ferla, tilkynna lögbæru yfirvaldi sínu skv. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 596/2014 um alla fjármálagerninga sem óskað var eftir að yrðu teknir til viðskipta eða voru teknir til viðskipta eða viðskipti voru með í fyrsta sinn á þeim viðskiptavettvangi fyrir kl. 18:00 að Mið-Evróputíma þann sama dag, þ.m.t. ef fyrirmæli/tilboð eða verðtilboð voru lögð fram gegnum kerfi hans, eða sem viðskiptum var hætt með eða hætt var að taka til viðskipta á viðskiptavettvangnum.

2. Viðskiptavettvangurinn skal eigi síðar en kl. 21:00 næsta dag sem hann er opinn fyrir viðskipti tilkynna lögbæra yfirvaldinu, með því að nota sjálfvirka ferla, um fjármálagerninga sem óskað var eftir að yrðu teknir til viðskipta eða voru teknir til viðskipta eða viðskipti voru með í fyrsta sinn á viðskiptavettvangnum eftir kl. 18:00 að Mið-Evróputíma, þ.m.t. ef fyrirmæli/tilboð eða verðtilboð voru lögð fram gegnum kerfi hans, eða sem viðskiptum var hætt með eða hætt var að taka til viðskipta á viðskiptavettvangnum.

3. Lögbær yfirvöld skulu senda Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni tilkynningar sem um getur í 1. og 2. mgr. skv. 2. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 596/2014 eigi síðar en kl. 23:59 að Mið-Evróputíma á hverjum degi með því að nota sjálfvirka ferla og öruggar, rafrænar samskiptaleiðir milli sín og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar.

2. gr.

Allar upplýsingar sem koma skulu fram í tilkynningunum skv. 1. og 2. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 596/2014 skulu lagðar fram í samræmi við þá staðla og snið sem tilgreind eru í viðauka þessarar reglugerðar á rafrænu og tölvulesanlegu formi og í sameiginlegu XML-sniðmáti í samræmi við aðferðafræði ISO 20022.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 3. júlí 2016.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 11. mars 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Staðlar og snið sem nota skal við framlagningu á tilkynningum til lögbærra yfirvalda samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 596/2014

Tafla 1

Skýringar fyrir töflu 3

TÁKN	GAGNATEGUND	SKILGREINING
{ALPHANUM-n}	Allt að n-alstöfum	Reitur fyrir frjálsan texta.
{CFI_CODE}	6 stafir	ISO 10962 CFI-kóði.
{COUNTRYCODE_2}	2 alstafir	Tveggja bókstafa landskóði, samkvæmt skilgreiningu ISO 3166-1 alpha-2 landskóði.
{CURRENCYCODE_3}	3 alstafir	Þriggja bókstafa gjaldmiðilskóði, samkvæmt skilgreiningu ISO 4217 gjaldmiðilskóðum
{DATE_TIME_FORMAT}	ISO 8601 dagsetningar- og tímasnið	<ul style="list-style-type: none"> — Dagsetning og tími á eftirfarandi sniði: — ÁÁÁÁ-MM-DDTkk:mm:ss.dddddZ. — „ÁÁÁÁ“ er árið, — „MM“ er mánuðurinn, — „DD“ er dagurinn, — „T“ — merkir að nota skuli bókstafinn „T“, — „kk“ er klukkustundin, — „mm“ er mínútan, — „ss.ddddd“ eru sekúndan og sekúndubrot hennar, — Z er samræmdur heimstími (UTC). Dagsetningar og tíma skal tilkynna á samræmdum heimstíma (UTC).
{DATEFORMAT}	ISO 8601 dagsetningarsnið	Dagsetningar skulu vera á eftirfarandi sniði: ÁÁÁÁ-MM-DD.
{DECIMAL-n/m}	Tugabrot upp að n tölustöfum alls, þar sem allt að m tölustafir þar af geta verið brotatölur	Talnareitur fyrir bæði plús- og mínusgildi. <ul style="list-style-type: none"> — táknið sem skilur á milli heiltöluhlutans og aukastafa er „.“ (punktur), — mínustölur eru með forskeytinu „-“ (mínus), Gildi eru námunduð og ekki stýfð.

TÁKN	GAGNATEGUND	SKILGREINING
{INDEX}	4 bókstafir	<p>„EONA“ — EONIA</p> <p>„EONS“ — EONIA</p> <p>SKIPTASAMNINGUR</p> <p>„EURI“ — EURIBOR</p> <p>„EUUS“ — EURODOLLAR</p> <p>„EUCH“ — EuroSwiss</p> <p>„GCFR“ — GCF REPO</p> <p>„ISDA“ — ISDAFIX</p> <p>„LIBI“ — LIBID</p> <p>„LIBO“ — LIBOR</p> <p>„MAAA“ — Muni AAA</p> <p>„PFAN“ — Pfandbriefe</p> <p>„TIBO“ — TIBOR</p> <p>„STBO“ — STIBOR</p> <p>„BBSW“ — BBSW</p> <p>„JIBA“ — JIBAR</p> <p>„BUBO“ — BUBOR</p> <p>„CDOR“ — CDOR</p> <p>„CIBO“ — CIBOR</p> <p>„MOSP“ — MOSPRIM</p> <p>„NIBO“ — NIBOR</p> <p>„PRBO“ — PRIBOR</p> <p>„TLBO“ — TELBOR</p> <p>„WIBO“ — WIBOR</p> <p>„TREA“ — Ríkissjóður</p> <p>„SWAP“ — SKIPTASAMNINGUR</p> <p>„FUSW“ — Framtíðarskiptasamningur (e. <i>Future SWAP</i>)</p>
{INTEGER-n}	Heil tala allt að n tölustafir alls	Talnareitur fyrir bæði jákvæð og neikvæð heiltölugildi.
{ISIN}	12 alstafir	ISIN-kóði eins og hann er skilgreindur í ISO 6166.
{LEI}	20 alstafir	Auðkenni lögaðila eins og það er skilgreint í ISO 17442.
{MIC}	4 alstafir	Markaðsauðkenni eins og það er skilgreint í ISO 10383.
{FISN}	35 alstafir	FISN-kóði eins og hann er skilgreindur í ISO 18774.

Tafla 2

Flokkun á hrávöruafleiðum og afleiðum með losunarheimildir fyrir töflu 3 (reitir 35–37)

Grunnafurð	Undirafurð	Frekari undirafurð
„AGRI“ — Landbúnaður	„GROS“ — Korn og olíufræ	„FWHT“ — Fóðurhveiti „SOYB“ — Sojabaunir „CORN“ — Maís „RPSD“ — Repjufræ „RICE“ — Hrísgjón „OTHR“ — Annað
	„SOFT“ — Mjúkar hrávörur	„CCOA“ — Kakó „ROBU“ — Robusta kaffi „WHSG“ — Hvítur sykur „BRWN“ — Hrásykur „OTHR“ — Annað
	„POTA“ — Kartöflur	
	„OOLI“ — Ólífuolía	„LAMP“ — Bómolía
	„DIRY“ — Mjólkurafurðir	
	„FRST“ — Skógrækt	
	„SEAF“ — Fiskur og aðrar sjávarafurðir	
	„LSTK“ — Búfé	
	„GRIN“ — Korn	„FWHT“ — Hveiti til mölunar
„NRGY“ Orka	„ELEC“ - Raforka	„BSLD“ — Grunnálag „FITR“ — Fjárhagsleg flutningsréttindi „PKLD“ — Álagstoppur „OFFP“ — Utan álagstoppa „OTHR“ — Annað
	„NGAS“ — Jarðgas	„GASP“ — GASPOOL „LNGG“ — LNG „NBPG“ — NBP „NCGG“ — NCG „TTFG“ — TTF

Grunnafurð	Undirafurð	Frekari undirafurð
	„OILP“ — Olía	„BAKK“ — Bakken „BDSL“ — Lífdísilolía „BRNT“ — Brent „BRNX“ — Brent NX „CNDA“ — Kanadísk „COND“ — Þétta (e. <i>condensate</i>) „DSEL“ — Dísilolía „DUBA“ — Dúbaí „ESPO“ — ESPO „ETHA“ — Etanól „FUEL“ — Eldsneyti „FOIL“ — Brennsluolía „GOIL“ — Gasolía „GSLN“ — Bensín „HEAT“ — Olía til upphitunar „JTFL“ — Þotueldsneyti „KERO“ — Steinolía „LLSO“ — Light Louisiana Sweet (LLS) „MARS“ — Mars „NAPH“ — Nafta „NGLO“ — NGL „TAPI“ — Tapis „URAL“ — Úralolía „WTIO“ — WTI (West Texas Intermediate)
	„COAL“ — Kol „INRG“ — Aðrir orkugjafar (e. <i>Inter Energy</i>) „RNNG“ — Endurnýjanleg orka „LGHT“ — Léttar olíufurðir „DIST“ — Eimi	
„ENVR“ — Umhverfislegt	„EMIS“ — Losun	„CERE“ — Einingar vottaðrar losunarskerðingar (CER) „ERUE“ — Losunarskerðingareiningar (ERU) „EUAE“ — Losunarheimildir Evrópusambandsins (EUA) „EUAA“ — Losunarheimildir Evrópusambandsins vegna flugs (EUAA) „OTHR“ — Annað
	„WTHR“ — Veður „CRBR“ — Kolefnistengt	

Grunnafurð	Undirafurð	Frekari undirafurð
„FRGT“ — Farmur	„WETF“ — Fljótandi farmur	„TNKR“ - Tankskip
	„DRYF“ — Þurrvara	„DBCR“ - Búlkaskip fyrir farm í föstu formi
	„CSHP“ — Gámaskip	
„FRTL“ — Áburður	„AMMO“ — Ammoníak „DAPH“ — DAP (díammóníumfosfat) „PTSH“ — Pottaska „SLPH“ — Brennisteinn „UREA“ — Þvagefni „UAAN“ — UAN (Þvagefni og ammóníumnítrat)	
„INDP“ — Iðnaðarvörur	„CSTR“ — Byggingarstarfsemi „MFTG“ — Framleiðsla	
„METL“ — Málmar	„NPRM“ — Annar málmur en góðmálmur	„ALUM“ — Ál „ALUA“ — Álblendi „CBLT“ — Kóbalt „COPR“ — Kopar „IRON“ — Járngryti „LEAD“ — Blý „MOLY“ — Mólýbden „NASC“ — NASAAC „NICK“ — Nikkel „STEL“ — Stál „TINN“ — Tin „ZINC“ — Sink „OTHR“ — Annað
	„PRME“ — Góðmálmar	„GOLD“ — Gull „SLVR“ — Silfur „PTNM“ — Platína „PLDM“ — Palladíum „OTHR“ — Annað
„MCEX“ — Fleiri en ein hrávara, framandi (e. <i>Multi commodity Exotic</i>)		
„PAPR“ — Pappír	„CBRD“ — Karton „NSPT“ — Dagblaðapappír „PULP“ — Pappírsmauk „RCVP“ — Endurheimtur pappír	

Grunnafurð	Undirafurð	Frekari undirafurð
„POLY“ — Pólýprópylen	„PLST“ — Plast	
„INFL“ — Verðbólga		
„OEST“ — Opinberar hagtölur		
„OTHC“ — Aðrar C10 eins og þær eru skilgreindar í töflu 10.1 í 10. þætti III. viðauka við framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um kröfur um gagnsæi fyrir viðskiptavettvanga og verðbréfafyrirtæki að því er varðar skuldabréf, samsettar fjármálaafurðir, losunarheimildir og afleiður.	„DLVR“ — Til afhendingar „NDLV“ — Án afhendingar	
„OTHR“ — Annað		

Tafla 3

Staðlar og snið sem nota skal í tilkynningum til framlagningar í samræmi við 1. og 2. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 596/2014

N.	REITUR	STAÐLAR OG SNIÐ SEM NOTA SKAL TIL UPPLÝSINGAGJAFAR
Almennir reitir		
1	Auðkenniskóði gernings	{ISIN}
2	Fullt heiti gernings	{ALPHANUM-350}
3	Flokkun gernings	{CFI_CODE}
4	Hrávörufleidduvísir	„rétt“ — Já „rangt“ — Nei
Reitir tengdir útgefanda		
5	Auðkenni útgefanda eða rekstraraðila viðskiptavettvangs	{LEI}
Reitir tengdir viðskiptavettvangi		
6	Viðskiptavettvangur	{MIC}
7	Stuttnefni fjármálagernings	{FISN}
8	Beiðni útgefanda um töku til viðskipta	„rétt“ — Já „rangt“ — Nei

N.	REITUR	STAÐLAR OG SNIÐ SEM NOTA SKAL TIL UPPLÝSINGAGJAFAR
9	Dagsetning samþykkis töku til viðskipta	{DATE_TIME_FORMAT}
10	Dagsetning beiðni um töku til viðskipta	{DATE_TIME_FORMAT}
11	Dagsetning töku til viðskipta eða dagsetning fyrstu viðskipta	{DATE_TIME_FORMAT}
12	Uppsagnardagur	{DATE_TIME_FORMAT}

Reitir sem tengjast grundvallarfjárhæð

13	Undirliggjandi gjaldmiðill 1	{CURRENCYCODE_3}
----	------------------------------	------------------

Reitir tengdir skuldabréfum eða öðrum verðbréfuðum skuldum

14	Nafnverð heildarútgáfu	{DECIMAL-18/5}
15	Lokagjalddagi	{DATEFORMAT}
16	Gjaldmiðill nafnvirðis	{CURRENCYCODE_3}
17	Nafnvirði á hverja einingu/lágmarksvirði viðskipta	{DECIMAL-18/5}
18	Föst ávöxtun	{DECIMAL-11/10} Gefið upp sem hundradshluti (t.d. 7,0 merkir 7% og 0,3 merkir 0,3%)
19	Auðkenni vísitölu/viðmiðunar skuldabréfs með breytilegum vöxtum	{ISIN}
20	Heiti vísitölu/viðmiðunar skuldabréfs með breytilegum vöxtum	{INDEX} Eða {ALPHANUM-25} — ef vísitalan er ekki á {INDEX}-listanum
21	Gildistími vísitölu/viðmiðunar skuldabréfs með breytilegum vöxtum.	{INTEGER-3}+„DAYS“ — dagar {INTEGER-3}+„WEEK“ — vikur {INTEGER-3}+„MNTH“ — mánuðir {INTEGER-3}+„YEAR“ — ár
22	Grunnpunktaverðbil vísitölu/viðmiðunar skuldabréfs með breytilegum vöxtum	{INTEGER-5}
23	Rétthæð skuldabréfs	„SNDB“ — Forgangslán (e. <i>senior</i>) „MZZD“ — Millilagslán (e. <i>mezzanine</i>) „SBOD“ — Víkjandi lán (e. <i>subordinated</i>) „JUND“ — Mjög víkjandi lán (e. <i>junior</i>)

N.	REITUR	STAÐLAR OG SNIÐ SEM NOTA SKAL TIL UPPLÝSINGAGJAFAR
Reitir tengdir afleiðum og verðbréfuðum afleiðum		
24	Lokadagsetning	{DATEFORMAT}
25	Verðmargfaldari	{DECIMAL-18/17}
26	Kóði undirliggjandi gernings	{ISIN}
27	Undirliggjandi útgefandi	{LEI}
28	Heiti undirliggjandi vísitölu	{INDEX} Eða {ALPHANUM-25} — ef vísitalan er ekki á {INDEX}-listanum
29	Gildistími undirliggjandi vísitölu	{INTEGER-3}+„DAYS“ — dagar {INTEGER-3}+„WEEK“ — vikur {INTEGER-3}+„MNTH“ — mánuðir {INTEGER-3}+„YEAR“ — ár
30	Tegund valréttar	„PUTO“ — söluréttur „CALL“ — kaupréttur „OTHR“ — sé ekki unnt að ákvarða hvort um er að ræða kauprétt eða sölurétt
31	Lausnarverð	{DECIMAL-18/13} sé verðið gefið upp sem peningafjárhæð {DECIMAL-11/10} sé verðið gefið upp sem prósentu eða ávöxtun {DECIMAL-18/17} sé verðið gefið upp í grunnpunktum „PNDG“ ef verðið liggur ekki fyrir
32	Gjaldmiðill lausnarverðs	{CURRENCYCODE_3}
33	Tegund nýtingar valréttar	„EURO“ — evrópskur „AMER“ — bandarískur „ASIA“ — Asískur „BERM“ — bermúdaeyskur „OTHR“ — aðrar tegundir
34	Tegund afhendingar	„PHYS“ — hlutrænt uppgjör „CASH“ — uppgjör með reiðufé „OPTN“ — valkvætt fyrir mótaðila eða þegar þriðji aðili ákvarðar tegundina

N.	REITUR	STAÐLAR OG SNIÐ SEM NOTA SKAL TIL UPPLÝSINGAGJAFAR
Hrávöruafleiður og afleiður með losunarheimildir		
35	Grunnafurð	Aðeins gildi í dálknum „Grunnafurð“ í töflunni yfir flokkun hrávöruafleiðna og afleiðna með losunarheimildir eru leyfileg.
36	Undirafurð	Aðeins gildi í dálknum „Undirafurð“ í töflunni yfir flokkun hrávöruafleiðna og afleiðna með losunarheimildir eru leyfileg.
37	Frekari undirafurð	Aðeins gildin í dálknum „Frekari undirafurð“ í töflunni yfir flokkun hrávöruafleiðna og afleiðna með losunarheimildir eru leyfileg.
38	Tegund viðskipta	„FUTR“ — Framtíðarsamningar „OPTN“ — Valréttir „TAPO“ — TAPOS „SWAP“ — Skiptasamningar „MINI“ — Minis „OTCT“ — OTC-viðskipti „ORIT“ — Bein sala (e. <i>outright</i>) „CRCK“ — Crack „DIFF“ — Mismunasamningar (e. <i>differential</i>) „OTHR“ — Annað
39	Tegund endanlegs verðs	„ARGM“ — Argus/McCloskey „BLTC“ — Baltic „EXOF“ — Exchange „GBCL“ — GlobalCOAL „IHSM“ — IHS McCloskey „PLAT“ — Platts „OTHR“ — Annað

Vaxtaafleiður

— Reitina í þessum þætti skal aðeins fylla út fyrir gerninga þar sem undirliggjandi þátturinn er ófjárhagslegur gerningur af tegundinni „vextir“.

40	Viðmiðunarvextir	{INDEX} Eða {ALPHANUM-25} - ef viðmiðunarvextirnir eru ekki á {INDEX}-listanum
----	------------------	--

N.	REITUR	STAÐLAR OG SNIÐ SEM NOTA SKAL TIL UPPLÝSINGAGJAFAR
41	Gildistími vaxtasamnings	{INTEGER-3}+„DAYS“ — dagar {INTEGER-3}+„WEEK“ — vikur {INTEGER-3}+„MNTH“ — mánuðir {INTEGER-3}+„YEAR“ — ár
42	Undirliggjandi gjaldmiðill 2	{CURRENCYCODE_3}
43	Fastir vextir í 1. legg	{DECIMAL-11/10} Gefið upp sem hundraðshluti (t.d. 7,0 merkir 7% og 0,3 merkir 0,3%)
44	Fastir vextir í 2. legg	{DECIMAL-11/10} Gefið upp sem hundraðshluti (t.d. 7,0 merkir 7% og 0,3 merkir 0,3%)
45	Breytilegir vextir 2. leggjar	{INDEX} Eða {ALPHANUM-25} — ef viðmiðunarvextirnir eru ekki á {INDEX}-listanum
46	Gildistími vaxtasamnings fyrir 2. legg	{INTEGER-3}+„DAYS“ — dagar {INTEGER-3}+„WEEK“ — vikur {INTEGER-3}+„MNTH“ — mánuðir {INTEGER-3}+„YEAR“ — ár

Gjaldeyrifafléiður

— Reitina í þessum þætti skal aðeins fylla út fyrir gerninga þar sem undirliggjandi þátturinn er ófjárhagslegur gerningur af tegundinni „gjaldeyris“.

47	Undirliggjandi gjaldmiðill 2	{CURRENCYCODE_3}
48	Tegund gjaldmiðils	„FXCR“— Krossgengi gjaldmiðla „FXEM“— Gjaldmiðlar nýmarkaða „FXMJ“— Helstu gjaldmiðlar

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2016/1055****2022/EES/8/11****frá 29. júní 2016****um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar tæknilegar leiðir til viðeigandi opinberrar birtingar
innherjaupplýsinga og til að fresta opinberri birtingu innherjaupplýsinga í samræmi við reglugerð
Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 596/2014 (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 596/2014 frá 16. apríl 2014 um markaðssvik (reglugerð um markaðssvik) og um niðurfellingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/6/EB og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 2003/124/EB, 2003/125/EB og 2004/72/EB ⁽¹⁾, einkum 10. mgr. 17. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Vernd fjárfesta krefst þess að útgefendur og þátttakendur á markaði með losunarheimildir birti innherjaupplýsingar opinberlega á skilvirkan hátt og tímanlega. Til að tryggja jafnt aðgengi fjárfesta að innherjaupplýsingum á vettvangi Sambandsins ætti að birta öllum flokkum fjárfesta um gervallt Sambandið innherjaupplýsingarnar án endurgjalds, samtímis og eins fljótt og mögulegt er og veita fjölmiðlum þær til að tryggja skilvirka dreifingu þeirra til almennings.
- 2) Ef þátttakendur á markaði með losunarheimildir uppfylla þegar jafngildar kröfur um birtingu innherjaupplýsinga í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1227/2011 ⁽²⁾ og ef þess er krafist að þeir birti opinberlega sömu upplýsingar samkvæmt þeirri reglugerð og reglugerð (ESB) nr. 596/2014 ættu skyldur samkvæmt þessari reglugerð að teljast uppfylltar ef upplýsingarnar eru birtar gegnum vettvang fyrir birtingu innherjaupplýsinga í tilgangi reglugerðar (ESB) nr. 1227/2011, með því skilyrði að viðeigandi fjölmiðlum séu veittar innherjaupplýsingarnar.
- 3) Mikilvægt er að tæknilegar leiðir til að fresta birtingu innherjaupplýsinga geri kleift að uppfæra lykilupplýsingar í ferlinu við frestun á birtingu innherjaupplýsinga til að útgefendur og þátttakendur á markaði með losunarheimildir geti uppfyllt skyldu sína um tilkynningu til lögbærra yfirvalda.
- 4) Veita ætti lögbærum yfirvöldum skriflega tilkynningu um frestun á birtingu innherjaupplýsinga og, ef þess er krafist, skýringu á því hvernig gildandi skilyrði fyrir frestuninni voru uppfyllt, með því að nota öruggar rafrænar aðferðir sem sömu lögbæru yfirvöld hafa tilgreint og þannig tryggja heilleika og trúnað um innihald upplýsinganna sem og skjóta sendingu þeirra.
- 5) Til að gera lögbærum yfirvöldum kleift að bera kennsl á viðkomandi einstaklinga innan útgefanda eða þátttakanda á markaði með losunarheimildir sem koma að frestun á birtingu innherjaupplýsinga ætti tilkynningin um frestun að innihalda deili á einstaklingnum sem lagði fram tilkynninguna og einstaklingnum eða einstaklingunum sem bera ábyrgð á ákvörðuninni um að fresta birtingu innherjaupplýsinga. Að sama skapi ætti tilkynningin einnig að tilgreina tímaþætti frestunarinnar sem gerir lögbærum yfirvöldum kleift að meta hvort skilyrðin um frestun sem sett eru fram í reglugerð (ESB) nr. 596/2014 séu uppfyllt.
- 6) Útgefandi, sem er lána- eða fjármálastofnun, ætti að upplýsa lögbæra yfirvaldið skriflega um fyrirhugaða frestun á birtingu innherjaupplýsinga til að viðhalda stöðugleika fjármálakerfisins og ætti, með hliðsjón af viðkvæmu eðli slíkra upplýsinga og nauðsyn þess að tryggja hámarkstrúnað um innihald þeirra, að beita viðeigandi öryggisstöðlum í þeim tilgangi.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjútö. ESB L 173, 30.6.2016, bls. 47. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 306/2019 frá 13. desember 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við *Stjórnartíðindi Evrópu-sambandsins* nr. 14, 5.3.2020, bls. 61.

(1) Stjútö. ESB L 173, 12.6. 2014, bls. 1.

(2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1227/2011 frá 25. október 2011 um heildstæðan og gagnsæjan heildsölumarkað fyrir orku (Stjútö. ESB L 326, 8.12.2011, bls. 1).

- 7) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin (ESMA) hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.
- 8) Þann 25. maí 2016 tilkynnti framkvæmdastjórnin Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni um þá fyrirætlun sína að samþykkja drögin að tæknilegum framkvæmdarstaðli með breytingum til að taka mið af þeirri staðreynd að ákvæði um birtingu upplýsinga í reglugerð (ESB) nr. 1227/2011 eru fullnægjandi til að tryggja að þátttakendur á markaði með losunarheimildir birti innherjaupplýsingar opinberlega með skilvirkum hætti og tímanlega eins og krafist er í 2. mgr. 17. gr. reglugerðar (ESB) nr. 596/2014. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1348/2014 ⁽¹⁾ leggur nú þegar þá skyldu á þátttakendur á markaði með losunarheimildir sem birta upplýsingar opinberlega á vefsetri sínu með skilvirkum hætti og tímanlega, að veita „vefmötun“ (e. *web feed*). Í formlegu álitinu frá 16. júní 2016 staðfesti Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin upphaflega afstöðu sína og lagði ekki fram á ný tæknilegan framkvæmdarstaðal með breytingum í samræmi við breytingartillögur framkvæmdastjórnarinnar. Þar eð birtingarkröfurnar til þátttakenda á markaði með losunarheimildir samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 1227/2011 kunna að vera fullnægjandi til að uppfylla kröfurnar í 2. mgr. 17. gr. reglugerðar (ESB) nr. 596/2014 ætti að breyta drögnum að tæknilega framkvæmdarstaðlinum til að komast hjá því að tvítaka tilkynningaskylduna.
- 9) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu framkvæmdarstöðlunum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir álitum hagsmunahóps á verðbréfamarkaði sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 ⁽²⁾.
- 10) Til að tryggja snurðulausa starfsemi fjármálamarkaðanna er nauðsynlegt að þessi reglugerð öðlist gildi sem fyrst og ákvæðin sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð komi til framkvæmda sama dag og þau sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 596/2014.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.

Skilgreiningar

Í reglugerð þessari er merking eftirfarandi hugtaks sem hér segir:

„rafræn aðferð“: notkun rafræns búnaðar til vinnslu (þ.m.t. stafrænnar samþjöppunar), geymslu og sendingar á gögnum með rafræði, þráðlaust, með ljóstæknilegum aðferðum eða öðrum rafsegulaðferðum.

II. KAFLI

TÆKNILEGAR LEIÐIR TIL VIÐEIGANDI OPINBERRAR BIRTINGAR INNHERJAUPLÝSINGA

2. gr.

Leiðir til opinberrar birtingar innherjaupplýsinga

1. Útgefendur og þátttakendur á markaði með losunarheimildir skulu birta innherjaupplýsingar með tæknilegum leiðum sem tryggja:

a) að innherjaupplýsingum sé dreift:

i. til eins stórs hluta almennings og mögulegt er, án mismununar,

⁽¹⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1348/2014 frá 17. desember 2014 um skýrslugjöf vegna framkvæmdar 2. og 6. mgr. 8. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1227/2011 um heildstæðan og gagnsæjan heildsölumarkað fyrir orku (Stjttíð. ESB L 363 18.12.2014, bls. 121).

⁽²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin) um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjttíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84).

- ii. án endurgjalds,
 - iii. samtímis um gervallt Sambandið,
- b) að innherjaupplýsingum sé miðlað, beint eða gegnum þriðja aðila, til fjölmiðla sem eðlilegt er að almenningur reiði sig á til að tryggja skilvirka dreifingu þeirra. Upplýsingarnar skulu sendar með rafrænum aðferðum sem tryggja að heildstæðni, heilleiki og trúnaður þeirra viðhaldist meðan á sendingu þeirra stendur og skulu tilgreina með skýrum hætti:
- i. að veittar upplýsingar séu innherjaupplýsingar,
 - ii. deili á útgefandanum eða þáttakandanum á markaði með losunarheimildir: fullt lögheiti,
 - iii. deili á einstaklingnum sem leggur fram tilkynninguna: eiginnafn, kenninamn, stöðu innan útgefanda eða þátttakanda á markaði með losunarheimildir,
 - iv. efni innherjaupplýsinganna,
 - v. dagsetningu og tíma miðlunar upplýsinganna til fjölmiðla.

Útgefendur og þáttakendur á markaði með losunarheimildir skulu tryggja heildstæðni, heilleika og trúnað með því að bæta án tafar úr öllum bresti eða röskun á því að innherjaupplýsingar séu veittar.

2. Þátttakendum á markaði með losunarheimildir sem ber að birta innherjaupplýsingar í samræmi við 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1227/2011 er heimilt að nota þær tæknilegu leiðir, sem komið er á í þeim tilgangi að birta innherjaupplýsingar samkvæmt þeirri reglugerð til birtingar innherjaupplýsinga skv. 2. mgr. 17. gr. reglugerðar (ESB) nr. 596/2014 að því tilskildu að innherjaupplýsingarnar sem birta ber hafi í meginatriðum sama innihald og að tæknilegu leiðirnar sem notaðar eru til birtingarinnar tryggi að innherjaupplýsingunum sé miðlað til viðeigandi fjölmiðla.

3. gr.

Birting innherjaupplýsinga á vefsetri

Vefsetrin sem um getur í 1. og 9. mgr. 17. gr. reglugerðar (ESB) nr. 596/2014 skulu uppfylla eftirfarandi kröfur:

- a) þau geri notendum kleift að nálgast innherjaupplýsingarnar sem birtar eru á vefsetrinu án mismununar og án endurgjalds,
- b) þau geri notendum kleift að finna innherjaupplýsingarnar á auðgreinanlegum hluta vefsetursins,
- c) þau tryggi að hinar birtu innherjaupplýsingar tilgreini með skýrum hætti dagsetningu og tíma birtingarinnar og að upplýsingunum sé raðað í tímaröð.

III. KAFLI

TÆKNILEGAR LEIÐIR TIL AÐ FRESTA OPINBERRI BIRTINGU INNHERJAUPLÝSINGA

4. gr.

Tilkynning um frestaða birtingu innherjaupplýsinga og skrifleg skýring

1. Í þeim tilgangi að fresta opinberri birtingu innherjaupplýsinga í samræmi við þriðju undirgrein 4. mgr. 17. gr. reglugerðar (ESB) nr. 596/2014 skulu útgefendur og þáttakendur á markaði með losunarheimildir nota tæknilegar leiðir sem tryggja aðgengileika og læsileika eftirfarandi upplýsinga og viðhald þeirra á varanlegum miðli:

- a) dagsetninga og tíma þegar:
 - i. innherjaupplýsingarnar voru fyrst til hjá útgefandanum eða þáttakandanum á markaði með losunarheimildir,

- ii. ákvörðunin um að fresta birtingu innherjaupplýsinganna var tekin,
 - iii. líklegt er að útgefandinn eða þátttakandinn á markaði með losunarheimildir birti innherjaupplýsingarnar,
- b) upplýsinga um deili á þeim einstaklingum innan útgefandans eða þátttakandans á markaði með losunarheimildir sem bera ábyrgð á:
- i. að taka ákvörðunina um að fresta birtingu upplýsinganna og að ákveða hvenær frestunin hefst og líklegt er að henni ljúki,
 - ii. að tryggja áframhaldandi eftirlit með skilyrðunum fyrir frestun,
 - iii. að taka ákvörðunina um að birta innherjaupplýsingarnar opinberlega,
 - iv. að veita umbeðnar upplýsingar um frestunina og skriflega skýringu til lögbæra yfirvaldsins,
- c) gagna um að skilyrðin sem um getur í 4. mgr. 17. gr. reglugerðar (ESB) nr. 596/2014 hafi upphaflega verið uppfyllt og um allar breytingar á þeirri uppfyllingu á frestunartímanum, þ.m.t.:
- i. upplýsingahindranirnar sem settar hafa verið upp innan viðkomandi aðila og að því er varðar þriðju aðila til að koma í veg fyrir að aðrir hafi aðgang að innherjaupplýsingum en þeir sem þurfa á þeim að halda í eðlilegu sambandi við starf, stöðu eða skyldur sínar hjá viðkomandi útgefanda eða þátttakanda á markaði með losunarheimildir,
 - ii. fyrirkomulagið sem komið er á til að birta viðkomandi innherjaupplýsingar eins fljótt og unnt er ef trúnaður er ekki lengur tryggður.

2. Útgefendur og þátttakendur á markaði með losunarheimildir skulu upplýsa lögbæra yfirvaldið, með skriflegri tilkynningu, um frestun á birtingu innherjaupplýsinga og veita allar skriflegar skýringar á slíkum tögum gegnum sérlega tengiliðinn innan lögbæra yfirvaldsins, eða tengiliðinn sem það tilnefnir, með þeim rafrænu aðferðum sem lögbæra yfirvaldið tilgreinir.

Lögbær yfirvöld skulu birta á vefsetri sínu upplýsingar sem tilgreina sérlega tengiliðinn innan lögbæra yfirvaldsins, eða tengiliðinn sem það tilnefnir, og rafrænu aðferðirnar sem um getur í fyrstu undirgrein. Þær rafrænu aðferðir skulu tryggja að heildstæðni, heilleiki og trúnaður upplýsinganna viðhaldist meðan á sendingu þeirra stendur.

3. Þær rafrænu aðferðir sem um getur í 2. mgr. skulu tryggja að tilkynningin um frestun birtingar á innherjaupplýsingum innihaldi eftirfarandi upplýsingar:

- a) deili á útgefandanum eða þátttakandanum á markaði með losunarheimildir: fullt lögheiti,
- b) deili á einstaklingnum sem leggur fram tilkynninguna: eiginnafr, kenninnafr, stöðu innan útgefanda eða þátttakanda á markaði með losunarheimildir,
- c) samskiptaupplýsingar tilkynningaradilans: vinnutölvupóstfang og -símanúmer,
- d) tilgreiningu á þeim opinberlega birtu innherjaupplýsingunum birtingu var frestað á: titli yfirlýsingarinnar um birtingu, tilvísunarnúmeri ef kerfið sem notað er til að dreifa innherjaupplýsingunum úthlutar slíku; dagsetningu og tíma opinberrar birtingar innherjaupplýsinganna,
- e) dagsetningu og tíma ákvörðunarinnar um að fresta birtingu innherjaupplýsinga,
- f) deili á öllum einstaklingum sem bera ábyrgð á þeirri ákvörðun að fresta birtingu innherjaupplýsinga.

4. Ef skriflega skýringin á frestun birtingar innherjaupplýsinga er aðeins veitt að fenginni beiðni lögbæra yfirvaldsins í samræmi við þriðju undirgrein 4. mgr. 17. gr. reglugerðar (ESB) nr. 596/2014 skulu þær rafrænu aðferðir sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar tryggja að sú skriflega skýring innihaldi upplýsingarnar sem um getur í 3. mgr. þessarar greinar.

5. gr.

Tilkynning um fyrirhugaða frestun á birtingu innherjaupplýsinga

1. Í þeim tilgangi að fresta opinberri birtingu innherjaupplýsinga í samræmi við 5. mgr. 17. gr. reglugerðar (ESB) nr. 596/2014 skal útgefandi sem er lánastofnun eða fjármálastofnun tilkynna lögbæra yfirvaldinu skriflega um þá fyrirætlan sína að fresta birtingu innherjaupplýsinga til að viðhalda stöðugleika fjármálakerfisins og tryggja heildstæðni, heilleika og trúnað upplýsinganna, gegnum sérlegan tengilið innan lögbæra yfirvaldsins eða tengilið sem það tilnefnir.

Ef útgefandinn sendir tilkynninguna sem um getur í fyrstu undirgrein með rafrænum hætti skal hann nota þær rafrænu aðferðir sem um getur í 2. mgr. 4. gr. þessarar reglugerðar.

2. Lögbæra yfirvaldið skal tilkynna útgefandanum skriflega um þá ákvörðun sína að samþykkja eða samþykkja ekki frestun birtingar á grundvelli upplýsinganna sem veittar eru skv. 1. mgr. og tryggja heildstæðni, heilleika og trúnað upplýsinganna.

3. Útgefandinn skal nota sömu tæknilegu leiðir og notaðar eru til að senda lögbæra yfirvaldinu tilkynninguna sem um getur í 1. mgr. til að veita lögbæra yfirvaldinu nýjar upplýsingar sem gætu haft áhrif á ákvörðun lögbæra yfirvaldsins að því er varðar frestun á birtingu innherjaupplýsinganna.

IV. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

6. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 3. júlí 2016.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 29. júní 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2017/1158****2022/EES/8/12****frá 29. júní 2017**

um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar verklag og eyðublöð fyrir lögbær yfirvöld til að skiptast á upplýsingum við Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina eins og um getur í 33. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 596/2014 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 596/2014 frá 16. apríl 2014 um markaðssvik (reglugerð um markaðssvik) og um niðurfellingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/6/EB og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 2003/124/EB, 2003/125/EB og 2004/72/EB ⁽¹⁾, einkum 5. mgr. 33. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Rétt þykir að setja fram almennt verklag og eyðublöð fyrir lögbær yfirvöld til að leggja fram upplýsingar hjá Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni að því er varðar rannsóknir, viðurlög og ráðstafanir sem um getur í 33. gr. reglugerðar (ESB) nr. 596/2014.
- 2) Til að auðvelda samskiptin milli lögbærra yfirvalda og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar og forðast óþarfa seinkanir eða mistök við framlagningu gagna ætti hvert lögbært yfirvald að tilnefna tengilið sérstaklega í þeim tilgangi að leggja fram tilskildar upplýsingarnar.
- 3) Til að tryggja að Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin tilgreini og skrái á réttan hátt allar tilskildar upplýsingar varðandi viðurlög og ráðstafanir sem lögbær yfirvöld hafa beitt ættu þau að veita nákvæmar og samræmdar upplýsingar með því að nota sérstök eyðublöð í þeim tilgangi.
- 4) Upplýsingar um rannsóknir sem veita skal Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni ættu að vera samræmdar og samamburðarhæfar til að endurspegla þá raunverulegu rannsóknarvinnu sem fram hefur farið á tilteknu ári samkvæmt reglugerðinni um markaðssvik. Upplýsingarnar ættu þess vegna eingöngu að taka til rannsókna sem viðkomandi yfirvöld hafa unnið að á viðmiðunartímabilinu.
- 5) Þessi reglugerð byggist á drögum að tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.
- 6) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur hvorki haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu framkvæmdarstöðlunum sem þessi reglugerð byggist á né greint hugsanlegan kostnað og ávinning sem tengist því að innleiða stöðluðu eyðublöðin og verklagið fyrir viðkomandi lögbær yfirvöld, þar sem það væri ekki í samræmi við umfang og áhrif þeirra, að teknu tilliti til þess að viðtakendur tæknilegu framkvæmdarstaðlanna væru eingöngu lögbær landsyfirvöld í aðildarríkjunum en ekki markaðsaðilar.
- 7) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur leitað eftir áliti hagsmunahópsins á verðbréfamarkaði sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 ⁽²⁾.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 167, 30.6.2017, bls. 22. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 306/2019 frá 13. desember 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 14, 5.3.2020, bls. 61.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 1.

⁽²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin) um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjtið. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Skilgreining

Að því er varðar þessa reglugerð er með „rafrænni aðferð“ átt við notkun rafræns búnaðar til vinnslu (þ.m.t. stafrænnar samþjöppunar), geymslu og sendingar á gögnum með rafræði, þráðlaust, með ljóstæknilegum aðferðum eða öðrum rafsegulaðferðum.

2. gr.

Tengiliðir

1. Hvert lögbært yfirvald skal skipa einn tengilið fyrir sendingu þeirra upplýsinga sem um getur í 3. gr. og fyrir samskipti um öll mál sem tengjast framlagningu þeirra upplýsinga.
2. Lögbær yfirvöld skulu tilkynna Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni um þá tengiliði sem skipaðir eru í samræmi við 1. mgr.
3. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal skipa tengilið fyrir móttöku þeirra upplýsinga sem settar eru fram í 3. og 4. gr. og fyrir samskipti um öll mál sem tengjast móttöku þeirra upplýsinga.
4. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal birta upplýsingar um tengiliðinn sem um getur í 2. mgr. á vefsetri sínu.

3. gr.

Árleg framlagning samantekinna upplýsinga

1. Lögbær yfirvöld skulu veita Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni þær upplýsingar sem um getur í 1. og 2. mgr. 33. gr. reglugerðar (ESB) nr. 596/2014 með því fylla út, eftir því sem við á, eyðublaðið sem sett er fram í I. viðauka þessarar reglugerðar.
2. Upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr. skulu veittar Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni eigi síðar en 31. mars ár hvert og skulu taka til allra rannsókna sem ráðist var í og allra viðurlaga og ráðstafana sem beitt var á næstliðnu almanaksári.
3. Lögbær yfirvöld skulu veita Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni þær upplýsingar sem um getur í 1. mgr. með tryggum rafrænum sendingaraðferðum.
4. Að því er varðar 1. mgr. skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skilgreina og tilgreina þær tryggu rafrænu aðferðir sem nota á. Þessar aðferðir skulu tryggja að heildstæðni, heilleiki og trúnaður upplýsinganna viðhaldist við sendingu þeirra.

4. gr.

Verklag og eyðublöð til upplýsingagjafar

1. Lögbær yfirvöld skulu tilkynna Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni um þau viðurlög og ráðstafanir sem um getur í 3. mgr. 33. gr. reglugerðar (ESB) nr. 596/2014 með því að nota viðmót þess upplýsingatæknikerfis og tengds gagnasafns sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur sett á stofn til að halda utan um móttöku, geymslu og birtingu upplýsinga um slík viðurlög og ráðstafanir.

2. Upplýsingar um þau viðurlög og ráðstafanir sem um getur í 1. mgr. skulu lagðar fram hjá Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni með tilkynningu á því sniði sem sett er fram í II. viðauka.

5. gr.

Ógilding og uppfærsla tilkynninga

1. Vilji lögbært yfirvald ógilda tilkynningu sem það hefur þegar lagt fram hjá Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni í samræmi við 4. gr. skal það fella fyrirliggjandi tilkynningu úr gildi og senda nýja.

2. Vilji lögbært yfirvald uppfæra tilkynningu sem það hefur þegar lagt fram hjá Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni í samræmi við 4. gr. skal það leggja tilkynninguna fram aftur með uppfærðum upplýsingum.

6. gr.

Gildistaka og framkvæmd

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 29. júní 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

I. VIÐAUKI

Eyðublað fyrir árlega framlagningu samantekinna og nafnlausra upplýsinga um öll viðurlög og ráðstafanir sem beitt var og rannsóknir sem ráðist var í

Samanteknar og nafnlausar upplýsingar um ráðstafanir og viðurlög sem beitt var og rannsóknir sem ráðist var í samræmi við 30., 31. og 32. gr. reglugerðar (ESB) nr. 596/2014 árið [ár]

FRÁ:

Aðildarríki:

Lögbært yfirvald:

Heimilisfang:

(Samskiptaupplýsingar skipaðs tengiliðar)

Nafn:

Sími:

Tölvupóstfang:

TIL:

Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar

(Samskiptaupplýsingar skipaðs tengiliðar)

Nafn:

Sími:

Tölvupóstfang:

Ágæti/a [færa skal inn viðkomandi nafn]

Í samræmi við 1. og 2. mgr. 33. gr. reglugerðar (ESB) nr. 596/2014 veiti ég hér með eftirfarandi samanteknar upplýsingar um:

- öll stjórnsluviðurlög og -ráðstafanir sem [nafn lögbærs yfirvalds] beitti, í 1. hluta,
- öll refsiviðurlög sem dómsyfirvöld í [nafn aðildarríkis] beittu, í 2. hluta, ef við á,
- allar stjórnslurannsóknir sem [nafn lögbærs yfirvalds] réðst í, í 3. hluta,
- allar rannsóknir sakamála sem dómsyfirvöld í [nafn aðildarríkis] réðust í, í 4. hluta, ef við á.

Virðingarfyllst,

[undirskrift]

1. HLUTI Stjórnsýsluráðstafanir og -viðurlög sem beitt var (þ.m.t. sáttir, eftir atvikum) á yfirlitstímabilinu					
	Fjöldi ráðstafana og viðurlaga			Fjöldi aðila sem ráðstafanirnar og viðurlögin varða	
	Beitt (*)	Birt	Áfrýjað	Einstaklingar	Lögaðilar
Heildartala fyrir stjórnsýsluráðstafanir og -viðurlög					
Fjöldi ráðstafana og viðurlaga eftir tegund brots og eðli ráðstafana/viðurlaga	Fjárhagsleg viðurlög (þ.m.t. millisamtala endurgreiðslna, þar sem við á)		Önnur en fjárhagsleg	Sáttir (þar sem við á)	
	Fjöldi (+)	Samanlögð fjárhæð (*)	Fjöldi (+)	Fjöldi (+)	Samanlögð fjárhæð (**)
Vegna banna skv. 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 596/2014					
Vegna banna skv. 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 596/2014					
Vegna annarra brota					

(+) Vegna þess að ráðstafanir og viðurlög geta tekið til fleiri en eins brots er mögulegt að heildarfjöldi ráðstafana og viðurlaga í þessari töflu samsvari ekki heildarfjölda ráðstafana og viðurlaga í reitnum undir „Beitt“ í töflunni á undan.

(*) Talan á við um þau viðurlög og ráðstafanir sem lögbært yfirvald hefur ákveðið að beita.

(**) Tilgreina skal fjárhæð í evrum eða gjaldmiðli ríkis. Ef viðkomandi viðurlög taka ekki aðeins til brota sem varða viðkomandi grein reglugerðar (ESB) nr. 596/2014 heldur einnig önnur ákvæði skal skrifa „SAMANLÖGÐ TALA“ við hverja fjárhæð.

2. HLUÐI **Refsiviðurlög sem beitt var á yfirlitstímabilinu í samræmi við aðra undirgrein 1. mgr. 30. gr. reglugerðar (ESB) nr. 596/2014 (ef við á)**

	Fjöldi viðurlaga		Fjöldi aðila sem viðurlögin varða	
	Beitt (*)	Áfrýjað	Einstaklingar	Lögaðilar
Heildartala fyrir refsiviðurlög				

Fjöldi viðurlaga eftir tegund brots og eðli refsiviðurlaga (+)	Fjárhagsleg (**)	Fangelsi	Sáttir	Annað
Vegna banna skv. 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 596/2014				
Vegna banna skv. 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 596/2014				
Vegna annarra brota				

(+) Vegna þess að ráðstafanir og viðurlög geta tekið til fleiri en eins brots er mögulegt að heildarfjöldi ráðstafana og viðurlaga í þessari töflu samsvari ekki heildarfjölda ráðstafana og viðurlaga í reitnum undir „Beitt“ í töflunni á undan.

(*) Talan á við um þau viðurlög og ráðstafanir sem yfirvald hefur ákveðið að beita.

(**) Tilgreina skal fjárhæð í evrum eða gjaldmiðli ríkis. Ef viðkomandi viðurlög taka ekki aðeins til brota sem varða viðkomandi grein reglugerðar (ESB) nr. 596/2014 heldur einnig önnur ákvæði skal skrifa „SAMANLÖGÐ TALA“ við hverja fjárhæð.

3. HLUTI Stjórnsýslurannsóknir sem ráðist var í á yfirlitstímabilinu

Tegund rannsóknar	Fjöldi rannsókna semvoru yfirstandandi á árinu [yyyy] (+)			Niðurstöður rannsókna sem hefur verið lokað			
	Samtals	Hafnar	Lokað	Beiting stjórnsýslu-heimilda hafin (þ.m.t. sáttir)	Málskot til yfirvalda sem annast meðferð sakamála	Aðrar aðgerðir (t.d. bönn)	Lokað án frekari aðgerða
Vegna banna skv. 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 596/2014							
Vegna banna skv. 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 596/2014							
Vegna annarra tegunda brota							

(+) Sumar rannsóknir geta tekið til nokkurra brota og varðað fleiri en einn aðila.

4. HLUTI Rannsóknir sakamála sem ráðist var í á yfirlitstímabilinu í samræmi við aðra undirgrein 1. mgr. 30. gr. reglugerðar (ESB) nr. 596/2014 (ef við á)

Tegund rannsóknar	Fjöldi rannsókna sem voru yfirstandandi á árinu [yyyy] (+)			Niðurstöður rannsókna sem hefur verið lokað		
	Samtals	Hafnar	Lokað	Refsimál hafin (þ.m.t. sáttir)	Lokað án frekari aðgerða	Aðrar aðgerðir (t.d. bönn)
Vegna banna skv. 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 596/2014						
Vegna banna skv. 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 596/2014						
Vegna annarra tegunda brota						

(+) Sumar rannsóknir geta tekið til nokkurra brota og varðað fleiri en einn aðila.

II. VIÐAUKI

Snið tilkynninga um stjórnýslu- eða refsiviðurlög eða aðrar stjórnýsluráðstafanir sem birtar eru almenningi

Reitur	Lýsing	Gerð
Lagarammi	Upphafsstafaorð þeirrar lagagerðar Sambandsins sem stjórnýslu- eða refsiviðurlögnum eða öðrum stjórnýsluráðstöfunum var beitt samkvæmt.	Verður að fylla út
Auðkenni viðurlaga	Auðkenniskóðinn sem lögbært yfirvald úthlutar vegna tilkynningar um stjórnýslu- eða refsiviðurlög eða aðrar stjórnýsluráðstafanir	Valkvætt
Aðildarríki	Upphafsstafaorð aðildarríkis lögbæra yfirvaldsins sem tilkynnir um viðurlögin eða ráðstafanirnar	Verður að fylla út
Auðkenni lögaðila	Auðkennið sem notað er til að auðkenna með einkvæmum hætti lögaðila sem hefur verið beittur stjórnýslu- eða refsiviðurlögum eða öðrum stjórnvaldsráðstöfunum, ef hann er með starfsleyfi samkvæmt lagaramma MiFID (1), UCITS (2) eða AIFMD-tilskipunarinnar (3).	Valkvætt (eingöngu fyrir lögaðila)
Yfirvaldskóði	Auðkenni lögbærs yfirvalds sem tilkynnir um viðurlög eða ráðstafanir	Verður að fylla út
Lagarammi lögaðila	Upphafsstafaorð lagatexta Sambandsins sem gildir um aðilann sem beittur var stjórnýslu- eða refsiviðurlögum eða öðrum stjórnýsluráðstöfunum.	Valkvætt (eingöngu fyrir lögaðila)
Eðli viðurlaga	Upplýsingar um hvort viðurlögin sem tilkynnt eru séu refsiviðurlög, stjórnýslu- viðurlög eða stjórnýsluráðstafanir.	Verður að fylla út (eingöngu fyrir viðurlög)
Fullt nafn lögaðila	Fullt nafn aðilans sem beittur var viðurlögum, ef hann er ekki með starfsleyfi samkvæmt lagaramma MiFID, laga um UCITS eða AIFMD-tilskipunarinnar.	Valkvætt (eingöngu fyrir lögaðila)
Fullt nafn lögaðila	Fullt nafn einstaklinga sem beittir hafa verið stjórnýslu- eða refsiviðurlögnum eða öðrum stjórnýsluráðstöfunum.	Valkvætt (eingöngu fyrir einstaklinga)
Lögbært landsyfirvald sem beittir viðurlögum	Upphafsstafaorð lögbæra yfirvaldsins sem beitt hefur stjórnýslu- eða refsiviðurlögnum eða öðrum stjórnýsluráðstöfunum.	Verður að fylla út
Frjáls texti	Textinn um stjórnýslu- eða refsiviðurlögin eða aðrar stjórnýsluráðstafanir á opinberu tungumáli ríkis eða ensku.	Verður að fylla út
Frjáls texti	Texti um stjórnýsluviðurlögin eða -ráðstafanirnar á ensku.	Valkvætt
Dagsetning	Dagsetningin þegar stjórnýslu- eða refsiviðurlögnum eða öðrum stjórnýsluráðstöfunum var beitt.	Verður að fylla út
Lokadagur	Dagsetning þegar stjórnýsluviðurlögin eða -ráðstafanirnar falla úr gildi.	Valkvætt

(1) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipun 2002/92/EB og tilskipun 2011/61/ESB (Stjtuð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 349).

(2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB frá 13. júlí 2009 um samræmingu á lögum og stjórnýslufyrirmælum um verðbréfasjóði (UCITS) (Stjtuð. ESB L 302, 17.11.2009, bls. 32).

(3) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/61/ESB frá 8. júní 2011 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða og um breytingu á tilskipunum 2003/41/EB og 2009/65/EB og reglugerðum (EB) nr. 1060/2009 og (ESB) nr. 1095/2010 (Stjtuð. ESB L 174, 1.7.2011, bls. 1).

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2018/292****2022/EES/8/13****frá 26. febrúar 2018****um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar verklag og eyðublöð til upplýsingaskipta og
aðstoðar milli lögbærra yfirvalda samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins
(ESB) nr. 596/2014 um markaðssvik (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 596/2014 frá 16. apríl 2014 um markaðssvik (reglugerð um markaðssvik) og um niðurfellingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/6/EB og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 2003/124/EB, 2003/125/EB og 2004/72/EB ⁽¹⁾, einkum 9. mgr. 25. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Til þess að tryggja að yfirvöld sem tilnefnd eru lögbær yfirvöld samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 596/2014 geti unnið saman og skipst á upplýsingum með skilvirkum og skjótum hætti og veitt hvert öðru fulla gagnkvæma aðstoð í skilningi þeirrar reglugerðar þykir rétt að setja fram almennt verklag og eyðublöð sem lögbær yfirvöld skulu nota til upplýsingaskipta og aðstoðar, t.d. við beiðnir um aðstoð, staðfestingu á móttöku og svör við slíkum beiðnum.
- 2) Skipti á skriflegum upplýsingum ættu að auðvelda lögbæru yfirvaldi að sinna skyldum sínum. Munnleg samskipti geta átt sér stað, þegar við á, þ.m.t. áður en skrifleg beiðni er send, til að veita upplýsingar um væntanlega aðstoðarbeiðni og til að ræða atriði sem gætu komið í veg fyrir að aðstoðin sé veitt. Í brýnum tilvikum ætti að vera leyfilegt að leggja fram munnlega aðstoðarbeiðni, ef sein viðbrögð yfirvaldsins sem leggur fram beiðnina er ekki ástæða þess að tilvikið er brýnt.
- 3) Í reglugerð (ESB) nr. 596/2014 er kveðið á um að lögbær yfirvöld skuli skiptast á upplýsingum og veita aðstoð. Hins vegar ætti aðstoðarbeiðni, eins og frekast er unnt, aðeins að felast í skýrslutökum eða vettvangsskoðun eða rannsókn þegar einföld beiðni um upplýsingaskipti myndi ekki duga. Ætlast er til þess að lögbært yfirvald hafi gripið til allra raunhæfra ráðstafana innan eigin lögsögu áður en það leitar aðstoðar lögbærs yfirvalds annars aðildarríkis, þó þess beri að geta að það kunni að vera óraunhæft fyrir það yfirvald að grípa til allra tiltækra úrræða áður en beiðni er send.
- 4) Óumbeðna aðstoð ætti að veita í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 596/2014, þ.m.t. valfrjálsa aðstoð þegar lögbært yfirvald aðildarríkis telur að upplýsingar í fórum þess geti komið að gagni fyrir annað lögbært yfirvald.
- 5) Með beiðni um aðstoð samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 596/2014 ættu að fylgja nægilegar upplýsingar um efni beiðninnar, þ.m.t. ástæður beiðninnar og sambengi hennar, til að gera yfirvaldinu sem beiðni er beint til kleift að afgreiða beiðnina með skilvirkum og skjótum hætti. Það skal ekki teljast skilyrði fyrir aðstoð að yfirvald sem leggur fram beiðni tilgreini þá málavexti sem leiða til gruns þegar umbeðnar upplýsingar eru nauðsynlegar til þess að yfirvaldið sinni skyldum sínum.
- 6) Fyrir utan notkun eyðublaða til að leggja fram beiðnir og svör við beiðnum ætti verklag við samvinnu að heimila og auðvelda boðskipti, samráð og samskipti milli yfirvaldsins sem leggur fram beiðnina og yfirvaldsins sem henni er beint til meðan á afgreiðslu málsins stendur til að tryggja skilvirka úrvinnslu beiðni um upplýsingar eða aðstoð. Þetta verklag ætti einnig að gera lögbærum yfirvöldum kleift að veita hverju öðru endurgjöf um gagnsemi fenginna upplýsinga eða fenginna aðstoðar, um útkomu máls þar sem aðstoðar var leitað og um vandkvæði sem komu upp við veitingu slíkra upplýsinga eða aðstoðar.
- 7) Verklag og eyðublöð fyrir upplýsingaskipti og aðstoð ættu að tryggja trúnað um þær upplýsingar sem skipst er á eða sendar eru og hlífingu reglna um verndun einstaklinga að því er varðar vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga.
- 8) Þessi reglugerð byggist á drögum að tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 55, 27.2.2018, bls. 34. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 306/2019 frá 13. desember 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 14, 5.3.2020, bls. 61.

(¹) Stjttíð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 1.

- 9) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur hvorki haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu framkvæmdarstöðlunum sem þessi reglugerð byggist á né greint hugsanlegan kostnað og ávinning sem tengist því að innleiða verklagið og eyðublöðin sem viðkomandi lögbær yfirvöld eiga að nota, þar sem það væri ekki í samræmi við umfang og áhrif þeirra, að teknu tilliti til þess að viðtakendur tæknilegu framkvæmdarstaðlanna væru eingöngu lögbæru landsyfirvöldin í aðildarríkjunum en ekki markaðsaðilar.
- 10) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin leitaði eftir álitum hagsmunahópsins á verðbréfamarkaði sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 ⁽¹⁾.
- 11) Til að tryggja snurðulausa starfsemi fjármálamarkaðanna og að teknu tilliti til þess að reglugerð (ESB) nr. 596/2014 er þegar í gildi, er nauðsynlegt að þessi reglugerð öðlist gildi og komi til framkvæmda þegar í stað,

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Skilgreining

Í þessari reglugerð merkir „trygg rafræn aðferð“ rafrænn búnaður til vinnslu (þ.m.t. stafrænnar samþjöppunar), geymslu og sendingar á gögnum með rafþræði, þráðlaust, með ljóstæknilegum aðferðum eða öðrum rafsegulaðferðum sem tryggir að heildstæðni, heilleiki og trúnaður upplýsinganna viðhaldist meðan á sendingu þeirra stendur.

2. gr.

Tengiliðir

1. Lögbær yfirvöld skulu tilnefna tengiliði að því er varðar þessa reglugerð.
2. Lögbær yfirvöld skulu senda Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni upplýsingar um tengiliðina innan 30 daga frá því að þessi reglugerð öðlast gildi. Þau skulu veita Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni uppfærðar upplýsingar eftir því sem þörf krefur.
3. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal halda skrá yfir tengiliðina sem lögbær yfirvöld hafa tilnefnt skv. 1. mgr. og uppfæra þá skrá eftir því sem þörf krefur til notkunar hjá lögbæru yfirvöldunum.

3. gr.

Beiðni um aðstoð

1. Yfirvald sem leggur fram beiðni um aðstoð skal senda hana skriflega með pósti, símbrefi eða trygguðum rafrænum hætti. Það skal stíla beiðnina á tengiliðinn sem tilnefndur er af yfirvaldinu sem beiðninni er beint til skv. 2. gr.
2. Þegar lögbært yfirvald óskar eftir aðstoð skal það nota eyðublaðið sem sett er fram í I. viðauka og skal:
 - a) tilgreina þær upplýsingar sem yfirvaldið sem leggur fram beiðnina óskar eftir frá yfirvaldinu sem beiðni er beint til,
 - b) tilgreina, eftir því sem við á, atriði er varða þagnarskyldu um þær upplýsingar sem kunna að fáast.
3. Yfirvaldinu sem leggur fram beiðnina er heimilt að láta fylgja henni skjal eða annað stuðningsefni sem talið er nauðsynlegt til stuðnings beiðninni.
4. Í brýnum tilvikum er yfirvaldinu sem leggur fram beiðnina heimilt að óska eftir aðstoð munnlega. Slík munnleg beiðni skal í kjölfarið staðfest skriflega án ótilhlýðilegrar tafar með þeim hætti sem um getur í 1. mgr. nema yfirvaldið sem beiðninni er beint til samþykki annað

⁽¹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjtið. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84).

*4. gr.***Staðfesting móttöku**

Innan 10 virkra daga frá móttöku skriflegrar aðstoðarbeiðni skal yfirvaldið sem beiðninni er beint til senda staðfestingu á móttöku með pósti, símbrefi eða tryggjum rafrænum hætti til tengiliðarins sem tilnefndur er skv. 2. gr. nema annað sé sérstaklega tilgreint í beiðninni. Nota skal eyðublaðið sem sett er fram í II. viðauka til staðfestingar á móttöku og skal í staðfestingunni geta áætlaðrar dagsetningar svars ef unnt er.

*5. gr.***Svar við aðstoðarbeiðni**

1. Yfirvald sem beiðni um aðstoð er beint til skal svara henni skriflega með pósti, símbrefi eða tryggjum rafrænum hætti. Svarið skal stílað á tengiliðinn sem tilnefndur er skv. 2. gr., nema annað sé tilgreint í beiðninni.
2. Yfirvaldið sem beiðninni er beint til skal svara aðstoðarbeiðninni með eyðublaðinu sem sett er fram í III. viðauka og skal:
 - a) óska eftir frekari skýringum í hvaða formi sem er eins fljótt og auðið er sé það í vafa um hvaða upplýsingum nákvæmlega er óskað eftir,
 - b) gera allar eðlilegar ráðstafanir innan valdsviðs síns til að veita umbeðna aðstoð,
 - c) veita umbeðna aðstoð án tafar og með hætti sem tryggir að nauðsynlegar stjórnvaldsaðgerðir gangi greitt, að teknu tilliti til flækjustigs aðstoðarbeiðninnar og nauðsynjar þess að þriðju aðilar eða annað lögbært yfirvald komi að málinu.
3. Þegar yfirvald sem beiðni er beint til synjar um að aðhafast á grundvelli aðstoðarbeiðni, alfarið eða að hluta til, skal það upplýsa yfirvaldið sem leggur fram beiðnina um ákvörðun sína eins fljótt og auðið er, munnlega eða skriflega. Yfirvaldið sem beiðninni er beint til skal einnig veita skriflegt svar í samræmi við 1. mgr. sem tilgreinir hver þeirra undantekninga sem kveðið er á um í 2. mgr. 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 596/2014 er grundvöllur synjunarinnar.

*6. gr.***Reglur um sendingu og afgreiðslu aðstoðarbeiðni.**

1. Yfirvald sem leggur fram aðstoðarbeiðni og yfirvaldið sem henni er beint til skulu eiga samskipti um hana og svarið við henni með eins skjóttum hætti og unnt er, að teknu tilhlýðilegu tilliti til þagnarskyldu, samskiptatíma, umfangs upplýsinga sem þarf að veita og aðgengileika upplýsinganna fyrir yfirvaldið sem leggur fram beiðnina. Einkum skal yfirvaldið sem leggur fram beiðnina bregðast skjótt við öllum beiðnum yfirvaldsins sem henni er beint til um útskýringar.
2. Verði yfirvaldið sem beiðninni er beint til vart við aðstæður sem gætu leitt til meira en 10 virkra daga seinkunar á áætluðum svardegi sínum skal það gera yfirvaldinu sem leggur fram beiðnina viðvart án ástæðulausrar tafar.
3. Þegar við á skal yfirvaldið sem beiðninni er beint til veita reglulegar upplýsingar um framgang þeirrar beiðni sem er til meðferðar, þ.m.t. leiðréttingar á áætluðum degi sem svars er að vænta til yfirvaldsins sem leggur fram beiðnina.
4. Hafi yfirvaldið sem leggur fram beiðnina tilgreint að hún sé brýn skulu lögbærur yfirvöldin hafa samráð hvort við annað um það hve oft yfirvaldið sem beiðninni er beint til á að upplýsa yfirvaldið sem leggur hana fram um stöðu málsins.
5. Yfirvaldið sem beiðninni er beint til og yfirvaldið sem leggur hana fram skulu vinna saman að því að leysa þau vandkvæði sem upp kunna að koma við afgreiðslu beiðninnar.

*7. gr.***Verklag beiðna um skýrslutöku af einstaklingi**

1. Þegar yfirvald sem leggur fram beiðni biður í henni um skýrslutöku af einstaklingi í tengslum við rannsókn eða eftirlit skulu yfirvaldið sem beiðninni er beint til og yfirvaldið sem leggur hana fram, með fyrirvara um gildandi lagalegar takmarkanir eða hömlur og mismunandi verklagskröfur, meta og taka tillit til eftirfarandi:
 - a) réttinda þeirra einstaklinga sem skýrslur verða teknar af, þ.m.t., eftir atvikum, atriða sem varða það að fella ekki á sig sök,
 - b) eðlis þátttöku starfsfólks yfirvaldsins sem leggur fram beiðnina (aðili sem fylgist með eða virkur þátttakandi),

- c) hlutverks starfsfólks yfirvaldsins sem beiðninni er beint til og yfirvaldsins sem leggur hana fram við skýrslutökurnar,
 - d) þess hvort einstaklingurinn sem taka á skýrslu af eigi rétt á aðstoð lagalegs fyrirvarsmanns og, ef svo er, umfangs aðstoðar fyrirvarsmannsins meðan á skýrslutöku stendur þ.m.t. að því er varðar gögn eða greinargerð um skýrslugjöfina,
 - e) þess hvort skýrslugjöfin sé valfrjáls eða skyldubundin, ef slíkur greinarmunur er gerður,
 - f) þess hvort, miðað við þær upplýsingar sem liggja fyrir þegar beiðnin er lögð fram, einstaklingurinn sem taka á skýrslu af sé vitni eða liggja undir grun, ef slíkur greinarmunur er gerður,
 - g) þess hvort, miðað við þær upplýsingar sem liggja fyrir þegar beiðnin er lögð fram, unnt eða fyrirhugað sé að nota skýrslugjöfina í sakamáli,
 - h) þess hvort skýrslugjöfin sé lögmæt í lögsögu yfirvaldsins sem leggur fram beiðnina,
 - i) skráningar skýrslugjafarinnar og gildandi verklags, þ.m.t. hvort hún verði skráð jafnóðum eða dregin saman í skriflegan útdrátt eða á hljóðformi eða hljóð- og hreyfimyndformi,
 - j) verklags við vottun eða staðfestingu skýrslugjafa á skýrslugjöf sinni, þ.m.t. hvort slíkt fer fram að skýrslugjöf lokinni, og
 - k) verklags við sendingu skýrslunnar frá yfirvaldinu sem beiðninni er beint til til yfirvaldsins sem leggur hana fram, þ.m.t. framsetningar og tímasetningar.
2. Yfirvaldið sem beiðninni er beint til og yfirvaldið sem leggur hana fram skulu tryggja að fyrirkomulag sé til staðar svo starfsfólk sitt geti unnið greiðlega, þ.m.t. fyrirkomulag sem gerir starfsfólkinu kleift að koma sér saman um hvers kyns viðbótarupplýsingar sem kunna að vera nauðsynlegar, þ.m.t. eftirfarandi:
- a) áætlaðar dagsetningar,
 - b) spurningalista sem lagður skal fyrir skýrslugjafann,
 - c) ferðafyrirkomulag, þ.m.t. til að tryggja að yfirvaldið sem beiðninni er beint til og yfirvaldið sem leggur hana fram geti hist til að ræða málið áður en skýrsla er tekin, og
 - d) ráðstafanir í tengslum við tungumál.

8. gr.

Verklag fyrir beiðni um rannsókn eða vettvangsskoðun

1. Þegar beiðni um að framkvæma rannsókn eða vettvangsskoðun er lögð fram skv. 6. mgr. 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 596/2014 skulu yfirvaldið sem leggur fram beiðnina og yfirvaldið sem henni er beint til hafa samráð um það hvernig aðstoðarbeiðnin geti nýst sem best, að teknu tilliti til a- til e-liðar þriðja málsliðar 6. mgr. 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 596/2014, þ.m.t. um kosti þess að framkvæma sameiginlega rannsókn eða sameiginlega vettvangsskoðun.
2. Yfirvaldið sem beiðninni er beint til skal halda yfirvaldinu sem leggur hana fram upplýstu um gang rannsóknarinnar eða vettvangsskoðunarinnar og senda niðurstöður sínar tímanlega til síðara yfirvaldsins.
3. Við ákvörðun þess hvort hefja eigi sameiginlega rannsókn eða sameiginlega vettvangsskoðun skulu yfirvaldið sem leggur fram beiðnina og yfirvaldið sem henni er beint til taka tillit til a.m.k. eftirfarandi þátta:
 - a) efnis aðstoðarbeiðna frá yfirvaldinu sem leggur fram beiðnina, þ.m.t. sjónarmiða um hve viðeigandi væri að framkvæma sameiginlega rannsókn eða vettvangsskoðun,
 - b) hvort þau séu hvort um sig að gera eigin athuganir á máli sem nær yfir landamæri og hvort heppilegra væri að hafa samvinnu um málið,
 - c) laga- og regluramma í hvorri lögsögu þeirra um sig, til að tryggja að bæði yfirvöldin skilji vel mögulegar hömlur og lagatakmarkanir á framkvæmd sameiginlegrar rannsóknar eða vettvangsskoðunar og á hvers kyns málsmeðferð í kjölfarið, þ.m.t. atriða sem tengjast meginreglunni um að vera ekki saksóttur eða refsað tvívegis fyrir sama brot (*ne bis in idem*),
 - d) nauðsynlegrar stjórnunar og leiðsagnar fyrir rannsóknina eða vettvangsskoðunina,
 - e) líkanna á því að þau verði sammála um ákvörðun málsatvika,

- f) úthlutunar tilfanga og skipunar starfsfólks sem fer með framkvæmd rannsókna eða vettvangsskoðana,
 - g) möguleikans á að koma á sameiginlegri aðgerðaáætlun og til tímasetningar verkefna hvors yfirvalds um sig,
 - h) ákvörðunar þeirra aðgerða sem hvort yfirvald þarf að grípa til, sameiginlega eða hvort í sínu lagi,
 - i) gagnkvæmrar miðlunar þeirra upplýsinga sem aflað er og upplýsingagjafar um útkomu einstakra aðgerða sem gripið er til og
 - j) annarra atriða sem eru sértæk fyrir hvert tilvik.
4. Ákveði yfirvaldið sem leggur fram beiðnina og yfirvaldið sem henni er beint til að ráðast í sameiginlega rannsókn eða vettvangsskoðun skulu þau:
- a) koma sér saman um verklag framkvæmdar og loka hennar,
 - b) vera í stöðugum samskiptum til að samræma upplýsingaöflun og ákvörðun málsatvika,
 - c) starfa náið saman að framkvæmd viðkomandi sameiginlegrar rannsóknar eða vettvangsskoðunar,
 - d) veita gagnkvæma aðstoð við síðari fullnustumeðferðir að því marki sem heimilt er að lögum, þ.m.t. samræma málsmeðferðir eða aðrar fullnustuaðgerðir í tengslum við niðurstöðu sameiginlegrar rannsóknar eða vettvangsskoðunar (hvort sem um er að ræða stjórnáætlun, einkamál eða sakamál) eða, eftir atvikum, við sáttagerð,
 - e) tilgreina þau lagaákvæði sem gilda um viðfangsefni sameiginlegrar rannsóknarinnar eða vettvangsskoðunarinnar,
 - f) meta, eftir atvikum, a.m.k. eftirfarandi:
 - 1) hvort semja þurfi sameiginlega aðgerðaáætlun sem tilgreinir m.a. viðfangsefni, eðli og tímasetningar þeirra aðgerða sem grípa á til, þ.m.t. áfanga og úthlutun ábyrgðar til að ná fram tilætluðum afrakstri vinnunnar að teknu tilliti til áherslna hvors yfirvalds um sig,
 - 2) tilgreiningu og mat á öllum lagatáknörkunum eða hömlum og öllum mismun á málsmeðferð að því er varðar rannsóknar- eða fullnustuaðgerðir eða aðra málsmeðferð, þ.m.t. að því er varðar réttindi þeirra sem sæta rannsókn,
 - 3) tilgreiningu og mat á tilteknum reglum um þagnarskyldu lögmanna sem kunna að hafa áhrif á ferli rannsóknarinnar og fullnustumeðferð, þ.m.t. varðandi réttinn til að fella ekki á sig sök,
 - 4) almannatengsla- og fjölmiðlastefnu og
 - 5) fyrirhugaða notkun á upplýsingum sem skipst er á.

9. gr.

Verklag aðstoðar við innheimtu fjárhagslegra viðurlaga

1. Yfirvaldið sem leggur fram beiðnina og yfirvaldið sem henni er beint til skulu hafa með sér samráð þegar beiðni berst um aðstoð við innheimtu fjárhagslegra viðurlaga skv. 6. mgr. 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 596/2014 um hvernig aðstoðarbeiðnin geti nýst sem best. Yfirvöldin skulu taka tillit til aðgerða sem yfirvaldið sem leggur fram beiðnina hefur þegar gripið til í sinni lögsögu og til landsbundinna reglna um innheimtu viðurlaga af hálfu yfirvaldsins sem beiðninni er beint til.
2. Yfirvaldið sem beiðninni er beint til skal veita umbeðna aðstoð eða gera umbeðnar upplýsingar aðgengilegar að því er varðar þessa grein í samræmi við gildandi landslög. Geti annað yfirvald eða viðkomandi stofnun aðildarríkis yfirvaldsins sem beiðninni er beint til veitt hina umbeðnu aðstoð eða hefur aðgang að upplýsingunum skal yfirvaldið sem beiðninni er beint til bjóðast til að veita yfirvaldinu sem leggur hana fram nauðsynlegar upplýsingar til að koma á beinum samskiptum milli yfirvaldsins sem leggur fram beiðnina og þessa annars yfirvalds eða stofnunar sem umbeðnar upplýsingar gætu verið fáanlegar frá, í samræmi við landslög.

*10. gr.***Óumbeðin upplýsingaskipti**

1. Að því er varðar sendingu óumbeðinna upplýsinga skv. 4. mgr. 16. gr. og 5. mgr. 25. gr reglugerðar (ESB) nr. 596/2014 eða ef lögbært yfirvald býr yfir upplýsingum sem það telur að gætu nýst öðru lögbæru yfirvaldi við störf sín samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 596/2014, skal það senda slíkar upplýsingar skriflega með pósti, símbréfi eða tryggum rafrænum hætti til tengiliðar lögbæra yfirvaldsins sem tilnefndur er skv. 2. gr.
2. Telji lögbæra yfirvaldið sem sendir upplýsingarnar að þær ætti að senda án tafar getur það veitt hinu yfirvaldinu upplýsingarnar munnlega, að því tilskildu að þær séu í kjölfarið sendar skriflega án ástæðulausrar tafar.
3. Lögbært yfirvald sem sendir upplýsingar óumbeðið skal nota eyðublaðið sem sett er fram í IV. viðauka og einkum tilgreina atriði sem tengjast upplýsingaleynd.

*11. gr.***Takmarkanir og heimil notkun upplýsinga**

1. Lögbæra yfirvaldið sem leggur fram beiðni og lögbæra yfirvaldið sem henni er beint til skulu láta viðeigandi viðvörðun um þagnarskyldu fylgja öllum beiðnum um aðstoð, svörum við aðstoðarbeiðnum og sendingum óumbeðinna upplýsinga, í samræmi við eyðublaðið sem sett eru fram í viðaukunum.
2. Þurfi yfirvaldið sem beiðninni er beint til að veita þær upplýsingar, til þess að uppfylla beiðnina, að yfirvald sem leggur fram beiðnina hafi gert það skal fyrri yfirvaldið veita þær upplýsingar eftir að hafa rætt um eðli og umfang þeirrar upplýsingagjafar sem þörf er á við yfirvaldið sem leggur fram beiðnina og að fengnu samþykki þess fyrir slíkri upplýsingagjöf. Veiti yfirvaldið sem leggur fram beiðnina ekki samþykki sitt fyrir upplýsingagjöfinni skal yfirvaldið sem beiðninni er beint til ekki aðhafast á grundvelli beiðninnar og er þá yfirvaldinu sem leggur hana fram heimilt að draga hana til baka eða fresta henni þar til því er unnt að veita slíkt samþykki fyrir upplýsingagjöf.
3. Upplýsingar sem veittar eru í samræmi við 10. gr. skulu einungis notaðar í þeim tilgangi að tryggja að farið sé að ákvæðum reglugerðar (ESB) nr. 596/2014 eða til að framfylgja þeim, þ.m.t., en ekki einungis, til að höfða, reka eða aðstoða við sakamál, stjórnsýslumál, einkamál eða agamál vegna brots gegn ákvæðum þeirrar reglugerðar.

*12. gr.***Gildistaka og framkvæmd**

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 26. febrúar 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

I. VIÐAUKI

Eyðublað fyrir beiðni um aðstoð

Beiðni um aðstoð

Tilvísunarnúmer:

Dagsetning:

Viðaukar: [Tilgreinið fjölda meðfylgjandi skjala/fylgiskjala]

Almennar upplýsingar

FRÁ:

Aðildarríki:

Yfirvald sem leggur fram beiðni:

Lögheimili:

[Færa skal inn samskiptaupplýsingar tengiliðar sem tilnefndur er skv. 2. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/292 eða þess einstaklings sem tilnefndur hefur verið sem tengiliður fyrir þessa beiðni og tilgreindur er hér fyrir neðan]

Nafn:

Sími:

Tölvupóstfang:

TIL:

Aðildarríki:

Yfirvald sem beiðni er beint til:

Lögheimili:

[Færa skal inn samskiptaupplýsingar tengiliðar sem tilnefndur er skv. 2. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/292]

Nafn:

Sími:

Tölvupóstfang:

Ágæti/a [Færa skal inn viðkomandi nafn]

Í samræmi við 3. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/292 er óskað eftir aðstoð þinni í tengslum við mál sem nánar er greint frá hér að neðan.

Ég yrði þakklátur/þakklát fyrir að fá áður nefnda aðstoð í síðasta lagi [færa skal inn leiðbeinandi dagsetningu svars, og ef um er að ræða beiðni sem brýnt er að svara skal færa inn dagsetningu frests sem veita þarf upplýsingarnar innan] eða sé það ekki mögulegt, fá upplýsingar um hvenær þú býst við að vera í aðstöðu til að veita umbeðna aðstoð.

Tegund aðstoðarbeiðni

Vinsamlegast merkið í viðeigandi reit(i)

- 1. Upplýsingagjöf
- 2. Skýrslutaka
- 3. Upphaf rannsóknar
- 4. Vettvangsskoðun
- 5. Aðstoð við innheimtu viðurlaga
- 6. Önnur tegund aðstoðar

(t.d. frýsting eða upptaka eigna, heimild til annarrar notkunar eða áframmiðlunar upplýsinga...)

Ástæður fyrir beiðni um aðstoð

.....

.....

.....

[Færa skal inn ákvæði sérlega sem eru forsendur þess að yfirvaldið sem leggur fram beiðnina sé lögbært til að annast málið]

Beiðnin varðar aðstoð við

.....

.....

.....

.....

[Færa skal inn lýsingu á viðfangsefni beiðninnar, tilgangi þess að óska eftir aðstoð, málsvikum sem varða rannsóknina til upplýsingar um samhengi beiðninnar og útskýra hvernig þær nýtist til að uppfylla skyldur yfirvaldsins]

Með vísan til

.....

.....

.....

[Ef við á skal færa inn upplýsingar um fyrri beiðni svo unnt sé að bera kennsl á hana]

1. Upplýsingagjöf

- a) Lýsið ýtarlega þeim tilteknu upplýsingum sem óskað er eftir og ástæðum þess að þær nýtist og látið fylgja lista yfir þá aðila sem eru taldir búa yfir þessum upplýsingum eða staði þar sem unnt er að afla slíkra upplýsinga, sé það vitað.

.....

.....

.....

.....

b) Varði beiðnin upplýsingar sem tengjast viðskiptum eða fyrirmælum/tilboði sem varðar tiltekinn fjármálagerning skal vinsamlegast veita eftirfarandi upplýsingar.

Auðkenni afurðar:

[Færa skal inn nákvæma lýsingu á fjármálagerningnum, þ.m.t. hvers kyns staðlaðan auðkenningarkóða svo sem ISIN-númer eða All-númer]

Auðkenni aðila:

[Tilgreina skal þá aðila sem tengjast viðskiptunum eða fyrirmælunum/tilboðinu, þ.m.t. aðilann sem á í viðskiptum með fjármálagerninginn eða fyrir hvers hönd viðskiptin eru talin hafa átt sér stað, sem og viðkomandi auðkenniskóða svo sem auðkenni lögaðila (LEI) eða auðkenniskóða viðskiptavinar samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012]

Dagsetningar:

[Tilgreina skal milli hvaða dagsetninga viðskiptin eða fyrirmælin/tilboðin um þessa fjármálagerninga voru lögð fram, þ.m.t. sé um að ræða umtalsverðan tíma, ástæður þess að allt tímabilið sé gagnlegt]

c) Varði beiðnin upplýsingar sem tengjast atvinnurekstri eða starfsemi aðila, vinsamlegast veitið eins nákvæmar upplýsingar og unnt er til að gera kleift að bera kennsl á þann aðila.

.....

d) Ef huga þarf sérstaklega að viðkvæmni þeirra upplýsinga sem óskað er eftir skal gefa til kynna hve viðkvæmar þær upplýsingar sem beiðnin vísar til eru og greina frá öllum sérstökum varúðarráðstöfunum sem gera verður við öflun upplýsinganna vegna rannsóknarhagsmuna.

.....

e) Vinsamlegast veitið hvers kyns viðbótarupplýsingar.

.....

[Hvort yfirvaldið sem leggur fram beiðnina hafi verið eða verði í sambandi við annað yfirvald eða löggæslustofnun í aðildarríki yfirvaldsins sem beiðninni er beint til í tengslum við efni beiðninnar eða við annað yfirvald sem yfirvaldinu sem leggur fram beiðnina er kunnugt um að eigi virkra hagsmuna að gæta varðandi efni beiðninnar]

f) Sé um að ræða beiðni sem brýnt er að svara og setningu tímafrests skal skýra með fullnægjandi hætti hvers vegna erindið er brýnt og útskýra tímafresti sem yfirvaldið sem leggur fram beiðnina hefur óskað eftir að fá upplýsingarnar innan.

.....

2. Skýrslutaka

Vinsamlegast tilgreinið:

- a) Eðli skýrslugjafar sem óskað er eftir:

.....

[Sé óskað eftir tiltekinni tegund skýrslugjafar frekar en annarri skal tilgreina hana, t.d. hvort hún eigi að vera að viðlögðum drengskap eða samkvæmt öðrum lagafyrirmælum, og valfrjáls eða skyldubundin, ef við á]

- b) Nauðsyn og tilgang skýrslutöku:

.....

- c) Nafn/nöfn einstaklinga sem skýrsla skal tekin af:

.....

[Færa skal inn upplýsingar um þá einstaklinga sem skýrsla skal tekin af, þ.m.t., ef við á, stöðu viðkomandi og fyrirtækið, til að gera yfirvaldinu sem beiðninni er beint til kleift að hefja undirbúning skýrslutöku, þ.m.t. boðun þegar við á]

- d) Nákvæma lýsingu á þeim upplýsingum sem sóst er eftir, þ.m.t. bráðabirgðaspurningalista (liggi hann fyrir þegar beiðnin er send).

.....

- e) Aðrar viðbótarupplýsingar sem kunna að gagnast:

.....

[Hvort starfsfólk yfirvaldsins sem leggur fram beiðnina óskar eftir að taka þátt í skýrslutökunni, upplýsingar um þá fulltrúa yfirvaldsins sem leggur fram beiðnina sem munu taka þátt og, eftir atvikum, lýsingu á laga- og málsmeðferðarkröfum sem ber að hlíta til að tryggja að skýrslan verði lögmæt í lögsögu yfirvaldsins sem leggur fram beiðni]

3. Upphaf rannsóknar eða sameiginlegrar rannsóknar

Varði beiðnin það að hefja rannsókn fyrir hönd yfirvaldsins sem leggur fram beiðnina skal veita upplýsingar sem gera yfirvaldinu sem beiðninni er beint til kleift að meta hvort það hafi hagsmuni af því að hefja sameiginlega rannsókn, þ.m.t. rannsóknartillögu yfirvaldsins sem leggur fram beiðnina, rökstuðning hennar og áætlaðan ávinning fyrir yfirvaldið sem beiðninni er beint til.

.....

[Tilgreina skal allar viðkomandi upplýsingar sem yfirvaldið sem beiðninni er beint til þarf til að veita nauðsynlega aðstoð með því að hefja rannsókn eða sameiginlega rannsókn, eftir atvikum]

4. Upphaf vettvangsskoðunar eða sameiginlegrar skoðunar

Varði beiðnin það að ráðast í vettvangsskoðun fyrir hönd yfirvaldsins sem leggur fram beiðnina skal veita upplýsingar sem gera yfirvaldinu sem beiðninni er beint til kleift að meta hvort það hafi hagsmuni af því að hefja sameiginlega vettvangsskoðun, þ.m.t. tillögu yfirvaldsins sem leggur fram beiðnina um vettvangsskoðunina, rökstuðning hennar og áætlaðan ávinning fyrir yfirvaldið sem beiðninni er beint til.

.....
.....
.....
.....
.....

[Tilgreina skal allar viðkomandi upplýsingar sem yfirvaldið sem beiðninni er beint til þarf til að veita nauðsynlega aðstoð með því að hefja vettvangsskoðun eða sameiginlega skoðun, eftir atvikum]

.....
.....
.....

Þagnarskylda gildir um upplýsingarnar sem koma fram í þessari beiðni í samræmi 11. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/292 og 27. gr. reglugerðar (ESB) nr. 596/2014. Farið skal að kröfum 28. gr. reglugerðar (ESB) nr. 596/2014 að því er varðar allar persónuupplýsingar sem koma fram í beiðninni.

Tengiliður þinn vegna fyrirspurnar sem þú kannt að hafa um hvaðeina sem tengist þessari beiðni er *[færa skal inn nafn tengiliðar og samskiptaupplýsingar: símanúmer, tölvupóstfang]*

Virðingarfyllt,

[Nafn og undirskrift]

II. VIÐAUKI

Eyðublað til staðfestingar á móttöku beiðni um aðstoð

Staðfesting á móttöku beiðni um aðstoð

Tilvísunarnúmer:

Dagsetning:

FRÁ:

Aðildarríki:

Yfirvald sem beiðni er beint til:

Lögheimili:

[Færa skal inn samskiptaupplýsingar tengiliðar sem tilnefndur er skv. 2. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/292 eða þess einstaklings sem tilnefndur hefur verið sem tengiliður fyrir þessa beiðni og tilgreindur er hér fyrir neðan]

Nafn:

Sími:

Tölvupóstfang:

TIL:

Aðildarríki:

Yfirvald sem leggur fram beiðni:

Lögheimili:

[Færa skal inn samskiptaupplýsingar tilnefnds tengiliðar skv. 2. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/292 nema yfirvaldið sem leggur fram beiðnina tilgreini annað]

Nafn:

Sími:

Tölvupóstfang:

Ágæti/a [Færa skal inn viðkomandi nafn]

Í samræmi við 4. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/292 staðfestum við hér með móttöku á aðstoðarbeiðni þinni með tilvísunarnúmer [færa skal inn númer beiðninnar] hinn [færa skal inn dagsetningu].

Viðkomandi einstaklingur/einstaklingar innan [færa skal inn nafn yfirvaldsins sem beiðninni er beint til] sem annast beiðnina er/eru [færa skal inn nafn, símanúmer, tölvupóstfang].

Áætluð dagsetning svars:

Virðingarfyllt,

[Nafn og undirskrift]

III. VIÐAUKI

Eyðublað til að svara aðstoðarbeiðni

Svar við aðstoðarbeiðni

Tilvísunarnúmer:

Dagsetning:

Viðaukar: [Tilgreina skal fjölda meðfylgjandi skjala/fylgiskjala]**Almennar upplýsingar****FRÁ:**

Aðildarríki:

Yfirvald sem beiðni er beint til:

Lögheimili:

[Færa skal inn samskiptaupplýsingar tengiliðar sem tilnefndur er skv. 2. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/292 eða þess einstaklings sem tilnefndur hefur verið sem tengiliður fyrir þessa beiðni og tilgreindur er hér fyrir neðan]

Nafn:

Sími:

Tölvupóstfang:

TIL:

Aðildarríki:

Yfirvald sem leggur fram beiðni:

Lögheimili:

[Færa skal inn samskiptaupplýsingar tilnefnds tengiliðar skv. 2. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/292 nema yfirvaldið sem leggur fram beiðnina tilgreini annað]

Nafn:

Sími:

Tölvupóstfang:

Ágæti/a [Færa skal inn viðkomandi nafn]

Í samræmi við 5. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/292 höfum við afgreitt beiðni þína, dags. [dd.mm.áááá] með tilvísunarnúmerið [færa skal inn tilvísunarnúmer].

Upplýsingar sem aflað hefur verið

.....
.....
.....
.....
.....

[Hafi upplýsingaöflun farið fram skal setja upplýsingarnar fram hér eða útskýra hvernig þær verða veittar]

Þagnarskylda gildir um veittar upplýsingar og er þeim miðlað til [færa skal inn heiti yfirvalds sem leggur fram beiðni] skv. [færa skal inn ákvæði gildandi sérlaga] og á grundvelli þess að upplýsingarnar skuli áfram vera trúnaðarmál í samræmi við 11. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/292 og 27. gr. reglugerðar (ESB) 596/2014.

[Færa skal inn nafn yfirvalds sem leggur fram beiðni] skal fara að kröfum 11. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/292 að því er varðar heimila notkun þeirra upplýsinga og 28. gr. reglugerðar (ESB) nr. 596/2014 að því er varðar vinnslu og flutning persónuupplýsinga.

Hyggist [færa skal inn nafn yfirvalds sem leggur fram beiðni] nota eða miðla þeim upplýsingum sem koma fram í þessu svari í öðrum tilgangi en þeim sem kemur fram í beiðninni en sem fellur undir gildissvið reglugerðar (ESB) 596/2014 skal [færa skal inn nafn yfirvalds sem leggur fram beiðni] tilkynna það til [færa skal inn nafn yfirvalds sem beiðni er beint til], sem hefur 10 virka daga til að andmæla slíkri notkun eða miðlun á þeim forsendum sem um getur í 2. mgr. 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 596/2014.

Hyggist [færa skal inn nafn yfirvalds sem leggur fram beiðni] nota eða miðla þeim upplýsingum sem koma fram í þessu svari í tilgangi sem fellur utan gildissviðs reglugerðar (ESB) nr. 596/2014 skal [það/hún/hann (veljist eftir nafni yfirvalds)] gera [færa skal inn nafn yfirvalds sem beiðni er beint til] viðvart og, nema undantekningin sem um getur í 3. mgr. 27. gr. eigi við, fá fyrirframsamþykki [færa skal inn nafn yfirvalds sem beiðni er beint til] fyrir slíkri notkun. Samþykki [færa skal inn nafn yfirvalds sem beiðni er beint til] slíka notkun eða miðlun upplýsinganna er [því/henni/honum (veljist eftir nafni yfirvalds)] heimilt að binda hana tilteknum skilyrðum.

Virðingarfyllt,

[Nafn og undirskrift]

IV. VIÐAUKI

Eyðublað til að veita óumbeðna aðstoð

Óumbeðin aðstoð

Tilvísunarnúmer:

Dagsetning:

Viðaukar: [Tilgreina skal fjölda meðfylgjandi skjala/fylgiskjala]**Almennar upplýsingar****FRÁ:**

Aðildarríki:

Yfirvald sem sendir upplýsingarnar:

Lögheimili:

[Færa skal inn samskiptaupplýsingar tengiliðar sem tilnefndur er skv. 2. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/292]

Nafn:

Sími:

Tölvupóstfang:

TIL:

Aðildarríki:

Yfirvald sem tekur við upplýsingunum:

Lögheimili:

[Færa skal inn samskiptaupplýsingar tengiliðar sem tilnefndur er skv. 2. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/292]

Nafn:

Sími:

Tölvupóstfang:

Ágæti/a [Færa skal inn viðkomandi nafn]

Í samræmi við 10. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/292 veitum við eftirfarandi upplýsingar sem við teljum að geti gagnast við framkvæmd starfa ykkar.

Veittar upplýsingar

.....

.....

.....

.....

.....

[Greina skal nánar frá upplýsingunum hér, þ.m.t. ef við á, með lýsingu á fylgiskjöllum og öðru efni sem fylgir]

Þagnarskylda gildir um veittar upplýsingar og er þeim miðlað til *[færa skal inn heiti yfirvalds sem fær óumbeðnar upplýsingar]* skv. 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 596/2014 og á grundvelli þess að upplýsingarnar skulu áfram vera trúnaðarmál í samræmi við 11. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/292 og 27. gr. reglugerðar (ESB) 596/2014.

[Færa skal inn nafn lögbærs yfirvalds sem fær óumbeðnar upplýsingar] skal fara að kröfum 11. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/292 að því er varðar heimila notkun þeirra upplýsinga og 28. gr. reglugerðar (ESB) nr. 596/2014 að því er varðar vinnslu og flutning persónuupplýsinga.

Hyggist *[færa skal inn nafn lögbæra yfirvaldsins sem fær óumbeðnar upplýsingar]* nota eða miðla þeim upplýsingum sem það fær í öðrum tilgangi en greinir í 3. mgr. 11. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnar (ESB) 2018/292 skal tilkynna um það til *[færa skal inn nafn lögbærs yfirvalds sem veitir hinar óumbeðnu upplýsingar]* og, nema undantekningin sem um getur í 3. mgr. 27. gr. reglugerðar (ESB) nr. 596/292 eigi við, fá fyrirframsamþykki *[færa skal inn nafn lögbærs yfirvalds sem veitir óumbeðnar upplýsingar]*. Samþykki *[færa skal inn nafn lögbærs yfirvalds sem veitir óumbeðnar upplýsingar]* slíka notkun eða miðlun upplýsinganna er *[því/henni/honum (veljist eftir nafni yfirvalds)]* heimilt að binda hana tilteknum skilyrðum.

Virðingarfyllt,

[Nafn og undirskrift]

**FRAMKVÆMDARÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2020/1729****2022/EES/8/14****frá 17. nóvember 2020****um vöktun og skýrslugjöf varðandi ónæmi gegn sýkingalyfjum hjá bakteríum, sem valda sjúkdómi sem berst milli manna og dýra, og hjá gistilífsbakteríum og um niðurfellingu á framkvæmdarákvörðun 2013/652/ESB***(tilkynnt með númeri C(2020) 7894)***(Einungis enska útgáfan er gild) (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/99/EB frá 17. nóvember 2003 um vöktun mannsmitanlegra dýrasjúkdóma og smitvalda þeirra, breytingu á ákvörðun ráðsins 90/424/EBE og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 92/117/EBE (1), einkum 4. gr. (5. mgr.), 7. gr. (3. mgr.), 8. gr. (3. mgr.) og 9. gr. (fjórða undirgrein 1. mgr.),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt tilskipun 2003/99/EB er þess krafist að aðildarríkin tryggja að með vöktun verði til samanburðarhæf gögn um tilvik ónæmis gegn sýkingalyfjum [áður: þol gegn sýkingalyfjum] hjá smitvöldum sjúkdóma sem berast milli manna og dýra og hjá öðrum sjúkdómsvöldum, að svo miklu leyti sem þeir eru ógn við lýðheilsu.
- 2) Samkvæmt tilskipun 2003/99/EB er þess einnig krafist að aðildarríkin meti leitni og upptök ónæmis gegn sýkingalyfjum á yfirráðasvæði sínu og sendi framkvæmdastjórninni skýrslu á hverju ári með gögnum sem safnað er í samræmi við þá tilskipun.
- 3) Í framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/652/ESB (2) er mælt fyrir um ítarlegar reglur um samræmda vöktun og skýrslugjöf varðandi ónæmi gegn sýkingalyfjum hjá bakteríum, sem valda sjúkdómi sem berst milli manna og dýra, og hjá gistilífsbakteríum Þessar reglur eru í gildi til 31. desember 2020.
- 4) Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar til Evrópuþingsins og ráðsins 29. júní 2017, „A European One Health Action Plan against Antimicrobial Resistance“ (3) (Evrópska aðgerðaráætlunin „ein heilsa“ gegn sýkingalyfjaónæmi), skuldbatt hún sig til að endurskoða framkvæmdarlöggjöf Sambandsins, nánar tiltekið framkvæmdarákvörðun 2013/652/ESB sem varðar vöktun á ónæmi gegn sýkingalyfjum hjá bakteríum, sem valda sjúkdómi sem berst milli manna og dýra, og hjá gistilífsbakteríum í húsdýrum og matvælum, til að taka tillit til nýrrar þróunar í vísindum og gagnasöfnunarþarfa.
- 5) Á árunum 2015 til 2018 innti framkvæmdastjórnin af hendi röð úttekta í aðildarríkjum til að meta framkvæmd lögbærra yfirvalda á framkvæmdarákvörðun 2013/652/ESB. Í lokayfirlitsskýrslu (4) þar sem þessi röð úttekta var tekin saman voru dregnar fram tilteknar áskoranir við framkvæmd, sem aðildarríki stóðu frammi fyrir, sem framkvæmdastjórnin ætti að taka tillit til við endurskoðun á framkvæmdarákvörðun 2013/652/ESB.
- 6) Hinn 5. júní 2019 birti Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) vísindalega skýrslu með heitinu „Technical specifications on harmonised monitoring of antimicrobial resistance in zoonotic and indicator bacteria from food-producing animals and food“ (5) (tækniforskriftir vegna samræmdar vöktunar á ónæmi gegn sýkingalyfjum hjá bakteríum, sem valda sjúkdómi sem berst milli manna og dýra, og hjá bendibakteríum frá dýrum sem gefa af sér afurðir til manneldis og matvælum). Í þessari skýrslu er mælt með sértækum aðlögunum að núverandi vöktunar- og skýrslugjafarkerfi vegna ónæmis gegn sýkingalyfjum, eins og mælt er fyrir um í framkvæmdarákvörðun 2013/652/ESB, til að bregðast með skilvirkum hætti við sífbreytilegri ógn af völdum ónæmis gegn sýkingalyfjum og til að tryggja samfellu við að meta leitni ónæmis gegn sýkingalyfjum til framtíðar frá árinu 2021. Þessar aðlaganir sem mælt er með varða aðallega aðlögun að því er varðar úr hvaða stofnum dýra, sem gefa af sér afurðir til manneldis, eða matvælaflokkum á að taka sýni, hvaða úrtakssniði á að fylgja, hvaða bakteríutegundir á að prófa m.t.t. ónæmis gegn sýkingalyfjum og greiningaraðferðir sem rannsóknarstofur, sem bera ábyrgð á prófunum vegna ónæmis gegn sýkingalyfjum, eiga að nota.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtuð. ESB L 387, 19.11.2020, bls. 8. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 189/2021 frá 9. Júlí 2021 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtuð. ESB L 325, 12.12.2003, bls. 31.

(2) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/652/ESB frá 12. nóvember 2013 um vöktun og skýrslugjöf varðandi þol gegn sýkingalyfjum hjá bakteríum, sem valda sjúkdómi sem berst milli manna og dýra, og hjá gistilífsbakteríum (Stjtuð. ESB L 303, 14.11.2013, bls. 26).

(3) COM/2017/0339 lokagerð.

(4) DG(SANTE) 2019-6789.

(5) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2019 17(6), 5709.

- 7) Í því skyni að fá áfram samanburðarhæf og áreiðanleg gögn um ónæmi gegn sýkingalyfjum er mikilvægt að taka tilmælin í vísindalegri skýrslu Matvælaöryggisstofnunarinnar frá 5. júní 2019 með í reikninginn við að skilgreina mikilvægustu samsetningar bakteríutegunda, stofna dýra sem gefa af sér afurðir til manndis og matvæla sem á að taka með í samræmda vöktun og skýrslugjöf um ónæmi gegn sýkingalyfjum frá árinu 2021. Einnig þykir rétt að lágmarka álagið á lögbær yfirvöld aðildarríkja að því marki sem mögulegt er, einkum með því að taka á þekktum áskorunum við framkvæmd og með því að beina vöktun á ónæmi gegn sýkingalyfjum að líffræðilegum sýnum eða bakteríu-einangrum sem er safnað innan ramma núverandi landsbundinna varnaráætla.
- 8) Raðgreining á öllu genamenginu (WGS) (e. *whole genome sequencing*) lofar góðu sem tækni til að koma í staðinn fyrir hefðbundna svipfarsprófun í örverufræði og er notuð í auknum mæli á heimsvísu. Sem stendur er þó einungis takmarkaður fjöldi aðildarríkja fær um að nota raðgreiningu á öllu genamenginu til að vakta ónæmi gegn sýkingalyfjum að staðaldri. Því er rétt að heimila að raðgreining á öllu genamenginu verði einungis notuð valfrjálst sem staðgöngukostur fyrir hefðbundna svipfarstækni en koma á tæknilegum skilyrðum varðandi tækni raðgreiningar á öllu genamenginu til að tryggja samanburðarhæfi gagna.
- 9) Ónæmi gegn sýkingalyfjum er hnattræn ógn sem getur auðveldlega borist yfir landamæri. Til að bæta samræmingu og öðlast betri skilning á því hvernig unnt er að stuðla að því að draga úr hnattrænum áhrifum ónæmis gegn sýkingalyfjum er því nauðsynlegt að matvæli, sem eru flutt inn í Sambandið, falli einnig undir kröfur um vöktun vegna ónæmis gegn sýkingalyfjum.
- 10) Til að tryggja samfellu í samræmdri vöktun og skýrslugjöf af hálfu aðildarríkja varðandi ónæmi gegn sýkingalyfjum eftir tímabilið sem féll undir framkvæmdarákvörðun 2013/652/ESB ætti þessi ákvörðun að koma til framkvæmda frá og með 1. janúar 2021.
- 11) Vegna lagalegs skýrleika ætti að fella ákvörðun 2013/652/ESB úr gildi.
- 12) Rádstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Efni og gildissvið

1. Í þessari ákvörðun er mælt fyrir um samræmdar reglur um vöktun og skýrslugjöf varðandi ónæmi gegn sýkingalyfjum fyrir tímabilið 2021–2027 sem aðildarríkin eiga að inna af hendi í samræmi við 3. mgr. 7. gr. og 1. mgr. 9. gr. tilskipunar 2003/99/EB og B-lið II. viðauka og IV. viðauka við tilskipunina.
2. Vöktun og skýrslugjöf varðandi ónæmi gegn sýkingalyfjum skal ná yfir eftirfarandi bakteríur:
 - a) *Salmonella* spp.
 - b) *Campylobacter coli* (*C. coli*)
 - c) *Campylobacter jejuni* (*C. jejuni*)
 - d) Vísbendandi gistilífveruna *Escherichia coli* (*E. coli*)
 - e) *Salmonella* spp. og *E. coli* sem mynda eftirfarandi ensím:
 - i. Breiðvirkan β-laktamasa (ESBL)
 - ii. AmpC β-laktamasa (AmpC)
 - iii. Karbapenemasa (CP).
3. Vöktun og skýrslugjöf varðandi ónæmi gegn sýkingalyfjum getur náð yfir vísbendandi gistilífveruna *Enterococcus faecalis* (*E. faecalis*) og *Enterococcus faecium* (*E. faecium*).
4. Vöktun og skýrslugjöf varðandi ónæmi gegn sýkingalyfjum skal ná yfir eftirfarandi stofna dýra, sem gefa af sér afurðir til manndis, og matvæli:
 - a) holdakjúklinga,
 - b) varphænur,
 - c) eldiskalkúna,
 - d) nautgripi yngri en eins árs,

- e) eldissvín,
- f) nýtt kjöt af holdakjúklingum,
- g) nýtt kjöt af kalkúnum,
- h) nýtt kjöt af svínum,
- i) nýtt kjöt af nautgripum.

5. Aðildarríkin skulu vakta og gefa skýrslu um ónæmi gegn sýkingalyfjum í tilteknum samsetningum af bakteríum/sýkingalyfjaefnum/stofnum dýra, sem gefa af sér afurðir til manneldis, og nýju kjöti af þeim í samræmi við 3. og 4. gr.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari ákvörðun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) skilgreiningarnar sem mælt er fyrir um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 ⁽⁶⁾,
- b) skilgreiningarnar sem mælt er fyrir um í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2073/2005 ⁽⁷⁾,
- c) skilgreiningarnar sem mælt er fyrir um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 ⁽⁸⁾,
- d) skilgreiningarnar sem mælt er fyrir um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2160/2003 ⁽⁹⁾,
- e) skilgreiningarnar sem mælt er fyrir um í tilskipun 2003/99/EB,
- f) skilgreiningarnar sem mælt er fyrir um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/6 ⁽¹⁰⁾,
- g) „slátrunarhópur“: hópur af dýrum sem eru upprunnin úr sömu hjörðinni, alin saman við sömu skilyrði og send í sláturhús á sama degi.

3. gr.

Sýnatökurammi og greining

1. Aðildarríkin skulu taka sýni úr mismunandi stofnum dýra, sem gefa af sér afurðir til manneldis, og nýju kjöti af þeim, eins og um getur í 4. mgr. 1. gr., og prófa bakteríueinangrin sem fást úr þeim m.t.t. þols gegn sýkingalyfjum í samræmi við tæknilegu kröfurnar sem settar eru fram í A-hluta viðaukans.

Að því er varðar vöktun á *Salmonella* spp. í stofnum holdakjúklinga, varphæna og eldiskalkúna er aðildarríkjum þó heimilt að nota bakteríueinangur sem þegar hefur verið aflað innan sýnatökuramma landsbundinna varnaráætlaða sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 2160/2003.

2. Landsbundnar tilvísunarrannsóknarstofur fyrir ónæmi gegn sýkingalyfjum, eða aðrar rannsóknarstofur sem lögbær yfirvöld tilnefna í samræmi við 37. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625, skulu bera ábyrgð á því að annast:

- a) prófun á þoli bakteríueinangra gegn sýkingalyfjum, sem um getur í 1. mgr., í samræmi við tæknilegu kröfurnar sem settar eru fram í 4. lið A-hluta viðaukans,
- b) sértæka vöktun á *E. coli* sem myndar breiðvirkan β -laktamasa (ESBL), AmpC β -laktamasa (AmpC) eða karbapenemasa (CP), í samræmi við tæknilegu kröfurnar sem settar eru fram í 5. lið A-hluta viðaukans,
- c) staðgönguaðferðina sem um getur í 6. lið A-hluta viðaukans.

⁽⁶⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 frá 15. mars 2017 um opinbert eftirlit og aðra opinbera starfsemi sem miðar að því að tryggja að lögum um matvæli og fóður og reglum um heilbrigði og velferð dýra, plöntuheilbrigði og plöntuverndarvörur sé beitt og um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001, (EB) nr. 396/2005, (EB) nr. 1069/2009, (EB) nr. 1107/2009, (ESB) nr. 1151/2012, (ESB) nr. 652/2014, (ESB) 2016/429 og (ESB) 2016/2031, reglugerðum ráðsins (EB) nr. 1/2005 og (EB) nr. 1099/2009 og tilskipunum ráðsins 98/58/EB, 1999/74/EB, 2007/43/EB, 2008/119/EB og 2008/120/EB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 og (EB) nr. 882/2004, tilskipunum ráðsins 89/608/EBE, 89/662/EBE, 90/425/EBE, 91/496/EBE, 96/23/EB, 96/93/EB og 97/78/EB og ákvörðun ráðsins 92/438/EBE (reglugerð um opinbert eftirlit) (Stjttíð. ESB L 95, 7.4.2017, bls. 1).

⁽⁷⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2073/2005 frá 15. nóvember 2005 um örverufræðilegar viðmiðanir fyrir matvæli (Stjttíð. ESB L 338, 22.12.2005, bls. 1).

⁽⁸⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 frá 29. apríl 2004 um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu (Stjttíð. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 55).

⁽⁹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2160/2003 frá 17. nóvember 2003 um varnir gegn salmonellu og öðrum tilteknum smitvöldum mannsmitanlegra dýrasjúkdóma sem berast með matvælum (Stjttíð. ESB L 325, 12.12.2003, bls. 1).

⁽¹⁰⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/6 frá 11. desember 2018 um dýralyf og um niðurfellingu á tilskipun 2001/82/EB (Stjttíð. ESB L 4, 7.1.2019, bls. 43).

4. gr.

Árleg skýrslugjöf og mat á ónæmi gegn sýkingalyfjum

Aðildarríkin skulu gefa framkvæmdastjórninni skýrslu á hverju ári um niðurstöður vöktunar þeirra varðandi ónæmi gegn sýkingalyfjum í samræmi við kröfurnar í B-hluta viðaukans.

Aðildarríkin skulu einnig meta niðurstöður árlegrar vöktunar sinnar á ónæmi gegn sýkingalyfjum og láta matið fylgja með í skýrslunni um leitni og upptök sjúkdóma sem berast milli manna og dýra, smitvalda sjúkdóma sem berast milli manna og dýra og ónæmi gegn sýkingalyfjum sem kveðið er á um í 1. mgr. 9. gr. tilskipunar 2003/99/EB.

5. gr.

Birting gagna

Matvælaöryggisstofnun Evrópu skal birta landsbundin meginleg gögn, byggð á einangrum, um ónæmi gegn sýkingalyfjum og niðurstöður greininga sem skýrsla er gefin um í samræmi við 4. gr.

6. gr.

Niðurfelling

Framkvæmdarákvörðun 2013/652/ESB er hér með felld úr gildi.

7. gr.

Beiting

Ákvörðun þessi kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2021.

8. gr.

Viðtakendur

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 17. nóvember 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Stella KYRIAKIDES

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

A-HLUTI

Sýnatökurammi og greining

1. Uppruni bakteríueinangra sem á að prófa m.t.t. þols gegn sýkingalyfjum

Aðildarríkin skulu útvega bakteríueinangur til að vakta ónæmi gegn sýkingalyfjum úr a.m.k. einni af eftirfarandi samsetningu einangra/stofna dýra sem gefa af sér afurðir til manneldis/matvæla:

- a) Einangur *Salmonella* spp., sem fást úr:
 - i. sýnum úr hverjum stofni varphæna, holdakjúklinga og eldiskalkúna sem eru tekin innan ramma landsbundinna varnaráætlana sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 2160/2003,
 - ii. sýnum úr innihaldi botnristils sem eru tekin úr eldissvínnum við slátrun, þó ekki aðildarríki sem eru með í framkvæmd landsbundna áætlun til að verjast salmonellu sem hefur verið samþykkt á vettvangi ESB,
 - iii. sýnum úr innihaldi botnristils sem eru tekin úr nautgripum, sem eru yngri en eins árs, við slátrun ef landsframleiðsla á kjöti af þessum nautgripum er meiri en 10 000 tonn á ári,
 - iv. sýnum úr nýju kjöti af holdakjúklingum og kalkúnum sem eru tekin á landamæraeftirlitsstöðvum.
- b) Einangur *C. coli* og *C. jejuni* sem fást úr
 - i. sýnum úr innihaldi botnristils sem eru tekin úr holdakjúklingum við slátrun,
 - ii. sýnum úr innihaldi botnristils sem eru tekin úr eldiskalkúnum við slátrun ef landsframleiðsla á kalkúnakjöti er meiri en 10 000 tonn á ári,
 - iii. sýnum úr innihaldi botnristils sem eru tekin úr nautgripum, sem eru yngri en eins árs, við slátrun ef landsframleiðsla á kjöti af þessum nautgripum er meiri en 10 000 tonn á ári,
 - iv. sýnum úr innihaldi botnristils sem eru tekin úr eldissvínnum við slátrun.
- c) Einangur vísbendandi gistilífverunnar *E. coli* sem fást úr:
 - i. sýnum úr innihaldi botnristils sem eru tekin úr holdakjúklingum við slátrun,
 - ii. sýnum úr innihaldi botnristils sem eru tekin úr eldiskalkúnum við slátrun ef landsframleiðsla á kalkúnakjöti er meiri en 10 000 tonn á ári,
 - iii. sýnum úr innihaldi botnristils sem eru tekin úr eldissvínnum við slátrun,
 - iv. sýnum úr innihaldi botnristils sem eru tekin úr nautgripum, sem eru yngri en eins árs, við slátrun ef landsframleiðsla á kjöti af þessum nautgripum er meiri en 10 000 tonn á ári,
 - v. sýnum úr nýju kjöti af holdakjúklingum, kalkúnum, svínnum og nautgripum sem eru tekin á landamæraeftirlitsstöðvum.
- d) Einangur *E. coli* sem myndar breiðvirkan β -laktamasa (ESBL) eða AmpC β -laktamasa (AmpC) eða karbapenemasa (CP) sem fást úr:
 - i. sýnum úr innihaldi botnristils sem eru tekin úr holdakjúklingum við slátrun,
 - ii. sýnum úr innihaldi botnristils sem eru tekin úr eldiskalkúnum við slátrun ef landsframleiðsla á kalkúnakjöti er meiri en 10 000 tonn á ári,
 - iii. sýnum úr innihaldi botnristils sem eru tekin úr eldissvínnum við slátrun,
 - iv. sýnum úr innihaldi botnristils sem eru tekin úr nautgripum, sem eru yngri en eins árs, við slátrun ef landsframleiðsla á kjöti af þessum nautgripum er meiri en 10 000 tonn á ári,
 - v. sýnum úr nýju kjöti af holdakjúklingum, kalkúnum, svínnum og nautgripum sem eru tekin á smásölustigi,
 - vi. sýnum úr nýju kjöti af holdakjúklingum, kalkúnum, svínnum og nautgripum sem eru tekin á landamæraeftirlitsstöðvum.

- e) Ef aðildarríki ákveður að vakta vísbendandi gistilífveruna *E. faecalis* og *E. faecium*, í samræmi við 3. mgr. 1. gr., einangur þessara baktería sem fást úr:
- sýnum úr innihaldi botnristils sem eru tekin úr holdakjúklingum við slátrun,
 - sýnum úr innihaldi botnristils sem eru tekin úr eldiskalkúnum við slátrun ef landsframleiðsla á kalkúnakjöti er meiri en 10 000 tonn á ári,
 - sýnum úr innihaldi botnristils sem eru tekin úr eldissvínnum við slátrun,
 - sýnum úr innihaldi botnristils sem eru tekin úr nautgripum, sem eru yngri en eins árs, við slátrun ef landsframleiðsla á kjöti af þessum nautgripum er meiri en 10 000 tonn á ári.

2. Tíðni sýnatöku

Aðildarríkin skulu annast vöktun á ónæmi gegn sýkingalyfjum í hverri samsetningu af bakteríueinangrum/stofnum dýra sem gefa af sér afurðir til manneldis/matvælum, eins og tilgreint er í 1. lið, í samræmi við eftirfarandi skiptikerfi:

- Á árunum 2021, 2023, 2025 og 2027: Vöktun á ónæmi gegn sýkingalyfjum skal innt af hendi með eldissvínnum, nautgripum yngri en eins árs, svínakjöti og nautakjöti.
- Á árunum 2022, 2024 og 2026: Vöktun á ónæmi gegn sýkingalyfjum skal innt af hendi með varphænum, holdakjúklingum, eldiskalkúnum og nýju kjöti af holdakjúklingum og kalkúnum.

3. Úrtakssnið og fjöldi sýna

3.1. Í sláturhúsum

a) Úrtakssnið:

Þegar aðildarríkin móta sýnatökuáætlun sína í sláturhúsum skulu þau hafa hliðsjón af tækniforskriftum Matvælaöryggisstofnunarinnar um sýnatöku af handahófi vegna samræmdar vöktunar á ónæmi gegn sýkingalyfjum hjá bakteríum, sem valda sjúkdómi sem berst milli manna og dýra, og hjá gistilífsbakteríum ⁽¹⁾.

Aðildarríkin skulu tryggja hlutfallslegt, lagskipt úrtak úr sýnum úr innihaldi botnristils í sláturhúsum sem vinna a.m.k. 60% af sértækum húsdýrastofnum í aðildarríkjunum með jafna dreifingu sýna sem eru tekin á vöktunartímabilinu og, að því marki sem mögulegt er, slembiröðun sýnatökudaganna í hverjum mánuði. Taka skal sýnin úr heilbrigðum dýrum úr faraldsfræðilegum einingum sem eru valdar af handahófi. Faraldsfræðileg eining fyrir holdakjúklinga og eldiskalkúna er hópurinn. Faraldsfræðileg eining fyrir eldissvín og nautgripi, yngri en eins árs, er slátrunarhópurinn. Einingis skal taka eitt sýni úr sömu faraldsfræðilegu einingunni á ári. Hvert sýni skal tekið úr einum skrokki sem er valinn af handahófi úr faraldsfræðilegu einingunni. Að því er varðar holdakjúklinga skal þó hvert sýni tekið úr 10 skrokkum sem eru valdir af handahófi úr faraldsfræðilegu einingunni.

Fjöldi sýna sem er safnað í hverju sláturhúsi skal vera í réttu hlutfalli við árlegt gegnumstreymi í hverju sláturhúsi sem fellur undir sýnatökuáætlunina.

b) Fjöldi sýna:

Í því skyni að prófa tilskilinn lágmarksfjölda bakteríueinangra, sem um getur í lið 4.1, fyrir þoli gegn sýkingalyfjum skulu aðildarríkin árlega taka nægan fjölda sýna, sem um getur í ii. og iii. lið a-liðar í 1. lið, b-lið 1. liðar og i. til iv. lið c-liðar í 1. lið, með því að taka tillit til áætlaðs algengis bakteríutegundanna sem eru vaktadar í viðkomandi dýrastofni.

Ef vitað er að algengi bakteríutegundanna sem eru vaktadar er 30% eða lægra í viðkomandi dýrastofni eða ef þetta algengi er óþekkt á fyrsta vöktunarárinu eða ef fjöldi faraldsfræðilegra eininga sem er aðgengilegur til sýnatöku er ekki nægur til að koma í veg fyrir endurtekna sýnatöku í sömu einingunum er aðildarríkjunum heimilt, með undanþágu, að ákveða að takmarka árlegan fjölda sýna, sem skal taka, við 300. Hægt er að fækka þessum árlega fjölda enn frekar í 150 fyrir hverja tiltekna samsetningu af bakteríueinangrum/stofnum dýra ef árleg landsframleiðsla aðildarríkja er minni en 100 000 tonn af holdakjúklingakjöti, minni en 100 000 tonn af kalkúnakjöti, minni en 100 000 tonn af svínakjöti eða minni en 50 000 tonn af nautakjöti. Aðildarríki sem nýta sér möguleikann á að takmarka árlegan fjölda sýna skulu byggja ákvörðun sína á skjalfestum sönnunum, s.s. niðurstöðum kannana, og skulu leggja þessar sannanir fyrir framkvæmdastjórnina áður en fækkun sýna kemur til framkvæmdar í fyrsta sinn.

⁽¹⁾ <https://www.efsa.europa.eu/it/efsajournal/pub/3686>

Aðildarríkin skulu árlega taka a.m.k. 300 sýni úr hverjum dýrastofni sem um getur í i. til iv. lið d-liðar í 1. lið. Ef árleg landsframleiðsla aðildarríkja er minni en 100 000 tonn af holdakjúklingakjöti, minni en 100 000 tonn af kalkúnakjöti, minni en 100 000 tonn af svínakjöti eða minni en 50 000 tonn af nautakjöti er þeim heimilt, með undanþágu, að ákveða að taka að lágmarki 150 sýni í stað 300 sýna úr hverjum tilteknum viðkomandi dýrastofni.

3.2. Á smásölustigi

a) Úrtakssnið:

Þegar aðildarríkin móta sýnatökuáætlun sína á smásölustigi skulu þau hafa hliðsjón af tækniforskriftum Matvælaöryggisstofnunarinnar um sýnatöku af handahófi vegna samræmdar vöktunar á ónæmi gegn sýkingalyfjum hjá bakteríum, sem valda sjúkdómi sem berst milli manna og dýra, og hjá gistilífsbakteríum ⁽²⁾.

Aðildarríkin skulu tryggja hlutfallslegt, lagskipt úrtak úr sýnum úr nýju kjöti sem eru tekin á smásölustigi, án þess að forvelja sýni á grundvelli uppruna matvælna, þar sem fjöldi sýna dreifist hlutfallslega á stofninn á landsvæðinu. Þau skulu einnig tryggja að dreifing sýna úr nýju kjöti sé jöfn yfir vöktunarárið og, að því marki sem mögulegt er, slembiröðun sýnatökudaganna í hverjum mánuði. Framleiðslulotur sem á að taka sýni úr á tilteknum degi skulu valdar af handahófi.

b) Fjöldi sýna:

Aðildarríkin skulu taka 300 sýni úr hverjum flokki nýs kjöts sem um getur í v. lið d-liðar í 1. lið. Ef árleg framleiðsla aðildarríkja er minni en 100 000 tonn af holdakjúklingakjöti, minni en 100 000 tonn af kalkúnakjöti, minni en 100 000 tonn af svínakjöti eða minni en 50 000 tonn af nautakjöti er þeim heimilt, með undanþágu, að ákveða að taka 150 sýni í stað 300 sýna úr hverjum tilteknum viðkomandi flokki nýs kjöts.

3.3. Á landamæraeftirlitsstöðvum

a) Úrtakssnið:

Þegar aðildarríkin móta sýnatökuáætlun sína á landamæraeftirlitsstöðvum skulu þau hafa hliðsjón af tækniforskriftum Matvælaöryggisstofnunarinnar um sýnatöku af handahófi vegna samræmdar vöktunar á ónæmi gegn sýkingalyfjum hjá bakteríum, sem valda sjúkdómi sem berst milli manna og dýra, og hjá gistilífsbakteríum ⁽³⁾.

Aðildarríkin skulu tryggja hlutfallslega, lagskipta sýnatöku úr sendingum og sýnum úr kjöti að því er varðar hverja landamæraeftirlitsstöð og hvert upprunaland þannig að dreifing sýna, sem tekin eru úr sendingum af innfluttu nýju kjöti á hverri landamæraeftirlitsstöð, sé jöfn yfir vöktunarárið. Allar landamæraeftirlitsstöðvar, sem eru tilnefndar fyrir nýtt kjöt, skulu teknar með í sýnatökuáætlunina. Sendingar sem á að taka sýni úr á tilteknum degi skulu valdar af handahófi og þegar sýni er tekið úr sendingu skulu sýnin tekin af handahófi. Ef sending er sett saman úr mismunandi framleiðslulotum skal taka sýnin úr mismunandi framleiðslulotum. Ekki skal hópa sýni.

b) Fjöldi sýna:

Aðildarríkin skulu ákvarða viðeigandi fjölda sýna sem þau skulu taka árlega úr hverjum flokki nýs kjöts, sem um getur í iv. lið a-liðar í 1. lið, v. lið c-liðar í 1. lið og vi. lið d-liðar í 1. lið, byggt á leiðbeinandi tíðni sýnatöku sem sett er fram í töflu 1.

Tafla 1

Nýtt kjöt sem fellur undir prófun vegna ónæmis gegn sýkingalyfjum við innflutning: leiðbeinandi tíðni sýnatöku

Tegund nýs kjöts	Árleg ráðlögð tíðni sýnatöku fyrir sendingar sem koma á landamæraeftirlitsstöðvar
Holdakjúklingakjöt	3%
Kalkúnakjöt	15%
Svínakjöt	10%
Nautgripakjöt	2%

⁽²⁾ Sjá 1. nmgr.

⁽³⁾ Sjá 1. nmgr.

4. Prófun á þoli gegn sýkingalyfjum

4.1. Fjöldi einangra sem prófa skal

Aðildarríkin skulu prófa eftirfarandi fjölda einangra fyrir þoli gegn sýkingalyfjum á hverju ári og tryggja að ekki séu prófuð fleiri en eitt einangur á hverja bakteríutegund/sermigerð *Salmonella* úr sömu faraldsfræðilegi einingunni á ári:

Fyrir *Salmonella* spp:

- allt að 170 einangur sem fást úr sýnunum sem um getur í i. lið a-liðar í 1. lið. Ef árleg landsframleiðsla aðildarríkja er minni en 100 000 tonn af holdakjúklingakjöti er þeim heimilt að ákveða að fastsetja efri mörk sem nema 85 einangrum í stað 170 einangra. Einangrin skulu fengin úr heilbrigðum dýrum. Ef fjöldi einangra, sem eru tiltæk á hverju ári eftir dýrastofni í aðildarríki, er meiri en efri mörkin skal taka slembiúrtak úr þessum einangrum þannig að tryggt sé að þau séu landfræðilega dæmigerð og, ef unnt er, að dreifing sýnatökudaga yfir árið sé jöfn. Ef fjöldi einangra, sem eru tiltæk á hverju ári, er minni en efri mörkin skal prófa þau öll,
- að minnsta kosti 170 einangur sem fást úr sýnunum sem um getur í ii. lið a-liðar í 1. lið eða, að því er varðar aðildarríki sem nýta undanþáguna sem um getur í annarri undirgrein b-liðar í 1. lið 3. liðar, öll einangur sem fást úr þessum sýnum. Ef árleg landsframleiðsla aðildarríkja er minni en 100 000 tonn af svínakjöti er þeim heimilt, með undanþágu, að ákveða að prófa a.m.k. 85 einangur í stað 170 einangra,
- að minnsta kosti 170 einangur sem fást úr sýnunum sem um getur í iii. lið a-liðar í 1. lið eða, að því er varðar aðildarríki sem nýta undanþáguna sem um getur í annarri undirgrein b-liðar í 1. lið 3. liðar, öll einangur sem fást úr þessum sýnum.
- öll einangur sem fást úr sýnunum sem um getur í iv. lið a-liðar í 1. lið.

Fyrir *C. coli* og *C. jejuni*:

- að minnsta kosti 170 einangur af þeim tegundum *Campylobacter* (þar á meðal *C. coli* og *C. jejuni*) sem eru algengastar á landsvísu, sem fást úr sýnunum sem um getur í i. til iii. lið b-liðar í 1. lið eða, að því er varðar aðildarríki sem nýta undanþáguna sem um getur í annarri undirgrein b-liðar í 1. lið 3. liðar, öll einangur sem fást úr þessum sýnum. Ef árleg landsframleiðsla aðildarríkja er minni en 100 000 tonn af holdakjúklingakjöti er þeim heimilt, með undanþágu, að ákveða að prófa a.m.k. 85 einangur í stað 170 einangra,
- allt að 170 einangur af þeim tegundum *Campylobacter* (þar á meðal *C. coli* og *C. jejuni*) sem eru óalgengastar á landsvísu, sem greinast þegar fengin eru einangur úr algengustu tegundum *Campylobacter*, sem fást úr sýnunum sem um getur í i. til iii. lið b-liðar í 1. lið,
- að minnsta kosti 170 einangur *C. coli* sem fást úr sýnunum sem um getur í iv. lið b-liðar í 1. lið eða, að því er varðar aðildarríki sem nýta undanþáguna sem um getur í annarri undirgrein b-liðar í 1. lið 3. liðar, öll einangur sem fást úr þessum sýnum. Ef árleg landsframleiðsla aðildarríkja er minni en 100 000 tonn af svínakjöti er þeim heimilt, með undanþágu, að ákveða að prófa a.m.k. 85 einangur í stað 170 einangra.

Fyrir vísbendandi gistilífveruna *E. coli*:

- að minnsta kosti 170 einangur sem fást úr sýnunum sem um getur í i. til iv. lið c-liðar í 1. lið. Ef árleg landsframleiðsla aðildarríkja er minni en 100 000 tonn af holdakjúklingakjöti, minni en 100 000 tonn af kalkúnakjöti eða minni en 100 000 tonn af svínakjöti er þeim heimilt, með undanþágu, að ákveða að prófa að lágmarki 85 einangur í stað 170 einangra úr hverjum tilteknum viðkomandi dýrastofni,
- öll einangur sem fást úr sýnunum sem um getur í v. lið c-liðar í 1. lið.

Fyrir *E. coli* sem myndar breiðvirkan β -laktamasa (ESBL), AmpC β -laktamasa (AmpC) og karbapenemasa (CP):

- öll einangur sem fást úr sýnunum sem um getur í d-lið 1. liðar.

4.2. Greiningaraðferðir til greiningar og prófunar á þoli gegn sýkingalyfjum

Aðildarríkin skulu nota faraldsfræðileg þröskuldsgildi og styrkbil, sem sett eru fram í töflum 2, 3 og 4 hér á eftir, til að ákvarða þol *Salmonella* spp., *C. coli*, *C. jejuni* og vísbendandi gistilífveranna *E. coli*, *E. faecalis* og *E. faecium* gegn sýkingalyfjum.

Sérhvert einangur *E. coli* og *Salmonella*, sem er prófað í samræmi við töflu 2, sem sýnir ónæmi gegn sefótaxími eða seftasíðími eða merópenemi skal prófað enn frekar samkvæmt öðrum flokki sýkingalyfjaefna í samræmi við töflu 5.

Fyrir sértæka vöktun á *E. coli* sem myndar breiðvirkan β -laktamasa (ESBL), AmpC β -laktamasa (AmpC) og/eða karbapenemasa (CP) skulu aðildarríkin nota aðferðirnar sem um getur í 5. lið.

Rannsóknarstofurnar, sem um getur í 2. mgr. 3. gr., skulu annast prófun á þoli gegn sýkingalyfjum. Prófunin skal framkvæmd með því að nota aðferð með örskömmtunarþynningu í vökvaæti (e. *broth micro dilution method*) samkvæmt tilvísunaraðferð ISO 20776-1:2019.

Tafla 2

Flokkur sýkingalyfjaefna sem eiga að falla undir vöktun á ónæmi gegn sýkingalyfjum, þröskuldsgildi Evrópunefndarinnar um prófanir á næmi gegn sýkingalyfjum (EUCAST) að því er varðar ónæmi og styrkbil sem á að prófa hjá *Salmonella* spp. og vísbendandi gistilífverunni *E. coli* (Fyrsti flokkur)

Sýkingalyf	Flokkur sýkingalyfja	Tegund	Túlkunarþröskuldsgildi ónæmis gegn sýkingalyfjum (mg/L)		Styrkbil (mg/L) (Fjöldi hola í sviga)
			Faraldsfræðileg þröskuldsgildi	Klínískur brotpunktur	
Amikasín	Amínóglýkósíð	<i>Salmonella</i>	> 4 *	> 16	4–128 (6)
		<i>E. coli</i>	> 8	> 16	
Ampisillín	Penisillín	<i>Salmonella</i>	> 8	> 8	1–32 (6)
		<i>E. coli</i>	> 8	> 8	
Asitrómýsín	Makrólíð	<i>Salmonella</i>	EFH	EFH	2–64 (6)
		<i>E. coli</i>	EFH	EFH	
Sefótaxím	Sefalósporín	<i>Salmonella</i>	> 0,5	> 2	0,25–4 (5)
		<i>E. coli</i>	> 0,25	> 2	
Seftasídím	Sefalósporín	<i>Salmonella</i>	> 2	> 4	0,25–8 (6)
		<i>E. coli</i>	> 0,5	> 4	
Klóramfenikól	Fenikól	<i>Salmonella</i>	> 16	> 8	8–64 (4)
		<i>E. coli</i>	> 16	> 8	
Síprófloxasín	Flúorókínólón	<i>Salmonella</i>	> 0,06	> 0,06	0,015–8 (10)
		<i>E. coli</i>	> 0,06	> 0,5	
Kólistín	Pólýmýxín	<i>Salmonella</i>	EFH	> 2	1–16 (5)
		<i>E. coli</i>	> 2	> 2	
Gentamísín	Amínóglýkósíð	<i>Salmonella</i>	> 2	> 4	0,5–16 (6)
		<i>E. coli</i>	> 2	> 4	
Merópenem	Karbapenem	<i>Salmonella</i>	> 0,125	> 8	0,03–16 (10)
		<i>E. coli</i>	> 0,125	> 8	
Nalidixínsýra	Kínólón	<i>Salmonella</i>	> 8	EFH	4–64 (5)
		<i>E. coli</i>	> 8	EFH	
Súlfametoxasól	Blokki fólatferlis (e. <i>folate pathway antagonist</i>)	<i>Salmonella</i>	EFH	EFH	8–512 (7)
		<i>E. coli</i>	> 64	EFH	
Tetrasýklín	Tetrasýklín	<i>Salmonella</i>	> 8	EFH	2–32 (5)
		<i>E. coli</i>	> 8	EFH	
Tígésýklín	Glýsýlsýklín	<i>Salmonella</i>	EFH	EFH	0,25–8 (6)
		<i>E. coli</i>	> 0,5	> 0,5	
Trímetóprím	Blokki fólatferlis	<i>Salmonella</i>	> 2	> 4	0,25–16 (7)
		<i>E. coli</i>	> 2	> 4	

EFH: ekki fyrir hendi.

* Bráðabirgðapröskuldsgildi Evrópunefndarinnar um prófanir á næmi gegn sýkingalyfjum (EUCAST)

Tafla 3

Flokkur sýkingalyfjaefna sem eiga að falla undir vöktun á ónæmi gegn sýkingalyfjum, túlkunarþröskuldsgildi Evrópunefndarinnar um prófanir á næmi gegn sýkingalyfjum (EUCAST) að því er varðar ónæmi og styrkbil sem á að prófa hjá *C. jejuni* og *C. coli*

Sýkingalyf	Flokkur sýkingalyfja	Tegund	Túlkunarþröskuldsgildi ónæmis gegn sýkingalyfjum (mg/L)		Styrkbil (mg/L) (Fjöldi hola í sviga)
			Faraldsfræðileg þröskuldsgildi	Klínískur brotpunktur	
Klóramfenikól	Fenikól	<i>C. jejuni</i>	> 16	EFH	2–64 (6)
		<i>C. coli</i>	> 16	EFH	
Síprófloxasín	Flúorókínólón	<i>C. jejuni</i>	> 0,5	> 0,5	0,12–32 (9)
		<i>C. coli</i>	> 0,5	> 0,5	
Ertapenem	Karbapenem	<i>C. jejuni</i>	EFH	EFH	0,125–4 (6)
		<i>C. coli</i>	EFH	EFH	
Erýtrómýsín	Makrólíð	<i>C. jejuni</i>	> 4	> 4	1–512 (10)
		<i>C. coli</i>	> 8	> 8	
Gentamísín	Amínóglýkósíð	<i>C. jejuni</i>	> 2	EFH	0,25–16 (7)
		<i>C. coli</i>	> 2	EFH	
Tetrasýklín	Tetrasýklín	<i>C. jejuni</i>	> 1	> 2	0,5–64 (8)
		<i>C. coli</i>	> 2	> 2	

EFH: ekki fyrir hendi

Tafla 4

Flokkur sýkingalyfjaefna sem eiga að falla undir vöktun á ónæmi gegn sýkingalyfjum, þröskuldsgildi Evrópunefndarinnar um prófanir á næmi gegn sýkingalyfjum (EUCAST) að því er varðar ónæmi og styrkbil sem á að prófa hjá *E. faecalis* og *E. faecium*

Sýkingalyf	Flokkur sýkingalyfja	Tegund	Túlkunarþröskuldsgildi ónæmis gegn sýkingalyfjum (mg/L)		Styrkbil (mg/L) (Fjöldi hola í sviga)
			Faraldsfræðileg þröskuldsgildi	Klínískur brotpunktur	
Ampisillín	Penisillín	<i>E. faecalis</i>	> 4	> 8	0,5–64 (8)
		<i>E. faecium</i>	> 4	> 8	
Klóramfenikól	Fenikól	<i>E. faecalis</i>	> 32	EFH	4–128 (6)
		<i>E. faecium</i>	> 32	EFH	
Síprófloxasín	Flúorókínólón	<i>E. faecalis</i>	> 4	> 4	0,12–16 (8)
		<i>E. faecium</i>	> 4	> 4	
Daptómýsín	Lípópeptíð	<i>E. faecalis</i>	> 4	EFH	0,25–32 (8)
		<i>E. faecium</i>	> 8	EFH	
Erýtrómýsín	Makrólíð	<i>E. faecalis</i>	> 4	EFH	1–128 (8)
		<i>E. faecium</i>	> 4	EFH	
Gentamísín	Amínóglýkósíð	<i>E. faecalis</i>	> 64	EFH	8–1 024 (8)
		<i>E. faecium</i>	> 32	EFH	
Línesólíð	Oxasólídínón	<i>E. faecalis</i>	> 4	> 4	0,5–64 (8)
		<i>E. faecium</i>	> 4	> 4	

Sýkingalyf	Flokkur sýkingalyfja	Tegund	Túlkunarþröskuldsgildi ónæmis gegn sýkingalyfjum (mg/L)		Styrkbil (mg/L) (Fjöldi hola í sviga)
			Faraldsfræðileg þröskuldsgildi	Klínískur brotpunktur	
Kínúpristin/ dalfópristin	Streptógramín	<i>E. faecalis</i>	EFH	EFH	0,5–64 (8)
		<i>E. faecium</i>	EFH	> 4	
Teikóplanín	Glýkópeptíð	<i>E. faecalis</i>	> 2	> 2	0,5–64 (8)
		<i>E. faecium</i>	> 2	> 2	
Tetrasyklín	Tetrasyklín	<i>E. faecalis</i>	> 4	EFH	1–128 (8)
		<i>E. faecium</i>	> 4	EFH	
Tígesyklín	Glýsýlsýklín	<i>E. faecalis</i>	> 0,25	> 0,25	0,03–4 (8)
		<i>E. faecium</i>	> 0,25	> 0,25	
Vankómýsín	Glýkópeptíð	<i>E. faecalis</i>	> 4	> 4	1–128 (8)
		<i>E. faecium</i>	> 4	> 4	

EFH: ekki fyrir hendi

5. **Sértæk vöktun á *E. coli* sem myndar breiðvirkan β -laktamasa (ESBL) eða AmpC β -laktamasa (AmpC) eða karbapenemasa (CP)**

5.1. *Aðferðir til að greina E. coli sem er líklegur til að mynda breiðvirkan β -laktamasa (ESBL), AmpC β -laktamasa (AmpC) eða karbapenemasa (CP)*

Til að meta hlutfall sýna sem innihalda *E. coli* sem er líklegur til að mynda breiðvirkan β -laktamasa (ESBL) eða AmpC β -laktamasa (AmpC) eða karbapenemasa (CP) í sýnum úr botnristli og nýju kjöti sem er safnað í samræmi við d-lið 1. liðar skulu rannsóknarstofurnar, sem um getur í 2. mgr. 3. gr., nota greiningaraðferðir sem er lýst í aðferðalýsingum tilvísunarrannsóknarstofu Evrópusambandsins fyrir ónæmi gegn sýkingalyfjum⁽⁴⁾.

Öll einangur *E. coli* sem er líklegur til að mynda breiðvirkan β -laktamasa (ESBL) eða AmpC β -laktamasa (AmpC) eða karbapenemasa (CP), sem greinast með aðferðunum sem um getur hér að framan, skulu prófuð með fyrsta og öðrum flokki sýkingalyfjaefna í samræmi við töflu 2 og töflu 5, eftir því sem við á.

Tafla 5

Flokkur sýkingalyfjaefna, faraldsfræðileg þröskuldsgildi Evrópunefndarinnar um prófanir á næmi gegn sýkingalyfjum (EUCAST) og klínískir brotpunktar fyrir ónæmi og styrkbil sem á að nota til að prófa einungis *Salmonella* spp. og einangur *E. coli* sem eru ónæm gegn sefótaxími eða seftasídími eða merópenemi — (Annar flokkur)

Sýkingalyf	Flokkur sýkingalyfja	Tegund	Túlkunarþröskuldsgildi ónæmis gegn sýkingalyfjum (mg/L)		Styrkbil (mg/L) (Fjöldi hola í sviga)
			Faraldsfræðileg þröskuldsgildi	Klínískur brotpunktur	
Sefepím	Sefalósporín	<i>Salmonella</i>	EFH	> 4	0,06–32 (10)
		<i>E. coli</i>	> 0,125	> 4	
Sefótaxím	Sefalósporín	<i>Salmonella</i>	> 0,5	> 2	0,25–64 (9)
		<i>E. coli</i>	> 0,25	> 2	
Sefótaxím + klavúlansýra	Sefalósporín/ betalaktamasahem ill, samsetning	<i>Salmonella</i>	EFH	EFH	0,06–64 (11)
		<i>E. coli</i>	> 0,25	EFH	
Sefoxitín	Sefamýsín	<i>Salmonella</i>	> 8	EFH	0,5–64 (8)
		<i>E. coli</i>	> 8	EFH	

⁽⁴⁾ <https://www.eurl-ar.eu/protocols.aspx>

Sýkingalyf	Flokkur sýkingalyfja	Tegund	Túlkunarþröskuldsgildi ónæmis gegn sýkingalyfjum (mg/L)		Styrkbil (mg/L) (Fjöldi hola í sviga)
			Faraldsfræðileg þröskuldsgildi	Klínískur brotpunktur	
Seftasídím	Sefalósporín	<i>Salmonella</i>	> 2	> 4	0,25–128 (10)
		<i>E. coli</i>	> 0,5	> 4	
Seftasídím + klavúlansýra	Sefalósporín/ betalaktamasahemill, samsetning	<i>Salmonella</i>	EFH	EFH	0,125–128 (11)
		<i>E. coli</i>	> 0,5	EFH	
Ertapenem	Karbapenem	<i>Salmonella</i>	EFH	> 0,5	0,015–2 (8)
		<i>E. coli</i>	EFH	> 0,5	
Ímípenem	Karbapenem	<i>Salmonella</i>	> 1	> 4	0,12–16 (8)
		<i>E. coli</i>	> 0,5	> 4	
Merópenem	Karbapenem	<i>Salmonella</i>	> 0,125	> 8	0,03–16 (10)
		<i>E. coli</i>	> 0,125	> 8	
Temósillín	Penisillín	<i>Salmonella</i>	> EFH	EFH	0,5–128 (9)
		<i>E. coli</i>	> 16	EFH	

EFH: ekki fyrir hendi

5.2. *Megindleg aðferð til að meta hlutfall E. coli sem myndar breiðvirkan β-laktamasa (ESBL) eða AmpC β-laktamasa (AmpC)*

Aðildarríkin geta ákveðið að meta hlutfall *E. coli* sem myndar breiðvirkan β-laktamasa (ESBL) eða AmpC β-laktamasa (AmpC) samanborið við heildarfjölda *E. coli*-einangra sem eru til staðar í sýni. Í því tilviki skulu þau ákvarða heildarfjölda *E. coli* sem myndar breiðvirkan β-laktamasa (ESBL) eða AmpC β-laktamasa (AmpC) og *E. coli* í heildina með því að nota þynningaradferðir og síðan sáningu í valkvæðan miðil og óvalkvæðan miðil samkvæmt aðferðalýsingum tilvísunarrannsóknarstofu Evrópusambandsins fyrir ónæmi gegn sýkingalyfjum ⁽⁵⁾.

6. **Staðgönguadferð**

Aðildarríkin geta ákveðið að leyfa notkun raðgreiningar á öllu genamenginu sem staðgönguadferð fyrir örskömmtnarþynningu í vökvaeti með því að nota prófunarflokkana yfir sýkingalyfjaefni í töflum 2 og 5 þegar þau inna af hendi sértæka vöktun á *E. coli* sem myndar breiðvirkan β-laktamasa (ESBL) eða AmpC β-laktamasa (AmpC) eða karbapenemasa (CP) eins og um getur í 5. lið. Þeim er einnig heimilt að leyfa raðgreiningu á öllu genamenginu sem staðgönguadferð fyrir örskömmtnarþynningu í vökvaeti með því að nota prófunarflokkinn yfir sýkingalyfjaefni í töflu 5 þegar frekari prófun, í samræmi við lið 4.2, á einangrum *E. coli* og *Salmonella* sýnir ónæmi gegn sefótaxími eða seftasídími eða merópenemi.

Rannsóknarstofur sem nota raðgreiningu á öllu genamenginu sem staðgönguadferð skulu nota aðferðarlýsingar tilvísunarrannsóknarstofu Evrópusambandsins fyrir ónæmi gegn sýkingalyfjum ⁽⁶⁾.

7. **Gæðaeftirlit, geymsla einangra og staðfestingarprófun**

Aðildarríkin skulu tryggja að rannsóknarstofurnar, sem um getur í 2. mgr. 3. gr., taki þátt í gæðatryggingarkerfi, þ.m.t. frammistöðuprófun sem sett er upp annaðhvort á landsbundnum vettvangi eða á vettvangi Sambandsins, til að fást við greiningu tegunda, undirtegundaflokkun og prófun á þoli baktería gegn sýkingalyfjum, sem er safnað vegna samræmdrar vöktunar á ónæmi gegn sýkingalyfjum.

Rannsóknarstofurnar skulu geyma ónæm einangur við –80 °C í a.m.k. fimm ár. Nota má annað hitastig við geymslu að því tilskildu að með þeim sé lífvænleiki stofna tryggður og að ekki verði breytingar á þeim.

Ef Matvælaöryggisstofnunin og tilvísunarrannsóknarstofa Evrópusambandsins fyrir ónæmi gegn sýkingalyfjum telja að það skipti máli í vísindalegu tilliti skulu rannsóknarstofurnar, sem um getur í 2. mgr. 3. gr., senda einangur, sem eru prófuð í samræmi við 4., 5. og 6. lið, í staðfestingarprófun hjá tilvísunarrannsóknarstofu Evrópusambandsins fyrir ónæmi gegn sýkingalyfjum.

⁽⁵⁾ <https://www.eurl-ar.eu/protocols.aspx>

⁽⁶⁾ <https://www.eurl-ar.eu/protocols.aspx>

B-HLUTI

Skýrslugjöf

1. Almenn ákvæði varðandi skýrslugjöf um gögn

Aðildarríkin skulu taka saman drög að skýrslum og láta upplýsingarnar, sem um getur í 2. lið, fylgja með fyrir hvert einangur fyrir sig þar sem hver samsetning bakteríutegunda og dýrastofns og samsetning bakteríutegunda og matvæla, sem um getur í 1. lið A-hluta, er tekin sérstaklega til athugunar. Aðildarríkin skulu leggja niðurstöður samræmdar vöktunar á ónæmi gegn sýkingalyfjum, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, fram sem gögn byggð á einangrum með því að nota gagnalýsingasafnið og rafrænu söfnunareyðublöðin sem Matvælaöryggisstofnunin leggur fram. Aðildarríkin skulu lýsa úrtakssniði, lagskiptingu og aðferðum við slembiröðun eftir dýrastofnum og matvælaflokkum.

Ef vöktun á ónæmi gegn sýkingalyfjum er framkvæmd með því að nota prófun á þoli gegn sýkingalyfjum skulu aðildarríkin gefa skýrslu um upplýsingarnar sem um getur í lið 2.1.

Ef vöktun á ónæmi gegn sýkingalyfjum er framkvæmd með því að nota raðgreiningu á öllu genamenginu skulu aðildarríkin gefa skýrslu um upplýsingarnar sem um getur í lið 2.2.

Ef aðildarríkin ákveða að gefa Matvælaöryggisstofnuninni skýrslu um gögn sem er safnað á valfrjálsum grundvelli skal gefa skýrslu um þessi gögn aðskilið frá gögnum sem er skyldubundið að safna.

2. Gagnasafn sem skýrsla er gefin um

2.1. Skýrslugjöf um niðurstöður úr prófunum á þoli gegn sýkingalyfjum

Eftirfarandi upplýsingar skulu koma fram fyrir hvert einangur fyrir sig:

- Einkvæmt auðkenni eða kóði einangursins
- Bakteríutegund
- Sermigerð (vegna *Salmonella* spp.)
- Stofn dýra sem gefur af sér afurðir til manneldis eða matvælaflokkur
- Stig sýnatöku
- Tegund sýnis
- TRACES-kóði landamæraeftirlitsstöðvar (einungis vegna prófunar á innfluttu kjöti)
- Tilvísun í samræmt heilbrigðis- og innflutningsskjal fyrir sendinguna (einungis vegna prófunar á innfluttu kjöti)
- Upprunaland sendingarinnar (einungis vegna prófunar á innfluttu kjöti)
- Sýnatökuaðili
- Sýnatökuaætlan
- Dagsetning sýnatöku
- Upphafsdagur greiningar (einangrun)
- Auðkenni eða kóði einangursins frá rannsóknarstofunni sem framkvæmir prófunina á þoli einangursins gegn sýkingalyfjum
- Dagsetning prófunar á þoli
- Sýkingalyfjaefni
- Gildi lágmarkshindrunarstyrks (í mg/L)
- Samverkunarprófun með klavúlansýru og seftasíðími
- Samverkunarprófun með klavúlansýru og sefótaxími

2.2. Skýrslugjöf um niðurstöður úr prófunum með raðgreiningu á öllu genamenginu

Eftirfarandi upplýsingar skulu koma fram fyrir hvert einangur fyrir sig:

- Einkvæmt auðkenni eða kóði einangursins
- Bakteríutegund

- Stofn dýra sem gefur af sér afurðir til manneldis eða matvælaflokkur
 - Stig sýnatöku
 - Tegund sýnis
 - TRACES-kóði landamæraeftirlitsstöðvar (einungis vegna prófunar á innfluttu kjöti)
 - Tilvísun í samræmt heilbrigðis- og innflutningsskjal fyrir sendinguna (einungis vegna prófunar á innfluttu kjöti)
 - Upprunaland sendingarinnar (einungis vegna prófunar á innfluttu kjöti)
 - Sýnatökuaðili
 - Sýnatökuaætlun
 - Dagsetning sýnatöku
 - Upphafsdagur greiningar (einangrun)
 - Auðkenni eða kóði einangursins frá rannsóknarstofunni
 - Dagsetning raðgreiningar
 - Útgáfa forspárverkfæris
 - Gögn um flutning gena sem veita ónæmi gegn sýkingalyfjum
 - Raðgreiningartækni sem er notuð
 - Undirbúningur gagnasafns sem er notað
-